

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1997

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming are checked below.

- Coloured covers / Couverture de couleur
- Covers damaged / Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated / Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing / Le titre de couverture manque
- Coloured maps / Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black) / Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations / Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material / Relié avec d'autres documents
- Only edition available / Seule édition disponible
- Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin / La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure.
- Blank leaves added during restorations may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming / Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.

- Additional comments / Commentaires supplémentaires:

Text in Icelandic.

There are some creases in the middle of the pages.

L'institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured pages / Pages de couleur
- Pages damaged / Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated / Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed / Pages décolorées, tachetées ou pliquées
- Pages detached / Pages détachées
- Showthrough / Transparence
- Quality of print varies / Qualité inégale de l'impression
- Includes supplementary material / Comprend du matériel supplémentaire
- Pages wholly or partially obscured by errata slips, tissues, etc., have been refilmed to ensure the best possible image / Les pages totalement ou partiellement obscurcies par un feuillet d'errata, une pelure, etc., ont été filmées à nouveau de façon à obtenir la meilleure image possible.
- Opposing pages with varying colouration or discolourations are filmed twice to ensure the best possible image / Les pages s'opposant ayant des colorations variables ou des décolorations sont filmées deux fois afin d'obtenir la meilleure image possible.

This item is filmed at the reduction ratio checked below /
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

	10x		14x		18x		22x		26x		30x	
					✓							
	12x		16x		20x		24x		28x		32x	

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:


University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.



Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

Miljónir Brewsters

eftir

GEORGE BARR McCUTCHEON

Arnljotur Þjornsson


594 ALVERSTONE ST.

WINNIPEG, MAN.

COLUMBIA PRESS LTD.

WINNIPEG
1913

THE UNIVERSITY
OF MANITOBA
ELIZABETH DAFOE LIBRARY



Arnþjotur B. Olson

I. KAPITULI.

Afmælisveizla.

“Auðmanna-synirnir”, svo nefndu sátu við langa borðið í vinnustofu Pettingills. Níu voru þeir þarna talsins, fyrir utan Brewster. Allir voru þeir á ungum aldri, framtakssamir með mismunandi móti, efnilegir og áttu væntanlega betri daga von. Flestir þeirra hétu nöfnum, sem talsvert komu við sögu New York borgar. Einn þeirra hafði og komist svo að orði, að þekkja mætti manninn í stórborgunum af strætinu, sem bæri nafn hans; þessi var nýr félagi og því kölluðu þeir hann “subway”.

Vinsælasti maðurinn í hópnum var “Monty” Brewster. Hann var hár vexti, beinvaxinn og nauðrakaður. Fólk var vant að segja að eitthvað hreint og bjart væri yfir honum. Gömlu konurnar þurftu oft að tala um hann af því að foreldrar hans höfðu farið rómantiska brotthlaupsferð til að ná saman; hafði margt verið spjallað um það ferðalag um 1870 þar í borginni, og aldrei gleymst algerlega. Kænar heimsmentarkonur höfðu hann í huga af því að hann var einkabarn og sonarsonur Edwin Peter Brewsters.

vellauðugs miljónamanns, og það var vafalítið að hann mundi arfleiða Monty — að frádregnu því sem gamli maðurinn hafði álpast til að gefa til góðgerðastofnana. Ungu stúlkurnar hugsuðu um hann, af enn annari og gildari ástæðu. Þær hugsuðu um hann af því að þeim leizt vel á hann. Karlmönnunum geðjaðist einnig vel að Monty af því að hann var fimur íþróttamaður, af því að hann var maður með mönnum, af því að hann bar hæfilega virðing fyrir sjálfum sér og var ekki verksigjarn fram úr hófi.

Foreldrar hans dóu bæði þegar hann var barn að aldri, og þá tók afi hans drenginn að sér, — eins til að bæta fyrir hörku sína á undangengnum árum — og lagði við hann ástfóstur upp á sína vísu. En eftir að Monty hafði lokið námi sínu við lærða skólann og ferðast um hríð um meginland Evrópu, kaus hann heldur að hafa sig undan handarjaðrum á afa sínum. Gamli Brewster hafði veгаð honum atvinnu á banka, og bauð honum stöku sinnum í miðdegisveizlur, en þar fyrir utan æskti Monty einkis af honum. En svo var ekki um annað að gera fyrir hann en að vinna, vinna mið, en lágt var kaupið. Hann lifði á launum sínum, vegna þess að hann mátti til, en hann stygðist ekki af atlæti afa síns. Hann vildi heldur fá að eyða vikulaununum sínum eins og honum sýndist, heldur en að sitja til borðs sjö kveld í viku með gömlum manni, sem búinn var að gleyma því, að hann hafði einu sinni verið ungur.

Honum fanst það frjálsegra að vera sinn eigin herra.

Afmælisveizlur voru "Auðmanna-sonunum" reglulegir hátíðisdagar. Þá var borðið alsett réttum, sem pantaðir voru hjá veitingamanninum neðan úr kjallara. Stólum var hagrætt, kveikt í vindlingum og veizlugestir krosslögðu fæturna. Því næst stóð Pettingill upp til að tala.

"Herrar mínir!" mælti hann, "í þetta skifti höfum vér safnast hér saman til að halda hátíðlegan tuttugasta og fimta afmælisdag Mr. Montgomery Brewsters, og nú vil eg biðja ykkur alla að drekka minni hans um leið og við óskum honum langra lífdaga."

"Ekkert fótaspark!" hrópaði einhver. "Brewster! Brewster!" æptu nú allir í einu.

"Lengi lifi Brewster.

Lengi lifi Brewster. — Húrra!"

Þessi háreisti varð alt í einu kæfð við það að rafmagnsbjöllu var hringt, og svo óvænt kom veizlugestunum þetta ónæði að allir mennirnir sem þarna voru saman komnir tíu talsins, hnyktust við og stóðu þráðbeinir.

"Líklega lögregluþjónn!" sagði einn. Augu allra mændu á dyrnar. Þar stóð veitingaþjónninn óviss í hvort hann ætti að opna eða tvílæsa.

"Bansettur þvættingur!" sagði Richard van Winkle. "Eg vil fá að heyra ræðu Brewsters."

"Já, — Brewster hefir orðið — Brewster hefir

orðið," hrópaði hver í kapp við annan, og síðan settust menn í sæti sín.

"Mr. Montgomery Brewster geri svo vel að taka til máls," sagði Pettingill, sem stýrði samsætinu.

Aftur glumdi í bjöllunni — hátt og lengi.

"Einhverjir að bætast við. Eg skal ábyrgjast að hópur af lögregluþjónum hefir safnast saman úti fyrir," sagði Oliver Harrison.

"Ef það eru ekki aðrir en lögregluþjónar, þá hleypið þeim inn," sagði Pettingill. "Eg hélt að það væri skuldheimtumaður hér á ferðinni."

Þjónininn opnaði hurðina.

"Hér er einhver sem vill tala við Mr. Brewster," sagði hann.

"Er hún falleg?" hrópaði Mc.Cloud.

"Maðurinn segist heita Ellis og koma frá afa yðar."

"Eg bið að heilsa Ellis og segja honum að skila til afa míns, að bankatíminn sé liðinn. Eg skal finna hann í fyrramálið," sagði Brewster sem hafði roðnað við spott félaga sinna.

"Afi vill ekki láta Monty sinn vera úti eftir að farið er að skyggja," skríkti í Subway Smith.

"Það var hugulsemi af gamla mannum að senda vörðumann sinn með barnavagn handa þér," hreytti Pettingill úr úr sér hlæjandi. "Segðu honum að þú sért búinn að fá þér töluvert í staupinu," bætti Mc.Cloud við.

"Þjónn, segðu Ellis að eg sé svo vant við kom-

inn í kveld, að eg megi ekki vera að taka á móti neinum," sagði Brewster drýgindalega, og um leið og Ellis fór niður í lyftivélinni kváðu við hróp og sköll ungu manna á eftir honum.

"Svona, nú skaltu koma með ræðuna, Brewster!"

Monty stóð upp.

"Herrar mínir! Þið virðist hafa gleymt því, að eg er í dag orðinn tuttugu og fimm ára gamall, því að ummæli ykkar hafa verið svo drengjaleg að ekki hæfir virðing minni, eftir að eg er kominn á þennan aldur. Það er öllum ljóst, af vinum þeim, sem eg hefi valið mér, að eg kominn á þann aldur að mér hæfir ekki að taka hégómaræðum; en hins vegar er auðsatt að eg á skylda virðing af ykkar hálfu vegna auðlegðar afa míns, sem alþjóð manna er vel kunn. Þið hafið gert mér þá sæmd að drekka minni mitt og minna mig á æðró og stilling hæfir fulltíða aldrinum, sem nú er að færast yfir mig. Nú vil eg biðja ykkur að standa upp og drekka minni "Auðmanna sonanna". Þið eg svo guðs blessunar yfir okkur alla."

Að einni klukkustundu liðinni voru þeir "Rip" Van Winkle og Subway Smith, farnir að syngja: "Eg vil fá mér kærustu" o. s. frv., en Pettingill lék undir á fiðlu og þó nokkuð hvíkt; þegar sú sönglist stóð sem hæst var hópurinn á ný ónáðaður með því að dyrabjöllunni var hringt.

"Hvert í logandi!" hrópaði Harrison, sem hafði

verið að syngja: "Eg minnst þín," eftir spili Pettin-gills.

"Komdu heim, komdu nú heim til afa," sagði Subway Smith.

"Segðu Ellis að fara til Halifax," þrumaði Montgomery, og í annað sinn fór Ellis niður á lyftivélinni. Samt var mikill vandræðasvipur á hinu rólega andliti hans, og tvisvar myndaði hann sig til að fara aftur upp á lyftivélinni, en hætti við og hristi höfuðið óánægður. Loks brólti hann upp í tvíhjólaðan vagn og skildi við slákarana. Hann vissi að þeir voru að halda hátíðlegan afmælisdag og klukkan var ekki orðin nema hálf eitt um nóttina.

Klukkan þrjú þessa sömu nótt, bar lyftivélin Ellis enn einu sinni upp á efsta loft og þaut hann nú umsvifalaust að dyrabjöllunni þar sem Auðmanna synirnir sátu inni fyrir. Nú var auðséð á andlitinu á honum, að hann var fastráðinn í því, hvað hann ætlaði að gera. Söngurinn hætti innifyrir og húrrahlátrar kváðu við fyrst í stað.

"Kom inn!" var kallað með vingjarnlegri rödd inni fyrir og Ellis gekk rösklega inn í vinnustofuna.

"Þér komið mátulega til þess að væta yður á einni púnskollu, Ellis, sagði Harrison og þaut á móti þjóninum. Ellis leit rólega á hinn unga mann og lyfti upp hendinni.

"Nei, þakka yður fyrir," sagði hann alvarlega. "En, ef þér Mr. Montgomery viljið leyfa mér að tala, þá langar mig nú til að færa yður þær þrjár orð-

sendingar, sem eg hefi átt að flytja yður í kveld.”

“Þér eruð meðsta dygðablóð, gamli maður,” sagði Subway loðmullulega. “En fari eg þá alda grár ef eg geri nokkurn skapaðan hlút fyrir nokkurn mann fyrir nó n á morgun.”

Eg kom kl. 10 Mr. Montgomery, með orðsending frá Mr. Brewster, þar sem hann óskaði yður til hamingju á nýbyrjaða árinu og sendi yður peninga ávísun upp á þúsund dollara. Hér er ávísunin herra minn. Eg ætla að skila erindunum sem eg átti að fara með í þeirri röð sem mér voru falin þau. Klukkan 12 kom eg með orðsending frá Dr. Grower, sem hafði verið vitjað —

“Vítjað?” endurtók Montgomery og fölnaði.

“Já, Mr. Brewster fekk skyndilega aðkenning af hjartaslagi klukkan hálf tólt. Læknirinn sagði mér að láta yður vita, að hann væri í andarslitrunum. Svo er síðasta erindið —

“Drottinn minn!”

Síðasta erindið mitt hingað var að flytja yður þá orðsending frá Raowles ráðsmanni, að hann bæði yður að koma heim í hús Brewsters tafarlaust — ef þær gætuð, herra minn — eða mættuð vera að því bætti Ellis við hógværlega. Því næst leit hann upp, horfði yfir höfuð Auðmanna sonanna, sem nú var farið að draga niður í og sagði með áherzlu:

“Mr. Brewster er dáinn!”

Arnþjótur B. Olsen

II. KAPJTULI.

Aladins-skuggar.

Montgomery Brewster varð nú ekki framfar skipað í hóp hinna vafasömu auðmanna. Nú var svo komið að almenningur gat hiklaust talið hann eiginanda að einni eða tveimur miljónum. Hann var búinn að uppskera eins og Oliver Harrison mundi hafa komist að orði. Tveimur dögum eftir jarðarför afa hans var erfðaskrá gamla mannsins lesin, og kom þá í ljós að bankastjórinn aldurhnigni hafði gert sitt til að bæta fyrir þá harðýðgi, sem Robert Brewster og kona hans höfðu verið látin sæta, með því að arfleiða son þeirra Montgomery að einni miljón dollara. Þetta fé var honum veitt í arf alveg skilyrðislaust, án allra kvaða eða áminninga. Ekkert var tekið fram um það, hvernig erfinginn skyldi verja þessu fé. Gamli maðurinn hafði uppalið frænda sinn svo til meðferðar á fjármununum, að hann hafði engan fyrirvara í þá átt í erfðaskráni. Hann þóttist viss um að mótast hefði inn í unglínginn það sem vænta mátti af honum á ókominni æfi; ef hann brygðist þeim vonum, sem um hann mátti gera sér, þá var honum

einum um að kenna, honum hafði verið rudd braut, sem nú lá fram undan, en að baki hans löng vörðuröð, og vísbendingarnar sem þær gáfu gátu að visu verið virtar að vettugi en gleymst gátu þær ekki. Edwin Peter Brewster hafði auðsjáanlega samið erfðaskrána með þeirri sannfæringu, að honum bæri að deyja áður en nokkur eignaðist fjarmuni hans, en úr því að hann væri auðugur, þá væri þýðingarlaust fyrir sig, að vera að fá sér það til, hvernig erfingjar færu með það fé, sem þeim hafði verið ánafnað.

Húsið á Fimtu Avenue lenti til systur hans, ásamt einni eða tveimur miljónum, og nægir ættingjar fundust að afganginum að eignunum, sem voru fúsir til að láta hann ekki lenda í hæli handa munaðarleysingjum. Gamli Mr. Brewster gekk frá öllu sínu í góðri reglu. Í erfðaskránni var Jerome Buskirk falin skiftaráð dánarbúsins, og var honum skipað í lok fyrirmælanna um úthlutun eignanna, að afhenda Montgomery Brewster, daginn eftir að erfðaskráin var gerð heyrinkunn, eina miljón dollara í verðbréfum. Þannig atvikaðist það, að 26. dag September mánaðar hlotnaðist Mr. Brewster stórfengilegur auður, sem ekkert hvíldi á annað en sorgarblæja út af andláti afa hans.

Frá því að afa hans dó hafði hann dvalið í hinu gamla og dauflega Brewster-húsi á Fimta Avenue; hann hafði aðeins skroppið tvisvar eða þrisvar yfir í herbergi sín hjá Mrs. Grey, þar sem hann hafði áður átti heima. Ömurleikur andlátsins nýafstaðna

hvíldi enn yfir húsinu á Fimta Avenue; þar ríkti dauðakyrð — einhver nagandi ró sem vakti hjá honum ósegjanlega löngun til glaðværrí samvistar við kunningjana. Hann fór að hugsa með sér hvort miklum auði fylgdi ávalt *tube*-rósir. Auðlegðin og hið undarlega, sem henni fylgir, fanst honum loða við sig á mjög einkennilegan hátt. Hænum hafði aldrei þótt neitt sérlega vænt um gamla ribbaldann, sem nú var dauður, en þó hafði hann ekki getað annað en borið virðingu fyrir afa sínum. Hann var einmitt þess kyns maður. Ruddalegt var það að taka ekki neitt tillit til hans, — að dansa á gróf fóstrans sem farist hafði vel við hann. En atferli kunningja hans sem klöppuðu honum á öxlina, hafði fráhrindandi verkanir; sömuleiðis hamingjuóskir blaðanna, og fólksins, sem bjóst við að hann fagnaði og væri glaður. Það virtist eins og skripaleikur, sem hefði alvarlega dauðs mannsins ásjónu í eftirdragi. Að sjálfum honum sóttu einnig endurminningarnar, og þeim fylgdu beiskar ásakanir, sakir hans eigin heimsku og kæruleysis. Jafnvel auðurinn fanst honum byrði öðru hvoru sem lá við að gera hann þunglyndan.

En þó var hér ýmislegt sem bætti úr. Nokkra fyrstu morgnana kom Ellis og vakti hann kl. 7, en hann þakkaði fyrir og svaraði á þá leið, að hann þyrfti ekki að flýta sér í bankann þann daginn. Honum fanst að klukkustundar viðbótarsvefn á morgnana væri einhver mestu þægindi, sem auðurinn veitti. Fyrst í stað hafði hann skemtun af bréfunum, sem

hann fekk með póstinum á morgnana, því að eftir að blöðin höfðu gert almenningi kunnugt um auðlegð hans, streymdi til hans mesti sægur bréfa. Ósköpin öll komu af fjárbónum til góðgerðastofnana, bæði þeirra sem styrktar voru af almanna fé og einstakra manna, en þó voru hin bréfin fleiri, sem skrifuð voru í vinsemdar skyni og af góðvild til hans.

Í þrjú daga var hann í standandi vandræðum. Að honum streymdu fréttaritarar, ljósmyndarar, og kænir ókunnir menn, sem buðust til að koma fé hans í fyrirtæki sem hlytu að gefa af sér stórfenglegan arð. Rétt þegar hann hafði neitað manni, sem hafði boðið honum til kaups gullnámu í Colorado virta á fimm miljónir, fyrir fjögur hundruð og fimtíu, þá varð hann að hafa sig undan tállausum uppfundninga manni, sem bauð honum, að láta uppi við hann leyndardóm makalausrar uppfundningar fyrir þrjú hundruð dollara, eða hann varð þá að hnekkja þeim fréttaburði eða því líkum, að hann hefði verið gerður að forseta *First National Bank*.

Einusinni snemma morguns kom Oliver Harrison og vakti miljónaeigandann, sem var mjög syfjaður og tók að nudda stírnar úr augunum á sér vaknandi við þann vonda draum, að honum fanst illur anarkisti hafa fleygt sprengikúlu ofan úr kirkju-turni í rúmstuðulinn hjá sér; Harrison var æstur í skapi og lagði fast að miljónaeigandanum um að vera viðbúinn þeirri hættu sem stafaði af skaðabóta máli-um kvenna er teldu brugðið heitorði við sig. Brew-

ster settist á rúmstokkinn og hlýddi á djöfullegar sögur um það, hversu samvizkulausar konur hefðu flegið saklausa og jafnvel guðumlíka menn og gert þá blásnauga. Milli vatnsgusanna í baðherberginu sár-bændi Brewster Harrison að varðveita sig, ár og daga fyrir þessu óláni ályganna.

Ráðanautar bankans komu saman og gerðu fundarsamþykkt þar sem þeir lýstu yfir harmi sínum yfir andláti bankastjórnans og fengu stjórnartaumana í hendur varaformanninum; að því búnu slitu þeir fund í flýti. Til mála kom að taka Monty í stjórn-arnefndina og var það rætt nokkuð, en frestað til síðari tíma.

Einn ræðumaðurinn eða nefndarmaður banka-stjórninni var Prentiss Drew ofursti, sem dagblöðin kölluðu "járnbrautakónginn". Hann bar hlýtt þel til Monty og hafði Brewster yngri oft komið heim til hans. Drew ofursti var vanur að kalla hann "elsku drenginn sinn", og Monty kallaði hann "karl-skrögginn", en ekki svo að hann heyrði. En sennilegt er að Miss Barbara Drew hafi mest valdið því að hugir þessara tveggja manna drógust hvor að öðrum.

Þegar Drew ofursti fór út úr herbergi banka-stjórnarinnar kveldið sama, sem fundurinn fyr um getni hafði staðið, hélt hann beint á fund Montys, sem hafði tilkynt bankaráðinu að hann hætti störf-um við bankann.

"Æ, elsku drengurinn minn", sagði ofurstinn og tók innilega í hönd unga mannsins, "nú hafið þér

• fengið færi á að sýna hvað í yður býr. Yður hefir nú borist mikill auður í hendur, og yður ætí að vera í lófa lagið að þrefalda hann. Ef eg gæti eitthvað aðstoðað yður, þá er það guðvelkomið.”

Monty þakkaði.

“Þér megið eiga víst, að það fólk leitar á yður, sem kann að setja kænleg brögð til að eyða fé yðar. Sá ógangur verður afarþreytandi”, hélt ofurstinn áfram. “En þér skuluð ekki hlusta á slikt. Hugsjið yður vel um. Ekkert liggur á. Yður mun bjóðast færi á að græða fé á hverjum degi, sem þér eigið ólifað, svo yður er bezt að fara hægt. Eg hefði verið orðinn ríkur fyrir mörgum árum, ef eg hefði verið nógu hygginn til að hlusta ekki á áeggjanir manna. Allir munu þeir reyna að ná í einhvern skerf af eignum yðar Verið aðgætinn Monty. Ungir menn og auðugir eru altaf freistingarbráð.” Svo hugsaði hann sig um stundar korn og sagði: “Kannske þér viljið gera svo vel og koma heim til okkar og borða hjá okkur kveldverð núna?”

III. KAPITULI.

Mrs. og Miss Gray.

Mrs. Gray átti heima á Fertugasta stræti. Svo árum skifti hafði Montgomery talið heimili hennar, sem var rólegt og gamaldags, heimili sitt. Afi hennar hafði búið þarna á undan henni, og hafði hann verið

einn af frumbýlingum borgarinnar. Þarna hafði hún fæðst; í gömlu einkennilegu gestastofunni í þessu húsi hafði hún verið gefin í hjónaband; við þetta heimili voru allar bernsku endurminningar hennar, tengdar, hjúskapartíminn þó stuttur væri, og svo öll þau ár, sem liðin voru frá því hún varð ekkja. Mrs. Gray og móðir Montgomery höfðu verið skólasystur og leiksystur og vinskapur þeirra hafið aldrei dvínað. Þegar gamli Brewster var að leita sér að heimili handa sonarsyni sínum, sem mist hafði foreldra sína, þá hafði Mrs. Gray beðið hann að lofa sér að taka drenginn og líta eftir honum. Hann var þremur árum eldri en Margrét dóttir hennar og börnin ólust upp eins og systkini. Gamli Brewster sparði ekkert til uppeldis sonarsonar síns. Meðan pilturinn var burtu við nám á latinuskóla og eyddi svo miklu fé, að gamla manninn furðaði sjálfan á, að hann skyldi líða þá eyðslu, greiddi hann Mrs. Gray skilvíslega húsaleigu fyrir herbergi Montys, þó að þau stæðu auð, og aldrei hafði Edvin Peter Brewster nokkur umyrði um það. Hann var harðlyndur maður, en enginn sviðingur.

Það gekk ekki baráttulaust fyrir Mrs. Gray að komast af skuldlaust. Hún átti engar aðrar eignir en húsið sem hún bjó í á Fertugasta stræti. Sáralítið hafði hún fengið eftir mann sinn, því að mestalt það fé sem hún hafði fengið í arf eftir föður sinn, Merriweather dómara, hafði eyðst þannig, að maður hennar lagði það í gróðafyrirtæki, sem mishepnaðist.

Samt gat hún haldið gamla heimilinu sínu skuldláusu, með því að kenna frönsku og ensku þangað til Margrét var komin á aldurinn milli tólf ára og tvítugs. Þá var stúlkan látin fara í gamaldags kvennaskóla. og þaðan kom hún vel undir það búin að hjálpa móður sinni að verjast skuldum. Margrétu varð gott til vana, og það var metnaði hennar að kenna, að hún þáði ekki hjálp þá, sem þeir buðu henni. Hún var fríð sýnum, greind, kát og að öllu leyti vel af guði gefin. Hún var léttlynd og hugumbjört eins og vor- dagur; því gat hún tekið mótlætinu með glöðu geði, og enginn skyldi nokkurn tíma sjá það á henni. að hana bilaði hugrekki, hvað sem á gekk.

Eftir að Brewster hafði borist þessi mikli auður í hendur, var honum ekkert kærara, en að láta þær mæðgur njóta góðs af honum. Honum fanst það eiginlega ekki nema alveg sjálfsagt, að hann gæti gengið umsvifalaust inn í litlu dagstofuna þeirra og lagt þar á borðið fyrir framan þær miklar fjár- upphæðir; en þegar hann fór að hugsa sig betur um, sá hann að þetta var ekki eins auðvelt eins og hann hafði búist við í fyrstunni. Slíkar fjárgjafir hlutu að særa Mrs. Gray, sem komin var af ætt sem alt af hafði litið stórt á sig, og verið sjálfri sér nóg. Nú vildi svo til að dálitil veðskuld var komin á húsið, eitthvað tvö eða þrjú þúsund dollarar, en var þó erfið viðfangs. Brewster braut lengi heilann um það, hvernig hann ætti að fara að því að borga þessa veðskuld, án þess að særa þær mæðgur. Honum flaug

Í hug margs konar ráð, sum barnaleg að vísu, en er hann hugði betur sá hann, að ekkert þeirra dugaði; hann féll frá þeim aftur, eins og svo mörgum öðrum hugleiðingum sínum í sömu átt; viðkvæmni þeirra mæðgnanna þoldi ekki neina þá aðferð, sem honum hafði hugkvæmst til að hjálpa þeim.

Hann fór út úr bankanum og hraðaði sér með rafmagnsvagninum til Fertugasta strætis og Broadway og gekk hratt eftir strætinu, þar sem húsmóðir hans var. Hann var ekki enn kominn á staðinn sem hann ætlaði til; en þó hirti hann ekki um að nota strætisvagninn lengra þrátt fyrir það þó hann hefði vasann fullan af bankaseðlum, sem honum af óvananum fanst fara býsna mikið fyrir. Hinrik gamli, margra ára dyggur þjónn, var að sópa laufblöð af gangstéttinni þegar Montgomery kom að húsinu.

“Sæll Hinrik”, sagði ungi maðurinn. “Falleg er laufblaðahrúgan sem þú ert búinn að sópa saman hérna.”

“Ójá”, tautaði Hinrik og leit ekki einu sinni upp frá því, sem hann var að gera. Hinrik var fúllýndur í meira lagi.

“Er Mrs. Gray heima?”

“Nú rumdi í Hinrik svo sem jánkandi spurningunni.

“Þú ert stuttur í spuna eins og fyrri daginn.”

Hinrik kinkaði kalli og þagði.

Brewster lauk upp með lykli, sem hann hafði sjálfur, fleygði hattinum sínum á stól og stikaði inn

í bókaherbergið. Margrét sat við gluggann með bók í kjöltunni. EINFæg vinátta skein úr augum hennar, svo ólík því sem hann hafði mætt annarstaðar um langan tíma. Hún tók í hönd hans og sagði blátt áfram: "Við fögnum feginsamlega tapaða syninum, er hann kemur heim til sín aftur."

"Mér finst að mér svipa meir til alikálfsins."

Nú rann þóttasvipurinn af honum.

"Mér datt það í hug líka, en þorði ekki að hafa orð á því", sagði hún hlægjandi. "Maður verður að tala varlega við auðuga ætting."

"Fari auðugir ættingjar gráskjóttir, Magga: ef eg héldi að þessi auður minn yrði orsök þess að einhver breyting yrði okkar á milli, þá mundi eg afsala mér honum samstundis."

"Þvættingur, Monty", sagði hún. "Hvaða breytingu ætti hann að valda? En þú verður að játa það að hann kom nokkuð óvænt. Æskuvínur okkar fer héðan á laugardagskveld með hálfsmánaðarkaup í vasanum. Fimmtudaginn næstan á eftir kemur hann aftur og er þá orðinn miljónaeigandi, svo að ljóm-inn stendur af honum.

"Mér þykir vænt um að farið er að ljóma af mér. Því átti eg ekki von á."

"Eg get nú reyndar ekki sagt, að þú sért orðinn mikið breyttur," sagði hún, og var ekki laust við að rómurinn væri óstyrkur, og þó að skuggsýnt væri, sýndist honum ekki betur, en að henni vöknadi um augu.

“Þegar öllu er á botninn hvolft þá er það ekki svo fjarska miklum erfiðleikum bundið að verða miljónaeigandi”, sagði hann drýgindalega, “þegar maður hefir haft miljón dollara eftirlanganir.”

“Og fimtíu centa möguleika,” bætti hún við.

“En samt er eg viss um, að eg hef aldrei jafnmikla ánægju af mínum miklu auðæfum, eins og af peninga vandræðum mínum.”

“En gættu að því, Monty, hvað það er ánægjulegt að þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur af því, hvernig maður aflar sér vetrar yfirhafna, eða af því, hvað lengi kolin endast og alt því um líkt.”

“Eg þar aldrei neinn kvíðboga fyrir því, hvernig eg ætti að afla mér vetraryfirhafna. Það kom alt á skráddarann. En eg vildi bara eg gæti átt heima hérna eins og eg hefi átt áður. Eg vildi mikið heldur mega vera hér heldur en í þessu skuggalega stórhýsi í hinni götunni.”

“Nú talarðu eins og þegar við vorum að leika okkur í þakherberginu í fyrri daga. Manstu ekki eftir að þú sagðist mikið heldur vilja leika þér þar heldur en — Manstu?”

“Já, og einmitt af sömu ástæðum vil eg heldur vera hér, Magga. Í gærkveldi var eg einmitt að hugsa um gamla þakherbergið, og eg segi þér það satt, að eg gat ekki að því gert að kökkur kom í hálsinn á mér, og mér lá við að fara að brynna mús-um. Hvað er nú langt orðið síðan við lékum okkur þar. Já, og hvað er langt síðan eg las fyrir þig

“Oliver Optic”? Eg man það svo vel að eg sat við þakherbergisgluggann, en þú hallaðir þér upp að veggnum og starðir á mig, bláum augunum, stórum eins og dollurum?

“Það er nú orðið langt síðan, kæri Monty — ein tíu eða tólf ár að minsta kosti”, sagði hún og augnaráðið varð blíðlegra.

“Mig hefði langað til að fara upp í gamla herbergið í kveld og sjá hvernig þar er umhorfs”, sagði hann með ákefð. “Og þú verður að koma líka Magga. Hver veit nema eg geti fundið þar einhverja gömlu bókina sem við lásum, og við getum orðið ung í annað sinn.”

“Jæja, rétt til að rifja upp gamlar endurminningar”, sagði hún fljótlega. “Þú bíður hérna og borðar með okkur.”

“Já, bíðum við eg þarf líklega — nei — eg mundi ekki gera það hvort sem væri. Veiztu að mig minti að eg þyrfti að fara í bankann hálf eitt. svo að Mr. Perkins kæmist þaðan til að borða miðdegisverð? Það er ekki kominn verulegur miljóna eiganda bragur á mig enn þá, býst eg við.” Nú þagnaði hann í bili, varð alvarlegur og þikaði; loksins sagði hann: “Það gott hlýtur þó að fylgja þessum auði, að héðan í frá þurfum við ekki að neita okkur um neitt.” Þetta var ekki sagt varfærnislega, og þegar hann var búinn að segja þetta, fór hann að skoða mjög vandlega gamla mynd þar inni, svo sem eins og til að sýna að hann væri góður fyrir sinn hatt.

Hún svaraði engu, en hann fann að hún var að skygnast inn í djúp sálar hans. “Nú getum við prýtt heimilið hérna eins og okkur sýnist, — og þú veist að hitunarforninn hefir alltaf verið í hálfgerðu ólagi, tvö eða þrjú síðustu árin —” hélt hann áfram og bar ótt á; en nú greip hún blíðlega um hönd hans, og stóð frammi fyrir honum, há og beinvaxin, með einkennilega hvössu augnaráði.

“Heyrðu, Monty, blessaður segðu nú ekki meira,” sagði hún hógværlega en þó alvarlega. “Eg veit hvað þú ert að fara. Þú ert góður og hugulsamur, Monty, en þú mátt ómögulega segja meira.”

“Því þá ekki, er ekki alt sem eg á, ykkur velkomið og —?”

“Eg veit að þú ert höfðinglyndur Monty, og eg veit líka, að þú ert brjóstgóður. Þú vilt að við þiggjum af þér fé —” hún átti bágt með að segja þetta, og Monty horfði niður fyrir sig og vissi naumast hvað hann átti af sér að gera. “Við getum það ekki — góði Monty — þú mátt aldrei minnast á þetta framar. Okkur mömmu var búið að detta það í hug, að þú mundir ætlast til þess arna. En geturðu ekki skilið það, að jafnvel þó þetta kæmi frá þér, þá er það tilboð um hjálp, og þess vegna lýtur það að særa okkur.”

“Láttu mig aldrei heyra þetta, Magga,” sagði hann í bænarrómi.

“Mamma gæti ómögulega þolað það, ef þú byðir henni peninga á þenna hátt. Henni mundi gremj-

ast það, Monty. Það er kaínske heimska, en þú verður að láta þér skiljast það eitt skifti fyrir öll, að við getum ekki þegið fé af þér."

"Eg var að tala við þig — að þið — æ þetta spillir allri ánægjunni af auðnum," sagði hann óþolnómóðlega.

"Monty!"

"Við skulum tala um þetta skynsamlega, Magga — þú skilur ekki —" tók hann til máls og vonaðist nú eftir að hún væri að láta undan.

"Hættu þessu!" sagði hún í skipunarróm, og nú brá fyrir leiftri í bláum augunum, sem hann hafði orðið var við einu sinni eða tvisvar áður.

Hann stóð á fætur og gekk þvert yfir gólfið, nokkrum sinnum, staðnæmdist svo frammi fyrir henni brosandi — brosið var raunalegt, en bros samt. Henni var vott um augu þegar hún leit á hann.

"Þetta er bannsett hleypidóma heimska, Magga, og þú veist að það er satt", sagði hann, er hann sá að engu varð um þokað.

"Þú hefir ekki séð bréfin, sem komu til þín í morgun. Þau eru þarna á borðinu", sagði hún, og vildi leiða talið að öðru.

Hann fann bréfin og settist aftur í gluggann og fór að líta á umslögin. Síðasta bréfið var frá Grant and Ripley lögmönnum, og gat hann ekki að sér gert að hrópa upp þó hann væri annars hugar, er hann sá efni bréfsins. Hann las það upphátt fyrir Margrétu.

30. Sept.—

Montgomery Brewster, Esq.,

New York.

Kæri herra:— Oss hefir borist bréf frá Mr. Swearengen Jones í Montana, sem flytur þær sorglegu fréttir, að frændi yðar James T. Sedgwick hafi andast 24. þ. m. í M— sjúkrahúsi í Portland, eftir stutta sjúkdómslegu. Mr. Jones hefir verið kjörinn til þess að sjá erfðaskrá frænda yðar fullnægt, og hefir hann skipað oss umboðsmenn sína, hér eystra. Hann sendir oss að fylgiskjali eftirrit af erfðaskrá frænda yðar, og eruð þér gerður engi hans, með skilyrðum, sem þar eru tilgreind. Við þér gera svo vel að finna oss á skrifstofu vorri í kveld, ef þér eigið hægt með? Það er áriðandi að þér fáið strax að vita um það, sem fram er tekið í erfðaskránni.

Virðingarfylst

Grant and Ripley.

Þetta kom eins og þruma úr heiðskýru lofti. Þegar Monty tók að ná sér eftir undrunina, færðist bros yfir andlit honum og yfir stúlkunni hýrnaði sömuleiðis.

“Hver er þessi James frændi þinn?”

“Eg hefi aldrei heyrt hans getið.”

“Þú verður að fara strax til Grant and Ripley.”

“Ertu búin að gleyma því Magga, að við ætl-
uðum að lesa saman “Oliver Optic” í kveld?”

IV. KAPÍTULI.

Síðari erfðaskráin.

“Þér eruð bæði hamingjusamur og óhamingjusamur Mr. Brewster”, sagði Mr. Grant, eftir að ungi maðurinn var sestur niður inni skrifstofu Grant and Ripley’s daginn eftir. Montgomery var hálf-þreytulegur og var auðveld að hann hirti lítið um erfðaskrá James T. Sedgwicks. Nú mundi hann þó óljóst væri eftir móðurbróður sínum, sem ekki hafði spurst til langa hríð. Hann var dálitill drenginnokki þegar hann sá James frænda sinn, þá sjaldan að hann kom til foreldra hans. En kveldið fyrir hafði Brewster snætt kveldverð hjá Drews fólkinu, og hafði honum sýnst Barbara enn þá álitlegri en nokkru sinni fyr. Um hana hafði hann verið að hugsa á leiðinni yfir að skrifstofu umboðsmanna Swearingen Jone’s

“Það er nú sannast að segja, Mr. Grant, að eg hafði alveg gleymt því, að eg ætti nokkurn frænda,” svaraði hann.

“Það er ekkert undarlegt,” sagði Mr. Grant

vingjarnlega. "Allir sem hann þekkti í New York fyrir 19—20 árum, héldu hann vera dauðan. Hann fór úr borginni þegar þér voruð dálítill drengur, og hélt til Ástralíu að eg held. Hann fór að leita sér auðæfa, og mun ekki hafa veitt af því í þá daga. Þetta bréf frá Mr. Jones er líkast dauðs manns kveðju. Ef við hefðum ekki verið umboðsmenn Mr. Jones um mörg ár, hefði mér verið nær að halda, að öll þessi saga væri ósönn. Það er svo að sjá sem móðurbróðir yðar hafi komið fram í Montana fyrir hér um bil fimtán árum, og tókst þá mikil vinátta með honum og gamla Swearingen Jones, einhverjum ríkasta manni vestra. Sedgwick undirskrifaði erfðaskrá sína á dánardægri 24. Sept., og var þá ekki nema eðlilegt að hann fæli Mr. Jones að sjá um að henni væri fullnægt. En einmitt þess vegna er nú mál þetta komið í okkar hendur, Mr. Brewster."

"Rétt er það," svaraði Montgomery hálfhissá, "en hvernig stendur á að þér sögðuð að eg væri bæði hamingjusamur og óhamingjusamur?"

"Málavextir eru svo einkennilegir, að þegar þér eruð búnir að fá fulla vitneskju um þá, munuð þér sannfærast um, að eg hefi ekki tekið of djúpt í árinna er eg hafði þau orð um. Eg man ekki betur en að eg gæti þess í bréfinu til yðar í gær, að þér væruð gerður erfingi að öllum eignunum. Eg ímynda mér að yður komi það óvænt að heyra, að Jones Sedgwick átti nærri því sjö miljónir dollara þegar hann dó."

Montgomery stóð sem steini lostinn og einblíndi

á gamla lögmanninn, sem gat sagt frá viðburðaríku efni með mestu rósemi.

“Hann átti gullnámur og hjarðir í norðvestur ríkjunum og er enginn vafi á að verðmæti þeirra, er það sem eg sagði. Í bréfinu til vor segir Mr. Jones í stuttu máli sögu James Sedgwicks frá því að hann kom til Montana, þangað kom hann 1885 frá Ástralíu; í þann tíma átti hann eitthvað milli 30.000 og 40.000 þús. dollara. Eftir fimm ár hafði hann eignast miklar hjarðir, og eftir tæp fimm trá þeim tíma, hafði hann eignast þrjár auðugar gullnámur. Auðurinn hlóðst að honum; alt sem hann snerti við varð að gulli. Hann var hygginn, varkár og ötull, og hann fór með fé sitt eins og slunginn . . . rætis fjármálamaður. Þegar hann dó í Portland skuldaði hann ekki nokkrum manni nokkurn hlut. Eignir hans voru algjörlega skuldlausar — vissar og áreiðanlegar eins og stjórnarverðbréf. Þetta er býsna óvænt fregn, finst yður ekki?” spurði lögmaðurinn og virti Brewster fyrir sér.

“Og hann — hann gaf mér alt eftir sinn dag?”

“Já, með skilyrðum.”

“A—a—á?”

“— hefi eftirrit af erfðaskránni. Við Mr. Ripley erum einu mennirnir í New York, sem nú sem stendur vita um efni erfðaskrárinnar. Eg þykist viss um að þér flíkið því ekki eftir að við höfum kunnigert yður það.”

Mr. Grant dró nú fram skjal úr litlu hólfi í

skrifborðinu sínu, lagaði á sér gleraugun til að lesa. En svo var eins og honum flýi nýtt í hug, því að hann lagði bréfið niður og snéri sér enn eiun sinni að Brewster.

“Það er svo að sjá, sem Sedgwick hafi aldrei kvænst. Móðir yðar var systir hans og eini ættinginn sem menn vita að hann hafi átt hér. Hann var einkennilega lyntur maður, en vel búinn að andlegum hæfileikum. Yður kann að finnast þessi erfðaskrá einkennilegt skjal, en eg held að Mr. Jones, umboðsmaðurinn, skýri öll þau ákvæði, sem óljós kunna að vera. En þó að kunningjum hans í New York væri ókunnugt um hann, virðist svo sem honum hafi verið vel kunnugt um alt sem gerðist hér eystra. Honum var vel kunnugt um að þér væruð einkabarn systur hans, og eini frændinn, sem hann átti á lífi. Hann greinir frá giftingardegi móður yðar, fæðingardegi yðar, og dauða Robert Brewsters og konu hans. Honum var ennfremur kunnugt um það, að Edvin Peter Brewster gamli, hafði ætlað að arfleiða yður að miklu fé — og sú er einmitt orsök skilyrðanna sem sett eru. Sedgwick var maður drambsamur. Meðan hann átti heima í New York var það álit manna alment, að hann fyrirgæfi aldrei neinum sem gengi nærri metnaði hans. Yður er sjálf-sagt kunnugt um það, að faðir yðar kvæntist Miss Sedgwick þvert á móti vilja Edvin Brewsters. Hann vildi hvorki heyra hann né sjá og gerði svo son sinn í raun réttu arflausan, en sýndi Sedgwick's fólkinu

harðúð og fyrirlitning. Það var og í hvers manns munni að Jim Sedgwick hefði fyrir þá sök farið af landi eftir þessa giftingu, að hann og Edvin Brewster mættu ekki samlendir vera. Svo rötgróið var hatur gamla mannsins, að hann flýði brott til að komast hjá því að verða mótstöðumanni sínum að bana. Einusinni hafði hann sem sé gert sér ferð inn í skrifstofu Brewsters og ætlaði þá að ráða hann af dögum, en þá kom eitthvað fyrir sem gerði það að verkum að ekkert varð úr þeirri ætlun. Hann bar samt hatrið í sál sinni alt fram í dauðann.”

Montgomery Brewster reyndi að átta sig komast út úr þokunni, sem lagt hafði yfir hugskot hans, svo að hann átti bággt með að neyta skynsemi sinnar.

“Eg held að eg vilji biðja yður að lesa þessa afar einkennilegu erfðaskrá, Mr. Grant”, sagði hann og lagði sig allan fram um að missa ekki stjórn á sjálfum sér.

Mr. Grant ræksti sig og tók að lesa með rólegri röddu. Einu sinni leit hann upp til að sjá hvað Brewster liði, hlýddi hann fyrst á með mikilli athygli, en svo varð svipurinn kæruleysislegur.

Efni erfðaskrárinnar var í stuttu máli það, að James T. Sedgwick arfleiddi systurson sinn Montgomery Brewster í New York, son Roberts og Louisu Sedgwick Brewster, að öllum þeim eignum, í lifandi og dauðu, er hann léti eftir sig. Þar á eftir voru greind ýms skilyrði viðviljandi afhendingu

eignanna. Það skilyrði einn einkennilegast var og mestu skifti, var það, að erfinginn skyldi vera öldungis eignalaus 23. September, á 26. afmælisdegi sínum.

Þetta megin-skilyrði var nákvæmlega ákveðið. Það var tekið fram, að Montgomery Brewster ætti ekki að eiga nokkurn skapaðan hlut af jarðnesku góssi, nema fötin, sem hann stæði í hinn 23. Sept., sem fyr var nefndur. Hann átti að byrja þann dag gersamlega eignalaus; enga kjörgripi mátti hann eiga eða húsgögn, eða fémun, er hann gæti eignað sér, eða náð eignarhaldi á síðar. Að morgni 23. Sept., að New York tíma, átti sá er framkvæmd erfðaskrárinnar annaðist, að afhenda Montgomery Brewster, ef öllum skilyrðum væri fullnægt, allar eigurnar, peninga, landeignir, verðbréf og leigur, sem upp voru taldar í fylgiskjali erfðaskrárinnar. En ef svo færi, að Montgomery Brewster hefði ekki í öllum greinum fullnægt fyriræmum erfðaskrárinnar, svo að framkvæmdarstjóra, Swearengen Jones, líkaði; þá átti að skifta eignunum milli góðgerðarstofnana, er tilteknar voru í erfðaskránni. Gerla mátti sjá, hvað lá á bak við þessi ákveðnu skilyrði er James Sedgwick hafði sett. Það var tekið fram mjög skýrt, að erfinginn skyldi ekkert af eignunum öðlast, ef hann ætti nokkurn skilding, eða skildings virði frá manningum, sem Sedgwick hataði mest, Edvin Peter Brewster. Sedgwick hafði að vísu ekki vitað um það, er hann samdi erfðaskrá sína, að óvinu hans bankastjórinn,

hefði arfleitt sonarson sinn að einni miljón dollara, en hins vegar var ekki nema eðlilegt að hann ímyndi aði sér, að ungi maðurinn hefði fengið frá honum allmikinn auð. En til þess að koma í veg fyrir það, að nokkuð af eignum hans rynni saman við eignir óvinar síns, hafði Sedgwick gert þessa einkennilegu ráðstöfun á dánardægri sínu.

Einn kaflinn í erfðaskránni var reglur um lifnaðarháttu Montgomery Brewsters, meðan hann var á 26. árinu. Hann átti fyrst og fremst að gefa Swearengen Jones fullnægjandi sönnun fyrir því, að hann væri því vaxinn að fara með þessar miklu eignir á hyggilegan hátt, og gæti látið þær ávaxtast vel; ennfremur átti hann að hafa óflekkað mannorð á tuttugasta og sjötta afmælisdegi sínum, og skyldi þá ekki vera hægt að brigzla honum um neitt sem verra væri en eyðslusemi, er ekki væri þó mjög mikil brögð að; hann átti að vera hófsamur í háttum sínum og ekkert að eiga við árslokin, sem hægt væri að telja, "sjáanlega eða væntanlega eign"; enga sjóði mátti hann stofna; til góðgerðastofnana skyldi hann gefa sparlega; bannað var honum að lána eða gefa fé sitt undir því yfirskyni, að hann fengi þær gjafir aftur endurgoldnar; honum var gert að skyldu að haga lífi sínu eftir þeirri meginreglu, að fá allt af fult fyrir það fé sem hann eyddi, hvort sem fjárframlögin væru stór eða smá. Með því að þessar reglur áttu að eins að gilda um eitt ár af æfi erfingjans, þá var auðséð, að Mr. Sedgwick ætlaðist alls ekki til að

neinar slíkar kvaðir skyldu fylgja arfinum eftir að hann væri kominn í hendur erfingja.

“Hvernig lýst yður á það?” spurði Mr. Grant, um leið og hann rétti erfðaskrána að Brewster.

Hann tók við skjalinu og rendi augum yfir það, eins og sá sem heyrir eitthvað, en ekki skilið það til hlítar.

“Þetta hlýtur að vera spaug, og annað ekki, Mr. Grant”, sagði hann, eins og í draumi.

“Nei, Mr. Brewster, þetta er bláköld alvara. Hérna er símskeyti frá skiftaráðanda í héraði því, þar sem Sedgwick átti heima, — svar við fyrirspurn okkar. Þar er sagt að eignirnar verði teknar til skifta samkvæmt erfðaskránni, og að Mr. Sedgwick hafi verið forríkur miljónaeigandi. Í eignaskránni, eru auðæfi hans metin og samlögð í dollara, talin nema þar eftir þeirri verðlegging \$6,345,000. Þessi auður er gullvægur. Það er enginn skildingur í öllum þessum miljónum, sem ekki er þess virði, sem hann er metinn.”

“Þetta kemur nokkuð óvænt, finst yður ekki?” spurði Montgomery og strauk hendinni um enni sér. Nú var hann loks farinn að átta sig.

“Jú, víst kemur þetta óvænt, og það í mörgu lagi. Hvað ætlið þér að gera?”

“Gera?” svaraði Montgomery hálf hissa. “Nú á eg ekki alt þetta?”

“Það verður ekki yðar eign fyr en í Septembermánuði næstkomandi”, svaraði lögmaðurinn rólega.

“Nú, jæja, eg býst við að eg geti beðið þangað til”, sagði Brewster og brosti.

“En vinur minn, þér hafið þegar eignast heila miljón. H. ið þér gleymt því að það er til skilið að þér séuð gersamlega eignalaus að ári liðnu?”

“Haldið þér ekki að þér munduð vilja skifta á cinni miljón og sjö miljónum, Mr Grant?”

“En hvernig ætlið þér að fara að því?” spurði Grant blíðlega.

“Nú náttúrulega að eyða peningunum. Haldið þér ekki að mér muni takast það að losa mig við eina miljón á heilu ári? Eins og allir geti það ekki! Eg þarf ekkert nema að losa ofurlítið um opið á peningabuddunni minni, og þá kemur hitt af sjálfu sér. Mér stendur rétt á sama þó að eg verði öreigi fá-einar klukkustundir 23. Sept. næstkomandi.”

“Eruð þér þá búinn að staðráða þetta?”

“Já, vitaskuld. Úr því að eg þarf að fullnægja öllum skilyrðum sem fram eru tekin í erfðaskránni. Þegar eg er búinn að fá óræka vissu um að eg eigi löglegt tilkall til arfs frænda míns, þá skal eg fara að gera ráðstafanir til að losa mig við miljónina frá afa mínum á sem stystum tíma.” Brewster sagði þetta með einlægni sem leyndi sér ekki í málrómnum. Nú var hann að ná eðli sínu aftur.

Mr. Grant hallaði sér áfram með hægð og augnaráð hans hvast og ransakandi dró úr eldmóði unga mannsins.

“Eg felst á og dáist að þeirri skarpskygni yðar

að vilja skifta á einni smá ægilegri miljón fyrir of fjár margfalt verðmætara, en mér finst samt að þér gerið yður ekki grein fyrir því, hvernig á stendur”, svaraði hann rólega. “Hefir yður ekki komið það í hug, að það er ekkert áhlaupaverk að eigna heilli miljón dollara án þess að brjóta þær reglur, sem settar eru í erfðaskrá frænda yðar, og verða þannig af hvorutveggja auðæfunum?”

Arnþjotur B. Olson

V. KAPÍTULI.

Símskeytið frá Jones.

Nú laukst upp nýtt sjónarsvið fyrir Brewster. Fram að þessum tíma hafði hann verið að stríða við það alla æfi sína, að hafa saman nægilegt fé til að borga reikninga þá, sem honum bar að greiða, og aldrei áður hafði honum komið til hugar, að það gæti verið eins mikið vandaverk að eyða peningum eins og að afla þeirra. Hugur hans fálmaði eftir einhverjum stuðningi og svo hrópaði hann með sigurhróss-fögnuði:

“Eg get neitað að taka á móti miljóninni frá afa mínum.”

“Þér getið ekki neitað að taka á móti því, sem þegar er orðið yðar eign. Eg veit ekki betur en að Mr. Buskirk sé búinn að afhenda yður þann arf. Þér eigið fulla miljón doliara Mr. Brewster og það er gagnslaust að vera að bera á móti því.”

“Þetta er satt”, svaraði Monty hnugginn. “En sannast að segja gengur þetta alveg fram af mér, Mr. Grant. Ef þér viljið lofa mér að draga að svara þessu af eða á, þá ætla eg að hugsa mig um. Þetta er eins og draumur.”

“En þó er það engint draumur, Mr. Brewster. Þér standið hér andspænis veruleika þó mikilfenglegur sé. Finnið mig í fyrramálið. Hugsið vel um. Gætið að skilyrðunum sem tekin eru fram í erfðaskránni og svo að yðar eigin kringumstæðum. Meðan þér eruð að hugsa yður um, ætla eg að skrifa Mr. Jones, manninum sem líta á eftir erfaðskránni, og forvitnast um, hvað hann ætlast til að þér gerið í því skyni að fullnægja þeim skilyrðum sem tekin eru fram í fyrirmælum frænda yðar viðvíkjandi erfðaskránni.”

“Þér skuluð ekki skrifa Mr. Grant; símið heldur. Biðjið hann að síma aftur svar sitt. Eitt ár er ekki lengi að líða.” Rétt á eftir sagði hann: “Fari hann grenjandi þessi ófriður milli ættanna! Hvers vegna gat James frændi ekki sýnt ofurlitla tilhliðrunarsemi? Hann leiðir endalaus vandræði yfir mig saklausan, að eins vegna ósamlyndis sem komið var af stað áður en eg fæddist.”

“Hann var einkennilegur maður. Venjan er sú, að menn eru ekki svona langræknir. En nú dugir ekki að fjasa um það. Í þessu máli er erfðaskráin lög.”

“Nú gæti farið svo að mér tækist að eyða öllu

nema svo sem einu þúsund dollara fyrir 23. Sept. Samt mundi eg missa þessar sjö miljónir og standa snauður eftir í tilbót. Það gæti maður varla kallað að fá virði sinna peninga.”

“Þetta er alt óráðin gáta, drengur minn. Hugs-ið þér það vandlega, áður en þér afráðið nokkuð. Á meðan þér eruð að hugsa yður um, munum við sjálfsagt geta fengið fullvissu um, hvort ekki stend-ur alt heima, sem sagt er í erfðaskránni um eignirnar.”

“Já, í öllum bænum hraðið þér yður, og eg ætla að biðja yður, að mælast til þess við Mr. Jones, að hann verði ekki harður við mig. Eg hugsa að eg hætti á þetta, ef kröfurnar verða ekki mjög strang-ar. En ef Jones er þúritanskur í hugsunum, þá væri víst jafngott fyrir mig að sleppa þessu og gera mig ánægðan með það, sem eg á.”

“Það er langt frá því að Mr. Jones sé þúritansk-ur í hugsun, en hann er frábærlega hagsýnn og skýr maður. Eg tel það víst að hann heimti að þér haldið reikning yfir útgjöld yðar, og getið sýnt ein-hverskonar viðurkenningu fyrir hverjum dollar, sem þér greiðið.”

“Drottinn minn! Á eg að halda sjóðsreikning?”

“Já, eg býst við að til þess komi.”

“Eg verð þá að leigja mér heilan skara eyðslu-seggja til að finna ráð og hjálpa mér til að eyða.”

“Þér gleymið þá ákvæðinu, sem bannar yður að gera nokkrum kunnugt um þetta leyndarmál yðar. Hugs-ið yður um. Það verður kannske ekki svo erf-

itt fyrir yður eftir að þér hafið sofið af noltina.”

“Ef ekki verður þá erfitt að sofa.”

Það sem eftir var dagsins, reikaði Brewster um, eins og maður sem gengur í svefni. Hann var niðursokkinn í hugsanir sínar, og fleirum en einum gömlum kunningja, sem hann mætti, heilsaði hann svo, að hann kinkaði til þeirra kolli kæruleysislega, og hugsuðu þeir að auðurinn væri farinn að gera hann kaldsinna og mikillátan. Hann var með hugann fullan af tölum útreikningum og dæmum, sem runnu saman í óskaplegan hrærigraut, svo að honum lá við svima af öllu saman og var rétt að segja orðinn fyrir strætisvagni. Hann snæddi miðdegisverð einn síns liðs í frönsku matsöluhúsi í hliðargötu. Veitingaþjónninn varð alveg hissa á þeim ósköpum af mjólkurlausu kaffi, sem ungi maðurinn gat drukkið, og skyldi ekkert í því að hann snerti hvorki kornhæuna eða kálmetið.

Þetta kveld var líka herbergið, sem Montgomery bjó í hjá Mrs. Gray, alt stráð pappírsmiðum, þétt skrifuðum tölum, sem enginn hefði getað botnað í. Eftir snæðing hafði Monty farið inn í herbergi sitt þar, og alveg gleymt því heimili sem hann átti á Fimtu Ave. Langt fram yfir miðnætti sat hann við að reykja vindlinga og hugsu. Þá fyrst skyldist honum hvaða feikna upphæð ein miljón dollara getur verið. Næsta dag, 1. Okt., átti hann að byrja að eyða henni og átti þá ekki eftir af árinu nema þrjú hundruð fimtíu og sjö daga til að koma því í verk

að losna við hana. Með því að miljónin var óeydd var auðvelt að reikna, hvað miklu eyða varð á hverjum degi. Hann hafði ekki verulega gert sér grein fyrir að þetta væri svo erfitt fyrir en hann var búinn að reikna þetta auðvelda dæmi og leit yfir reikningana.

Við reikninginn kom það í ljós að dagleg eyðsla, það sem eftir var ársins varð að vera \$2,801,12 og samt urðu 16 cent, sem eftir stóðu, svo að með deilingunni gat hann að eins jafnað niður á daga ársins \$999,999,84. En svo kom honum til hugar að peningar hans mundu bera vexti á bankanum.

“En hvern dag sem eg eyði \$2,801,12, græði eg sjö sinnum þá upphæð”, sagði hann við sjálfan sig, um leið og han loksins gekk til hvílu. “Það er sama sem \$19,607,84 á dag \$16,806'72 íhreinan ágóða. Það var býnsa gott, eiginlega of mikið. En skyldu bankarnir ekki vilja gera það fyrir mig að sleppa mér við að þiggja vexti af peningunum?”

Meðan hann var að festa svefninn var hann stöðugt að leggja saman tölur og draga frá, og einu sinni dreymdi hann að Swearengen Jones hafði skipað honum að eta miljónavirði af kjöti og kálmeti í franska matsöluhúsinu. Hann vaknaði við það, að hann kallaði hástöfum, “eg get það, en þó er eitt ár heldur stuttur tími til að vinna annað eins þrekvirki.”

Þegar Brewster fór loks á fætur morguninn eftir klukkan 9 og var búinn að fá sér það, fanst honum

hann fær í flestan sjó og jafnvel til að mæta góðum morgunverði. Hann hafði skeyti frá Mr. Grant, í lögmanna félaginu Grant & Ripley, sem flytti þær fréttir, að þeir hefðu fengið mikilvæg tíðindi frá Montana, og báðu hann að koma á sinn fund og snæða með sér hádegisverð kl. eitt. Hann átti því frí góða stund, svo hann skipaði Ellis að koma með hest sinn að skemtigarðs hliðinu, því að Mrs. Gray og Margrét dóttir hennar voru ekki heima. Það var hressandi að ríða í svölu haustloftinu, og Brewster fann æði margt röskt reiðfólk sem komið var út í skemtigarðinn. Hestur hans var vel viljugur og fór í einum spretti að steinsúlunni, og þar stöðvaði Brewster hann. En þegar hann ætlaði síðan yfir akveginn lá við að hann yrði fyrir hinni nýju frönsku bifreið Miss Drew.

“Eg bið forláts”, kallaði hún. “Þér eruð þriðji maðurinn, sem eg hefi nærri því ekið yfir, svo að þér sjáið að eg hefi ekki gert yður rangt til fremur öðrum.”

“Eg ætti að telja mér það heiður að verða fyrir bifreið yðar”, svaraði hann.

“Nú, jæja, gætið þá að yður”, og jafnskjótt hleypti hún vélinni af stað eins og hún ætlaði sér að aka á hann. Hún stöðvaði hana þó í tíma, og sagði hlæandi: “Þér eigið skilið laun fyrir kurteisi yðar. Viljið þér ekki senda heim með hestinn yðar og aka ofurlítið með mér?”

“Þjónninn minn biður við Fimugasta og níunda

stræti. Ef þér viljið koma þangað, þá er mér ánægja að slást í förina.”

Monty hafði aðeins kynst Miss Drew í samkvæmum. Hann hafði hitt hana í miðdegisveizlum og á dansleikjun.; eins og margar aðrar stúlkur, en honum hafði fundist meir til hennar koma, en flestra annara. Eitthvað sem ómögulegt var að lýsa gerðist í hvert skifti sem þau horfðist í augu. Monty hafði oft verið að hugsa um hvað það eitthvað væri, en hann hafði altaf lítið svo á, að í því fælist ekkert af andlegri ást.

“Ef eg þyrfti ekki að horfa í augun á henni”, sagði hann við sjálfan sig, “þá gæti eg jafnvel farið að skeggræða við hana um stjórnmal, en í hvert skifti sem hún lítur á mig, þá finn eg að hún getur séð hvað eg hugsa.” Strax í fyrsta skiftið sem þau sáuust, urðu þau góðkunningjar, og eftir að þau höfðu hirt þrisvar sinnum, faust þeim ekki nema sjálfsagt að kalla, hvort annað skirnarnafni. Monty duldist það ekki, að hann var að leggja út á viðsjárverða braut. Hann hafði aldrei gert sér glögga grein fyrir því, hvernig Barbara mundi hugsa til hans. Honum fanst það svo sem sjálfsagt að henni hlyti að vera hlýtt í þeli til sín. Um leið og þau fóru gegnum vagna þröngina, kinkaði hann kolfi til kunningja sinna. Þau tóku þá bæði eftir því, að sumt kvenfólkið einka. mega gamla Miss Dexter, snéri sér við til að horfa á eftir þeim.

“Eruð þér ekki hrædd við að fólk fari að tala

um okkur?" spurði Monty hlæjandi.

"Að tala um að við ókum saman um skemti-garðinn? Það er jafn hættulaust að vera á ferð hérna eins og Fimtu Ave. En hvað gerir það svo til? Eg býst við að við þolum það?"

"Þér eruð af aðli, Barbara. Eg var að eins að hugsa um að firra yður umtali fólks. Þegar yður þykir eg vera kominn nógu langt þá skuluð þér bara segja mér það og láta mig fara."

"Eg ætla að borða miðdegisverð kl. 2, en þang-að til getum við haldið áfram akstrinum."


Monty stundi og leit á úrið sitt. Klukkuna vantar fimm mínútur í eitt", sagði hann upphátt. Hann hafði alveg gleymt því að hann hafði mælt sér mót við lögmennina. Við það að finna Miss Drew, hafði hann jafnvel gleymt miljónum James frænda síns.

"Eg hefi mælt mér mót við menn kl. eitt, og þar er manslíf í veði. Viljið þér gera svo vel og aka með mig yfir að járnbrautar-brúnni — eða — heyrið þér, lofið þér mér að stýra bifreiðinni."

Að svo mæltu höfðu þau sæta skifti, nærri því án þess að Barbara yrði vör við, og nú fór heldur en ekki að koma skriður á bifreiðina.

"Mér er nær að halda", sagði stúlkan, hálf-forviða, "að þér ætlið að nema mig burt."

En svo varð henni litið á skuggalega svipinn sem kom á Monty er lögregluþjónn aðvaraði hann og benti honum að hann æki of hart, og hún sagði:



“Monty Brewster, þetta er alt of hart farið, — hættulega hart.”

“Getur vel verið”, sagði hann, “en ef fólk hefir ekki vit á að vikja úr vegi, þá þarf það ekki að kvarta þó að keyrt sé ofan á það.”

“Eg er hvorki að tala um fólknið, eða bifreiðina eða tré eða standmyndir, Monty; eg átti við að við sjálf værum í hættu. Við annaðhvort meiðumst til dauðs eða verðum tekin föst.”

“En eg verð nú að láta hana skrifa betur en þetta. Verið þér óhrædd Barbara. Nú er klukkan að verða eitt. Hamingjan góð, eg var alveg búinn að gleyma því, að það væri orðið svona framorðið.”

“Er það þetta litla áriðandi að þér komist í tíma þangað, sem þér mæltuð yður mót?” spurði hún.

“Já, eg er nú hræddur um það—og—gættu—að þér—mannbjálfi. Langar þig til að láta drepa þig?” Þetta síðasta talaði hann til gangandi manns, sem sloppið hafði af stökustu tilviljun, við það að vélin slengdi honum niður og rynni yfir hann.

“Jæja, þá erum við komin”, sagði hann og beygði upp að járnbrauta-brúnni. “Þakka yður hjartanlega, — þér erðu fyrirtaks stúlka — leiðinlegt að þurfa að hlaupa svona frá yður. Eg skal segja yður það alt seinna. Þér hafið gert mér stóran greiða að hjálpa mér að komast hingað, eins og eg hafði gert ráð fyrir.”

“Mér finst svo sem þér hafið gert yður mestan greiðan sjálfur”, sagði hún um leið og hann þaut

upp stigann. “Þér skuluð koma eitthvert kveldið og drekka te hjá okkur, og segja mér hver stúlkan er, sem þér voruð að finna.”

Brewster kom hálfri klukkustund of seint inn í skrifstofu þeirra Grant og Ripley, rjóður í framan og lafmóður eftir aksturinn, með stóra moldarklessu á annari kinninni.

“Mér þykir mjög mikið fyrir því að hafa látið yður bíða,” sagði hann í afsökunarrómi.

“Sherlock Holmes mundi hafa gizkað á, að þér hafið verið að aka,” sagði Mr. Ripley og tók í hönd unga mannsins.

“En honum hefði skjátlást, eg hefi flogið. Hvað hafið þér frétt frá Montana?” Hann átti ómögulegt með að draga það lengur, að bera fram spurninguna, sem nú kom svo óvænt, að lögmennirnir báðir fóru að skellihlæja, og Brewster gat ekki varist hlátri heldur. Þeir fengu honum eitthvað fimm eða sex símskeyti, frá bönkum, lögmönnum og namamönnum í Montana. Símskeyti þessi voru óhrekjandi sönnun-argögn til staðfestingar á auðlegð James T. Sedgwick; var jafnvel enn meir gert úr henni í skeytum þessum heldur en áður hafði verið frá skýrt.

“Og hvað segir Mr. Jones?” spurði Montgomery.

“Svar hans er ítarlegt eins og fréttasímskeyti til dagblaða. Hann hefir augsýnilega viljað gera það sem ljósast og greinilegast, og ef eitthvað er þar látið ósagt, sem taka hefði átt fram, þá getur okkur að minsta kosti ekki hugkvæmst það. En mér þykir

fyrir að verða að segja yður, að hann hefir borgað símskeytakostnaðinn," sagði Grant og brosti.

"Er hann hæfilega sanngjarn 'kröfum?' spurði Montgomery með ákefð.

Mr. Grant skotraði augunum sem snöggvast til stallbróður síns, og dró síðan fram úr skrifborði sínu símskeytið frá Swearengen Jones. Það var á þessa leið:

Grant & Ripley

Yucatan Bldg, New York.

Eg er að eins umboðsmaður í þessu máli. Þér verið aftur umboðsmenn mínir, og skau erfinginn gefa yður skýrslu vikulega, en þér sendið mér. Móðurbróðir hans vildi koma í veg fyrir að hann nyti góðs af arfi afa síns. Eg ætla að taka tillit til þess. Þið verðið að ganga ríkt eftir skilmálunum. Hann var beztu vinur minn, og bar það traust til mín, að fela mér að sjá um öll hans miklu auðæfi. Eg ætla ekki að bregðast því trausti. Erfinginn verður að vera búinn að losa sig við það fé, sem honum hefir verið gefið, Hann má ekki kasta skugga á minningu frænda síns, með því að gera nokkurn að trúnaðarmanni sínum um þetta mál. Kæri mig ekki um, að almenningur haldi, að S. hafi verið fífl eða flón. Það var hann ekki. Hér eru reglur þær sem eg set, og erfinginn verður að fylgja:

1. Hann forðist gálausu fjárhættu spilamensku.
2. Hann forðist heimskuleg fjárhættu fyrirtæki.

3. Engum stofnunum skal hann gefa fé til sjóðsmyndana, því að minning þeirra gæti orðið honum óbeinar tekjur. 4. Óhæfilegan fjáraustur skal hann forðast er hann er beðinn gjafa. Samt ætlast eg ekki þar með til, að hann sé nískur. Eg hefi megnustu óbeit á nískum mönnum, og hana hafði J. T. S. líka. 5. Hóflausa eyðslusemi skal hann forðast. Eg hefi óbeit á allri skynhelgi; það hafði J. T. S. líka. Hvorugur okkar var ákaflega fastur á peningum. 6. Ekki má hann ausa fé í góðgerðastofnanir, en þó að hann gefi eins og aðrir miljónaeigendur, þá læt eg það vera. Hann má eyða fé sínu ört en ekki heimskulega. Ef honum tekst það, þá tel eg hann góðan fjármálamann. Eg tel það heimsku að gefa veitingaþjóni meiri drykkjupeninga en einn dollar, og vagnþjónn á ekki skilið að fá meir en fimm. Hann vinnur ekki fyrir meir en dollarsvirði. Ef erfinginn ætlar að reyna að ná í auðinn, þá ætti hann að byrja sem fyrst, því að hann getur mist af honum, ef hann dregur það lengur. Nú er ekki fult ár eftir. Eg óska honum til hamingju. Síðar skal eg skrifa ítarlegar.

S. Jones.

“Skrifa ítarlegar!” endurtók Montgomery. “Um hvað skyldi hann eiga óskrifað?”

“Hann vill hafa alt greinilegt”, svaraði lögmaðurinn, “en það er líka bezt fyrir yður að vita um alla

skilmálana, áður en þér ráðið nokkuð af. Hafið þér fastráðið nokkuð?”

Brewster sat um stund og starði niður fyrir sig. Hann átti í miklu stríði við sjálfan sig.

“Þetta er áhætta, gífurleg áhætta”, sagði hann loksins, “en eg ætla að ráðast í það samt. Eg vil ekki gera afa mínum rangt til, en eg ímynda mér, að jafnvel hann, hefði ráðlagt mér að reyna þetta. Þér megið skrifa Mr. Jones og segja honum, að eg ætli að hætta á að reyna að ná í miljónirnar.”

Lögmennirnir hrósuðu honum fyrir dirfsku og óskuðu honum til hamingju. Brewster brosti og svaraði:

“Eg ætla að byrja á því að spyrja yður hvað þið teljið hæfilegt lögmanna kaup í þessu máli. Eg vona að þér viljið taka að yður þennan starfa fyrir mig.”

“Yður langar líklega ekki til að eyða þessu öllu í einu?” spurði Mr. Grant brosandi. “Við getum tæplega verið ráðanautar bæði yðar og Mr. Jones.”

“En eg verð að hafa einhvern lögmann og erfðaskráin bannar mér að snúa mér til annara. Hvað á eg að gera?”

“Við skulum spyrja Mr. Jones um þetta. Þetta er ekki venjulegt, en eg býst ekki við að til neinna lögfræðilegra vandræða komi. Samt sem áður getum við ekki tekið við lögmanna kaup, bæði frá yður og Mr. Jones,” sagði Mr. Grant.

“En eg vil fá lögmenn, sem fúsir eru að hjálpa

mér. Það verður ekkert gagn að yðar hjálp, ef þér færist undan að taka á móti launum frá mér.”

“Við skulum hlíta gerðardómi”, sagði Ripley hlæjandi.

Aður en kveld var komið, tók Montgomery upp lifnaðarháttu, sem alla hefði furðað á, ef þeir hefðu vitað málavöxtu. Minnugur vina sinna, “Auðmanna sonanna”, bauð hana þeim til veizlu, svo sem til að opna augu þeirra.

“Kampavín!” hrópaði Harrison, þegar þeir voru sestir að borðum. “Í er alveg búinn að gleyma því, hvenær eg drakk síðast kampavín.”

“Það er líka skiljanlegt”, sagði “Subway” Smith hlæjandi. Það hefði verið ofætlun að búast við því, að þú myndir eftir nokkru eftir slíkar veitingar.”

Þegar á leið veizluna, skýrði Brewster gestum sínum frá því, að hann hefði í hyggju að auka eignir sínar um helming áður en árið væri liðið, “og eg ætla að skemta mér vel líka”, sagði hann, “og þið verðið að hjálpa mér til þess drengir.”

Var það því ákveðið að Harris skyldi vera aðalumsjónarmaður skemtanamálefna, Eldon Gardner fjármálaritari, Joe Bragdon einkaritari, Subway Smith ráðanautur, og öllum hinum voru einhver embætti ætluð með tíð og tíma.

“Eg vil fá beztu íbúðarstofur, sem völ er á, Harrison”, sagði Brewster. Settu ekki fyrir þig kostnaðinn. Láttu Pettingill sjá um að skreyta öll herbergi að nýju. Ráddu mér beztu þjóna, sem þú

getur náð í. Eg ætla mér að njóta lífsins, Harrison, og kæra mig ekkert um, hverjar afleiðingarnar verða.”

VI. KAPITULI.

Monty Christo.

Hálfum mánuði síðar var Montgomery sestur að í nýju heimkynni. “Nobber” Harrison hafði farið eftir skipun húsbónda síns og leigt til næsta September, eitthert dýrasta íbúðarstórhýsi í New York. Húsaleigan var \$23,000 og þessi fjármála fulltrúi Brewsters, hafði verið svo hagsýnn að fá \$1,000 afslátt með því að greiða leiguna fyrirfram. En þegar Brewster frétti það, lét hann brýr síga og þótti lítið til koma. “Eg hefi aldrei þekt mann, sem minna fjármála hyggjuvit var gefið”, tautaði Nobber við sjálfan sig. “Hann eys út fé eins og miljóna eigandi frá Chicago og er að reyna að pota sér inn í félagslíf New York auðmanna. Ef hann ætti okkur ekki að, þá væri hann orðinn öreigi á sex mánuðum.”

Páll Pettingill varð heldur en ekki hissa, þegar hann byrjaði á að veggskreyta íbúðarhúsin að undirlagi leiganda. Hann hafði tekið að sér verkið, þessi ungi listamaður fyrir \$500, og roðnaði eins og fermingarstúlka þegar Brewster lét hann vita, að hann ætlaðist til að mál og efni á eitt herbergi mundi

kosta meir en sem þessari upphæð nam.

“Petty, þú hefir ekki meira vit á starfsmálum en sauðskepna,” sagði Montgomery, og Páll varð niðurlútur og jánkadi því. “Maðurinum sem veggstrýkur verkstofu þína gæti farið nær um mat á þessu verki heldur en þú. Eg borga fyrir þetta \$2.500. Það er ekki nema sanngjarnt verð, og eg vil ekki hafa neitt hér inni, sem auðvirdilegt er.”

“Með þessu áframhaldi, verður þess ekki langt að biða að þú viljir eiga nokkurn skapaðan hlut”, sagði Pettingill við sjálfan sig.

Þetta varð til þess að Pettingill og mesti sægur veggskreytara, þyrptist inn í íbúðarherbergin með vinnupalla og málara áhöld og alt var í uppnámi. en að nokkrum tíma liðnum höfðu þeir gert stórfengilega híbýla-prýði. Enginn hafði búist við því, að annað eins fegurðar vit væri í Pettingill, eins og fram kom í veggskreyting hans. Það eina sem helzt bagaði var hvað Brewster hafði gefið honum nauman tíma, og þar um varð engu þokað. Ef það hefði ekki verið þóttist hann viss um að hafa getað skreytt svo innviðina að frægð Puvís de Chavannes hefið fölnað fyrir. En hann neyddist til að haga sér eftir bœði húsbóndans og huggaði sig við það, að ofmikið útflúr hæfði ekki miklum auði. Var verkið því að endingu stórhreinlega af hendi leyst og sjálegt og smekklegt.

Hann var líka heldur en ekki upp með sér af verkinu og hjálpaði Brewster til að velja veggmynd-

ir og húsgögn í hvert herbergi, en það vissi hann ekki að húsbóndi hans hafði keypt alt slíkt með skilyrðum. Mr. Brewster gerði samninga við alla er hann keypti af, þess efnis, að þeir undirgengjust að kaupa af honum með sanngjörnu verði, alt er hann keypti af þeim, ef honum dytti í hug að flytja burt innan árs úr íbúð þessari er hann hafði leigt. Hann keypti alt með þessum skilyrðum, eða hvar sem mögulegt var að koma þeim að. Altaf óx talnamergðin sem Monty Brewster hafði í höfðinu.

Hann hélt áfram að leigja herbergin hjá Mrs. Gray, og hafði sér það svo sem til afsökunar fyrir því, að hann þyrfti að geta átt sér athvarf við og við einhverstaðar þar sem hann mætti njóta algers næðis og kyrðar. Mrs. Gray hafði á móti slíkri óþarfa eyðslu af hans hálfu, en við þær mótbárur hrygðist hann svo einlæglega að hún sá aumur á honum, og félst loks á þessa ráðstöfun hans, og þótti að vísu, þó hún léti ekki á því bera, hjartanlega vænt um hana. Hún unni honum, þessum yfirlitsfagra pilti og gleðitár komu í augu hennar, er þessi nýi vottur um velvild hans til hennar kom í ljós. Herbergjum hans var haldið funsuðum og fáguduðum, rétt eins og hann byggi í þeim á hverjum degi, þó að hann leigði hina skrautlegu íbúð, er áður var frá sagt. Bækur Oliver Optic lágu enn uppi í þakherberginu, allar rifnar og tættar, en þær voru þó Margrétu tákn um væntanlegar alsnægtir og ánægjulegar stundir síðar meir. Hún þekti Monty svo vel, að hún vissi, að hann mundi

ekki gleyma skuggalega litla þakherberginu, í öllum þeim dýrðarljóma, sem breyting efnahagsins hafði sveipað umhverfis hann.

Það þótti heldur en ekki tíðindi, er hann sendi boðsbréf til stórfengilegrar miðdegisveizlu. Það var tæpur mánuður liðinn frá því að afi hans dó, og fanst fína fólkinu þetta hálfgert hneyksli og nálgast það, að Brewster lítilsvirti endurminninguna um afa sinn. Margt gamla fólkið af ríkara taginu, sem átti erfingja, gerðist fjölort um þetta tilfinningarleysi Brewsters. Það var síður en svo ánægjuleg tilhugsun fyrir það, ef það ætti í vændum að gleymast jafnfljótt eins og afi Brewsters. Varð þetta til þess að gamla Mrs. Ketchell breytti erfðaskrá sinni, og gerði tvo dóttursyni sína algerlega arflausa; blásnaður sonarsonur Josefs Garrity, var sagt að ætti í vændum að verða gerður arflaus vegna atferlis Brewsters. Van Wort dómari, sem var svo veikur, að honum var ekki líf hugað náttlangt, létti strax sóttin, er hann heyrði hvíslast á um það í sjúkrahverginu, að Montgomery Brewster ætlaði að efna til miðdegisveizlu. Var því svo sem sjálfgefið, að allir erfingjar ríkisfólks, lögðu hina mestu fæð á Brewster.

En eigi að síður var nú ekki um annað jafnmikið talað í borginni, sem miðdegisveizlu þá, er sonarsonur Edvin Peter Brewsters efndi til, og ekki einn einasti hinna sextíu gesta, sem boðnir voru, hefði fyrir nokkurn mun viljað verða af boðinu. Einn boðsgestanna hafði heyrt að veizlan ætti að kosta

\$3.000 fyrir manninn. En að réttu lagi var kostnaðurinn \$500. Montgomery hefði orðið meir en lítið glaður ef hann hefði mátt borga \$3.000 fyrir manninn, en eitthvert óskiljanlegt afl hélt mynd Swearengen Jones honum fyrir hugskots sjónum, þar sem sá herramaður var að steyta hnefann móti honum, og varð það til þess að hann gerði veizluna ekki kostnaðarsamari en þetta.

“Eg vildi eg vissi, hvort eg ætti að haga eyðslu minni eftir því sem tíðkast í New York eða Montana”, sagði Brewster við sjálfan sig. “Mér þykir mikið, ef hann sér nokkurn tíma blað frá New York.”

Seint um kveldið fór eini afkomandi Brewsters ættarinnar inn í sv. herbergi sitt, og er hann hafði sent þjón sinn burt ættist hann að skrifborði sínu, með pappírblað og blað. Því næst kveikti hann á kertum sínum, sen. va. miklu hægra viðfangs, en að nota lampa, og fór nú að telja saman útgjöldin þenna dag. Nobber Harrison og Elder Gardner, höfðu kvittanir fyrir öllum útgjöldum, og Joe Bragdon gaf skýrslu í embættisnafni, en “húsbóndinn”, — svo voru þeir vanir að kalla Monty — gat ómögulega farið að sofa fyr en hann var viss um, að hann hefði eytt svo miklu sem hann hafði gert ráð fyrir, og ætlað sér. Fyrsta hálfu mánuðinn hafði eyðslan ekki verið svo erfið, og virtist svo sem alt gengi að óskum. Hann hafði eytt \$100,000 á tæpum hálfum mánuði, en hann varð þó að viðurkenna, er hann gætti betur að, að meiri hlutann af því fé varð að skrifa í

útgjalda dálk ársreikningsins, en var ekki hægt að telja til daglegra útgjalda. Hann hafði skrifað í sjóðsbók, er hann reit fyrir sjálfan sig það, sem hann taldi sér til "gróða og taps", en sú reikningsfærsla var öðruvísi en hjá nokkrum öðrum manni í víðri veröld. Það sem kaupmenn venjulega mundu hafa skrifað hjá sér í útgjalda dálkinn, skrifaði hann tekna-megin, og hann var altaf með hugann á því að lengja þann dálkinn.

Rawles, sem verið hafði ráðsmaður afa hans, frá því að hann kom til New York, var tekinn úr fornu hóbýlunum, Emmelínu frænku Brewsters til mikillar gremji og látinn flytja sig til hins nýja bústaðar Brewsters. Nýr matsveinn var fenginn frá Paris. Hann hét Detuit. Ellis gamli, þjónninn fekk miklu betra rúm en hann hafði áður haft í gamla húsinu. Emmeline frænka gat aldrei fyrirgefið frænda sínum hið sviksamlega atferli hans er hún nefndi svo.

Eitthvert mest fjárglæfrabragð Monty var það, að hann keypti sér bifreið sem kostaði \$14.000. Hann kunngjörði Nobber Harrison og skrifurum sínum það, svona hálfkæruleysislega, að hann ætlaði að eins að brúka þessa bifreið til þess að læra að aka á, og þegar hann væri orðinn fullnuma í því að fara með bifreið, ætlaði hann að kaupa sér nýja og trausta er kostaði um \$7.000.

Stallbræður Monty lögðu oftlega höfuð sín í bleyti, til þess að finna upp einhver ráð til þess að

draga úr hinni óstjórnlegu fjáreyðslu hans. Þeir voru orðnir mjög kvíðafullir.

“Hann er rétt eins og sjómaður sem kemur í höfn”, sagði Harrison, “ef honum dettur í hug að eignast eitthvað, þá er sjálfsagt að kaupa það, hvað sem það kostar — og það verst er, að honum virðist detta í hug að kaupa alt.”

“Þetta stendur ekki lengi”, svaraði Gärdner drýgindalega. “Hann hefir það af nafna sínum Monte Christo, að honum finst að nú eigi hann allan heiminn, og að sér beri að njóta auðæfanna.”

“Eg sé ekki betur en að hann vilji losna við auðinn.”

Þegar þeir brutu upp á þessu við Brewster, gerði hann þá orðlausu með því að segja: “Eg hefi nú eignast of fjár, og langar því til að gleðja vini mína. Þið munduð hafa gert slíkt hið sama í mínum sporum. Hvað er svo sem í peningana varið?”

“En veizlan, sem kostaði 3.000 fyrir hvern mann —”

“Eg ætla að halda einar tólf samskonar veizlur, og samt sem áður get eg ekki með því greitt allar þakklætisskuldur mínar. Í mörg ár hafa vinir mínir verið að gleðja mig, og boðið mér í leiðangra með skemtisnekkjum sínum? Þeir hafa alt viljað fyrir mig gera, en hvað hefi eg gert fyrir þá í staðinn? Ekki neitt. Nú, eftir að eg er orðinn þess um megnugur að endurgjalda þeim í sömu mynt, þá ætla eg að gera það. Finst ykkur það nokkuð ósanngjarnt?”

Og svo var haldið áfram að búa undir nýjar veizlur, sem Monty ætlaði að halda. Í viðbót við hina afkastamiklu deild "aðalráðsins", er hann nefndi, svo, hafði hann öðlast aðstoð Mrs. Dan DeMille, svo sem eins og eftirlits og forsjárkonu ungra kvenna, er yrðu í boði hans. Mrs. DeMille var kunn að því að ýta undir eyðslusamar ungar konur; eða það vitni báru blöðin henni. Hún var einhver hin gáfaðasta og fríðasta yngri kvenna giftra í borginni, og maður hennar var einn í þeirra tölu, sem ekki þurfti "að bjóða". Mr. DeMille átti heima í klúbb sínum, og kom eins og gestur á heimili sitt. Sumum fanst hann helzt til íhaldssamur, en konan í meira lagi framgjörn, og þegar hún bauð honum í miðdegisveizlu, þá kom hann vanalega tveimur eða þremur dögum of seint. Mrs. DeMille var samt sem áður ómissandi í stjórn Brewsters. Án hennar tilstillis gátu veizlur Brewsters ekki orðið full-skemtilegar, eða hepnast svo sem skyldi.

Veizlan stóð 18. dag Októbermánaðar. Af þrautreyndri forsjá sinni hafði Mrs. Dan haft þá mannskipun í veizlunni, að gleði og glaumur ríkti þar þegar frá byrjun. Drew ofursti hafði fengið að sessunaut Mrs. Valentine og þurfti ekki að ugga það, að hann var ánægður. Mr. Van Winkle og Miss Valentine hin fagra, sátu hvort við annars hlið, og mátti ekki á honum sjá, að honum félli sú tilskipun ekki vel í geð. Mr. Cromwell og Mrs. Savage sátu

saman, og eftir því var sætaskipan smekkvíslega háttað.

Það hafði einhvern veginn komist inn hjá gestunum, að þeim mundi leiðast. Fyrir forvitnis sakir höfðu þeir tekið boðinu, en það tók ekki fyrir ólundar-hug sem í fólkinu var. Monty var enn lítt kunnur í samkvæmislífinu; mikið þurfti að ræða um veizlur hans, en hikandi tóku gestir boðinu. Menn voru hálfhissa á því, að Mrs. Dan hafði fengist til að vera honum hjálpleg; en svo var þar aftur sú úrlausn, að hún var altaf með eitthvert nýja-brum. Henni var sjálfsagt það að þakka, ef veizlan heppnaðist vel. Og þessi fyrsta veizla var ekkert smávægileg. Þó var hún ekki stórum frábrugðin öðrum. Monty hafði fastráðið að fara gætilega af stað í fyrstu. Hann hélt sér í öllu við tíðkaðar venjur, en fórst vel og myndarlega úr hendi. Pettingill hafði skreytt hið einkennilega borð með einkennilegum ilmandi *orchidum* og fiðrildafestum hvítum að lit, með gulum dröfnum hér og hvar. Pettingill hafði viljað brúka georgínur, margvíslega skrautlitaðar, ljósbleikar dökkbleikar og fagurrauðar, ef Monty hefði viljað hafa. Listamaðurinn hafði fundið upp á að brúka ljósahjalma úr skíru gulli — dýrgripi mestu frá fyrri öldum — og ópalskygðar ljósskýlur. Þvert á móti ráði hans var borðbúnaður brúkaður úr gulli; Pettingill kallaði það “ruddalegt skraut”, með hugsjónarlausri prýði. En Monty vildi þar ekkert slaka til. Hann sagði sér falla vel gullsliturinn, og postulín

væri svo hversdagslegt. Mrs. Dan gat því að eins drepíð niður deilunni með að leggja til að suma réttina skyldi bera fram á *seures*.

Lýsingartilhögun Pettingills var heppileg mjög. Til þess að veggirnir yrðu viðkunnanlegri ásýndum og sömuleiðis hinar fjórar gyðjumyndir, sem Monty hafði keypt að undirlagi Pettingills, hafði hann prýtt, og skreytt lofthvelfing mikla úr þykku gleri, svo að litblær hennar varð alt frá ljósa litnum til hins dökkgræna. Hvelfing þessi birgði úti dagsljósið, og mildaði rafmagns-birtuna til mikilla muna að næurlagi og vakti meðvitund þeirra er á sau um ánægjulegt fegurðar samræmi. Hún vakti friðar-tilfinning, jafnvel hjá þeim körlum og konum, sem mestu veizluskrauti voru vanir, og yfirleitt þótti öllum mikið til viðhafnarinnar koma í hvívetna.

Þessi hóbýlaprýði öll hafði sínar verkanir á gestina. Studdi hún mikið að því, hve vel veizlan hepnadist. Álengdar heyrðist hljómpýð ungversk músik, og aldrei hafði hljómleika flokkurinn litli, leikið betur "Valse Amourense" og "Valse Bleau" en þetta kveld. En áður en langt leið, yfirgnæfði klíður í sa um hljóðfærasláttinn. Monty dauðleiddist þar sem hann sat milli tveggja aðal-tilsjónarkvenna veizlunnar, og var að furða sig á, hvaða ósýnilegur máttur það væri, er léti veizluna fara eins vel fram og hún fór. Hann þóttist viss um það með sjálfum sér, að ef sá máttur hefði ekki verið, þá hefði ekkert orðið úr glaðværðinni, engin fagnaðarháreysti, eða

fjör né fyndni. En reyndin var sú, að viðræður voru líflegar og Mrs. Dan leit með ánægju yfir verk sitt og brosti feginsamlega. Hún heyrði Drew ofursta segja, hinum! megin borðsins: "Brewster er ekki á því að sitja lengi um borgir, hann er að gera tilraun til að taka okkur með skyndilegu áhlaupi".

Mrs. Dan veik sér að Subway Smith, sem var nú kominn í tölu aðstoðarmanna hennar. "Hvað gengur að vini yðar?" spurði hún. "Eg hefi aldrei séð látlausari mann en hann. Það er eins og honum þyki ekki neitt til neins hér koma. Hann er áþekk-astur barni sem gaman hefir af að brjóta gullin sín, til þess að vita, hvað innan í þeim er, og eg er hrædd um, að honum verði ekki um sel, þegar hann kemur að saginu."

"Þér þurfið ekki að kvíða neinu hans vegna," sagði Subway léttilega. "Monty er að minsta kosti góður sportsmaður. Hann tekur hverju sem að höndum ber. Hann tekur í móti reikningunum og borgar þá."

Það var ekki fyr en æði var áliðið kveldið að Monty fekk nokkur ómakslaun í viðtali við Barböru. Hann stóð frammi fyrir henni og skýldi henni með sínum breiðu herðum fyrir öðrum ungum piltum, og brosti hún framan í hann með sínu mikla seiðmagni. En það var að eins stutta stund, því að rétt á eftir heyrðist ógurlegt brak innan úr borðsalnum og fylgdi á eftir dynjandi brothljóð. Gestirnir reyndu fyrir kurteisissakir, að láta sem ekkert hefði í skorist, en

hávaðinn hafði orðið svo mikill að slík kurteisi hlaut að verða að leikaraskap. Húsbóndinn gekk brosandí fram í salinn. Það var glerhvelvingin mikla sem hafði fallið niður. Glerbrotin lágu stráð út um allt. Á borðinu lá ömurleg hrúga af glerbrotum, blómfestum og hálsloknuðum kertaljósum. Óttaslegnir þjónar ruddust inn um einar dyrnar er Monty kom inn um aðrar. Þeir námu staðar sem steini lostnir. Þegar skelfingar-víman rann af mönnunum, kváðu við kvein og hrygðaróp úr öllum áttum. En þessi hrygðaróp fyltu huga Monty's ofsalegum fögnuði.

“Guði sé lof!” sagði hann lágt.

En er hann sá undrunarsvipinn á ásjónum gesta sinna, gætti hann sín og bætti þessu við með einlægum þakklætissvip:

“Já, það var mikil mildi að þetta kom ekki fyrir meðan við sátum að borðum”. Og þetta kæruleysi hans varð honum hagsmunaefni í hinum furðulega leik er hann hafði með höndum.

Arnljotur B. Olsen

VII. KAPÍTULI.

Ofanigjöf.

Ráðsmaður Brewsters varð bæði fyrir vonbrigðum og ónotum. Í fyrsta skifti hafði hann í sinni stöðu látið hagsmuni húsbónda síns sitja í fyrirrúmi fyrir sínum. Hann var í þann veginn að taka á sig ábyrgð, sem þjónum hlýtur ávalt að vera áhyggjuefni.

En eftir síðasta samtali við húsbóndann, lofaði hann því í huga sínum, að hann skyldi aldrei tala við hann um slíka hluti aftur eða reyna að firra hann útgjöldum. En samtalið var með þeim hætti, að daginn eftir veizluna kom Rawles til Mr. Brewsters og kvaðst eiga við hann brýnt erindi. Brewster sat við skrifborð sitt og var hugsí. Hann rak upp hátt óánægju-óp er ráðsmaður gerði vart við komu sína, með því að hósta svo hátt að Brewster hlaut að taka eftir því. Þessi hóstakviða ráðsmannsins hafði borið að einmitt í þeim svifum þegar Monty var að leysa mjög flókið dæmi, en við hávaðann ruglaðist hann, svo að dæmið var óreiknað eftir sem áður.

“Hvað viltu?” sagði hann ergilegur. Brewster hafði ruglast í reikningsdæmi sem nam sjö eða átta hundruð dollara.

“Eg kom til að segja honum frá óskemtilegu at-riði viðvíkjandi þjónum hans”, svaraði Rawles, og fór nú að bera sig því Trýgindalegar, sem hann þóttist finna meir til ábyrgðarinnar, sem á sér hvíldi. Honum fanst nú eldri uninni lokið í bili, er hann var kominn inn til húsbónda síns.

“Hvað er að? Hver eru vandræðin?”

“Vandræðin eru skollin á.”

“Nú, því þá að vera að ónáða mig með þeim?”

“Eg hélt að rétt væri að láta yður vita það. Þjónarnir ætla að heimta kauphækkun í dag.”

Þú segir að þeir ætli að heimta hana. Er ekki svo? og gleðiglampa brá fyrir í augum Montys, við

að heyra fregn um óvænt fæfi á að eyða fé.

Jú, en eg sýndi þeim fram á að þeir fengju allra sæmilegasta kaup, og að þeir ættu að vera ánægðir með það. Eg sýndi þeim fram á, að langt mundi verða þangað til þeir fengju annan eins húsbónda og annað eins kaup. Þeir hafa ekki verið í þjónustu yðar nema eina viku og strax eru þeir farnir að heimta kauphækkun. Sannast að segja eru þessir amerísku þjónar —”

“Segðu ekki meir, Rawles!” öskraði Monty. Ráðsmaður rak upp á hann skjáina og varð enn rauðari í kinnum er hann var vanur.

“Eg bið fyrirgefningar,” sagði hann auðmjúklega.

“Eg vonast til, Rawles, að þú farir ekki að sletta þér fram í þess konar mál framvegis. Þetta eru ekki að eins einkaréttindi, heldur einmitt sjálfsgöð skylda allra Ameríkumanna, að gera verkfall til að fá launahækkun, hve nær sem þeim sýnist, og eg vil benda þér á það, og það í fullri alvöru, að eg er hjartanlega samþykkur beiðni þeirra. Nú skaltu fara og segja þeim, að eftir hæfilega langa dvöl í minni þjónustu, þá skal eg hækka laun þeirra. Og mundu svo eftir að sletta þér ekki fram í slíkt aftur, Rawles.”

Að áliðnum þessum sama dags, fór Brewster á fund Mrs. DeMille, til að tala við hana um tilhögun á næstu veizlu. Hann sá að á engan hátt gat hann fengið betra færi á að eyða fé sínu, svo sem munaði, en að taka sem ákafastan þátt í samkvæmislífínu. Það var auðgert, og einu tekjurnar sem orðið gátu

af þeirri hluttöku urðu — þegar öllu var á botninn hvolft — leiðindi sjálfum honum til handa.

“Mér þykir ánægja að sjá yður Monty”, sagði Mrs. Dan, og roðnaði við. “Komið þér upp með mér og drekkið te og reykið vindling. Eg tek ekki á móti þokkrum manni.”

“Þetta þykir mér vænt um Mrs. Dan”, sagði hann og fór upp stigann. “Eg veit ekki hvernig eg fer að komast af án yðar hjálpar.” Hann var að hugsa um hvað falleg hún var.

“Þér eruð ríkari að minsta kosti,” sagði hún um leið og hún snéri sér á móti honum í stiganum. “Eg hefi verið að gráta öðru hvoru í alla nótt yfir glerhvelvingunni, Monty,” sagði hún, um leið og hún kom sér laglega fyrir á legubekknunum. Brewster fleygði sér ofan í hægindastól frammi fyrir henni, og rétti að henni vindling og sagði kæruleysislega:

“Og þetta var ekkert. Að vísu var það mjög leiðinlegt, að þetta skyldi koma fyrir meðan gestirnir voru viðstaddir.” Svo bætti hann við alvarlegur: “En yður að segja, þá hafði eg ráðgert að láta hvelvinguna falla, rétt þegar við værum nýstaðin upp frá borðum, en mér hraus hugur við því. Eg ætlaðist til að mikilfenglegur atburður gerðist, svo mikilfenglegur að minti á hrun Babels.”

“Ágætt! en svo fór þetta, eins og um Babel, að fallið varð á öðrum tíma, en ætlað var.”

Nú tóku þau að tala um fólkið í borginni um hríð, og báru í bætiflaka fyrir þá, sem fyrir umtali

urðu, en andmæltu þeim, sem fóru með söguburð. Svo tóku þau að skrá nýja veizlugesti, og fór í það langur tími. Færði hann þá skrifborð upp að legubekknunum, og hún horfði á hann áköf meðan hann reit nöfn þeirra er hún stakk upp á, og hleypti við og við í fagrar brúnirnar, er hún var að velja gestina. Mrs. DeMille var óspör á að fylla nafnaskrána. Hún var ekki að halda þessar veizlur sjálf, og gat farið með að Monty's eins og henni sýndist. Hann var karlmannlegur þar sem hann sat frammi fyrir henni, og hún var ekki lengi að sjá, að hann horfði ekki í kostnaðinn. Honum stóð rétt á sama, hverjir gestirnir voru, eða hvaðan þær kæmu, ef þeir bara kæmu. Í einu atriði að eins hljóp hann á sig; það var að hann stakk upp á því, að Barböru Drew yrði boðið aftur. Það kann og vel að vera að hann hafi tekið eftir því, að Mrs. Dan beygði sig meir áfram en áður, og horfði vandlegar á blaðið sem hann var að skrifa á; en ef svo hefir verið, að hann hafi tekið eftir því, þá skeytti hann því engu.

“Finst yður það ekki dálítið óvanalegt?” spurði hún með mestu hægð.

“Eigið þér við—að fólk fari að tala um það?”

“Já, það gæti farið svo að henni findist of mikið tekið eftir sér.”

“Haldið þér það? En þér vitið að við erum svo góðir kunningjar.”

“Já, það er svo sem sjálfsagt að bjóða henni, ef yður sýnist svo,” sagði hún hægt, “þér skuluð þá

skrifa nafn hennar. En þér hafið líklega ekki séð þetta." Mrs. Dan benti á eitt eintak af blaðinu *Trumpet*, sem lá á borðinu.

Hann rétti henni blaðið, og hún mælti: Maður nokkur sem skrifar undir dularnafni og kallar sig "siðgzælustjóra", ritar þetta."

Síðan las hún ertnisfulla grein úr blaðinu, þar sem verið var að orða þau saman undir rós, Miss Drew og Montgomery Brewster.

Daginn eftir fékk fyrnefndur rithöfundur drjúga ádrepu í blöðunum fyrir framhleypli sína; en blöðin fluttu mikið og smeðjulegt lof um Montgomery Brewster.

VIII. KAPÍTULI.

Eftirþankar.

Einu sinni að morgni dags, skömmu eftir að þetta gerðist, sem um er getið hér að framan, lá Brewster í rúmi sínu, og starði áhyggjufullur út í loftið. Óánægjuhrukkur voru á enni honum, sem úfið hárið huldi þó til háls, en andvakan skein úr galopnum augunum. Hann hafði snætt hjá Drewsfólkinu kveldið fyrir, og var nú andvaka eftir. Hann rifjaði upp í huga sér alt er gerst hafði, og gat þó ekki fundið neitt verulegt óánægjuefni. Ofurstinn og Mrs. Drew höfðu verið jafn vingjarnleg við hann eins og vanalega, og Barbara hafði aldrei verið yndislegri. En eitthvað hafði þó verið öðruvísi, en það

átti að vera, og hinum hugnaði illa þessi kveldstund.

“Það er alt að kenna þessum enska Jóhanni”, sagði hann við sjálfan sig. “Vitaskuld hafði Barbara heimild til að setja næst sér hvern sem hún vildi, en hversvegna hún kaus þennan leiðinlega bjálfa, það er mér óskiljanlegt. Eg þori að segja, ef eg hefði setið á hina hlið hennar, þá hefði dýrð hans lítil orðið.”

Hugsanirnar snérust í ógurlega hringiðu og hann fór að fá aðkenning að notalegri afbryði. Einkum var honum óhlýtt til hertogans af Beauchamp, og það þó að manngarmurinn hefði varla mælt orð frá munnri alt kveldið. Hann gat ekki fengið ró í sig. Honum var það augljóst, að Barbara átti biðla marga, en honum hafði aldrei sýnst hún veita þeim mikið athygli. Jafnvel þó að greinin í *Trumpet* hefði vakið umtal um hana, hafði hún fyrirgefið honum það eftir að þau höfðu talast við. Hennar ameríska lundarlag var ekki lengi að hrinda af sér því óánægju-fargi. “Siðgæzlustjóri” hafði skrifað svo árum saman að enginn hafði gefið honum ráðningu; með ruddalegri myndni hafði hann glefsað í hvern þann mann í samkvæmislífinu, sem nokkuð bar á til muna. Hann var svo meinlegur og illvígur í sinu skrifi, að allir voru hræddir að eiga nokkuð við hann, og margir bjuggu í glerhúsum, sem hræddir voru við grjót-kast. En árás Brewsters hafði verið svo röskleg og einarðleg, að hún tók fyrir kverkar “siðgæzlustjóra”, og Brewster varð mesta hetja í augum allra, karla og kvenna. Eftir þetta datt engum í hug að gera

mikið úr ritgerðum "Siðgæzlustjóra". Öll kvíða tilfinning hafði horfið úr huga Monty's þegar Drew ofursti heilsaði honum morguninn eftir að hann hafði skrifað grein sína móti "Siðgæzlustjóra", og hrósaði honum fyrir ötulleik hans og hugrekki og sagði honum að Barbara og Mrs. Drew væru á sama máli, þó að þær fyrir kurteisis sakir, yrðu að gefa honum ofurlitla ofánigjöf.

En þenna morgun er Monty lá í rúmi sínu var hann þó í mjög þungum þönkum og leið illa. Það var erfitt viðfangsefni sem var að hætta í huga hans, og hann ræddi það rólega við sjálfan sig. "Eg hefi aldrei sagt henni það, en ef hún veit ekki hug minn til sín, þá er hún ekki jafn gæind og eg hefi haldið hana vera. En nú sem stendur hefi eg ekki heldug tíma til að standa í ástabralli við hana. Ef þetta hefði verið einhver önnur stúlka þá hefði eg líklega gert það; en það er óþarfi við Barböru; hún hlýtur að skilja mig. En fari hertoginn—til fjandans.

Ef hann færi að draga sig verulega eftir henni, þá hlaut hann að vanrækja sín fjárhagsstörf, sem hann varð að gefa sig við óskiftan. Hann hafði orðið þess var af reikningum sínum kveldið fyrirfarandi, að hann var í vanda staddur og honum ekki alllitlum. Fjórir síðustu dagarnir, sem hann hafði vanrækt fjármálin, en helgað ást sinni, höfðu orðið honum dýrkeyptir. Eftir hans eigin orðtaki hafði hann "tapað" átta þúsund dollurum. Ef svo færi til langframa þá átti hann augljóslega gjaldþort í

vændum.

“En hversvegna ætti maður að vera að hugsa um það”, hélt hann áfram. “Hver dagur sem eg helga Barböru, kostar mig um tuttugu og fimm þúsund dollara. Ef því færi fram lengi, hlyti eg að verða býsna illa staddur fjármunalega; eg mundi standa svo illa að vígi, að eg ætti mér engrar viðreisnar von. Hún getur ekki vænst þess af mér, og þó eru ungar stúlkur svo undarlega grunnhyggjar í þeim efnum, og vitanlegt er það, að hún veit ekkert um það, hvernig ástætt er fyrir mér. En hvað munu hinir gera, þegar þeir sjá að eg dreg mig til baka? Eg get ekki farið til hennar og sagt við hana: “Viljið þér gefa mér eins árs frest? Eg skal koma á yðar fund aftur í September mánuði næstkomandi. Hinsvegar er það augljóst, að eg hlýt að vanrækja störf mín, ef hún ætlast til að eg haldi áfram að ganga á eftir henni og sé að biðla til hennar dags-daglega. Og hvaða ánægju skyldi eg aftur á móti hafa af þessum sjö miljónum, ef eg misti hennar? Eg get ekki átt það á hættu. Þessi hertogi fær ekki sjö miljónir næsta September, það er satt, en hann getur verið búinn að fá fulla ástæðu til að ákæra mig um fjáreyðslu eftir fáa daga.”

En nú datt honum í hug mikið snjallræði, og varð hann því svo feginn, að hann hringdi og kallaði á sendisvein, með svo mikilli ákefð, að Rawles varð alveg forviða. Monty reit símskeyti það er hér fer á eftir:

Swearengen Jones
Butte, Montana.

Má eg gifta mig og gefa konunni allar eigur mínar; það er að segja ef hún vill eiga mig?

Montgomery Brewster.

“Mér finst þetta mjög skynsamleg spurning”, sagði hann við sjálfan sig, eftir að sendisveinninn var farinn. “Það getur hvorki heitið lán eða gjöf til góðgerðastofnana þó að maður gefi konu sinni einhverja eign. Það getur vel verið að gamli Jones telji þetta óþarfa eyðslu, af því að hann er piparsveima, en þetta er vanalega gert, af því að það er viturlegt fjármálabragð.” Monty gerði sér góðar vonir.

Hann fór samt að finna Margrétu, því að til hennar var hann vanur að leita, þegar hann var í vanda staddur, ráðlegginga og hugsuna. Hún var boðin í næstu miðdegisveizlu hjá honum, og það var auðgert fyrir hann að komast að efninu, með því að telja upp hina gestina.

“Og svo verður Barbara Drew”, sagði hann að lyktum, er hann hafði nefnt Margrétu alla boðsgestina. Þau voru bæði í lestrarsalnum og hún hlýddi með athygli á lýsing hans á veizlutilhöguninni.

“Var hún ekki í fyrstu veizlunni sem þú hélzt?” spurði hún og bar ótt á.

Hann lét sem sér yrði hálfhverft við og svaraði:

“Jú!”

“Hún hlýtur að vera mjög hugheillandi.” Hún sagði þetta þykkjulaust.

“Já, hún er töfrafögur. Já, einhver fallegasta stúlka, sem eg hefi séð,” sagði hann og var að þreifa fyrir sér.

“Það er þá leiðinlegt, að hún sýnist vera að hugsa um hertogann, þó að hann sé lágur í loftinu.”

“Hann er óreiðumaður”, sagði hann.

“Vertu ekki að taka það nærri þér, þú hefir ekki verið dæmdur til að giftast honum”, svaraði Margrét hlægjandi.

“En eg tek það nærri mér, Magga”, sagði Monty alvarlega. Eg er býsna illa staddur og nú þarf eg á þinni hjálp að halda. Það er alt af gott að eiga systur til að ráða sér heilt þegar svona er ástatt.”

Hún horfði stundarkorn í augu hans, sem voru óvenjulega sljó, og gat ekki þegar í stað áttað sig á þessari alvarlegu játningu.

“Áttu bágt, Monty?” og var á henni að heyra, að hún ætti bágt með að trúá honum.

“Já, eg á bágt, Magga”, svaraði hann og horfði fast framundan sér. Hún gat ekki áttað sig á þeim kynlega kala, sem virtist leggja um allan salinn í þessu. Undarleg og ósegjanleg einveru-tilfinning virtist læsa sig um hana alla. Kökkurinn sem kom í hálsinn á henni vildi ekki hvefja burt þaðan aftur, og jafn-ómögulegt átti hún með að svifta af sér því fargi, sem henni fanst alt í einu hafa lagst á sig. Hann sá gerla hvað augnaráð hennar var einkenni-legt, og uppgerðarbrosið á vörum hennar, en hann ímyndaði sér það vera sprottið af því, hvað henni

kæmu þessar fréttir óvænt, og hvað hún ætti bágð með að trúa þeim. Hvernig sem á því stóð var hann nú eftir öll þau ár, sem þau höfðu þekkt, orðinn breyttur í augum hennar; henni fanst hún hafa fyrir augunum nýjan mann. Hann var ekki framar Montgomery, bróðir hennar, en fyrir því gat hún ekki gert sér grein, hvernig breytingin hafði orðið. Hvernig stóð á þessu? "Mér er það mikið fagnaðar-efni ef þetta verður þér til heilla, Monty", sagði hún rólega, og nú spratt nýr roði fram í varirnar, sem áður höfðu verið bleikgular. "Veit hún það?"

"Ég hefi ekki sagt neitt við hana beinlínis, Magga, enþá, en eg er að hugsa um að gera það í kveld", svaraði hann þreytulega.

"Í kveld?"

"Já, eg get ekki dregið það", svaraði hann og stóð á fætur til að fara. "Mér þykir vænt um að þú ert ánægð með þetta, Magga; eg þarf á hamingju-óskum að halda. Og heyrðu, Magga", bætti hann við með barnalegum bráðlæti-ákafa, "heldurðu ekki að hún taki mér? Þessi Englendingur hefir verið mér Þrándur í götu."

Þessu var auðvitað ekki auðvelt að svara, en hún sagði: "Það lízt öllum stúlkum á þig, Monty; láttu til skarar skriða, og gáttu sigri-hrósandí af hólminum."

Hún sat við gluggann og horfði á eftir honum, þar sem hann gekk eftir götunni. Hún var að hugsa um hvort hann mundi snúa við og veifa hendinni til

sín, eins og hann hefði verið vanur að gera í mörg undanfarin ár. En breiða bakið á honum snéri alt af að henni, og engin líkindi til að hann liti við. Hann gekk hratt og sté langt til og hvarf því fljótt sjónum, En hún sat æði lengi kyr, áður en hún leit af manna hópnum, sem hann hafði horfið inn í, og þegar hún hvarflaði augum þaðan, hafði móða færst yfir þau, því að henni fanst herbergið vera öskulitt, og einhver vonleysis vandræðablær kominn á alla skapaða hluti.

Þegar Montgomery kom heim, fann hann símskeyti frá Jones. Það var á þessa leið:

Montgomery Brewster.

New York borg.

Haltu áfram verki þínu, flónskjammi.

S. Jones.

IX. KAPITULI.

Ast og hnefleikar.

Það verður líklegast réttast að sleppa ummælum Brewsters um Jones, eftir að hann hafði lesið áður greint símskeyti. En honum létti mikið eftir að hann hafði hreytt þeim úr sér. Eftir það fór hann að lesa fregnir um hnefleika sem áttu að fara fram í San Francisco þetta sama kveld. Hann las frásögnina ítarlega og lýsing á hinum ýmsu áhlaupa-

brögðum hnefaleikaranna, og duldist honum ekki, að þessi sýning mundi verða býsna einhliða. Viðvaningur í borginni átti að þreyta við nafnkunnan hnefaleikara. Þarna þóttist Brewster sjá gott færi að eyða peningum, svo að hann kallaði til sín Harrison, treystandi því að Swearengen Jones mundi ekki fá sér til þetta tiltæki, og skipaði "Nobber" að leggja fé undir um úrslit hnefleika þessara. Brewster hélt með viðvaningnum, og kvaðst hafa fengið vitneskju um, að hann mundi bera sigur úr býtum. Harrison veðjaði því fyrir Brewsters hönd, þrjú þúsund Gollurum á þenna mann. Hinn ungi fjármálamaður þóttist svo viss um úrslit þessa veðmáls að hann reit tekna megin í sína einkennilegu sjóðsbók, upphæð þá sem hann hafði veðjað, jafnskjótt og hann vissi að Harrison hafði lagt fram þetta fé.

Að því búnu fónaði hann Miss Drew. Henni var ekki óljúft að heyra hann spyrja um það, hvort hún mundi verða heima þá um kveldið. Hún hafði orðið þess vör upp á síðkastið, að hann var bæði órólegur og jafnvel angurmæddur og önglyndur. Hvaða stúlka sem er, og færi hefir á því að ihuga skapferli ungra manna, kannast við þessi einkenni og veit hvað við þau á. Barbara hafði kynst mörgum mönnum sem samskonar sjúkdómseinkenni höfðu haft, og eftirvæntingarkvæðni sem í hana kom, við það að heyra hann óska eftir að fá að finna hana, stiltist skjótt sakir langrar reynslu. Þessi kvíði hafði og í sér fagnaðarefni, því að henni þótti

nægilega vænt um Montgomery Brewster, til þess að hafa haft áhyggjur af því, hversu hug hans til hennar væri háttað. Henni þótti jafnvel vænna um hann heldur en hún kærði sig um að láta í ljós við fyrstu tilraun af hans hendi.

Klukkan var eitthvað hálf sex þegar hann kom, og þó að Miss Drew væri rólynd að náttúrufari var henni farinn að virðast sá dráttur fulllangur. Svo viss þóttist hún um hvað lægi á bak við komu hans, að henni þótti þetta seinlæti hans nærri móðgandi. Hann beiddist mjög einlæglega afsökunar á því hvað seint hann kæmi, og hepnæðist að sefa gremju hennar. Það var vitanlega samt sem áður ógerningur fyrir hann að segja henni öll sín leyndarmál, og þessvegna þagði hann yfir því við hana, að Grant og Ripley höfðu kallað hann til fundar við sig, til að skýra honum frá símskeyti, er þeir höfðu fengið frá Jones, þar sem sá herramaður hefði getið þess með mjög alvarlegum orðum að hann gæti mettað alla í Montana-ríki fyrir minna en sex þúsund dollara. Engin frekari skýring fylgdi þessum ummælum. Brewster hafði hraðað sér yfir á skrifstofu lögmannanna og var býsna æstur í skapi. Þeir brostu þegar hann ruddist inn.

“Drottinn minn sæll og góður!” hrópaði hann, “skyldi karlgarmurinn ætlast til að eg eyði heilli miljón dollara í að kaupa dagblöð, vindlinga og bostonska völsku-hunda? Eg hélt að hann mundi sýna mér ofurlitla sanngirni?”

“Hann hefir líklega séð lýsinguna í blöðunum á miðdegisveizlum yðar, og á þetta að vera skoðun hans á þeim”, sagði Ripley.

“Annaðhvort er þetta viðvörðun eða hrósyrði hans eru býsna tvíræð”, sagði Brewster ólundarelga.

“Eg get varla ímyndað mér, að hann sé óánægður, Mr. Brewster. En hann er alþektur vestrá fyrir fyndni sína, þessi gamli maður.”

“Fyndni sína? Þá ætti hann að kunna að meta svar frá mér. Hafið þér símskeyta-eyðublað, Mr. Grant?”

Eftir drykklanga stund beið svo hljóðandi símskeyti til Swearengen Jones, eftir sendisveini, og Brewster fullvissaði lögmennina um, að honum stæði rétt á sama hvernig gamli maðurinn tæki símskeytinu, sem var þannig:

New York 23. Okt.

Swearengen Jones,

Butte, Montana.

Eg trúi því vel, að þér gætuð gert þetta fyrir minna fé en sex þúsund. Montana er talið bezta beitiland í heimi, en við etum ekki þesskyns fóður í New York. Þessvegna kostar lífsviðurhald manna hér meira.

Montgomery Brewster.

Rétt áður en hann fór út úr skrifstofunni, áleiðis til að finna Miss Drew, barst honum svolátandi símskeyti frá Montana:

Butte Montana 23. Okt. 1—

Montgomery Brewster, New York.

Við hér eigum heima á að gizka átta þúsund fetum yfir sjávarmál. Eg býst við að það sé þeim hæðarmun að þakka að það kostar okkur minna "að lifa hátt".

S. Jones.

"Eg var farin að örvænta, Monty", sagði Miss Drew í álasandi rómi, þegar hann var farinn að jafna sig eftir skapbrigðin, sem hann hafði komist í.

Clampinn í augum hans, hleypti blóðinu fram í kinnar henni, án þess þó að mikið á bæri; og kviðinn, sem í henni hafði verið var nú horfinn og köld rósemi komin í staðinn. Svo þögnuðu þau bæði. Monty litadist um í herberginu og var óráðinn í hvað segja skyldi. Málaflutningur hans var ekki eins auðveldur eins og hann hafði hugsað sér.

"Þér gerðuð vel í því að lofa mér að heimsækja yður", sagði hann löksins. Eg mátti til að finna yður í kvöld og tala við yður. Mér var ómögulegt að draga það lengur. Barbara, þetta sem eg ætla að segja yður, hefir haldið vöku fyrir mér í þrjár eða fjórar undanfarnar nætur. Haldið þér að það verði yður að hugarangri í kveld, ef eg segði yður, hvað mér býr í brjósti? Haldið þér að það fái yður mjög mikils?" spurði hann í bænarrómi.

"Við hvað eigið þér, Monty?" spurði hún með furðulegum skilningsskorti, en með frábæru valdi yfir tilfinningum sínum.

"Eg elska þig, Barbara", sagði hann og bar ótt á. "Eg þóttist vera viss um að þér væri þetta vel ljóst og það fyrir löngu, annars hefði eg verið búinn að segja þér þetta miklu fyr. Þessvegna hefi eg þagað þangað til nú. Kvíðinn út af því, að þú hirtir ekkert um mig, hefir nærri því gert mig sturlaðan. Eg get ekki beðið lengur. Eg verð að vita vissu mína nú strax í kveld."

Augu hans tindruðu og úr þeim skein svo mikil einlægni, að hún átti afar-bágt með að halda hugarjafnvægi eða leyna því að það raskaðist. Hitinn í orðum hans, sem hann til hálfis hvíslaði að henni, læsti sig inn í hennar eigin sál. Hún hafði búist við tilfinningarsemi alt annars háttar, svo hún stóð nú varnarlaus gegn hinni einarðlegu ástajátning hans. Bak við bænarorð hans hlý og heillandi fólst fullvissa um einlægni og traust sem ekki varð móti mælt. Hún varð ekki heilluð af orðunum sjálfum, heldur því, hvernig hann sagði þau. Ósegjanlegur fögnuður rann um allar hennar taugar eins og rafmagnsstraumur. Meðan á þessu samtali stóð, hafði sú fyrirætlun hennar að leika sér með tilfinningum hans og taka lítið af öllu, hér um bil orðið að engu. Hann hélt utan um báðar hennar hendur er hann flutti bónorðið, en nú fór hún smátt og smátt að ná sér aftur og fá fult vald yfir sjálfri sér, og honum var ókunnugt um, að við hvert skref sem hann steig nú fram, var hann að tapa valdi sínu yfir henni. Barbara Drew unni Brewster hugástum, en hún ætl-

aði að láta honum verða dýrkeypta þá stund, sem hann hafði sigrað hana með sínu áhrifavaldi. Þegar hún tók aftur til máls var hún aftur orðin Miss Drew, kæn og veraldarvön, og alls ólík ungri stúlku sem er ástfangin.

“Mér þykir býsna vænt um þig Monty”, sagði hún, “en eg er ekki viss um, að mér þyki nógu vænt um þig—til—til þess að eg geti gífst þér.”

“Við höfum ekki þekst mjög lengi, Barbara”, sagði hann blíðlega, “en eg hélt að við þektumst nógu mikið til þess að þurfa ekki að vera í slíkum vafa.”

“Það er nú rétt eftir þér, að vilja öllu ráða”, sagði hún þóttalega. “Geturðu ekki gefið mér tíma til að sannfærast um, hvort eg elska þig eins mikið og eg vildi, og svo mikið sem eg hlýt að elska mann, sem eg vonast til að verða ánægð með, og vildi því gíftast?”

“Eg gleymdi mér”, svaraði hann auðmjúkur.

“Já, þú gleymdir þér”, svaraði hún, og þótti vænt um að sjá hann vera farinn að missa meðinn. “Mér þykir vænt um þig, Monty, en eg veit að þú hefir gert þér það ljóst, að það eru engir smámunir, sem þú ert að biðja mig um. Eg verð að vera viss—alveg—hárviss—áður en—áður en eg—”.

“Vertu ókvíðin”, sagði hann í bænarróm. “Þú munt elska mig, eg er viss um það; þer þykir strax orðið vænt um mig. Það er mér mikils virði, en þér þó meir. Þú ert kona og það ríður meir á að þú

sért eða getir orðið ánægð. Eg get aðeins lifað í voninni um að þegar eg hreyfi þessu sama máli við þig næst, þá getir þú ókviðin trúað mér fyrir þér.”

“Þú átt skilið að verða ánægður, og að þér líði vel, Monty”, sagði hún með alvörugefni; erfitt átti hún með að horfast í augu við hann, er hann leit framán í hana.

“Viltu þá lofa mér að kenna þér að elska mig?” spurði hann með ákefð.

“Eg held að það sé kannske ekki þess vert fyrir þig, að vera að reyna það.”

“Eg ætla samt að eiga undir því”, svaraði hann.

Hún varð einhverra vonbrigða vör, eftir að hann var farinn. Hann hafði ekki sótt eftir henni með svo miklum ákafa, sem hún hafði vænst eftir og viljað, og hún átti ekki hægt með alt kveldið, að bægja burt úr huga sér gremju sem þar hafði sest að, þó að hún stríddi á móti.

Brewster gekk ræðis til klubbs síns og var í góðu skapi yfir því að hafa þó byrjað á bönorðinu. Nú var hann ekki í vafa um hvað gera ætti. Hann varð að vinna Barböru í hindrunarlausum bardaga við meðbiðlana.

Í leikhúsinu þar um kveldið hitti hann Harrison, sem var næsta glaður.

“Hvernig fórstu að fá vitneskju um þetta?” spurði hann.

“Vitneskju um hvað?”

“Um það hvernig hnefleikarnir mundu fara?”

Gleðisvipurinn hvarf af andliti Brewsters og vonbrigðahrollur fór um hann.

“Hvað — hvernig fór það?” spurði hann.

“Hefurðu ekki heyrt það? Maðurinn sem þú veðjaðir á, yfirbugaði mótstöðumann sinn í fimtu atrennu — og furðaði alla á því.”

X. KAPÍTULI.

Fjármálagarðurinn.

Næstu tvo mánuðina var Brewster í miklum önnum. Miss Drew sá hann engu sjaldnar en áður en hann bað hennar, en framkoma hans var henni hreinasta ráðgáta.

“Hann er orðinn eitthvað breyttur”, hugsaði hún með sjálfri sér, en svo mintist hún þess spakmælis, að maður sem nær ástum stúlkunni, er margir keppa um, er líkur þeim sem hleypur á eftir strætisvagni, en sest síðan niður til að lesa dagblöð í ró og næði.

Sannleikurinn var sá, að fyrstu dagana á eftir virtist Monty alveg hafa gleymt keppinautum sínum, og var nú hinn rólegasti, því að honum fanst að hann vera búinn að búa svo vel í haginn fyrir sig, að hann þyrfti engu að kvíða. Á hverjum degi sendi hann henni blóm, og fanst að með því gerði hann fullkomlega skyldu sína. Hann varði býsna miklu af tekjum sínum til blómakaupa, en þó var honum ekki jafnrík í huga aðdáunin að Barböru, eins og fjármála-

braskið sem hann hafði tekist á hendur.

Þetta var ekki því að kenna, að ást hans hefði kólnað, heldur hið órómantíska starf, sem hann hafði með höndum. Honum fanst, hvernig svo sem hann lagði sig til, þá væri honum ómögulegt að finna ný ráð til þess að eyða \$16,000 á dag. Hann var að visu vel á veg kominn það sem af var, en nú fór að verða býsna fyrirsjáanlegur skortur á tækifærum til nýrrar fjáreyðslu.

Hann hafði nú þegar haldið tíu stórfengilegar miðdegisveizlur, og þar að auki nokkrar minniháttar kveldveizlur, og sá að nú þurfti að taka til nýrra úrslitameiri úrræða. Hann gat ekki haldið áfram þessum stöðugu miðdegisveizlum. Fólk var þegar farið að hafa orð á því, að honum væri farið að volgna á þessum kostnaðarsömu veizluhöldum, og hann langaði ekkert til að verða til athlægis öllum borgarbúum. Honum sveið að heyra ertnisfullar glósur kvenna um fjármálahyggindi hans; hann vissi sem var, að það voru karlmennirnir sem höfðu vakið athygli kvenfólksins á þessu. Háðyrði Miss Drew, sem að visu virtust græskulaus, og einarðlegar ákúru Mrs. Dan sýndu honum ljóslega, hvað að fór; en þó féll honum þyngst hógværlegar spurningar Margrétar þessu viðvíkjandi. Það leyndi sér ekki hvað innilega henni var ant um hag hans, og hvað þær mæðgur tóku sér eyðslusemi hans nærri. Hann blygðaðist sín meir fyrir þeim en nokkrum öðrum. Loks eftir að Monty hafði heyrt bankastjóra nokk-

urn, segja við annan mann, án þess þó að hann vissi að Brewster heyrði til, að "Edwin P. Brewster mundi snúa sér í gróf sinni yfir athæfi sonarsonar síns", þá sinnaðist hinum unga manni svo að hann fastréð að sýna fólkinu fram á, að hann væri hafður fyrir rangri sök, og að hann hefði vit á fleiru en eyða fé sínu í hégóma einberan.

Eftir þetta ásetti hann sér að koma hréyfingu af stað í Wall stræti. Um nokkra daga íhugaði hann markaðsskýrslurnar og var sí og æ að spyrja kunningja sína um vöruverð. Við nána athugun og iðulegan lestur skýrslanna, komast hann að raun um að áhættulaust mundi að kaupa hluti í trjáviði og kolum. Hann skeytti ekkert um álit Swearengen Jones, en fastréð að freista hamingjunnar einu sinni á víxlara-verzlun fyrir 23. September. Hann íhugaði vandlega þessa ráðagerð sína. Gardner varð heldur en ekki súr á svipinn þegar Brewster fór þess á leit við hann að kaupa hlutabréf trjáviðar og kola og vera ekki smátækur.

"Herra trúr! þér getur ekki verið alvara að gera þetta Monty", svaraði hann. Það eru engin líkindi til að þeir hlutir hækki nokkra vitund. Hafðu mín ráð, eigðu ekkert við þá. Það var byrjað að selja þá á $111\frac{3}{4}$ og sölunni sleit þegar þeir voru komnir ofan í 109. Þú getur ekki verið með öllum mjalla maður, ef þú ferð að kaupa í öðru eins útliti."

"Eg veit hvað eg er að fara, Gardner", sagði Brewster rólega, og honum rann til rifja þegar hann

sá hrygðarsvipinn, sem kom á vin hans, þegar hann heyrði þessi orð. Gardner tók sér þetta nærri.

“En eg veit vel hvað hér er í húfi, Monty. Þú ættir að minsta kosti að lofa mér að útlista ofurlítið hvernig þessum hlutabréfum er háttað”, sagði vinur hans þrátt fyrir móðgunina, sem hann hafði orðið fyrir.

“Eg hefi hugsað vandlega um þetta Gardy, og þá hefir maður aldrei verið viss um: hagnað, ef eg er það ekki nú”, svaraði Monty einlæglega, og lét engan bilbug á sér finna.

“Þér er óhætt að trúá mér til þess, að trjáviður getur ekki hækkað úr því sem nú er. Líttu á hvernig ástatt er; trjáviðarsalarnir í norður og vesturlandinu hafa meiri birgðir en þeir hafa við að gera, og liggur við borð að verkfall verði. Þegar það er skolið á, þá verða hlutirnir seldir fyrir sama sem ekkert. Það er líklegast að verðhrunið byrji í dag.”

“Eg er búinn að ráða þetta við mig”, sagði hann með áherzlu, og Gardner var í vandræðum. “Ætlarðu, eða ætlarðu ekki að leggja fram beiðni mína viðvíkjandi kaupunum þegar salan byrjar í fyrra málið? Eg ætla að byrja með að kaupa tíu þúsund hluti. Hvað mundi það kosta mig?”

“Að minsta kosti hundrað þúsund, fyrir utan sölulaun, sem yrðu $12\frac{1}{2}$ á hundrað hlutum”. Þrátt fyrir mótspyrnu Gardner þá réðst Brewster í þetta, og lét festa kaupin morguninn eftir. Gardner sá að það var að eins einn möguleiki til þess að Brew-

ster græddi, og það var með því móti að kaupa hlutina í einu lagi í stað þess að skifta þeim milli margra víxlara. Að því hafði Monty ekki gáð.

Það hafði verið dauft í hlutaverzlunar samkundunni nokkrar undanfarnar vikur; fáir höfðu keypt og stórkaup því hin mesta nýung. Allir þóttust vissir um að þetta lognmók hlyti að hverfa bráðlega, en engir bjuggust við að nokkrar byltingar yrðu í trjáviðar eða kola-hlutaverzlun. Það var hér um bil auðséð, að þeir hlutir mundu falla, og það var grandvart að nokkrir keyptu eða seldu. En þegar Elon Gardner, fyrir hönd Montgomery Brewsters keypti tíu þúsund hluti á 108,3-8. Þá hnykti mönnum heldur en ekki við í kaupmanna samkundunni.

Brewster þóttist sannfærður um, að þessir hlutir gætu ekki hækkað í verði, svo að hann heimtaði hest sinn til að ríða sér til skemtunar um snjóþakinn lystigarðinn. Jafnvel þó að hann vissi að þessi kaup hans væru heimska þá var honum fróun í því að hann hefði nú þó eitthvað fyrir stafni. Það var sennilegt að hann yrði kallaður flón, en hann var þó að minsta kosti ekki iðjulaus lengur. Hann fann að morgunsvallinn hresti og endurnærði. Honum fanst það fjörgandi að horfa á sólarglampa á snjóbreiðunni, finna hestinn iða af fjöri — það fyllti sjálfan hann fögnuði svo að lífsþráin blossaði upp í brjósti hans.

En svo fanst honum eins og hann heyra inst í djúpi sálar sinnar, fagnaðarhróp og lófaklapp. Skömmu fyrir hádegi kom hann í klúbb sinn, og þar

átti hann að snæða með Drew ofursta. Þegar hann kom inn í lestrarsalinn tók hann eftir því, að menn horfðu á hann undrunaraugum; sumir þeirra brostu hvetjandi framan í hann, en aðrir veifuðu til hans höndum mjög vingjarnlega. Þrír eða fjórir meðlimir litu til hans með aðdáun og öfundarsvip, og jafnvel dyraverðirnir voru langtum auðmjúkari en þeir áttu að sér. Hann var furðulega dularfullur þessi lotningarbragur sem kominn var á alla.

Valdmanns-svipurinn á Drew ofursta hvarf til muna þegar hann kom auga á hinn unga mann. Hann spratt upp í móti honum, og lá rétt við að hann feldi Monty um koll.

“Hvernig fórstu að gera þetta drengur minn?” kallaði ofurstinn. “Þeir hafa stigið um einn eða tvo, að eg held, en fyrir svo sem hálfri klukkustund voru þeir í verðhruni. Eg hefi aldrei heyrt neitt svipað þessu!”

Monty varð hverft við þessi tíðindi og varð innan skamms sannfróður um öll aukaatriði er að þessu lutu. Gardner hafði keypt hluti handa honum á 108 3-8., og við það hafði komið nýtt fjór í hlutasöluna. Rétt í þeim svifum að verðhrunið var að skella á fyrir alvöru þá kom þessi pöntun á tíu þúsund hlutum frá honum, og árangurinn varð svo sem sjálfsagður. Einusinni þenna sama morgun höfðu trjáviðar og kolahlutir komist upp í 113½ og virtist verðið ætla að staðnæmast þar.

Nú lögðu margir eyra við fréttunum. Brewster

sá að kaup hans á trjáviðar og kola-hlutum höfðu verið afbragðsslungið fjármálabragð, frá sjónarmiði almennings, en stórfengilegt óhapp sjálfum honum til handa.

“Eg vona að þér hafið selt þegar verðið var sem hæst”, sagði ofurstinn og var kvíðahreimur í röddinni.

“Eg skipaði Gardner að selja ekki fyr en eg skipaði svo fyrir”, sagði Monty ólundarlega. Nokkrir þeir er við voru staddir horfðu á hann og grettu sig.

“Ef eg væri í yðar sporum mundi eg segja honum að selja strax”, svaraði ofurstinn kuldalega.

“Verkanirnar sem orðið hafa af kaupum yðar Brewster, fara nú að réna, og andstæðingar yðar fara að skrúfa niður verðið”, sagði einn þeirra sem hjá stóð alvarlegur á svip.

“Haldið þér það?” það var eins og Monty yrði feginn þessum orðum.

Allir ráðlögðu að selja undir eins, en Brewster vildi ekki láta áeggjast. Hann kveikti rólegur í vindlingi og sagði að vert væri að hinkra ofurlítið við og sjá, hverju fram færi.

“Hlutirnir eru farnir að falla strax”, sagði sá er við sínavísirinn stóð, er tilkynnti verðlag á hlutunum.

Þegar Brewster hálfbruglaður af öllum þessum vonbrigðum fór að hyggja að verðlaginu, var verðið á hlutum hans 112. Hann varpaði feginsamlega öndinni, en þeir er viðstaddir voru misskildu stununa. Hver vissi nema hann slyppi skaðlaus eftir alt sam-

an. Hlutirnir voru farnir að lækka, og engin ástæða var til að þar yrði nokkur ný hindrun. Með því að hann ætlaði ekki að kaupa meir, var nærri sjálfgefið, að hrunið héldi áfram. Hlutirnir hlutu að fæla ákaft. Hann gat varla stilt sig um að hrópa af fögnuði. Áður en hann fór frá símavísinum hafði hann enn fallið ofurlítið. Um leið og verðið féll óx honum von í brjósti.

“Þeir sem við voru staddir urðu súrir á svipinn, “þetta var þá ekki nema slimpi-lukka eftir alt saman”, sögðu þeir hver við annan. Drew ofursti var beðinn að leggja að Monty að stofna sér ekki í fjármunalegan háaska; Brewster var í þann veginn að fara að andæfa þegar fregn kom um það að verkfallinu væri létt af. Og á næsta andartaki, svo að segja, tóku verkanir þessarar fréttar að koma í ljós. Vissan um verkfallið hafði verið eitt aðalatriðið, sem Brewster hafði bygt á þá áætlun sína að hlutirnir hlýtu að falla í verði. Þegar þessi hættu var horfin frá var ekkert því til fyrirstöðu, að hlutirnir kæmst aftur í gott verð. Næsta frétt um hluta verðið var sú að þeir hefðu hækkað.

“Þér eruð slunginn náungi”, sagði ofurstinn, og rak fingurinn í síðuna á Monty. “Eg hafði alt af trú á því, að þér hefðuð eitthvað fyrir yður.”

Eftir svo sem tíu mínútur voru trjáviðar og kola hlutir komnir upp í 113. Þá rauk Brewster með öndina í hálsinum að talsímanum og kallaði á Gardner.

Víxlarinn varð næsta glaður er hann þekti rödd

Brewsters.

“Þú ert makalaus maður, Monty! Eg ætla að finna þig þegar búíð er að loka í kveld. Hvernig í fjandanum fórstu að vita þetta?” öskraði Gardner.

“Hvað er verðið núna?” spurði Brewster. “113¼ og alt af að hækka. Húrra!”

“Dettur þér í hug að það geti fallið aftur?” spurði Brewster.

“Nei, ekki ef eg má nokkru ráða.”

“Jæja, seldu þá strax,” öskraði Brewster.

“En verðið er altaf að hækka og —”

“Seldu — bansettur þrákálfurinn! Heyrirðu ekki hvað eg segi?”

Gardner varð snepptur og fór að selja, og seldi alla hlutina frá 112½ til 114, en Montgomery Brewster hafði grætt á kaupunum \$58,550 og eingöngu vegna þess að hann sjálfur en ekki markaðurinn hafði komist í uppnám.

Arnjólur B. Olsen
XI. KAPÍTULI.

Eldsglóðir.

Það var ekki gróðans vegna að bæði vinir Brewsters og óvinir litu hann nýjum augum, því að hagnaðurinn hafði verið lítill eftir því sem gerist í kaupmanna-samkundunni. En sú framsýni sem virtist hafa komið fram í kaupskap hans, hafði gerbreytt álitni manna á honum. Nú litu menn á hann með

ánægju og nýju trausti. Gróðatilraunir hans í hlutaverzluninni hafði aflað honum vinsælda hjá öllum stéttum. Maður sem hafði verzlað svo hyggilega með trjáviðar og kolahluti, hvort sem hann var ungur eða gamall, hlaut að eiga skilið virðing samborgara sinna.

Í huga Brewsters ríktu nú þær gagnstæðu skoðanir — metorðafögnuður og óánægja. Honum hafði hlotnast tvennskonar happ — æskilegt og óæskilegt. Í aðra röndina var ekki nema eðlilegt að hann yrði upp með sér af því góða álitu sem menn fengu á honum vegna hlutakaupskapar hans, en hins vegar var honum það meir en lítið áhyggjuefni að hafa grætt þarna \$50,000. Vegna þessa varð hann að hefja nýja fjáreyðslu, sem virtist mega heita nærri ókleif, og hækka útgjöldin á Janúarmanuði og það stórkostlega.

Ráðgerðir um ýms fyrirtæki með vori og sumri komandi voru að smáskýrast í huga Brewsters og voru ýmsar þær fyrirætlanir ekki mjög smávægileg. Hann hafði sagt "Nopper" Harrison ávæning af sumum þeirra, og hafði honum orðið það drjúgt áhyggjuefni.

Rawles bætti ekki úr slysninni sem Monty hafði hent í hlutaverzluninni. Hann kom og færði honum þær fréttir, að bostonska völskutíkin, sem Brewster átti hefði eignast sex ljómandi fallega hvolpa, og hefði Joe Bragdon, sem viðstaddur var fæðinguna, staðhæft það, að auðgert væri að fá \$100 fyrir hvern þeirra. Brewster hafði gaman af hundum, en þó

varð hann svo gramur í svipinn að hann langaði til að drepa þessi varnaflausu litlu kvikindi. En þó varð hundavináttan yfirsterkari svo að hann hraðaði sér út til að skoða þenna hóp, sem honum hafði bæzt í búid.



“Og nú verð eg annaðhvort að drepa þá, eða selja”, nöldraði hann. Svo sagði hann Bragdon að selja hvolpana á \$25 hvern, og fór burt svo sneypur að hann gat ekki fengið af sér að lita í augun á hvolpatíkinni.

En hamingjan brosti samt við Brewster áður en þessi dagur var á enda runninn. Hann kvaddi Subway Smith með sér til að aka í nýju bifreiðinni dýru, þrátt fyrir það þótt rigning væri og vondir vegir. Monty misti stjórnar á vélinni þegar hún stefndi á gryfju, sem gerð hafði verið fyrir jarðgöngum. Smith og hann björguðust með því að hlaupa úr vagninum, en hann rann í gegnum girðinguna og hentist ofan í gryfjuna. Brewster til fagnaðar, en Smith til harms og hugarangurs, skemd-ist bifreiðin svo að hún varð gersamlega ónýt, og var það margra þúsunda skaði. En gleði Monyts varð skammvinn, því að brátt varð hann þess vísari að þrír verkamenn, sem höfðu verið að vinna niðri í gryfjunni, höfðu meidd háskasamlega. Þó að bæði hann gæti og greiddi ríflegar skaðabætur, þá var honum það engan veginn fullnægjandi til hugfróunar. Óaðgæzla hans og kæruleysi hafði að líkindum orðið tilefni þess sársauka, sem þessir menn urðu að þola,



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

og harmsefni aðstandendum þeirra; það var ekki neitt skemtileg tilhugsun. Skaðabótamál var ekki höfðað, því að samkomulag var auðfengið. Hver mannanna sem meiðst höfðu fékk \$4000.

Um þessar mundir vakti bazarinn í Astoria mikla athygli. Það var fyrirtæki í góðgerðaskyni gert. Þar var kostur á að sýna sig og gjafmildi sýna, enda var þar nokkurs konar sýning, einkum heldra fólksins. Brewster var þar tíður gestur í þeirri bazardeildinni sem Miss Drew veitti forstöðu, og virtist sem hann gæti aldrei gefið þar nægju sína. Bazarinn stóð í tvo sólarhringa, og að þeim tíma liðnum hafði "hagnaður" Brewsters, fjárframlög til bazarsins, orðið \$3,000, eftir sjóðsbók hans að dæma. En rósemi Brewster var skyndilega rofin er nýr biðill tók að leggja sig fram um að ná ástum Barböru. Hann var frá Californíu og átti ógrynni fjár; sjálfs-traust átti hann og nóg, og hafði hann komist inn í hóp heldra fólksins í New York með tilbeina og bréfum vina sinna. Honum hafði safnast auður og álit kvenna á fjórum fyrstu áratugum æfi sinnar og tíu árin sem þar við höfðu bæst höfðu brottnumið alla feimni úr fari hans, ef hún annars hafði nokkurn tíma verið nokkur. Honum hafði hepnast svo vel auðsafnið, að hann átti víst fjórar eða fimm miljónir, og í ástum hafði hann verið svo ítækur að hann hafði tvívegis orðið ekkjumaður. Rose Grimer gekk jafnrösklega að því að ná ástum Barböru, eins og hann hafði sótt það fast að eignast Mary

Farrell, eldabuskuna í námumanna bækistöðinni, eða Jane Boothroyd, kenslukonuna, sem til Californiu kom til að giftast þeim manni, sem fyrstur yrði til að biðja hennar. Hann var algerlega félaus þegar hann gekk að eiga Mary, og þegar hann leiddi Jönu inn að altarinu þá gladdist hún í huga sínum yfir því að hafa náð í eiginmann, sem átti \$50,000.

Grimes keptist á við Brewster að kaupa í þeirri bazardeildinni sem Barbara var fyrir, með svo miklum ákafa að þar virtist ekkert fá við staðist. Monty var bægt frá; hann gerði tilkall til Barböru með forkaupsrétti eins og hún væri námulóð, og tíu dögum eftir komu sína til New York, var ekki meir um nokkurn mann talað heldur en Grimes. Brewster var samt ekki á því að láta undan síga bardágalaust. Hann leit svo á að Grimes væri fremur til hindrunar heldur en að hann væri meðbiðill, svo að hann tók að sér að halda hlífiskildi yfir Barböru, og verja hana fyrir árásum Grimes. Honum fanst þessi Californíumaður vera aðskotadýr, sem væri að troða sér fram þar, sem hann ætti ekki erindi, og fanst því að taka yrði til úrslitavænlegra ráða.

Hann sagði Barböru það blátt áfram að Grimes væri af lágum stigum og hefði ekkert til síns ágætis nema auðinn, og áður en vika var liðin voru horfur Grimes hjá Barböru orðnar sáralitlar. Fór svo að lokum, að hann hætti að sýna henni athygli, fór jafnvel ekki fram á að biðja hana að verða þriðja konan sín, en fór að hugsa um aðra. Brewster hafði sótt

það svo fast að bola Grimes frá, að hann hafði vanrækt fjáreyðslustörf sín, og var nú orðinn á eftir áætlun. Þegar Grimes var orðinn óskaðlegur, hætti hann á ný ástahernaðinum og gaf sig óskiftan við sínu einkennilega starfi.

Barböru hugnaði illa þetta breytinga-háttalag Brewsters. Ifyrstu kom henni það á óvart, svo gramdist henni það og loks varð hún hnuggin. Monty sá áður langt leið að hún tók fyrir alvöru að yfast við honum, og þótti réttast að fara að reyna að milda hana eitthvað ofurlítið. En þó að hann leitaði við, gekk honum illa af hafa hana góða aftur.

“Hefir þér aldrei komið til hugar, Monty,” sagði hún einusinni, “að ekki hafi verið fullmikill valds-mannsbragur á þér? Hvar og hvenær hefir þú fengið heimild til að skifta þér af mínum eink. ættindum? spurði hún með kuldalegri rósemi, sem var enn verri en reiði. “Það er svo á þér að heyra, að eg megi helst ekki tala við nokkurn karlmann, nema þig.”

“Láttu nú ekki svona Barbara”, sagði hann, “svo ósanngjarn hefi eg aldrei verið, en þú veist sjálf gerla að Grimes er mesti óreiðumaður.”

“Mér er öldungis ókunnugt um það”, svaraði hún og fór heldur að þykna í henni. “Þetta lætur þú klingja við um hvern þann mann, sem gefur mér blóm. Finst þér það svo ljóst óreiðumerki?”

“Vertu ekki að þessu fjasi, Barbara. Þú veist, að þú getur ekki borið á móti því, að þú hefir setið á tali við Gardner, og asnann hann Valentine og eg

hefi ekki sagt eitt einasta orð. En það er sumt þó, sem, eg á ómögulegt með að þola, og ósvífni Grimes er eitt af því. Heyrðu, hann horfði á þig með sínum fisklíku augum, rétt eins og hann ætti í þér hvert bein. Eg vildi bara að þú vissir, hvað oft eg hefi brunnið í skinninu og dauðlangað til að berja hann niður!”

Barbara var í þann veginn að slaka til, en hún sýndi þess engin merki.

“En kom þér aldrei til hugar”, spurði hún með egnandi kulda, “að eg væri því vaxin að standa slíkt af mér. Eg býst við, að þú hafir ímyndað þér, að Grimer þyrfti ekki annað en biðja mín og þá mundi eg feginsamlega taka honum. Nú langar mig til að láta þig vita það Monty Brewster, í eitt skifti fyrir öll, að eg er sjálf fær um að velja vini mína. Mr. Grimer er myndarmaður og mér fellur hann vel í geð. Hann hefir meira af lifinu að segja á einu ári, en þú á allri þinni byltingasömu æfi. Æfi hans hefir verið veruleg, Monty Brewster, en þín ímyndun tóm.”

Hann tók sér þetta nærri, og sagði hógværlega:

“Eg þoli ekki að heyra annað eins og þetta til þín. Eg veit að þér er þetta ekki alvara? Er eg þá svona slæmur?”

Það lá við að hann ynni bilbug á henni rétt sem snöggvast, en brátt varð sérþótti hennar yfirsterkari.

“Það er óskaplega storkunarlegt að heyra til þín Monty”, svaraði hún gremjulega. “Það er eins og

þér finnst ekkert til í heiminum nema þessi miljón þín.”

Nú rann honum í skap og var ekki á því að slaka til við hana.

“Það gæti farið svo, að þú kæmist að raun um það einhverntíma, að ekki er svo mikið um að gera fyrir utan hana. Eg get látið þig vita það, annars, að eg lít of stórt á mig til þess að láta hafa mig að leikfangi, sem fleygt er burtu, þegar svo vill verkast. Það ætla þú ekki að þola.”

Hann fór út því næst hnarreiður og rjóður í kinnum, og fullviss um það í huga sínum, að hún væri allra kvenna ósanngjörnust. En Barbara sat eftir og grét sig í svefn, og hét því með sjálfri sér, að henni skyldi aldrei þykja vænt um Monty upp frá þessu.

Snörp gola stóð á móti Monty þegar hann kom út úr húsinu. Honum leið óskaplega illa.

“Alt í einu heyrði hann kallað með illúðlegri röddu: “Gefstu upp!” Monty stóð fyrst sem steini lostinn, en þegar hann áttaði sig, sá hann tvo skuggalega menn standa frammi fyrir sér. “Stattu kyr þar sem þú ert laxmaður”, var næsta skipunin, og hann nam staðar. Hann var í því skapi að við lá, að hann snérist til varnar, er þegar hann sá framundan sér skammbyssuhlaup, hætti hann við; Monty var hvorki skræfa eða flón. Hann sá strax að gagnslaust var að sýna nokkurn mótþróa. Það var heimska.

“Hvað viljið þið?” spurði hann, svo kuldalega og rólega sem honum var mögulegt.

“Réttu upp hendurnar!” og hann hlýddi því þegar í stað.

“Láttu ekki skreppa upp úr þér nokkurt bops, því að þá ertu dauðans matur. Þú hlýtur að vita hvað við viljum. Láttu hendur standa fram úr ermum Bill, eg skal sjá um að hann hafi sig hægan.”

“Berið ykkur eftir björginni piltar. Eg er ekki það flón að fara að eiga í illdeilum út af öðru eins lítilræði. Látið þið bara vera að fara að skjóta á mig eða að berja á mér. En verið þið fljótir, því að annars sátur að mér, ef þið haldið lengi frakkanum mínum hneftum frá mér. Hvernig hefir atvinnan annars gengið í kveld.” Kom nú glögt í ljós að ekki gat rólegri mann, eins og á stóð, í allri New York borg, heldur en Brewster.

“Þú ert sá einkennilegasti náungi sem við höfum hitt í heila viku, og spáir það góðu”, sagði annar bófinn.

“Eg vona að þið verðið ekki fyrir vonbrigðum”, sagði Monty vinsamlega. “Ef eg hefði átt von á þessu, þá hefði eg getað haft meira fé á mér.”

“Eg býst við að við verðum ánægðir, sagði sá er hélt á skammbyssunni, og skríkti í honum. “Þú ert svo einstaklega þægur og góður, laxi; þú hefir kannske ekkert á móti því að gefa okkur einhverja vísbendingu um, hvenær þú verður hér á ferð næst?”

“Það er ánægjulegt að verja við þig, kunningi”, sagði hinn um leið og hann reiði úri Monty, sem kostaði \$300, ofan í vasa sinn. “Við skulum skilja

þér eftir farmiða á strætisvagninn fyrir kurteisis sakir. Hann lét nú greipar sópa um vasa Montys, með hinu mesta snarræði og handlægni. “Þú berð að líkindum ekki mikið á þér af gimsteinum eða þess kyns skrauti. Eru þessir fallegu hnappar egta?”

“Já, það eru perlur”, svaraði Monty glaður.

“Þú ert mesta gersemi”, sagði bófinn með skammbyssuna, “losaðu hann við þá Bill.”

“Skerið ekki skyrtna”, sagði Monty. “Eg ætla í kveldverðarsamsæti og er illa við að koma þangað með götótt skyrtnu-brjóst.”

“Eg skal fara eins varlega að eins og eg get; svona nú er víst alt fengið, sem um er að gera. Á eg að kalla á léttivagn handa þér?”

“Nei, þakka ykkur fyrir, eg ætla að ganga.”

“Nú, jæja, gáttu þá svo sem hundrað skref, án þess að líta við eða hrópa, þú skilur hversvegna eg skipa þér þetta kunningi.”

“Já, víst skil eg það. Góðar nætur.”

“Góðar nætur”, svöruðu bófarnir, og sauð í þeim hláturinn.

“Halló!” hrópaði hann, “þið eruð í meira lagi óaðgætnir. Vitið þið að þið hafið skilið eftir seðlastranga í vasa mínum, sem nemur þrjú hundruð dollurum?” Ræningjunum kom þetta á óvænt og þeyttu út úr sér blótsyrðum, sem báru það með sér að þeir lögðu litinn trúnað á þessa fregn. Þeir áttu jafnvel bággt með að trúa sínum eigin eyrum.

“Hvað ertu að segja?” tautaði Bill vandræðalega.

“Hann er að leika á okkur, Bill”, sagði hinn.

“Já, náttúrulega”, svaraði Bill. “Það er þokkalegt að fara svona að okkur. Nú, nú, haltu áfram og litu ekki við.”

“Þið eruð myndarlegir ræningjar eða hitt þá heldur”, tautaði Monty fyrirlitlega.

“Þey — ekki svona hátt.”

“Það er ekkert lag á svona atvinnurekstri. Þúist þið við að eg fari ofan í vasa minn og rétti ykkur varninginn á silfurdiski?”

“Upp með hendurnar. Þú skalt ekki leika svona á mig. Þú ert með byssu á þér.”

“Nei, eg held nú síður. Eg segi ykkur satt. Í flýtinum sem á ykkur var sást ykkur yfir seðlastranga, og eg er ekki svoléiðis maður, að mig langi til að menn, sem á annað borð vilja bjarga sér, sjái engan árangur viðleitni sinnar. Eg rétti nú upp hendurnar. Gætið þið nú að sjálfir, hvort eg er ekki að fara rétt með.”

“vers konar leikur er þetta ” nöldraði Bill í um hvað gera ætti. “Fari eg norður og niður, veit hvað eg á að hugsa um þig”, öskraði hann rétt á eftir. “Þú ert ekki drukkinn, og ekki ertu vitstola, en eitthvað gengur samt að þér. Eða ertu að reyna að leika á okkur?”

“Þið munuð fljótt komast að raun um það.”

“Mér er ekkert um þetta, en samt held eg að við verðum að taka yfirfrakkann þinn með öllu saman. Þetta er því líkast sem þú sért að reyna að koma þrekk fram við okkur, en við verðum að vera fljótir

að ráða eitthvað af. Farðu úr frakkanum.”

Monty snaraðist úr frakkanum í flóti og stóð nú skjálfandi frammi fyrir ræningjunun., sem alt þetta háttalag var hreinasta ráðgáta.

“Við skulum skilja frakkann eftir á næsta götuhorni, kunningi. Það er kalt í veðri og þú þarft hans meir en við. Engum manni ertu líkur, sem við höfum hitt. Vertu sæll. Gáttu nú af stað, beint af augum og varaðu þig á að kalla eða gera nokkurn hávaða.”

Brewster fann frakkann sinn litlu síðar og hélt áfram göngu sinni í myrkrinu blístrandi. Seðlastranginn var horfinn.

XII. KAPÍTULI.

Kviðvænlegar jólagjafir.

Brewster sagði skemtilega sögu af rán. : í klúbb sínum, en greindi þó ekki nákvæmlega frá öllum atriðum. Einn áheyrðanna var lögregluþjónn, sem lét sig miklu skifta róstur í borginni. Var Brewster því kvaddur morguninn eftir á lögreglustöðina til að líta á grunaða fanga er þar voru fyrir. Fyrsti fanginn sem hann rakst þar á var Bill.

“Halló, Bill”, sagði Monty vingjarnlega. Bill gnisti tönnum og augnaráð hans var slíkt að Monty gekst hugur við.

“Þekkið þér þenna mann, Mr. Brewster”, spurði

lögreglustjórinn þegar í stað. Bill var óumræðilega aumingjalegur.

“Þekki eg Bill?” endurtók Monty, já, vitaskuld þekki eg hann, hér á lögreglustjóri.

“Hann er tekinn fastur í kærkveld og settur inn, af því að hann gat enga grein gert fyrir sér.”

“Nú, varstu svo illa kominn, Bill?” spurði Monty vingjarnlega og brosti. Bill tautaði eitthvað og lét sem hann væri að búa sig til að verja sig fyrir ákærum. Hann átti bágt með að átta sig á atferli Montys. Hann stóð á öndinni og saup hveljur á milli.

Látið þér Bill lausan, lögreglustjóri. Hann var með mér í gærkveld rétt áður en eg var rændur, og hann hefði ómögulega getað náð peningunum af mér án þess eg yrði var við. Bíddu mín úti Bill. Mig langar að tala við þig fáein orð. Eg er viss um að hvorugur þjofurinn er hér”, sagði Brewster að lokum, eftir að Bill hafði farið út ur röð fanganna, eins og honum hefði verið skipað.

Utan. Ég dyrnar beið bófinn Brewsters, standand. lussa og tók hlýlega í hönd hans.

“Þú ert mikill blessaður maður”, hvíslaði Bill þakklátur. “Hversvegna gerðirðu þetta?”

“Af því þú varst svo hugulsamur að skemma ekki skyrtuna mína.”

“Hvað sem því líður, þá ertu ágætismaður. Vildirðu kanns! e fá þér í staupinu með mér núna? Auðvitað drykkjum við fyrir þína peninga, en vínið er ekkert verra fyrir því. Við erum nú reyndar bún-

ir að eyða mestöllum skildingunum, en þetta er þú eftir." Bill rétti að Monty stranga af seðlum.

"Eg hefði reynt að halda þessu, ef þú hefðir farið að mér með illu," bætti hann við, "en eins og nú er komið, væri ósanngjarnt af mér að gera það.

Brewster neitaði að taka við peningunum, en við úri sínu tók hann.

"Hafðu skildingana, Bill", sagði hann. Þú þarft þeirra meir með heldur en eg. Það er nógu mikið til að gera þér mögulegt að byrja á öðrum heiðarlegri atvinnuvegi. Viltu reyna það?"

Jú, víst skal eg reyna það, herra minn", svaraði Bill og tók til að þakka Monty með svo mikilli ákefð, að hann átti bágð með að losna við hann. Og meðan Monty var að stiga upp í léttivagninn, heyrði hann Bill segja, "eg skal reyna það, herra minn, og heyrðu, ef eg gæti einhverntíma gert þér greiða, þá láttu mig vita, láttu mig bara vita."

Hann nefndi ökumanni nafn klubbs síns, en á leiðinni mundi hann eftir því, að hann þyrfti að finna að máli Mrs. Dan; réð hann því af að breyta stefnu og var innan stundar kominn inn í hin fögru herbergi, er hún bjó í. Hún var klædd í mjúkan og fagurlegan kvenhjúp, sem laða hlaut og draga að sér eftirtekt, með sínum ásjálegu litum. Monty virti hana fyrir sér og gat ekki annað en fundist konan glæsileg:

"Þér eruð ásjálegar í dag, frú mín", sagði hann. "en hvað alt sýnist fara vel, sem þér klæðið yður í."

"Og þér eruð óvanalega kurteis, Monty", svaraði

hún brosandí. "Hefir fólkíð verið gott við yður upp á síðkastið?"

"Ójá, eg hefi ekki undan neinu að kvarta í bráðina", svaraði hann og leit á hana. "Stundum finst mér líka, Mrs. Dan," mælti hann ennfremur, "að þeir hlutir séu til í veröldinni, með öllum hennar ókostum, sem vert sé að helga krafta sína."

"Já, ef því er að skifta, þá hafið þér rétt fyrir yður. Það er margt til sem vert er að fórna einhverju fyrir að öðlast. Og hvað yður snertir, Monty, þá finst mér þér séu að reyna að njóta lífsins. Þér eruð herrann; þér getið haft alt eftir yðar höfði. Eruð þér ekki alráðinn í að halda sömu stefnu og þér hafið haft. Er nokkuð að? spurði hún ennfremur með alvörugefni. Finst yður æfinni eytt í ofmiklu óhófi?"

"Ó, nei", svaraði hann. "Ekki neitt líkt því. Þér eruð umhyggjusöm og góðfús, en eg er ekkert nema eigingirnin. Það er auðvitað margt sem ámað getur að, en oft er fólk óskaplega ósanngjörnt. Nú er eg hér að láta yður gjalda þess. Þér eruð ekki ósanngjörn. Þér eruð fyrirmyndar manneskja, Mrs. Dan, og þér hafið veitt mér ómetanlega hjálp í mörgum greinum."

"Ef eg ætti að endurgjalda alla kurteisina sem þér sýnið mér, þá þyrfti eg að gera mikið. Þér þurfið ekki annað en segja mér hvers þér óskið."

"Og nú kom eg einmitt hingað til að biðja um aðstoð yðar. Eg er orðinn dauðþreyttur á þessum endalausum átveizlum. Yður er kunnugast um að þær

eru allar eins — sama fólkið, sama blómskrautið, sami maturinn og sama leiðinda-þvaðrið í fólkinu. Hví skyldi naður hirða um slíkt?”

“Þetta þykir mér vænt að heyra”, greip hún fram í. “eftir alt sem eg hefi lagt á mig til að gera miðdegisveizlurnar ánægjulegar, með alls kyns tilbreytingum, sem eg hefi fundið upp. Eg get ekki annað sagt, en að þér séuð nokkuð vanþakklátur. Vinur minn.”

“Æ, þér vitið vel hvað eg á við, og yður er jafnkunnugt um það, eins og mér, að eg hefi satt að mæla. Átveizlurnar hafa verið óheyrilega leiðinlegar, en það er einmitt óræk sönnun fyrir að þær hafa hepnast; þér hafið ekki lagt yður fram til ónýtis. En nú vantar mig eitthvað annað. Við verðum að koma af stað dansleiknum sem við höfum verið að tala um, og siglingu á skemtisnekkju — það má nú ekki dragast lengur.”

“Dansleikurinn verður að fara fram fyrst,” sagði hún. “Eg skal hafa hugann á því, og hafa til nafnaskrána eftir einn eða tvo daga, og gera hann svo úr garði að yður geðjist vel að henni. En hvað hafið þér haft fyrir stafni?”

“Pettingill hefir verið að keppast við mesta málarara heimsins. Harrison hefir leitað samninga við ráðsmann ungerska söngleikaflokksins, sem þér mintust á, og hann hefir fengið vissu fyrir að sá hópur hefir ekkert á móti því að sigla ofurlitinn skenjitúr, og svo höfum við söngmenn og hljóðfæraleikendur, þá beztu sem völ er á; eg man ekki að

telja allan þann skara upp.”

“Þér eruð skapaður dugnaðarmaður, Monty”, svaraði Mrs. Dan. “En þó að séð sé fyrir músikkinni og veizluskrautinu þá er það samt ekki nema byrjunin. Dansmerkin eru aðal atriðið. Verið þér ákvíðinn um þau; þær skulu ekki vera nein ómynd; við hjálpumst að bæði.”

“Þér eruð af aðli Mrs. Dan”, sagði hann “Þér bregðist aldrei, en reynist best þegar mest á ríður.”

“Sleppum því, Monty”, svaraði hún, “þangað til eftir jólin þá skal eg vera búinn að sjá um að afla fallegustu merkja sem völ er á.”

Á leiðinni frá Mrs. Dan, niður eftir Fimtu Ave., gat Brewster ekki úr minni liðið ummæli hennar um jólin. Þau voru honum nýtt kvíðaefni. Aldrei fyrri hafði hann hugsað til jólagjafa með kvíða; en nú á þessu yfirstandandi ári, var öðru máli að gegna. Strax fór hann að hugsa um skrautgripakaup handa vinnum sínum, en þá kom honum til hugar að best mundi að fara varlega í þau, vegna umboðsmannsins í Montana. Hann var óviss um, hvernig sá herra mundi líta á slíkan kaupskap. Hann simaði Swearingen Jones þessu viðvíkjandi og fékk afur frá honum það svar á þá leið, “að hver sá sem ætti ofurlitinn mannúðarneista, mundi telja það skyldu sína að gefa þeim jólagjafir, sem ættu skilið að fá þær. Nú sá Monty, hvaða stefnu hann átti að fylgja, og hugsaði sér að láta kunningja sína ekki eiga hjá sér jólagjafir. Næstu tvær vikurnar gerði hann ekki annað en að kaupa skrautgripi og fylti hjörtu allra

kjörgripasala í Fjórðu og Fimtu Ave., með ósviknum fögnuði. Hann gerði sér mikið far um að kaupa litla muni sem leyndu verðinu. Hann var og manna smekkvísastur. Árangurinn af kaupum hans varð sá, að margir vina hans, sem ekki mundi hafa dottið í hug að senda Monty svo mikið sem kort, fengu sendingu frá honum á aðfangadagskveld, sem gladdi þá.

Fór nú svo að hann varð ánægður með árangur gjafa sinna, og streymdu að honum eftir jólin þakkarorð hvaðanæfa fyrir jólagjafir, sem fylgdi hálf í hvoru afsökun á að hafa gleymt að gefa aftur. Graysmæðgurnar og Mrs. Dan sendu honum hæfilega verðmætar gjafir og sumir Auðmanna-sonanna sem höfðu sparað við sig kveldverð í hálfan mánuð, til þess að draga saman fyrir jólagjafirverði handa honum, fengu góða glaðning hjá Monty. Miss Drew virtist hafa gleymt honum, og þegar þau hittust eftir hátíðina heilsaði hún honum mjög kuldalega, rétt eins og þau hefðu aldrei verið neitt verulega kunnug. Hann hafði ímyndað sér, að hann gæti með góðri samvizku sent henni jólagjöf; kaus hann fagrar perlur handa henni, en fékk gjöfina aftur senda, með þakklæti frá Miss Drew. Honum þótti mjög vænt um Barböru og tók sér þetta því mjög nærri. Hann sagði Margréti Gray frá þessum vandræðum sínum og hughreysti hún hann eins og hún gat. Að vísu átti hún bágð með að hvetja hann til að endurnýja Lónorðið við Barböru, en gerði það samt vegna þess að henni var ánægja hans fyrir öllu.

“Þetta er ófyrirgefanleg ósanngirni, Magga”,

sagði hann. "Eg hefi þó verið henni einlægur. Það er næst mér að hætta við alt saman og fara burt frá New York."

"Ertu að hugsa um að fara burtu?" spurði nú og bar ótt á.

"Já, eg ætla að leigja skemtisnekkju og fara burtu héðan; og býst við að vera að heiman í þrjá eða fjóra mánuði. Magga stundi við. "Hvernig líst þér á það?" spurði hann, því að nú tók hann eftir því, hvað henni varð mikið um þessar fréttir.

"Eg er hræddur um að þú verðir öerigi, Montgomery Brewster," sagði hún og brosti.

XIII. KAPÍTULI.

Vinur í raun.

Þegar Brewster átti sem bágast í fjáreyðslustarfi sínu, þá vildi honum til ófyrirsjáanleg hepni. Einn bankanna, sem hann hafði lagt fé sitt í varð gjaldþrota og Monty misti þar í einu 100,000. Slæmri stjórn var um kent og bar bankahrunið upp á föstudag, 13 dag mánaðar. Er óþarfi að taka það fram, að þessi atburður nam burtu alla þá ótrú, ef nokkur hefði verið hjá Brewster á föstudegi og tölunni 13.

Brewster átti peninga sína í fimm bönkum, og hafði hann gert það af þeirra óljósu von, að ske kynni að einhver þeirra yrði gjaldþrota, og hann tapaði þannig nokkru fé, sem gæti orðið honum að hagnaði. Engar horfur virtust á því, að banki þessi

gæti tekið til starfa aftur, og var það talið gott úr því sem úr var að ráða, ef viðskiftavinir bankans, sem fé áttu hjá honum, fengju 20 cent af hverju dollarsvirði sem þeir hefðu átt til góða. Jafnvel þó að allir hefðu talið banka þenna öruggan, urðu þó nokkrir þeir er vitrastir voru til að andmæla Brewster og telja það glópsku af honum að hafa lagt fé á þann banka. létu þeir drjúglega yfir því að hann kynni ekki að fara með peninga. Hann heyrði að Miss Drew hafði talað hvað hæðilegast um þessa óvizku hans og forsjáleysi.

Þetta bankahrún kom af stað svo mikilli ókyrð meðal fjármálamanna. Það var svo sem sjálfsagt að menn færu að bera sig saman um það og íhuga hversu mundi að eiga fé í öðrum bönkum, og eigi leið á löngu áður en út íóru að berast hinar kynlegustu sögur um horfur hinna bankanna í borginni. Þeir er fé áttu inni þutu í bankana til að forvitnast um hvernig ástatt væri, og komu út þaðan aftur margir hverjir að nokkru leyti sannfærðir um, að ekkert væri að óttast.

Blöðin reyndu að draga úr ótta manna, en sumir voru svo ákafir að engum sönsum varð komið fyrir þá. Til smærri bankanna höfðu menn hlaupið í hópum, en þó var komið á góðan veg, eftir fyrstu hviðuna, að sefa menn, þegar sú frétt barst út að Manhattan Island bankinn væri illa staddur. Bankastjórinn þar var járnbrautakonungurinn Prentiss Drew ofursti.

Þegar sá banki var opnaður þriðjudaginn næst-

án eftir bankahrunið, þyrptist þangað hópar manna sem áttu þar inni fé og voru hræddir um að missa það. Áður en klukkan var orðin ellefu var straumurinn orðinn nokkuð ískyggilegur og engin rök gátu hnekt hræðslu manna. Drew ofursta og meðráðamönnum hans kom þetta nokkuð á óvart í fyrstunni, en tóku sér það ekki nærri, en því lengra sem á daginn leið og ákafi manna óx að heimta peninga sína út úr bankanum, varð þeim ljóst að hér var hætta á ferðum.

Monty Brewster átti eitthvað um \$200,000 í banka Drew ofursta. Að því er sjálfan hann snerti þá hefði hann ekki tekið sér nærri gjaldþrot þessa banka, en hann sá gerla, hvílíkt tjón margir aðrir hlytu að hafa af slíku, og þá fyrst skildist honum, hverju peningar geta orkað. Honum datt í hug, að það gæti haft heppilegar verkanir á þá sem fé ættu inni í bankanum, ef hann kæmi í bankann. Gjaldkerarnir voru að afhenda mönnum fé í þúsundtali, sem biðu órólegir eftir innstæðum sínum. Með Monty voru Harrison og Bragdon. Þeir ráðlögðu honum fastlega að krefjast þess að fé hans væri greitt út þegar í stað, en Monty sýndi ekkert snið á sér til þess. Þeir létu hann þá skilja það, að hann mundi gera þetta til að hjálpa föður Barböru og dáðust að hugrekki hans.

“Eg skil hvernig á stöndur”, sagði Bragdon úbyggilega. Því næst fóru þeir Harrison og hann inn í fólksþyrpinguna, og þar spurði annar hann mjög kæruleysislega hvort Brewster hefði tekið pen-

inga sína út úr bankanum. "Nei", var svarað, "hann á þar inni um \$200,000 og ætlar að láta þá vera þar kyrra."

Menn hlustuðu á þetta tal, en það virtist hafa heldur smávægileg áhrif. Fólkið var orðið svo hrætt að það hugsaði ekki um neitt annað en að ná peningum sínum; horfurnar voru alt annað en glæsilegar.

Loks kom Drew ofursti auga á Brewster. Bankast inn var afar kvíðafullur, en lét þó á engu bera og var hinn rólegasti að sjá. Hann sendi vika-svein sinn til Monty og bað hann að finna sig inn í herbergi sín.

"Hann ætlar að hjálpa þér til að bjarga peningum þínum", sagði Bragdon lágt. "Það sýnir bezt að þeir eru á heljarþröminni."

"Taktu hvern einasta dollar út úr bankanum, sem þú átt inni, Monty, og láttu það ekki dragast nokkra vitund. Það er auðséð að gjaldþrot verður innan stundar", sagði Harrison og hvesti á hann augun, sem af stóð glampi eins og úr augum á sóttveikum manni.

Brewster var síðan fylgt inn í skrifstofu ofurstans. Drew var þar aleinn og gekk um gólf þreyju-leysislega eins og villidýr í búri.

"Setjist þér niður Brewster og látið þér ekki á yður festa þó að eg sé órólegur. Við getum að vissu staðist þetta, en það er hörð eldraun. Þeir eru vitlausir — alveg bandvitlausir."

"Eg hefi aldrei séð neitt svipað þessu, ofursti. Eruð þér nú vissir um að þér getið borgað allar

kröfur sem fram koma?" spurði Brewster og var mikið niðri fyrir. Ofurstinn var fökur í framan og tugði endann á vindlingi sínum í ákafa.

"Við getum staðist þetta, nema svo fari, að sumir þeirra sem mest fé eiga inni hjá okkur verði hræddir líka og-ráðist á okkur með fjárheimtur eins og hinir. Eg get hæglega skilið það, að yður hafi orðið órótt yfir að heyra þessar fréttir, svona rétt á eftir að hinn bankinn varð gjaldþrota. En eg get persónulega fullvissað yður um, að fé það sem þér eigið hér inni er fyllilega á öruggum stað. Eg kallaði á yður hingað til að gera yður ljóst hve góða tryggingu bankinn getur boðið. Eg vil samt segja yður sem réttast frá, og vil þá geta þess við yður í trúnaði, að ef við þyrftum að greiða aftur aðra upphæð jafnháa og ávísun Austins, sem borguð var nýskeð, þá mundum við í bili, að minsta kosti, ienda í töluverðum vandræðum."

"Eg kom hingað til að fullvissa yður um það ofursti, að mér kemur ekki til hugar að taka peninga mína út úr bankanum. Þér þurfið ekki að kvíða nema því —"

Í sama bili var hurðinni lokið upp og einn bakapjónninn kom inn náfökur í framan. Hætt tok til máls, því að hann sá ekki Brewster strax, en er hann varð hans var, þagnaði hann alt í einu.

"Hvað er að, Moor?" spurði Drew rólega. "Það gerir ekkert þó að Brewster heyri það."

"Oglethorp heimtar útborgaða tvö hundruð og

fimmtíu þúsund dollara”, svaraði Moore og var erfitt um mál.

Hann getur fengið það, er ekki svo?” spurði ofurstinn rólega. Moore horfði ráðaleysislega á ofurstann og bar þögnin eins ljóst með sér, hvað honum bar í brjósti, eins og þó að hann hefði sagt eitthvað.

“Þetta eru slæmar horfur, Brewster”, sagði ofurstinn og sneri sér hvatlega að hinum unga manni. “Hinir bankarnir eru hræddir um að fá samskonar heimsóknir þá og þegar og við getum ekki búist við miklum styrk frá þeim. Sumir hafa þó hjálpað okkur ofurlítið, en aðrir blátt áfram neitað. Nú bið eg yður ekki að eins að láta kyrra innstæðu yðar hér, heldur og að hjálpa okkur á þessari hættulegu stundu. Ofurstinn sýndist tuttugu árum eldri og var merkjanlega skjálfraddaður. Brewster gat ekki annað en kent í brjósti um hann.

“Hvaða greiða get eg gert yður Drew ofursti?” spurði hann. “Eg ætla ekki að hefja peninga mína, héðan úr bankanum, en eg veit ekki hvernig eg ætti að hjálpa yður öðru vísi. Lofið mér að heyra það.”

“Þér gætuð kæri vin, gert traust manna örugt á ný, með því að leggja fé inn í okkar banka”, sagði ofurstinn með hægð, eins og hann væri hræddur við undirtektir þær, sem ósk hans mundi fá.

“Eigið þér við að eg geti bjargað bankanum með því, að taka fé mitt úr öðrum bönkum og leggja það í hann?” spurði Monty með hægð. Hann hugsaði

nú hraðar og kappsamlegar en hann hafði nokkurn-
tíma áður gert. Gat hann átt það á hættu að tapa
öllu fé sínu með þeim banka? Hvað mundi Swear-
engen Jones segja, ef hann færi að taka upp á því
að leggja stórmikið fé í stofnun eins og Manhattan
Island banka? Það mundi verða talin hin mesta
heimska af honum, ef bankinn yrði gjaldþrota. Það
mundi ónögulegt verða að færa fram varnir fyrir því,
hvorki fyrir Jones eða öðrum mönnum, ef hann
sólundaði fé sínu öllu þannig.

“Ég bið yður, Monty, að hjálpa okkur”. Nú
var dramb ofurstans alveg horfið. “Það yrði mesta
hneysa ef við yrðum að loka bankanum, þó ekki væri
nema svo sem eina klukkustund; þann blett tækist
ekki að þvo af fyr en eftir mörg ár. Þér getið end-
urvakið traust á okkur með fáeinum pennadráttum,
og bjargað okkur.”

Hann var faðir Barböru. Þessi drambsamí
maður kom nú til hans bljúgur og biðjandi; hann
hafði lagt af sér kæruleysis og kulda-grímuna, sem
hann var vanalega með frammi fyrir öðrum mönnum.
Nú flaug Brewster aftur í hug orðasennan, sem hann
hafði átt við Barböru, og hvað hún hafði verið ónær-
gætin við hann. Fáeinir pennadrættir með eða móti,
gátu gerbreytt æfi Barböru Drew. Bankamennirnir
stöðu báðir á öndinni. Úti fyrir heyrðist þrusk af
fótataki margra manna og dimmar raddir. Aftur
var opnuð hurðin að skrifstofu ofurstans og inn kom
bankaþjónn er bað Moore að hraða sér fram í bank-

ann. Moore stóð óráðinn í hvað gera ætti, en starði á Brewster. Ungi maðurinn vissi að nú var að því komið að hann annaðhvort neitaði eða játaði beiðni bankastjórans.

Alt í einu flaug honum í hug hvað skylda hans væri að gera. Hann mundi nú eftir að Mrs. Gray og dóttir hennar áttu alla sína peninga í Manhattan Island bankanum, þeirra litli auður hafði verið falinn Prentiss Drew og félögum hans, og nú var hann í hættu.

“Eg skal gera alt sem eg get ofursti”, sagði Monty, “en með einu skilyrði þó.”

“Og hvað er það?”

“Barbara má ekkert um þetta vita.” Ofurstinn rak upp á hann stór augu, en Monty gaf honum ekki langan umhugsunartíma, en sagði: “Þér verðið að lofa mér að hún fái aldrei neitt um þetta að vita.”

“Eg get ekki skilið hvernig á þessu stendur, en ef þér viljið hafa það svo, þá verður við það að sitja; eg lofa því.”

Eftir svo sem hálfu klukkustund stréymdu nokkur hundruð þúsund dollara inn í bankann og maðurinn sem komið hafði til að líta á hvernig höfurnar væru, gekk nú brott eftir að hafa bjargað bankanum. Það voru peningar hans sem á þeim degi höfðu endurreist traust manna á Manhattan Island bankanum. En er bankastjórinn og meðráðamennirnir komu til hans og buðu honum að borga honum

óvenjulega háa vexti fyrir peningalánið, þá neitaði hann því.

Þaginn eftir sendi Miss Drew út boðsbréf að dansleik. Montgomery Brewster var ekki boðið.

XIV. KAPÍTULI.

Mrs. De Mille skemtir.

Montgomery Brewster var ekki viðstaddur á dansleik Miss Drew. Satt var það að vísu að hann fékk seint og síðar meir boðsbréf með kuldalegri afsökun, en hann lét ekki á sig ganga og fór hvergi. Drew ofursta var það að nokkru leyti að þakka eða kenna, og hann hafði gert sitt til að stilla til friðar milli Brewsters og Barböru, því að ofurstanum var orðið mjög hlýtt til Monty's eftir þá hjálp sem hann hafði veitt honum þegar bankinn var hættast staddur. Þegar Barbara sagði honum nokkru fyrir dansleikinn að Herbert Alling yrði dans-stjóri, spurði hann undraðni og gramur: "Hví verður Monty Brewster það ekki?"

"Mr Brewster kemur ekki", svaraði hún rólega.

"Hefir hann farið burt úr borginni?"

"Það veit eg ekkert um", svaraði hún kuldalega.

"Hvað á þetta að þýða?"

"Eg hefi ekki boðið honum, pabbi." Miss Drew var ekki í góðu skapi.

"Hefir honum ekki verið boðið?" spurði ofurst-

inn undrandi. "Þetta er hlægilegt að heyra, Barbara, sendu honum strax boðsbréf."

"Þetta er dansleikur, sem eg hefi efnt til, og eg kæri mig ekki um að hafa Brewster þar."

Ofurstinn lét sig falla niður í stól til að sefa reiði sína. Hann vissi að Barbara hafði erfitt viljaþrek hans, og hafði komist að því fyrir löngu, að heppilegast var að fara vel að henni.

"Eg hélt að þú og hann væruð —"

"Já við vorum", greip Barbara fram í, "en það er alt búið nú."

"Hvað er að heyra þetta barn; eg get sagt þér, að enginn dansleikur hefði verið haldinn í mínu húsi ef —", en nú mundi ofurstinn eftir hverju hann hafði lofað Monty og gætti að sér í tíma. "Eg — eg á við að það verður ekkert úr dansleiknum, ef Brewster verður ekki boðið. Meira hef eg ekki um þetta að segja," bætti hann við og rauk út.

Barbara táraðist meir en lítið eftir að faðir hennar var farinn; en hún vissi að vilji hans var lög, og nú mátti til að bjóða Monty. "Eg skal senda honum boðsbréf", sagði hún við sjálfa sig, "en Monty kemur eftir að hafa farið yfir það, það þætti mér skrítið."

Montgomery komst samt ekki í það skap er hann fékk boðsbréfið, sem Barbara hafði ætlað honum. Hann þóttist að vísu sjá á því merki þess, að hún væri farin að mýkjast í skapi við sig, og var farinn að hlakka til að þau mundu bráðum sættast heilum

sáttum. Næsta sunnudag gerði hann ráðstafanir til að hitta hana, en hún tók honum mjög kuldalega. Það var auðséð, að henni fanst sökin eigi síður hjá honum en sér. Bæði voru í vondu skapi, og hvorugt vildi slaka til fyrir hinu. Brewster fanst hún hafa sært sig og móðgað, en henni fanst hann gera sér of dælt við sig. Hann var í þann veginn að kveðja hana fyrir fult og alt, en furðaði sig á því að hún skyldi ekkert láta undan. Hann hafði ímyndað sér, að hann gæti ráðið friðarskilmálunum og því kom honum það kynlega, þegar hún tók öllum tilraunum hans til að koma á sættum kuldalega og með hálfgerðri fyrirlitningu.

“Þú veist Barbara, að mér þykir mjög vænt um þig”, sagði hann bliðlega, “og eg þykist vita, að þér er heldur ekki alveg sama um mig. Þessvegna finst mér að þú munir taka þér nærri þessa heimskulegu misklið ekki síður en eg.”

“Einmitt það”, sagði hún og hóf augabryrnar hæðilega. “Þú hefir býsna fjörugt ímyndunarafl, Mr. Brewster.”

“Eg er að eins að endurtaka það, sem þú sagðir mér sjálf, hér einu sinni; að þér þætti vænt um mig. Þú vildir ekki lofa mér neinu þá, en það var ekki einskisvert, fanst mér, sú velvild sem þú kvaðst bera til mín. Mér finst að ofurlitill meiningarmunur hafi ekki átt að gerbreyta svo tilfinningum þínum.”

“Þegar þú ert við því búinn að fara að sýna mér sæmilega kurteisi, þá kann eg að geta hlustað á

beiðni þína,” sagði hún og stóð upp drembilát á svip.

“Beiðni mína?” honum hugnaði þetta orð illa, og hann misti snöggvast stjórn á tilfinningum sínum. “Þetta er ekki síður í þína þágu en mína. Þú getur ekki varpað allri ábyrgðinni af þér yfir á mig.”

“Hefi eg mælst til þess að hið sama samband kæmist á milli okkar sem var hér áður? Þú tekur mér það vænti eg ekki illa upp þó að eg minni þig á, að þú komst hingað í dag algerlega af eigin hvötum og án þess að spyrja mig um leyfi til þess.”

“En gættu nú að Barbara” — tók hann til máls, er hann hafði gert sér það ljóst að erfitt — mjög erfitt mundi verða að fá hana til að taka sönsum.

“Mér þykir fyrir því, Mr. Brewster, að verða að biðja þig afsökunar. Eg þarf að fara út.”

“Mér þykir fyrir því að hafa verið að ónáða þig í dag, Miss Drew”, svaraði hann og duldi drembni sína. “Eg fæ kennske færi á að finna þig seinna.”

Hann fór burtu hryggur í huga, og á leiðinni út rakst hann á ofurstann. Fas Monty's bar það að einhverju leyti með sér, er hann heilsaði ofurstanum, að Drew rendi grun í að dóttur hans og Monty hefði sinnast eitthvað.

“Viljið þér ekki borða með okkur miðdegisverð, Monty?” spurði ofurstinn til að fullvissa sig um hvort grunur hans væri á rökum byggður.

“Nei þakka yður fyrir, ofursti, ekki í kveld”, og hann var rokinn burtu áður en ofurstinn gat talað meir við hann.

Barbara flaut í tárum og var mjög gramt í geði, þegar faðir hennar kom inn í herbergið, en þegar hann fór að ámæla henni, hætti hún að gráta, en varð því gramari.

“Eg segi þér satt, pabbi, að þú skilur ekki mála-vexti”, sagði hún með áherzlu; “eg ætla að láta þig vita það nú, að ef Montgomery Brewster kemur aftur hingað, þá ætla eg ekki að tala við hann.”

“Ef þú lítur þannig á, þá langar mig til að segja þér, hvað eg hefi til míns máls. Ofurstinn stóð á fætur og staðnæmðist frammi fyrir henni, og nú gleymdi hann öllu í reiði sinni, sem var svo mikil, að hún gerði hann kaldan og rólegan í stað þess að þleypa honum í æsing sem snöggvast. Hann hirti nú ekkert um hverju hann hafði lofað Brewster, en sagði Barböru með mestu hægð hvernig Monty hefði bjargað bankanum. “Nú vona eg að þú sjáir, að ef hann hefði ekki verið, þessi drenglyndi piltur, þá hefðum við nú verið öreigar. Í stað þess að bjóða fólki til dansleikjar, mundir þú nú líklega vera farin að kenna músik. Montgomery Brewster skal ætíð velkominn í mitt hús og þú skalt sjá um að þessari ósk minni sé fullnægt. Skilurðu mig?”

“Já, út í æsar”, svaraði Barbara róleg. “Úr því að hann er vinur þinn, þá skal eg reyna að sýna honum kurteisi.”

Ofurstinn var ekki ánægður yfir þessari kulda-legu rósemi, en honum sýndist þó réttast að fara ekki lengra út í þessa sálma. Hann skildi við dóttur sína

þegjandi og auðmjúka, en glampi einkennilegur skeiri úr augum hennar, sem ekki spáði góðu. Þessi saga hafði meiri áhrif á hana en hún var fús á að viðurkenna. Það var ekki lítilsvirði að Brewster gat gert annað eins og þetta, og það fyrir hana. Fagnaðarbross færðist yfir andlit hennar, og dó ekki út fyrir en hún tók að rifja upp fyrir sér hvað hann hafði nýskeð verið óþjáll og ófáanlegur til að láta undan henni. Hún fann að hún varð að leggja rækt við skap sitt til að halda því í skefjum.

Hún var nokkru skapmjúkari fáum dögum síðar er hún lagði af stað í miðdegisveizlu til De-Milles. Þegar hún kom inn í sínum skrautlega búningi, fékk hún ákafan hjartslátt er hún kom auga á Monty, Brewster í hinum enda salsins. En hún gætti vandlega að láta ekki á því bera að tilfinningar hennar höfðu komist úr jafnvægi. Brewster hafði alls ekki heldur orðið þess var. Hann fann að hann var gestur og það gerði honum að skyldu að fela tilfinningar sínar bak við grímu, og sitja boðið þannig ábyrgðar og afskiftalaust. En fyrir því kom honum það nokkuð á óvart er honum var tilkynt það, að hann ætti að sitja til borðs með Miss Drew. Hann flýtti sér a fund forstöðukonu samsætisins og tjáði henni að þetta gæti ekki orðið.

“Eg vona að þér misstiljið mig ekki”, sagði hann “en það er of seint fyrir mig að hafa sæta-skifti við borðið.”

“Eg veit, að það er ekki þægilegt, Monty. En

það er nú svona að samkvæmistíðkan er, að skilja trúlofað fólk að í svona samsætum", sagði Miss Dan hlējandi. Það gengi hneyksli næst ef hjón væru látin sitja saman."

Nú var kallað á fólk til að setjast að borðum áður en Monty fékk svarað nokkru, og um leið og Mrs. Dan leiddi hann yfir til Barböru sagði hún: "Finst yður það ekki vera göfuglynd húsfreyja, sem gefur eftir álitlegasta karlmanninn í veizlunni, til þess að hann og stúlkan sem hann fær að sessunaut geti skemt sér sem best. Eg ætla yður að skera úr því, hvort að slík eftirgjöf er ekki vináttumerki?"

Þau urðu bæði niðurlút, Monty og Barbara, og varð orðfall í bili, en hann náði sér fyr og svaraði brosandí:

"Svona tilbreyting kom mér óvænt, en mín er æran," bætti hann við um leið og hann rétti Barböru hönd sína.

"Eg á bígt með að skilja þetta," sagði Barbara í augsýnilegum vandræðum.

"Munið þér ekki eftir manningum sem kvaddur var til að taka gömlu kærustuna sína við hlið sér í miðdegisveizlunni?"

Djúp þögn fylgdi þessum orðum og Monty og Barbara urðu enn vandræðalegri en fyr.

Þeim hafði víst hvoru um sig aldrei liðið ver, heldur en á meðan borðhaldinu stóð. Barbara hafði komið í veizluna miklu skapbljúgari, en hún hafði verið og við því búin að friðmælast, ef þess væri

kostur. Ef Monty hefði sýnt þá viðleitni sem henni hugnaði til að endurnýja vínáttu þeirra á milli, mundi hún hafa orðið því fegin. En hún var skoðanaföst og stirðlynd, og gæzt alls ekki að því, hve kæruleysislega hann kom fram í þetta skifti. Það var auðséð á hvoru þeirra um sig, að þau ætluðust til að hitt hæfi máls á sættargerðinni, en hinsvegar fanst þeim sjálfsagt að gæta skyldu sinnar gagnvart húsfreyju og boðsgestum. Það var svo að sjá sem allra augu hvíldu á þeim og að allir væru um þau að hugsa. Loks leit Barbara til hans og brosti. Í langan tíma hafði hann ekki séð bros á vörum hennar, en honum duldist ekki að brosið var uppgerð.

“Mér finst að jafngott væri fyrir okkur að láta fólk ekki sjá annað, en að við séum góðir vinir”, sagði hún rólega.

“Það er nú hægra sagt en gert”, svaraði hann þungbúinn.

“Fólk starir á okkur og eg er alveg hissa.”

“Eg láí því það ekki.”

“Við megum vera Mrs. Dan þakklát.”

“Veit eg það.”

Barbara tautaði eitthvað í hvert skifti, sem hún sá einhvern horfa í áttina til þeirra, en Brewster virtist ekki gefa því neinn gaum. Loks greip hann fram í fyrir henni þegar hún fór að tala um veðrið.

“Þetta er óþolandi, Barbara,” sagði hann. “Ef einhver önnur ætti í hlut en þú, þá mundi eg láta sem ekkert væri, en slíkt kæruleysi get eg ekki sýut þér.

Eg veit ekki hvað eg hefi brotið, en það hryggir mig, ef það er eitthvað. Eg vona að þú fyrirgefir mér.”

“Það er ánægjulegt að heyra þig kveða við þennan tón, þó að eg segi ekki meira.”

“En heyrðu, eg er viss um að þetta sundurlyndi okkar verður okkur hlátursefni einhverntíma. Þú gleymir því alveg að við eigum eftir að verða gefin saman í hjónaband einhverntíma.”

Nú hvesti Barbara á hann augun. “Þú gleymir því að til þess þarf þó að minsta kosti samþykki mitt,” svaraði hún.

“Ég þori að segja að á því stendur ekki þegar stundin kemur. Eg stend enn upp í baráttu, en eg er viss um að þegar þú hefir hugsað þig vel um, þá verður þú við óskum mínum.”

“Já, nú skil eg þig,” svaraði Barbara og rann í skap. “Þú ert að hugsa um að neyða mig til að taka þér. Þetta sem þú gerðir fyrir þabba á að —”

Brewster horfði á hana stórum augum og hélt að sér hefði misheyrst. “Við hvað áttu?” spurði hann.

“Hann hefir sagt mér alla söguna af bankafarganinu. En auningja þabbi, hann hélt að þú hefðir gert alt þetta af tónum drengskap. Honum kom ekki til hugar hvar fiskur lá undan steini. Hann hefði rifið sundur ávísunina frá þér, ef hann hefði haft nokkurn minsta grun um, að þú værir að reyna að kaupa dóttur hans.”

“Heldur faðir þinn það?” spurði Brewster.

“Nei, en eg sé nú hvernig í öllu liggur. Hann var í vandræðum — og þú — þú varst ekki lengi að grípa tækifærið, sem bauðst.”

“Segið þér nú ekki meira, Miss Drew”, sagði Monty í skipunarrómi. Málrómuurinn var breyttur, og hún hafði aldrei séð fyrri slíkan svip á honum. “Þér getið verið óhræddar um, að eg skal ekki ónáða yður framar.”

Arnþjotur B. Olson

XV. KAPITULI.

Ekki um að villast.

Í einu blaðinu sem mintist á hinn fyrirhugaða dansleik Brewsters, var afkáraleg prentvilla í yfirskrift greinarinnar um það efni, sem varð mörgum hlátursefni, því að í stað þess að segja að efnt væri til dansleiksins af unnusta Miss Drew, var sagt að það væri auður hennar sem héldi dansleikinn. Monty og Miss Drew þótti þetta samt ekki hlægilegt, og Auðmannasynirnir sem hentu mikið gaman að þessu, gátu ómögulega skilið í því, hví Monty tók þessu dauflega.

“Hann er svo ástsjúkur að hann getur ekki haft hugann á neinu nema ungfrúnni”, sagði Harrison eitt kveld er þeir félagar höfðu safnast saman að kveldverði, eins og þeim var títt í þá daga.

“Slíkt er engin nýjung”, sagði Bragdon íbygginn. “Þegar maður verður ástsjúkur, þá leynir það sér

ekki á skapsmununum. Trúlofað fólk gerir sig sekt í ýmsu hlægilegu athæfi, er það mundi aldrei henda, ef skynsemin fengi að njóta sín.”

“Jæja, ef Monty er enn ástfanginn af Miss Drew, þá þykir mér hann láta einkennilega í ljós ást sína”, skaut Subway Smith inn í og við það varð steinhljóð. Mörgum hafði dottið þetta sama í hug, en enginn hafði komið sér að, að segja það. Þá grunaði að eitthvað byggi undir, vegna þess, hvað Brewster var þögull um þetta efni, eftir veizluna sem De Mille hafði haldið.

“Þetta eru líklega ekki annað en venjulegir dutlungar í trúlofuðum persónum, sem að eins skerpa kærleikann”, sagði Bragdon. En fleira sagði hann ekki, því að í þessu kom Monty sjálfur og nú settust þeir að borðum.

Aður en þeir skildu, höfðu “Auðmanna-synirnir” fengið að vita allar helztu fréttirnar viðvíkjandi dansinum. Monty gat þess alls ekki, að dansleikurinn væri haldinn í heiðursskyni við Miss Drew, og það var áberandi að nafn hennar var ekki á boðsgesta-skránni. Þegar Monty hafði tilkynt Auðmanna-sonunum ráðgerðir sínar viðvíkjandi dansleiknum, skorti mikið á að þeir gætu fallist á þær, þó að þeir væru bæði hugkvæmir um skemtánir og gjarnir til fjáreyðslu.

“Nopper” Harrison gat þess til með mikilli alvöruhefni að dansleikurinn mundi kosta Brewster að minsta kosti \$125.000. Auðmanna-synirnir litu

hver til annars, en Brewster glotti kuldalega ofan af vini sínum hæfilega ofanígjöf fyrir framhúsinna, og sagði að síðustu, "eg er viss um að 'Lopper' reynir að sitja um niðursett verð á giftingarglólánum sínum."

Harrison vildi ekki láta hann eiga hjá sér og svaraði: "Eg held að það væri þó skynsamlegra, með allri virðingu fyrir þér, heldur en ákefðin sem í þér er að koma miljónum þínum ofan í hvern þann, sem opna vill munninn fyrir bitum af borði þínu."

"Eg sé ekki betur en fólk gleypi þær með beztu lyst rétt eins og súkkulaði-brjóstsykur", svaraði Brewster.

Nú greip Pettingill fram í með mælsku sinni og hrópaði: "Vinir mínir og herrar!"

"Hverjir eru vinir og hverjir herrar?" spurði Van Winkle.

En listamaðurinn lét ekki rugla sig, en hélt áfram: "Leyfið mér að gera ykkur kunnuga okkar mikla Krösusi — þeim eina, sem nú er uppi. Hann hefir messing í marmara stað og gerir flugdreka úr fimtíu-dollara seðlum. Hann etur silfur og drekkur gullblöndu. Lítið á hann herrar mínir, manninn sem eyðir þrjátíu þúsund dollurum í blómakaup."

"Að viðbættum Vinar-söngflokknum, sem kostar tuttugu og níu þúsund", bætti Bragdon við. "Og þó er sagt að þögnin sé gullvæg."

"Og svo eru þrjár söngvarar látnir skifta á milli sín tólf þúsund dölum. Slíkt er blátt áfram glæpur",

hrópaði Van Winkle. "Yfir á Þýzkalandi eru þeir látnir syngja í heilan mánuð fyrir hálfri þeirri upphæð.

"Það er leiðinlegt að heyra til ykkar menn", tautaði Brewster og reyndi að slá þessu upp í gaman. "Eg ætla að eins að biðja ykkur að koma á dansleikinn og láta ykkur ekki leiðast. En hérna ykkur að segja vildi eg heldur láta standa mig að því að vera að kaupa ísrjóma hjá Huyler, heldur en að efna til þessa dansleiks. En—"

"En þá langar okkur til að vita ástæðuna. Hver er hún?" spurði Subway og hallaði sér áfram áfergislega.

"En", hélt Monty áfram, "nú hefi eg fastráðið að halda dansleikinn, og dansleikur skal það verða, sem mörgum verður minnistæður."

Samt sem áður gat Brewster, þó að hann léti kæruleysislega, ekki fengið hugrekki til að segja Margrétu frá þessari og annari eyðslusemi sinni. Hann lét sér nægja að geta þess við hana, svona í almennum orðum, að hann kæmist að miklu betri kaupum um flest, en hann hefði búist við nokkurn tíma. Hann hló að ýmsum sögum, sem hún þóttist hafa heyrt um fjáreyðslu hans og kvað þær ekki ná nokkurri átt. Og er hún heyrði þessar fullyrðingar hans, hvarf henni kvíði úr huga og hún varð glaðleg á svip, eins og hún átti að sér.

"Eg býst við að hún haldi mig flón", sagði Monty, er hann fór út frá þeim mæðgum, eftir eina

slíka umræðu, "en hvað mun hún þá halda um mig, þegar komið er að árslokunum næstu, og eg verð rétt að segja orðinn öreigi?" Honum féll það hvað þyngst að þegja yfir því við Margrétu, hvað knúði hann fram í því einkennilega kapphlaupi, sem hann var að þreyta — kapphlaupi eftir fátæktinni. Hann sárlangaði til að segja henni upp alla söguna, en sat þó á sér um að gera það.

Undirbúningurinn undir dansleikinn hélt alt af áfram, og í vetrardeyfðinni hélt þetta hugum samkvæmisfólksins vakandi. Ráðgert var að þetta yrði dansleikur á spanska vísu, og við margar te-veizlur var vonin um það hátíðahald eins og himnesk sending til að fjörga samtal gesta. Eins og vant var þegar um fjáreyðslu Montys var rætt, féllu mörg háðsyrði í hans garð, en þó leyndi sér það ekki að hinir aladlinsku skemtunar-hættir hans, löðuðu að sér hugi margra manna. Þó að látin væri í veðri vaka vanþóknun á tiltækjum hans, lá á bak hjá flestum hulin aðdáun á hinum dæmafáa kjarki mannsins. Og það voru næsta fáir sem datt í hug að skerast úr leik að hjálpa honum við fjáreyðsluna. Það var svo auðvelt að fylgja honum fram á fremstu brún hlydýpisins og lofa honum svo einum að halda áfram og fram af. Brewster heyrði að eins óminn af þessu, því að hann hafði þaggað niður í Harrison með nýjum verkum og Pettingill með fögrum framtíðarmöguleikum. En þessi ómur á lengdar fekk lítið á hann, einkanlega vegna þess, að hann var önnum kafinn

við að semja reikninga, sem skörðuðu stórum í teknadálk hans. Það gat ekki hjá því farið að dansleikurinn stækkaði það skarð drjúgum, þrátt fyrir uppbótina sem hann hafði fengið úr hlutakaupunum. Auðmanna-synirnir lágu ekki á liði sínu við að hjálpa Brewster. Honum fanst þeir samt fremur liðléttir, ekki hvað sízt fyrir þá sök, hvað þeir gátu sjaldan verið á einu bandi, heldur sýndist sínum hvað. En þó gramdist honum það mest, að um það eitt gátu þeir verið sammála, að reyna að draga sem mest úr útgjöldum hans, að auðið var.

“Hann er vís með að gefa bifreiðar og perlu-bönd í veizlugjafir, ef við tökum ekki af honum ráðin,” sagði Subway Smith, eftir að hann heyrði að Monty hafði lagt svo fyrir að kampavín skyldi drekka allt kveldið. “Gefðu þeim kampavín fyrst”, sagði hann, “en þegar á líður láta þeir sér á sama standa þó að þeir fái ekki annað en eplavín.”

“Monty lætur hlaupa með sig í gönur”, sagði Bragdon með hægð, “og þetta áform hans er augljósasti votturinn, og útlitið hans er orðið ljótt.

Það voru heldur engin ósannindi. Brewster var farinn að láta á sjá. Ahyggjur og erfiði var farið að veikja heilsu hans. Hann var orðinn fögur yfirlitum, augun dauf, og alt fas hans bar vott um kæruleysi, og því gat hann jafnvel ekki leynt fyrir vinum sínum, að hann væri ekki vel frískur.

“Það er eitthvað sem gengur að mér”, sagði hann, “það er engu líkara en að öll líffæri mín hafi

gert samtök að því að hætta að starfa.”

Alt í einu varð hlé á undirbúnings starfinu undir dansleikinn. Tveim dögum fyrir en átti að halda hann bar þetta að, að forstjórnarnir stóðu uppi ráðaláusir og í vandræðum. Monty Brewster hafði lagst veikur og var þungt haldinn.

Botnlangabólgu töldu læknar það, sem að honum gengi, og var sagt að uppskurður væri óhjákvæmilegur.

“Hamingjunni sé lof að það er þess kyns tízku-sjúkdómur”, sagði Monty hlægjandi, og lét ekki neinn kvíða á sér heyra. “Það hefði verið svo hlægilegt, ef það hefði verið hettusótt, eða í blöðunum hefði staðið: “Vegna þess að Mr. Brewster liggur í kíghósta gat hann ekki verið á dansleiknum, sem hann hafði efnt til.”

“Þú ætlast þó líklega ekki til að dansleikurinn fari fram nú meðan þú ert veikur”, sagði Harrison.

“Ójú, Nopper”, sagði Monty. “Þetta hafði eg einmitt helzt viljað. Þið vinir mínir heilsað gestunum og bjóðið þá velkomna, en eg verð heima.”

Nú settust Auðmanna-synirnir þegar á ráðstefnu, og voru þeir allir á einu máli um það, að fresta boðinu. Fyrst í stað var Monty alveg á móti því, en þegar vinir hans leiddu honum það fyrir sjónir, að hann gæti haldið dansleikinn síðar, þegar hann friskaðist, þá linaðist hann. Hann sá að það gat verið hagur fyrir hann, að fresta dansleiknum, til efni nýs kostnaðar, sem vert var að íhuga.

“Jæja, látum svo vera, en frestum honum að eins.”

Nú varð margt að gera næstu daga, að fá samninga upp hafna, kalla aftur boð, greiða skuldir, og reyndu vinir Monty að firra hann fjárskada eftir því sem auðið var. Harrison og félagar hans lágu þar ekki á liði sínu; þeir voru dauðhræddir um líf Brewsters og komu afarmiklu til leiðar. Gardner duldist það ekki að Vinar-söngflokkurinn heimtæði sitt, og að Monty hlaut að stórskadast á honum. Gardner fanst því reynanli að gera þá ráðstöfun að söngflokkurinn ferðaðist um landið, til að hafa upp í, og Monty var svo sjúkur, að hann gat ekki verið að skifta sér af því, og lét vin sinn ráða.

Monty var ókvíðinn um sjúkleik sinn, og fanst botnlangabólgan vera sér nærri því hagræði.

“Það er nú orðin tízka að fá botnlanga-bólga,” sagði Monty eitt sinn við Margrétu Gray.

Hann neitaði því algerlega að fara í sjúkrahús, en það þess að hann yrði fluttur í gamla heimkynni sítt til Mrs. Gray.

Í sjúkleik sínum fann Monty það, að hann þurfti á nákvæmni og vinsamlegri aðhlynningu og samúð að halda. Dr. Lotless varð að láta breyta litla svefnherberginu hjá Mrs. Gray í uppskurðarstofu, með nítísku þægindum, og Monty huggaði sig við það, að þó að hann tefðist við að framkvæma fjáreyðslu dagagerðir sínar um nokkrar vikur, þá skyldi hann sjá um að veikindi sín, skyldu verða svo kostnaðar-

söm sem auðið væri. Frægir lækna og sérfróðir voru tilkvaddir, en Brewster brá þó ekki venju sinni, en lét Dr. Lotless, einn Auðmannasoninn, vera kjör-lækni sinn. Monty bar þjáningar sínar með karl-mensku, og gaf jáyrði sitt til uppskurðarins, því að það var eini vegurinn til að bjarga lífi hans. Fyrst var barátta um líf og dauða, síðan lífsvon og loks rósemi afturbatans. Í sama litla herberginu þar sem hann hafði dreymt æskudrauma sína, og lifað sínar hrygðarstundir meðan hann var barn að aldri, heyði hann nú þunga baráttu við sjúkleik sinn, sigraðist á honum, og þegar af var það harðasta, tók að rofa aftur gegnum skugga dauðans, er yfir höfðu gælt. En honum fanst þó erfiðara að vakna aftur til lífs-ins, en hann hafði ímyndað sér. Honum fanst lífs-byrðin svo afar-þung undir að ganga á ný. Hjúkr-unarkonan þóttist sjá að eitthvað áhrifameira þyrfti til að hressa hann við, en fjörgandi lyfa, og k m henni loks til hugar að fá Margrétu til að hjálpa sér.

“Magga”, sagði hann, þegar henni var fyrst leyft að koma inn til hans, “veröldin er ekki vonl eftir alt saman. Stundum hefir mér að vísu sýnst hún nokkuð skuggaleg meðan eg hefi legið herna inni. En það er svo margt sem lýsir upp dimmuna. Í dag finst mér eins og eg eiga hér einhvern vísan stað, — eitthvað til að vinna fyrir. Hvað finst þér Magga? Heldurðu að eg dugi til að koma u kkrú í framkvæmd? Þú veist við hvað eg á — eitthvað sem aðrir gætu ekki gert nærri eins vel og eg?”

En Magga vildi ekki leyfa honum að tala. Hún var hrædd um að hann hefði ilt af því. Hún reyndi að sefa ákafa hans og tók að strjúka hár hans með köldum höndum sínum. Svo skildi hún við hann, svo að hann gæi áttað sig.

Æði margir dagar liðu þangað til Monty hafði náð sér svo vel, að hann gat farið að hugsa um fjármál, en hann vonaðist eftir að læknarnir mundu setja upp drjúgan skilding. Við það huggaði hann sig. En er Dr. Lotless lét hann vita að allur legukostnaðurinn mundi ekki fara fram úr þrjú þúsund dollurum, þá lá við að Monty slæi niður aftur.

“Og hve mikill er aukakostnaðurinn fyrir uppskurðinn?” spurði Brewster ólundarlega.

“Hann er innifalinn í þessum þremur þúsund dollurum,” svaraði Lotless. “Þeir vissu að þú varst vinur minn og því voru þeir sanngjarnir í kröfum sínum.”

Í marga daga lá Brewster á heimili Mrs. Gray, og þó að honum leiddist legan, þá bætti það mikið um, að hann hafði Möggu þar sér til skemtunar; það friðaði hann mikið, því rótt var honum ekki yfir því, hvað mikill tími gengi frá, sem ekki var hægt að eyða til fjáreyðslu. Hann gat heldur ekki annað en glaðst yfir því, hvað vinir hans og aðrir létu sér ant um hann. Um það báru ljósastan vott sífeldar spurningar um liðan hans. Alt þetta vakti á ný hjá honum sjálfsvirðing. Læknarnir ráðlögðu honum síðast að sigla til suðurlanda, og dvelja á Florida að

minsta kosti mánaðar tíma meðan hann væri að hressast. Monty tók þessari ráðlegging fegins hendi, og fól Harrison að leigja þar stað handa sér og þeim Gray-mæðgum. Hann krafðist þess fastlega að fá þær með sér í þetta ferðalag.

“Hvað verður langt þangað til eg get farið að vinna aftur, læknir?” spurði Monty daginn áður en sérstaka lestin lagði af stað, sem flutti hann suður. Hann var farinn að sjá að þessi veikindi hans voru að verða ískyggileg tálmsnara á áformi hans. Hann dauðlangaði til að geta tekið til starfa á ný með fullri fjöri og þrótti.

“Starfa?” endurtók læknirinn. “Hver er atvinnan mætti eg spyrja?”

“Að auðga annað fólk,” svaraði Brewster stillilega.

“Ertu ekki ánægður yfir því, sem þú hefir látið af mörkum við mig? Ef góðgerðafíkn þín er svo megn, sem þú lætur í ljós, þá hlýtur þú að vera meir en lítið lasinn. Eg ráðlegg þér að fara mjög varlega með þig, og ef þú gerir það, ættir þú að vera fær um að hafa stöðuga fótavist eftir fimm til sex vikur.

Harrison kom inn rétt í því að Lotless fór út. Magga sat við gluggann og leit brosandi framan í hann. Hún hafði verið að lesa reglulegan eldhús róman fyrir Brewster.

“Nú, hvað er að segja um dansleikinn, sem eg ætlaði að halda?” spurði Monty og var þungbúinn á svipinn.

“Við frestuðum honum,” svaraði Harrison, og varð hálf forviða við spurninguna.

“Manstu það ekki Monty?” spurði Margrét og leit upp; henni flaug í hug, að hann hefði skyndilega fengið óráð.

“Eg veit það, en nú vildi eg vita, hvaða tíma þið hafið tiltekið, nær dansleikurinn skyldi haldinn?”

“Við ákváðum engan tíma, Monty, okkur var það ómögulegt — við höfðum enga heimild til þess, vildi eg sagt hafa.”

“Eg skil það, En hvað er orðið um öll blómin og söngleikaflokkinn?”

..Söngleikaflokkurinn er á fljúgandi ferð um landið og þykir mér ekki ótrúlegt, vegna ósamlyndis sem komið er upp í honum undir stjórn aumingja Gardner; og gæti bezt trúað að Gardner lenti á geðveikrahæli e... alt saman. En um blómin er það að segja, að þe... löngu dauð.

“Jæja, það verður að sitja við það sem komið er Nobber, en nú verðum við að fara á stúfana og reyna að efna til nýs dansleikjar, eg er að halda að við ættum að geta verið búnir að koma honum í kringum miðföstu. Þá ætti eg að vera orðinn heill heilsu.”

Margrét leit til Harrison eins og hún vonaðist eftir aðstoð frá honum til að berjast á móti þessari fyrirætlun Montys; þau fóru að hugsa um hvort veikindi Montys hefðu gersamlega gert hann vit-skertan.

XVI. KAPÍTULI.

I sóllöndum syðri.

Það var lághýsi miljónaeiganda frá New York, sem leigt hafði verið handa Brewster. Eigandinn hafði kosið að dvelja í Ítalíu um hríð, og hafði falið vinum sínum að leigja skemtistaðinn, sem lá á mjög fallegum stað og var hinn vistlegasti. Brewster hafði leigt þarna til þriggja mánaða og greiddi afar hátt leigu. Hann lét Joa Bragdon sjá um að flytja hina skrautlegu búslóð frá New York þangað, og innan skamms var hið nýja heimkynni orðið að hinum dýrðlegasta dvalarstað. Monty var enn ekki orðinn fær um að aka í bifreið eða koma á hestbak, en bæði bifreið og hesta sendi hann suður og fengu vinir hans að brúka þau óspart. Harrison var skilinn eftir nýrðra til að undirbúa dansleikinn fyrnefnda og var honum þó óljúft næsta það verk; sömuleðis átti hann að sjá um að undirbúa væntanlega skemtiféð á listisnekkju. Dr. Lotless, systi hans og Smith Subway fóru suður með Brewster.

Dr. Lotless setti Monty mjög strangar reglur

um matarhæfi, og gekk fast eftir því að þeim væri fylgt. Varð afturbata-tíminn sjúklingnum mikill reynslutími. Fyrst í stað var honum algerlega haldið inni og styttrar stundir með því að spila á spil. Monty þótti þó ekki mikið til þess koma að spila "bridge", en vildi heldur spila "piquet" við Margrétu. Og eitt sinn er þau sátu við að spila það spil, lagði hún fyrir hann spurningu, er hann hafði lengi kvíðið fyrri, því að hún sagði: "Eg hefi heyrt sagt, að Miss Drew og móðir hennar, ætli að fá sér herbergi í gistihúsinu hérna. Væri ekki skemtilegra að þær flyttu hingað?"

Hún átti bágra með að segja þetta, en hún hafði búist við, en Brewster brá svo við orðin, að hann varð þungur á svipinn og Margrét sá eftir því sem hún hafði sagt og varð niðurlút. Hana hafði furðað á fúleik Brewsters og Miss Drew, og langaði til að ráða þar á bót. Stundum hafði henni flogið í hug að Monty mundi ekki taka sér sundurþykki þetta fjarska nærrí, en annað veifið duldist henni ekki að hann var ógladur og það olli henni mikillar áhyggju. Henni fannst að hún ekki geta beðið lengur með að vita vissu sína í þessu efni, og þó að hún væri við hinar versta húin, hikaði hún þó ekki við að framkvæma fyrirætlan sína.

"Þú ættir að vita, að þær mundu sízt koma hingað að mæðgurnar", svaraði hann, og svipur Montys var slíkur að Margrét fann lítinn hugarlétti eftir spurninguna, en hún lét það ekki á sig fá.

"Eg gleymi engu Monty, sem eg veit með vissu,

en í þessu efni hefir þú algerlega rangt fyrir þér. Hvar er nú kapp þitt? Þú hefir aldrei fyrri tapað í baráttu, sem þú hefir gengið út í, og þú ættir ekki að gera það heldur í þetta skifti. Það er einhvernveginn svo sem þú hafir tapað kjarki þínum, Monty. Sérðu það ekki að nú ríður einmitt á því að sýna dugnað?" Það var einhvernveginn svo, að hún sagði alt annað, en hún hafði ætlað sér. Henni féll svo þungt að sjá, hvað illa lá á honum. "Eg veit að þú tekur þetta ekki illa upp af mér, Monty", sagði hún blíðlega. "Eg veit að eg ætti ekki að vera að skifta mér af þessu, en við erum nú svo vel kunnug, og mér fellur það svo fjarskalega illa, hvað þú ert niðurdreginn, vegna þess að mishepnast hefir það sem átti að fara vel.

En Monty tók þetta alls ekki vel upp. Hann langaði ekkert til að tala um þetta við Margrétu, og honum fanst þessi ákefð í henni að gifta hann annari, öldungis óþörf. Það var svo sem auðséð að slíkt var vottur um, að henni væri ekki mjög hlýtt til hans sjálfri. Hann leit því hálfönuglega til hennar, en hún var að eins að hugsa um hvað honum liði illa, og hann sá ekki nein merki þess, hvað henni bjó í brjósti sjálfri.

"Þú veist varla um hvað þú ert að tala, Margrét" sagði hann loks, er þau höfðu bæði þagað um stund. "Hér er ekki um neina smádu tunga að ræða af Barböru hendi, heldur um ákvörðun sem gerð hefir verið af ráðnum huga."

“En maður getur alltaf breytt ákvörðunum sínum”, greip hún fram í.

“Nei, alls ekki”, hreytti Brewster út úr sér. “Hún ber ekkert traust til mín, og heldur mig bjálfa.”

“Má vera að hún hafi nokkuð til síns máls”, svaraði Margrét í nokkrum hita. “Kannske þú hafir aldrei rekið þig á það að stúlkur segja ekki svo sjaldan alt annað, en þeim er í hug, til þess að dylja sínar eigin tilfinningar. Kannske þú hafir aldrei gert þér grein fyrir því hvað ákafar, óstýrilátar og heimskar stúlkur eru. Þær hafa ekki vit á að vera ærlegar við þá menn, sem þær elska, og mundu ekki gera það þó að vitið væri nóg til. En þú ert líka einn heimskinginn Monty Brewster, ef þú hefir lagt trúnað á það fremur, sem hún sagði, en það hvað augnaráð hennar opinberaði.”

Og nú gat Margrét ekki sagt meira, en þaut burtu, gröm í huga og ákaflega óhamingjusöm; hún flýtti sér að eins burtu til að dylja sitt sanna grátgjarna kveneðli, en Brewster sat eftir í þungum þönkum og skyldi hvorki upp né niður í háttalagi hennar. Hann fór að velta því í huga sínum hvort Barbara Drew kynni nú að hafa aðrar skoðanir á honum, en hún hafði látið í ljós við hann munnlega, og alt í einu hvarflaði hugur hans aftur til Margrétar. Að eins tvisvar sinnum hafði hann séð hana í slíku skapi, og hann gat ekki annað en dáðst að henni. Hann mundi það nú að hún hafði orðið fokvond einu sinni, þegar hún var eitthvað fimtán ára, við stúlkunni,

sem honum hafði gæðjast vel að. Alt í einu rak hann upp hlátur, þegar hann setti sér Margrétu fyrir sjónir, þegar hún talaði í sem mestum hita, og nú tóku þunglyndisskýin hvert á eftir öðru að smá hverfa af andliti hans, svo að það varð loks bjart og glalegt eins og það var vant að vera þegar hann var með skapa sínum. Sá er færði honum inn bréfin hans, kom á óvart að heyra hann hlæja svona. Eitt bréfið var frá Nopper Harrison og í því voru allar tíðinda-vænlegustu fréttirnar. Dansleikurinn átti að standa um miðföstu er bar upp á miðjan Marz, og vel var á veg komið með að leigja skemtisnekkju, sem "Flitter" hét, og Reginald Brown átti, en áður hafði hann átt Brown & Brown.

Þegar Brewster fékk bréfið, kom í hann ný óþreyjuhvíða. Hann fann að fjármálin voru að lenda í mesta ólestri. Veikindi hans hlutu að verða honum sjálfsagt \$50,000 fjártjón. Eina huggun hans var fréttin sem Harrison skrifaði honum af viðureign Gardners og söngflokksins frá Vín. Þar var hver höndin upp á móti annari og fóru deilurnar dagversnandi, og fyrirtækið reyndist hin mesta heimska frá fjármálauna sjónarmiði. Samningsrofin leiddu af sér sífeld málaferli með fjárútlátum og aumingja Gardner var alveg að ganga af göflunum yfir öllu saman. Frá upphafi höfðu samningarnir misheppast ~~og~~ var ekki annað sýna eftir öll málaferlin og óánægjuna, en að félagið sundraðist alt. Gardner átti stöðugi von á því að þessir deilugjörnu Ungverjar

sem voru í fylgd með honum mundu þá og þegar ráða hver á annan og lyktirnar yrðu þær að þeir tekju að berjast með daggörðum og dræpust niður.

Brewster gat ekki að sér gert nema að brosa er hann gerði sér í hugarlund, hversu Gardner væri ásýndum, sá hygni maður, er hann væri að reyna að þagga niðri í þessum söngmanna skara.

Fáum dögum síðar komu þær Drew-mæðgur og settust að á gistihúsinu Ponce de Leon, og var nú mikið rætt um það að sættir mundu takast með Monty og Miss Drew. En Monty var tregur til að tala nokkuð um slíkt við vini sína. Með Mrs. Drew hafði komið hópur af fólki, þar á meðal tvær Kentucky stúlkur og ungur miljónæigandi frá Chicago. Mrs. Drew bjó vel um sig, en ekki var náðarnærri eins kostnaðarsamt hennar vistarfar þar syðra eins og Montys og hans fólks. Eigi að síður gat varla hjá því farið að fundum þeirra tveggja gestahópa bæri saman þegar þeir færu út á skemtireiðar þar í nágrenninu. Monty kvaðst vera of lasinn til að stíga á hestbak, en sannleikurinn var sá að hvorugt þeirra Barböru langaði til að sjást.

Margrét Gray var alveg utan við sig af þessu háttalagi Montys. Hún þóttist vera viss um það, að bak við stæriketii hans fælist einlæg löngun til að ná aftur hylli Barböru. En henni var það hulinn leyndurdomur hvornig ætti að fara að setta þau, ef hann héldi áfram þeirri stífni sem hann hafði tekið í sig. Hún þóttist vera viss um að það eina sem dygði til

að fá Barböru til að slaka til, væri að sýna henni enga óþarfa eftirgjöf; en Monty var ófánlegur til að taka nokkrum ráðleggingum. Henni kom aldrei til hugar að efast um það, að Barböru þætti vænt um hann, en vegna þess að engu varð um þokað með Monty, varð ekki neitt úr neinu. Henni flugu ýmisleg ráð í hug, en þegar hún fór að íhuga þau nákvæmlega, fann hún þau annaðhvort gagnslaus eða óframkvæmanleg.

Stundum hafði henni þó flogið í hug að tala við Miss Drew og reyna að laga þetta þannig. En það var eitthvað það í fari bankastjóra dótturinnar, sem aftraði henni frá því; jafnvel eftir að þær voru orðnar nágðannar, fanst henni enn að veggur liggja á milli þeirra. Þóks vildi svo til er Margrét hafði þegið boð Barböru að aka með henni, á einum sólbjörtum degi, að tækifærið virtist bera að alt í einu. Þá í fyrsta sinni fanst Margrétu að hún finna að Barbara væri elskuleg stúlka, enda var hún einstaklega vin gjarnleg. Þær óku lægt í gegnum skóga og fram með höfninni, og þar úti undir berum himni virtust þeim allir hlutir verða svo elskulegir og auðveldir. Þarna virtist nú svo einstaklega auðvelt að minnast á það, er áður hafði verið lítt takandi í mál að hafa orð á, og þarna virtist jafnvel lægt að fara að tala um Monty. Þarna fanst Margrétu rétta tækifærið bjóðast til að hreyfa því málefni sem henni hafði legið svo lengi á hjarta. Sjálfsagt varð hún að hefja máls á því; um annað var ekki að ræða, og hvort sem það

var nú vel viðeigandi eða ekki, þá setti Margrét það ekki fyrir sig.

Nú segir læknirinn að Monty megi fara út og keyra á morgun", tók hún til máls. "Er það ekki gaman?"

Barbara svaraði engu, en sló ofurlítið í hestinn; en snögt og ónotalega. Margrét lét sem hún tæki ekki eftir því, en hélt áfram:

"Hann hefir alveg verið utan við sig af leiðindum aumingja drengurinn, að verða að sitja innilokaður allan þennan tíma, eg —"

"Miss Gray, eg ætla að biðja yður að gera svo vel og minnast ekki á Mr. Brewster aftur við mig", greip Barbara fram í og hleypti brúnnum, en Margrét var ekki á því að láta þagga niður í sér svo auðveldlega, en mælti ennfremur:

"En hvaða ástæða er fyrir yður að láta svo; eg veit býsna vel hvernig í öllu liggur, og mér er ómöglegt að ímynda sér að hvorki þér eða Monty hafið getað slitið á einni viku úr hugum ykkar tilfinningar, sem höfðu fest þar svo djúpar rætur. Að minsta kosti þekki eg Monty svo vel, að honum er ekki svo farið." Margrét þóttist svo viss í sinni sök að hún hélt áfram, "og þér eruð of elskuverð stúlka til þess að yður líði illa um langan tíma út af smávægilegum misskilningi; mér finst eins og ekki þurfi að segja nema eitt smá orð til að jafna alt saman."

Barbara rétti sig upp í sætinu og starði fast á veginn, sem lá hvítur og sólgljár fram undan. "En eg

hefi enga löngun til að láta þetta jafna sig aftur." Hún sagði þetta með mjög miklum alvörusvip.

"En þó eru ekki nema fáar vikur síðan þið voruð trúlofuð."

"Mér þykir fyrir því", svaraði Barbara, "að um þetta skuli hafa verið talað jafnmikið og gert hefir verið. Mr. Brewster bað mín, en eg tók honum aldrei. Samnast að segja var það eingöngu vegna þrábeiðni hans, að eg gerði bónorðið að álitamálu. Eg hugsaði mig um. Eg skal játa það að mér féll hann vel í geð, en svo leið ekki á löngu áður en eg komst að því hverskyns maður hann er."

"Við hvað eigið þér?" spurði Margrét og hvesti á hana augun. "Hvað hefir hann gert?"

"Það vill svo til að mér er kunnugt um, að síðan í Septembèr mánuði síðastliðnum hefir hann eytt meir en fjögur hundruð þúsund dollurum. Finst yður það ekki býsna svæsið?" Miss Drew sagði þetta mjög rólega og kuldalega, og þó að Margrétu dyldist ekki að slík eyðslusemi var ómælisverð, hikaði hún ekki við að reyna að verja æskuvinnu sinn.

"Hefir örlæti þá hætt að vera dygð?" spurði hún kuldalega.

"Örlæti!" endurtók Barbara hvatskeytislega. "Ann að eins og þetta er stjórnlaus heimiska. Hafið þér ekki heyrt hvað fólk segir? Fólk kallar hann flón sín á milli, og menn eru að veðja um það í klúbbunum, að hann verði orðinn öreigi eftir eitt ár."

"En þó hjálpa menn honum hiklaust til að eyða,

og eg hefi þó orðið þess vör, að jafnvel hagsýnar meður telja hann æskilegan tengdason."

"Það var fyrir nokkrum mánuðum síðan", sagði Barbara rólega. "Þegar hann átti tal við mig, sagði hann mér, að sér mundi verða ómögulegt að giftast mér fyrir en að ári liðnu, og getið þér ekki séð það sjálfar, að þá verður hann orðinn öreigi?"

"Alt er nú betra en eiga beiningamann", svaraði Margrét hátt og snjalt.

Barbara hikadi við ofurlítið.

"Ég vona samt að þér viðurkennið það Miss Gray, að þetta er vottur um ósæmilegt kæruleysi og veiklyndi. Hvernig ætti nokkur stúlka að hafa þrek til að trúa öðrum eins manni fyrir sér? Og þegar öllu er á botninn hvolft er þó hver sjálfum sér mestur."

"Vafalaust", sagði Margrét og flang margt í lag þá stundina.

"Eiginn við ekki að snúa aftur heim?" spurði hún eftir langa og þreytandi þögn.

"Ég vona að þér séuð þó ekki samþykkar framburði Brewsters?" Barböru faust að hún ekki láfa sannfært Margrétu um að hún hefði rétt fyrir sér, en langaði til að gera það. "Hann er sí óskaplegasti fjársóunarmaður sem eg þekki, og hann hefir tekið þátt í ýmsum fjárglæfrabrogðum, sumum miðlungi sæmilegum."

Margrét var ekki há vexti, en nú rétti hún úr

sér svo að hún sýndist miklu hærri en vanalega og sagði rólega:

“Haldið þér nú ekki að þér hafið tekið full djúpt í árinna Miss Drew?”

“Það er ekki að eins New York-fólk, sem hlær að hinum óskaplegu kaupum sem hann gerir”, svaraði Barbara, “heldur segir Mr. Hampton gestur okkar frá Chicago, að enn verri sögur fari af honum þar.”

“Það er raunalegt að veikindi Montys skuli hafa hamlað honum frá að vera á fótum jafnlangan tíma,” sagði Margrét rólega um leið og þær snéru upp að járnhliðinu og Barbara skildi fljótlega sneiðina.

Arnþjotur B. Olson

XVII. KAPÍTULI.

— Nýr gullnemi.

Brewster var orðinn býsna hress er hann kom aftur til New York í Marzmánuði. Veikindi hans höfðu komið allmiklum ruglingi á fjármálaráðstafanir hans, svo að eyðslan hafði orðið miklu minni, en hann ætlaði. Sá hann þá að hann yrði að leggja þeim mun meir að sér nú og finna upp á nýjum ráðum til fjáreyðslu þrátt fyrir það þó að vinir hans reyndu að halda aftur af honum eftir megni.

Honum varð það fyrst fyrir að fara á fund þeirra Grant & Ripley til að forvitnast um hversu Jones gæfist að aðferð hans. Lögmennirnir höfðu

engar kvartanir fengið í því efni frá Montana, og réðu honum til að halda áfram eins og hann hefði byrjað, og fullvissuðu hann um að þeir vissu ekki betur, en að Jones væri ánægður, og að hann mundi enga ósanngirni sýna.

En áður en Monty var skorinn upp höfðu þeir Jones og hann sent á símskeytum sem Brewster hugnaði illa hversu fjármálamaðurinn hafði svarað. Skeytin voru þannig:

New York 6. Jan. 19—

Swearengen Jones.

Butte, Montana.

Hvernig lízt yður á að eg trygði líf mitt?
Mundi það koma í bága við skilmálana?

Montgomery Brewster.

Til Montgomery Brewster

New York.

Mér sýnist sem líf yðar mundi tákna tekjur ef svo væri gert. Getið þér losað yður við það fyrir 23. September?

Jones.

Til Swearengen Jones

Butte, Montana.

Þvert á móti, eg held að líf mitt yrði að telja útgjaldamegin á þeim tíma.

Montgomery Brewster.

Til Montgomery Brewster
New York.

Ef þér lítið svo á, þá vil eg ráða yður til að kaupa \$500 lífsábyrgð.

Jones.

Til Swearengen Jones
Butte, Montana.

Haldið þér að sú upphæð mundi nægja fyrir útfararkostnaði?

Montgomery Brewster.

Til Montgomery Brewster
New York.

Þér þurfið ekki að bera kvíðboga fyrir þeim kostnaði ef til kæmi.

JONES.

Boðsbréfin höfðu nú verið gefin út og að hinum síðari dansleiknum, og allur útbúnaður vel á veg kominn er Monty kom aftur heim. Honum kom það ekki á óvart að nokkrir vinir hans komu gagngert til hans og hvöttu hann til að draga úr fjáreyðslunni. Honum kom það heldur ekki á óvart að ýmsir tóku honum ekki jafnvinsamlega og fyrri. Það var eins og koma hans væri mönnum ekki jafnmikið fagnaðarefni eins og áður hafði verið látið í ljós við hann, og Monty gat ekki annað en farið að hugsa um hvernig þeir hinir sömu mundu líta á sig við árslokin. Varð þetta til þess að hann gaf sig minna að almenningi en fyr, og hélt sig meir að

Gray-mæðgum en áður, en þær voru altaf jafnvinsamlegar við hann; sat hann nú löngum stundum í lestrarstofunni hjá Mrs. Gray.

Þó Monty hefði kviðið fyrir þessum viðhafnar-mikla og kostnaðarsama dansleik, þá var honum nauðsyn á að úr honum yrði. Teknadáلكurinn í sjóðsbók hans hlaut að lengjast töluvert við það að dansleikurinn yrði, og það var út af fyrir sig ánægju-efni. Söngleikaflokkurinn frá Víu, sem Elon Gardner stýrði, kom nú til New York. Gardner var allur af sér genginn af stríðinu við þann skara; en söng-fólkið var í illu skapi og heimferðarhug, furðanndi sig á því að amerískur almenniingur skyldi ekki kunna að meta list sína. Við nána athugun kom það í ljós, að ferðalagið hafði kostað Brewster meir en litið. Beina tapið nam eitthvað rúmlega \$56.000. Þegar þessi tíðindi urðu hljóðbær um borgina var óspart brosað að þeim, og það lá við að aumingja Gardner brynti músum er hann var að útlista fyrir Brewster, hvernig á tapinu stæði. En Monty tók þessu öllu með svo miklu jafnaðargeði að Gardner nærri furðaði á því.

Um dansleiksdýrðina varð nú tíðrætt í annað sinn. Pettingill hafði lagt sig allan fram um að undirbíta alt sem bezt. Hann hafði tekið það upp á sig að haga allri skreytingu danssalsins, eftir sínu eigin höfði úr því að Monty var ekki heima, og breytti dansleiks-sviðinu frá hinu spænska til þess er tíðkað var á Frakklandi um daga Lúðvíks fimtánda. En er hann hafði fastákveðið þessa breytingu og sent boðs-

bréf út, mundi hann eftir því að dansmerkin sem keypt höfðu verið fyrir spænska dansleikinn, gátu ekki dugað við hinn franska. Hann símaði Brewster þetta og kom á óvart að hann fékk enga ofanígjöf frá honum. "Monty hefir annars altaf verið mesti gæðadrengur", sagði hann við sjálfan sig. Nýja tilhögunin á dansleiknum með franska sniðinu var miklu kostnaðarsamari, en Pettingill lá ekki á liði sínu, um að gera alt sem athafnarmest og sjálegast, bæði hvað hússkreyting, búninga og annað snerti. Eftir mikla fyrirhöfn hepnadist honum að útvega dansbúning handa Monty úr hvítu silki og allan gullsaumaðan, og fylgdi sú saga að Lúðvík konungur hefði sjálfur borið þau klæði. Monty fanst hann líkastur páfagauk þegar hann var kominn í þennan búning, og varð þeirri stundu fegnastur þegar hann komst úr honum. Honum var þó vel kunnugt um að dansleikurinn hafði hepnast vel, svo að jafnvel Mrs. Dan var ánægð; en alt þetta stímabrak var honum samt afaróljúft og hann tók það ákaflega nærri sér. Á bak við alt skjallið sem verið var að hlaða á hann, fann hann glögt dulið háð, sem hann vissi að mundi koma fram í hvellum hlátri þegar hann snéri bakinu við þeim sem hæst hrósuðu honum. Hann hafði ekki gert sér grein fyrir því fyrri, hvað slíkt gat verið meiðandi. "Ég væri fúsastur til að hætta við alt saman", sagði hann við sjálfan sig, "og gera mig ánægðan með það sem eg á eftir". En hann fann að slíkt tiltæki gæfi honum ekkert tilefni til að réttlæta aðferð sína í augum almennings og

ná sér niðri á þeim, sem höfðu hætt hann. Hann hleypti því í sig kjarki að nýju og tautaði fyrir munni sér, "þeir skulu fá það borgað seinna".

Hann hlakkaði til þess að hann gæti lagt af stað með sínum vinum í skemtisiglingu til Miðjarðarhafsins, og komast brátt undan augum og háðglósum New York manna. Hann lagði fast að Harrison til að flýta ferð þeirra sem auðið væri; en vinur hans var ekki upplitsdjarfur þegar hann fór að gefa húsbónda sínum skýrslu. Hann hafði leigt skemtisnekkjunu "Flitter" um fjöggra mánaða tíma, og hafði snekkjan verið prýdd og skreytt sérstaklega til þessarar ferðar. Brown sá er átti hana fyrst, hafði haldið snekkjunni ágætlega við, en er hann andaðist og erfingjar hans tóku við henni, hugsuðu þeir ekki um annað en fá fyrir hana sem hæsta leigu. En það var mála sannast að ásjálegri skemtisnekkja var ekki fánleg í New York borg. Skipshöfnin var úrvals fólk og skipstjórinn hét Abner Perry. Brytinn var þrautreyndur að því að kunna að birgja sig miklum og góðum vistum. Skipið var fararúið 10. dag Aprílmánaðar.

"Eg er hræddur um að þú farir of frekt í eyðsluna Monty", sagði Harrison vandræðalega. "Mér er ómögulegt að sjá, hvernig öllu því verður komið í verk, sem þú hefir í huga nema með því að þú eigir margfalt meiri auð, en eg veit af. Heldurðu að það væri ekki hyggilegra að fara ögn hægara í sakirnar? Þetta ráðlag sýnist mér hrein heimska. Þú verður öreigi með þessu lagi."

“Eg er nú einu sinni svo, að eg er óhneigður til að draga saman fé, Nopper, en ef þú getur grætt fáeina dali sjálfur á mínum reitum þá skyldi eg ekki amast við því.”

“Þú sagðir mér þetta einu sinni áður Monty,” svaraði Harrison og gekk yfir að glugganum. Síðan snéri hann sér alt í einu hvátlega við og að Brewster; hann var fögur í andliti en svipurinn þó einbeittur.

“Heyrðu, Monty, eg verð að segja upp stöðu minni”, sagði hann lágt. Brewster leit framan í hann og var hissa.

“Hvað á þetta að þýða, Nopper?”

“Eg verð að fara héðan”, svaraði Harrison og stóð beint frammi fyrir Brewster og horfði hvast á hann.

“Hættu þessari vitleysu Nopper, í hamingjubænum. Þú mátt ekki yfirgefa mig nú. Hvað gengur annars að þér, kunningi; þú ert náföður? Segðu mér það,” bætti Monty við og lagði hendurnar á axlir Harrison, en er hann leit á hann varð vinur hans alt í einu niðurlátur.

“Eg ætla að segja þér eins og er, Monty, eg hefi tekið peninga sem þú áttir til að braska með og hefi tupað þeim. Þess vegna verð eg að fara burt héðan. Eg hefi brugðist því trausti sem þú barst til mín.”

“Segðu mér hvernig þessu er varið”, sagði Monty og var alveg eins og á nálum. “Eg skil ekki enn hvernig á þessu stendur.”

“Þú treystir mér of vel, Monty. Eg ætlaði að gera þetta í góðu skyni fyrir þig. Þú eyddir svo

miklu og tekjur koma engar í staðinn, og mér fanst eg sjá ráð til að hjálpa þér. En það mishepnaðist, og svo er sú saga búin, og áður en eg gat selt hluta-bréfin, var eg búinn að tapa \$60.000 sem þú áttir. Eg get ekki borgað það fé aftur-nú, en það veit guð, að eg ætlaði ekki að stela því.”

“Látum svo vera Nopper. Eg sé að þú hefir ætlað að hjálpa mér, þó það hafi mishepnast. Þetta eru tapaðir peningar og tjáir ekki um það að fást. En taktu þér þetta samt ekki of nærri.”

“Eg vissi að þú mundir láta þér farast vel við mig, og von mín hefir ekki brugðist, en samt ætla eg að fara héðan. Einhverntíma seinna verð eg kannske svo vel á vegi staddur að eg geti borgað þér þetta fé, og eg ætla að vinna baki brotnu þangað til.”

Brewster andæfði því og kvaðst ekki þurfa þessa ljár við. En Harrison hafði svo mikla sómatilfinning til að bera, að hann var ófánlegur til að umgangast daglega mann, sem hann hafði haft af stórfé. Monty sá það líka að réttast mundi fyrir hann að fara burtu og hætti því að letja hann þess; varð það því fastráðið innan skamms, að Harrison færi brott úr New York.

“Eg hefði fastráðið það að fara vestur í land, Monty,” sagði Harrison við hann nokkru síðar. “Eg fer vestur í Klettafjöll. Hver veit nema að eg kynni að detta þar ofan á gullnámu — og með því móti einu virðast nokkur líkiadi til að eg geti greitt þér skuld mína.”

“Jæja, Nopper”, sagði Monty, “við skulum hafa það svo, að ef þú rekst á gullnámu, þá mælirðu mér út lóð líka og verðum við þá báðir í tapinu eða gróð-anum.”

Nopper féllst á þetta, og varð það að samningum, að þeir skyldu hafa helmingafélag um gull það er Harrison kynni að finna. Brewster gerði hann því út í förina til eins árs; og áður en vikan var á enda var nýr gullnemi lagður af stað til Klettafjallanna.

XVIII. KAPITULI.

Fjáreyðslumaðurinn á floti.

Eftir að Harrison var farinn, var Brewster ver staddur en áður. Hann varð nú að gefa sig sjálfur við aðal-eftirlitinu miklu meir en áður. Hann var ekki letingi, en það átti þó ver við að þurfa að taka að sér verk Harrison's. Og er hann fór að athuga reikninga sína nákvæmlega, einn morgun eftir langar vökur, varð hann var við ýmislegt, sem honum þótti í meira lagi óglæsilegt.

Hann varð þess þá var, að með öllum sínum erfiðismunum hafði honum hepnast að losna við eitt-hvað \$450.000 á sex mánuðum. En þess var að gæta, að við miljónina upphaflegu höfðu lagst \$58,550 er hann græddi á trjáviðar og kolahlutunum, og ýmsum öðrum fyrirtækjum sem snúist höfðu í sömu áttina.

Honum taldist svo til að \$40.000 mundi hann að minsta kosti fá fyrir húsgögn sín, er hann seldi þau og ýmislegt annað, og ennfremur yrðu vextir af fé hans eitthvað um \$20.000. En ýmisleg höpp höfðu honum að hendi borið á þessu tímabili er léttu fjáreyðsluna. Hann hafði tapað á bankahrúni \$113.468,25. "Nopper" Harrison hafði hjálpað honum til að verða af með \$60.000. Hinn óhóflegi dansleikur og íburðarmikli hafði kostað hann um \$30.000. Og það sem hann hafði orðið á eftir með eyðslu sjálfur, þann tíma sem hann lá veikur, hafði að nokkru unnist upp á tapinu sem varð á ferðalagi söngflokksins. Ferð hans til Frorida, husaleiga og læknishjálp hafði kostað um \$18,500 en miðdegisveizlur og leikhús um \$31.000.

Þegar hann leit yfir sex mánaða starfið og íhugaði allar ástæður, fanst honum að svona yfirleitt hafa dável gengið. Þess fór að visu ekki dulur, að erfiðasta þrautin var óunnin. Hann átti enn eftir feikna fúlgum sem varð að vera horfin 23. Sept. Um \$40,000 hafði hann lagt í kostnað við hina fyrirhuguðu skemti siglingu á listisnekkjunni.

Í huga hans brutust nýjar og nýjar eyðslu-hugmyndir. Hann hafði í fyrstunni hugsað sér að gefa eða selja húsgögn sín áður hann legði af stað í siglinguna. Hafði hann viljað gera það til þess að létta á sér áhyggjum og eyðslu síðasta mánuðinn, því að hann gerði ekki ráð fyrir að hann kæmi heim aftur fyrir en í lok Agúst mánaðar. En við nánari athugun sá hann að það var ekki rétt að koma í veg fyrir þá

eyðslu sem af því gæti leitt að hafa heimili hans opið. Neð fólkshaldi, sem þó hlaut að vera nauðsynleg. En þegar hann væri kominn austur um Atlantshaf. Þjóst hann við að fá ný og óvænt tækifæri til fjáreyðslu, svo að óþarfi væri að gera sér rellu út úr því að síðasti mánuðurinn yrði erfiðari en hinir. Estir því sem brottfarardagurinn nálgast, komst Monty í betra skap og fanst fjáreyðslu horfur býsna góðar.

Hann ráðgaðist svo sem að sjálf sögðu við lögmennt sína, áður en hann lagði af stað. Fanst honum þeir næsta vongóðir um heppileg úrslit fyrirætlana hans að lyktum, en þeim hlaut gott af því að skína líka. Var hann því hæst ánægður er hann fór út frá lögmenntunum og fanst sér allir vegir færir. Í lyfitvélinni rakst hann á Drew ofursta. Þeir viku ekki svo kunnuglega hver að öðrum sem þeim hafði áður verið titt. Ofurstanum hafði komið mjög á óvart útlistanir dóttur hans á sundurþykki hennar og Brewsters; hann gat naumast í því skilið. Frásögn hennar um að friðmælast við Monty, eftir að hún heyrði bankamáls-söguna, hafði verið hálf loðin. Hún hafði þó sagt, að hún hefði gert alt, sem hún hefði séð sér fært að gera, til þess að láta hann njóta drenglyndis þess, er hann hafði sýnt, en hann hefði tekið öllu slíku illa af henni. Ofurstinn þóttist því vita, að eitthvað verulegt hlaut að vera að, en hann var óf hygginn til að fara að spyrja fréttu um ástamálin. Samt sem áður þótti honum þetta ilt, því að hann hafði haft mætur á Monty, og hafði að litlu "samkvæmis-firrir" Barböru gegn honum, sem hann

svo nefndi. Þegar hann rakst á Brewster þarna í lyftivélinni, lifnaði í huga hans öll sú forna velvild, sem hann hafði haft á honum, og vonaði að þessi fundur þeirra yrði til þess að eyða alveg öllu missetti, ef nokkuð væri. Hann heilsaði því Brewster mjög vingjarnlega.

“Þér hafið víst gleymt því Brewster”, sagði hann um leið og þeir heilsuðust með handabandi, “að þér eigið lítilræði hjá okkur.”

“Nei, ekki alveg”, svaraði Monty, “eg ætla að heimta það af yður áður langt um líður. Eg legg af stað á fimtudaginn í skemtifærð til Miðjarðarhafsins.”

Já, eg hefi heyrt eitthvað á það minst að þér hefðuð það í huga.” Þeir voru nú komnir ofan á neðsta gólf og ofurstinn dróg Monty með sér afsíðis út úr fólksþyrpingunni fram í anddyrið. “Peningarnir eru til, hvenær sem þér óskið þeirra. En eruð þér ekki helzt til ákafur um fjáreyðsluna vinur minn? Þér vitið að eg hefi ávalt haft uppáhald á yður, og að við afi yðar vorum vel til vana. Hann var hygginn fjármálamaður, og er eg viss um að honum hefði fallið það illa, ef hann hefði vitað að þér eydduð fé hans mjög gálauslega.”

Það var eitthvað það í fasi ofurstans, sem mildaði skap Brewsters, jafn-óljúft eins og honum var að fara að skriftast fyrir föður Barböru. Enn einu sinni freistaðist hann nærri til að segja sannleikann, en hann gætti að sér í tíma.

“Hann er skritinn þessi heimur, ofursti”, sagði hann, “og stundum fer það svo að manns beztu

kunningjar verða manni ókunnugir. Eg veit að yður kann að finnast og fara að eins og flón, en er samt ekki þegar á allur litið, réttast að hafa það upp úr frídögnum, sem hægt er, og taka síðan til starfa þegar þeir eru á enda?”

“Það getur allur verið gott og blessað, Monty”, svaraði ofurstinn og var mjög alvarlegur á svip; “en það er hundraðum erfiðara að taka til starfa aftur, þegar maður hefur framið óskaplega hófleysu. Þér munið sjálfur sannfærast um að þér hafið farið yfir takmörkin. Það er annað en gaman að verða að byrja aftur sem öreigi.”

“Það kann að vera að þér hafið rétt fyrir yður, ofursti, en eg get þó að minsta kosti glatt mig við endurminningarnar, ef í það versta fer,” svaraði Monty og rétti úr sér.

Þeir snéru nú við til að fara út úr byggingunni, og ofurstinn gat ekki stilt sig um að segja:

“Vitið þér það Monty, að dóttir mín er mjög gröm yfir þessu athæfi? Hún er kjarkmikil og fer vel með það, en stúlkur eru nú svo, að þær gleyma ekki alt í einu sínum helgustu tilfinningum. Eg er ekki að segja að það sé auðvelt, að kippa öllu í lag aftur. En mér þykir yænt um yður Monty, og ef nokkur er fær um það, þá eruð það þér.”

“Eg vildi óska að eg væri fær um það ofursti,” sagði Monty; “yðar vegna vildi eg feginn að það væri eins auðvelt eins og það virðist vera. En til eru þeir hlutir, sem karlmaður á ómögulegt með að gleyma — og sjáið þér til — Barbara hefir hvað

eftir annað látið mig skilja það á sér, að hún bæri ekkert traust til mín."

"En eg ber traust til yðar, og það mikið. Farið þér gætilega, og þegar þér komið aftur þá megið þér reida yður á aðstoð mína. Verið þér sælir."

Fimmtudagsmorguninn næstan á eftir sigldi "Flitter" út flóann, og fjáreyðslumaðurinn var kominn á flot. Aldrei hafði hraðskreiðara, hreinlegra eða ásjálegra skip klofið öldur á New York höfn, og það var glaðlynt fólk sem það flutti út á hafið.

Brewster hafði boðið tuttugu og fimm manns með sér í ferðina, og þeir höfðu með sér heilan skara af þjónustu meyjum, þjónustu sveinum og farangri.

Það var ekki fyr en nokkrum vikum síðar að Brewster las líflega ritaða frásögn blaðanna um brottför hans frá New York, en þá var hann orðinn hvers manns athlägi sjálfur.

A þilfarinu stóðu og horfðu á hæstu byggingar borgarinnar hverfa, Dan De. Mille og Mrs. Dan, Margrét Gray, "Rip" Van Winkle, Reginald Vanderpool, Joe Bragdon, Dr. Lotless og systir hans Isabella, Mr. og Mrs. Valenine og dóttir þeirra María, "Subway" Smith, Páll Pettingill og ýmsir fleiri. Þegar Monty virti fyrir sér þenna hóp, fann hann gerla að þar voru saman komnir beztu vinir hans a'lin, og þeir sem honum höfðu reynst tryggastir. Vinátta þeirra hafði verið þrautreynd, og hann vissi gerla að þeir mundu aldrei bregðast sér, hvernig sem alt færi.

Mönnunum hafði heldur en ekki komið það á

óvart, þegar það fréttist að Dan De Mille ætlaði að verða með í ferðinni. Höfðu ýmsir skipsfélagar hans stungið saman nefjum um það, að hann mundi ganga af skipinu einhversstaðar við strendur Miðjarðarhafsins, ef hann sæi sér færi. En De Mille stór og letilegur, brosti kæruleysislega að slíkum getsökum og kvað óvíst að aðrir yrðu þaulsætnari á skipinu heldur en hann.

Um hríð skemti fólknið sér við að skoða himin og haf og að tala saman. En eftir fárra daga ferð á sjónum fór að færast þögn yfir ferðafólkið og glaðværðin að réna, og þá var það að Monty fékk viðurnefnið Alladín, sem festist við hann. Þá var það að hann kvaddi til að skemta fjóra blökkumenn sunnan úr heimi sem sungu og léku undir á gítara ýms gamankvæði. Höfðu þeir verið fólgirnir annaðhvort í leynihólfum í skipinu eða niðri í kja'sogi, en ferðafólkinu var hin mesta skemtun að þeirri músik.

“Heyrðu Magga”, sagði Brewster einn daginn þegar heiðskirt veður var og einstaklega gott í sjóinn, “þetta ferðalag á mun betur við mig heldur en að fara yfir North River á ferju.”

“Mér finst þetta ferðalag líkast góðum draumi”, svaraði hún; gleði skein henni úr augum, en golan lék um lokkaprútt höfuðið.

“Og veistu hvað eg á niðri í kistu í kútu minni? Það er stafli af bókum úr gamla þakherberginu. Eg tók þær með mér til að lesa þær þegar rigningardagar kæmu.”

Margrét svaraði engu, en blóðið tærðist í kinn-

ar henni og hún leit út á sjóinn löngunarfullum augum. Svo brosti hún.

“Eg hélt að þú hefðir ekki haft með þér neitt af neinu,” sagði hún lágt.

“Þetta er ekki nærgætnislega sagt, Magga.”

“Eg ætlaði ekki að særa þig. En þú mátt ekki gleyma því, Monty, að það koma önnur ár á eftir þessu. Þú veist við hvað eg á, er ekki svo?”

“Blessuð Margrét vertu ekki að setja ofan í við mig,” sagði hann svo blíðlega að hún hafði ekki brjóst í sér til að segja meira.

XIX. KAPITULI.

Tvær hetjur.

Við Njörfasund var Monty afhent þetta símkeyti, sem hann opnaði með skjálfandi hendi:

Til Montgomery Brewster

á skentisnekkjunni “Fletter” við
Njörfasund.

Það er heilmikill áhugi á að koma á fri-silfurs frumvarpi. Kant að þurfa að eyða helmingi meira fé. Húrra!

Jones.

Þessu svaraði Monty þannig:

Fellið frumvarpið fyrir alla muni. Sparið ekki fé og skrifið á minn reikning.

Brewster.

P. S. Símið og látið mig borga.

Regntíminn var nær á enda og tækifæri til að eyða tímanum að einhverju leyti í Monte Carlo virtist Monty svo girnilegt að hann vildi sem skemst dvelja við Njörfasund. En DeMilles hafði bréf meðferðis til eins liðsforingjans þar í kastalanum og Brewster gat því ekki setið á sér að halda dýrðlega miðdegisveizlu. Getur lesarinn bezt getið nærri því veizluhaldi, er hann gætir þess að strax er því var lokið þurfti að afla alveg nýrra vistfanga handa fólkinu á Flitter. Öllum liðsforingjum hafði verið boðið og konum þeirra og Monty hefði glaður gætt allri herdeildinni á öli og smurðu brauði ef vinir hans hefðu veitt honum nokkurn kost á því.

“En þetta gæti orðið til þess að tryggja bræðrabandið milli Bandamanna og Englendinga”, sagði Gardner, “en það þarf ekki síður að tryggja sér það að fjáreyðsla þín setji þig ekki á höfuðið.

En Monty var ekki á því að draga úr fjáreyðslunni að heldur, og Gardner varð að láta huggast við magra og hávaxna enska stúlku, sem hann hafði að sessunaut undir borðum um kveldið. Öllum hinum samferðamönnunum á skipinu varð veizlan ánægju-efni, eftir útivistina á hafinu, sem fremur hafði verið tilbreytingarlítill.

Þegar gestirnir voru komnir í land, rakst Monty

á þau Mr. og Mrs. Dan sitjandi á tali aftur í skut.

“Mér þykir leitt að þurfa að skerast í þetta mál”, sagði hann og greip framm í fyrir henni, “en vegna þess að eg er eini samvizkusami tilsjónarmaðurinn í þessum hópi, þá neyðist eg til að benda þér á, að mikið er rætt fólks á milli um það, hvernig þú hegðir þér. Annars er það annað en gaman fyrir rólyndar giftar persónur að þurfa að láta sjá sig hér sitjandi á tali”, bætti hann við.

“Eg heyri og hlýði”, svaraði hún gletnislega.”

Monty furðaði nærri því á augnaráði Mrs. Dan er hún horfði á eftir manni sínum, sem gekk nú burtu, og loks sagði hún, “eg er alveg hissa hvað þetta ferðalag virðist taka mikið á hann.”

“Hann hefir þó komist að raun um það nú, að víðar er hægt að vera í veröldinni heldur en í klúbbnum hans,” svaraði Monty.

“Það er annars undarlegt að menn skuli hafa gert sér svona rammskakka hugmynd um Dan, eins og raun hefir á orðið. Hann leynir sínum beztu kostum. Vitið þér það? Þegar á reynir verður honum auðveldara en nokkrum öðrum að láta sér farast drengilega.”

“Nú furðar mig að heyra til yðar Mrs. Dan. Það er engu líkara, en að þér séuð sjálfar orðnar ástfangnar af Dan.”

“Monty, þér eruð blindur eins og hitt fólk,” svaraði hún nokkuð hvatskeytlega. “Hafið þér aldrei tekið eftir því fyrri? Eg hefi margt leikið um dagana, en alt af hefi eg þó horfið til Dan að lyktum.

Eg hefi á minni viðburðaríku æfi altaf verið að sannfærast betur og betur um það, að hann er sá maður sem mér hæfði bezt, og sá maður, sem eg hefði átt að láta mér þykja vænna um en nokkurn annan. Það er nærri því furða að fólk skuli vera að leika með eldinn — það fólk sérstaklega sem getur átt sífelda farsældaræfi. Eg hefi brenst einu sinni eða tvisvar, en Dan er góður drengur og hann hefir ávalt hjálpað mér þegar eg hefi verið komin í ógöngur. Hann veit hvað líður. Enginn getur farið nær um hlutina heldur en hann, og það er ekki ólíklegt, að honum þætti minna vænt um mig, ef eg væri ekki jafn vond manneskja eins og eg er.”

Monty hlustaði á þessa ræðu sem steini lostinn, því að hann hafði hugsað sér samband De Mille og manns hennar alt annað. En tárin stóðu henni í augum og svipur hennar lýsti því ljóslega að hún talaði ekki um hug sér. Honum hvarflaði nú í hug hvaða flón hann hefði oft verið, og hvað rangar skoðanir hann hefði gert sér um hana; og er hann fór í huganum yfir alt það sem þau höfðu átt saman að selda, sá hann, að samband þeirra hjónanna hafði altaf staðið óhaggað.

“En hvað við þekkjum annars kunningja okkar lítið”, sagði hann gremjulega. Litlu síðar sagði hann: “Mér hefir þótt mjög vænt um yður Mrs. Dan, og það um langan tíma, en nú verð eg að játa það, að eg öfunda manninn yðar.”

Þeir fengu háflslæmt veður á Flitter á Lyonsflóanum. Skipið var á leið til Nizza þegar atburður

gerðist sem olli töluverðu uppnámi á skipinu. Það var í fyrsta skiftið sem nokkuð sérlegt hafði fyrir komið á leiðinni. Æði stór hópur farþega var í aðalsalnum, og voru að skeggræða sín á milli um hina óskaplegu eyðslu Montys, þegar Reggy Vanderpool kom inn letilegur eins og hann var vanur, en þó voru augljós svipbrigði á andlitinu, en það var þó ekki vant.

“Þetta er eitthvað það undarlegasta, sem eg hefi nokkurn tíma vitað”, sagði hann og dróg seiminn; “eg hefði gaman að vita hvað menn hefðu annars gert eins og á stóð.”

“Eg hefði ekkert viljað hafa með stelpuna að gera,” sagði Rip Van Wingle spekingslega.

“Hér er ekki um neina stelpu að ræða, kunningi,” svaraði Reggy og hlassaðist niður í stól. “Maður féll fyrir borð rétt áðan”, bætti hann við rólega. Menn hrópuðu hver í kapp við annan og allir gleymdu Brewster. “Hann var eitthvað að stauta skamt þaðan sem eg stóð, Púff og hann steyptist í sjóinn og næst sá eg hann svamlandi skamt frá skipshliðinni.”

“Aumingja maður”, sagði Miss Valentine.

“Eg hafði aldrei séð manninn fyr — hann var mér alókunnugur. Eg hefði ekki hikað mínútu en á þilfarinu stóð heill skari af kunningjum hans. Þar náunginn var legunautur hans. Eg held að ykkur ætti því að geta skilist það, að það var ekki mitt að fara að flegja mér í sjóinn á eftir honum. Hann var ofurlítið syndur og eg sagði honum að reyna að halda sér uppi. Bölvaður skipstjórinn sást hvergi. Einhver sagði, að hann væri sofandi. Loksins sagði

eg stýrimanninum til. Þegar hér var komið vorum við komnir fulla mílu burtu þaðan sem maðurinn hafði fallið út, og eg sagði stýrimanninum, að mér þætti ótrúlegt að við fyndum manninn þó að við færum að leita hans. En hann lét skjóta út bátum. Þá fór eg nú að hugsa málið. Vitaskuld — ef eg hefði verið manningur kunnugur — ef hann hefði verið einn ykkar — þá hefði öðru máli verið að gegna.”

“Og þú varst þó bezt sýndur af okkur öllum í skóla, þorparinn þinn,” hreytti Dr. Lotless úr sér.

Nú hlupu farþegar upp á þiljur, og hetjuskapur Vanderpool fór að verða vafasamur í hugum margra. Skipið hafði snúið við og stefndi beint í gagnstæða átt frá því sem það hafði haldið áður. Tveim litlum bátum var róið lifróður þangað sem ókunni maðurinn, er Reggy hafði mest talað um, hafði fallið fyrir borð.

“Hvar er Brewster?” hrópaði Joe Bragdon.

“Eg finn hann hvergi,” svaraði stýrimaðurinn.

“Hann ætti að vita um þetta,” æpti Mr. Valentine.

“Sjáið þið til, þeir eru að taka eitthvað upp úr sjónum þarna,” kallaði stýrimaður. Sjáið þið til þeir eru á andófi á fyrri bátnum og eru að innbyrða eitt-hvað — þeir eru búnir að bjarga honum!”

Nú lustu skipverjar upp fagnaðarópi, og þeir sem úti í bátnum voru svöruðu með því að veifa húfum sínum. Fólkið þyrptist út að öldustokknum þegar skipið nálgast bátana og ysinn og þysinn var meir en lítill. En er þeir gátu greint mennina í bátunum,

brá farþegunum heldur en ekki í brún.

Í öðrum bátnum sat Monty Brewster brosandi og rennvotur og upp að honum hallaðist máttvana skipverjinn, sem fallið hafði útbyrðis og hvíldi höfuð hans á brjósti Montys. Brewster hafði séð manninn falla útbyrðis, en í stað þess að fara að rifja upp, af hvaða ættum skipverjinn væri, hafði hann steyppt sér í sjóinn til að reyna að bjarga honum. Þegar báturinn náði til þeirra var skipverjinn í ómegni, en Brewster hélt honum uppi og var því alveg að þrotum kominn. Hefði það skift einni eða tveimur mínútum að báturinn næði til þeirra, mundu báðir hafa druknað.

Þegar Monty var kipt upp í skipið var dálitill hrollur í honum, og hann greip í fyrstu litlu hendina sem svo ákaft reyndi að ná í hans og litaðist svo um eftir skipverjanum sem var enn meðvitundarlítill.

“Komist þér að hvað pilturinn heitir, Mr. Alberty og sjáið þér um að hlynt verði að honum eins vel og hægt er. Rétt áður en hann misti meðvitundina var hann eitthvað að tala um móður sína. Sjáið þið til, hann var ekki að hugsa um sjálfan sig, þarna, heldur hana. Og heyrðu Bragdon,” bætti hann við í lágum hljóðum — “líttu eftir að hækkuð séu launin hans. Heyrðu, Magga, vertu ekki að þessu. Þú verður holdvot ef þú gerir þetta.”

XX. KAPITULI.

Le roi s' amuse.

Þegar farþegar Montys lentu í Riviera, var honum glatt í skapi, og þóttist sjá þar margskonar hyggilegt færi á að eyða fé. Hann lét það heita svo að þarna þyrfti að gera við skemtisnekkjuna og á meðan lét hann alla gesti sína sitja í landi og útvegði þeim húsnæði á bezta gistihúsinu í borginni; það gistihús lá utarlega í bænum og allnærri sjónum þó. Þegar gestir Montys komu þangað var þar mjög fátt gesta fyrir, og hóteleigandinn grét gleðitárur þegar Monty leigði handa gestum sínum alla sali og herbergi á neðsta lofti með svölum, sem vissu út að Miðjarðarhafinu. Nú varð að bæta við nýjum þjónustumönnum, og þjónar Brewster í einkennisbúningi sáu nú víða á strætum bæjarins. Þegar Margrét og kunningjar hans ætluðu að fara að hafa á móti þessum mikla kostnaði, þaggaði Monty niðri í þeim með því, að ef þeim hugnaði ekki þetta, þá leigði hann sér lághýsi og annaðist sjálfur um öll tilföng.

Bærinn fékk innan skamms það snið á sig, sem konungur væri þangað kominn til dvalar með hirð sína. Ýmsum búðum var haldið miklu lengur opn-

um, en vanalega, í þeirri von að ná í eitthvað af peningum Bandaríkjamannanna. Einn morgun tók hótaleigandinn að skýra Brewster frá dýrð "Bataille de Fleurs", með miklum fettum og brettum og íburðarmiklu máli. Verður varla með orðum lýst því, hve illa hann bar sig útaf því að Monty og fylgdarlið hans, hefði ekki komið í tækan tíma til að sjá það.

"Þessi bær ber alt annan svip um þær mundir." sagði hótaleigandinn. "C'est magnifique! c'est superbe! Eg vildi bara að monsjör hefði séð það."

"En gætum við ekki komið á öðru eins hátíðahaldi sjálfir?" spurði Monty. Honum datt ekki í hug að taka slíkt öðru vísi en eins og spaug.

Samt sem áður sátu þeir á tali ungi Bandaríkjamadurinn og húsráðandi allan fyrri hluta dagsins, og þegar auglýstur var árangurinn af viðræðu þeirra, þá urðu menn heldur en ekki hissa. Svo var mál með vexti, að níu dögum síðar var merkisdagur nokkur, kendur við einhvern minni háttar dýrðling. Helgi þess dags var að vísu fallin niður fyrir nokkru, en Monty lagði það til að hún yrði tekin upp aftur, og skyldi nú efna til reglulegrar kjötkveðju hátíðar.

"Það er lítills um vert að koma til Riviera," sagði hann, "ef maður fær enga kjötkveðjuhátíð að sjá. Það er svo sem ekki miklum erfiðleikum bundið að koma slíku hátíðahaldi á. En lofa einum verðlaunum fyrir þann vagninn sem bezt verður prýddur og öðrum fegurstu stúlkunni. Svo er ekki nema sjálf-sagt að hver klæði sig domínó-búningi og grímubúi sig, og kasti konfetti óspart.

“Eg býst við að þú ætlist til að konfettið sé búið til úr þúsund franka seðlum og gefir hús með lóð að verðlaunum.” Bragdon skaut þessu að vini sínum.

“Þetta er hlægileg heimska og ekki annað, og lögreglan leyfir það ekki, Monty,” sagði De Mille.

“Haldið þér að þeir leyfi það ekki lögregluliðarnir?” spurði Monty ögrandi. “Nú skal eg segja yður nokkuð. Lögreglustjórinn er mágur Philippe’s hóteleiganda og við höfum talsímað honum. Hann vildi ekki hlusta á málaleitan okkar, fyr en við buðum honum að verða stórmarskálkur í skrúðgöngunni. Þá lét hann undan og lofaði að ljá okkur alla þá hjálp, sem hann gæti látið í té, til að koma þessu fyrirtæki okkar fram, og kvaðst vonast til að hann gæti fengið alla heldri menn borgarinnar til að hjálpa til.

“Í skrúðgöngunni verða tveir hermenn og gestir Brewsters í vögnum,” sagði Mrs. Dan hlæjandi. “Ætlið þér ekki að vera á undan eða eftir bakara-vögnunum?”

“Við horfum á skrúðgönguna frá hótelinu,” sagði Monty. Þér þurfið ekki að vera kvíðandi um hátíðina. Hún verður stórfengileg. Eg skal segja ykkur að Íri er ekki sólnari í skrúðgöngu, en þetta fólk í kjötkveðju-hátíð.

Síðan fór Monty á fund yfirvaldanna til að útvega fullnaðar samþykki hátíðarhaldsins, en vinir hans og samferðamenn urðu fjöðrum fegnir yfir þessari nýjung.

“Við getum að vísu ekki liðið honum þetta,” sagði Subway Smith. Þetta hlýtur að fara í handa-

skolum, en þó væri nógu gaman að því.”

“Eg hálfkvíði fyrir að setja á mig grímuná” sagði Vanderpool, “eg hefi aldrei fundið til þess fyrri.”

Monty kom aftur með þau tíðindi að hann hefði fengið borgarstjórnann til að auglýsa, að hinn tilræddi hátíðisdagur skyldi vera frídagur, ef Bandaríkja- maður vildi skuldbinda sig til að greiða allan kostnað af skemdum sem verða kynnu af hátíðahaldinu í bænum. Íþróttasýninga flokkur sem var í nágrenninu, var kvaddur til að koma og sýna listir sínar á auðu sviði framan við Hótel de Ville, og var flokkinum ábyrgðst mjög rífleg fjárupphæð fyrir ómak sitt. Brewster var svo áhugasamur um að koma á hátíðahaldinu að ómögulegt var að stöðva það; vinir hans hættu því alveg við það, en tóku að aðstoða hann við undirbúning skemtunardagsins, að reisa sigurboga og hvetja kaupmenn til að skreyta búðir sínar sem allra bezt.

Þó að til þess hefði verið efnt fremur í gamni en alvöru, þá tóku bæjarmenn þessu ekki svo. Þeim var bláasta alvara og voru innilega ánægðir yfir hinni nýju óvæntu kjötkveðjuhátíð. Járnbrauta þjónar sendu auglýsingar út um alt, og höfuðprestur kirkjunnar í bænum færði Brewster hlýjar þakkir fyrir að hafa hafið litt kunnan helgimann í dýrðlinga-tölu. Guðmaðurinn bar fram þakklæti sitt með svo mikilli ákefð og fleðulátum og mælgí, að Monty þóttist sjá að hann hefði ekki á móti því, þó að hann gæfi nýja altaristöflu, sem lengi hafði vantað.

Loks rann upp hinn mikli dagur, og aldrei hafði jafn mikilvægleg kjötkveðjuhátíð farið þar fram fyrri. Að morgni fóru fram aflraunir og þess kyns íþróttir og ennfremur sýningar á smátjöldum. Fólkið var himinglatt og alveg hissa yfir Montys töfrandi verðlaunum sterkasta mannsins í íþróttasýningar flokknum. De Mille var kvaddur til að taka til máls; en af því að hann kunni ekki nema tíu orð í frönsku afsakaði hann sig og borgarstjórinn tók af honum ómakið; hann var lítill vexti en gæddur framúskarandi reglulegri frakkneskri mælsku, og nefndi óspart í ræðu sinni þá Franklin og Lafayette.

Skrúðgangan fór fram um kveldið og hepnabíst vel. Þar urðu í öll helztu mikilmenni bæjarins að ógleymdum skipverjum skemtisnekkjunnar. Lúðraflokkur "Flitters" lék fagurlega undir og var að því hin bezta skemtun. Konfetti rigndi og bæjarbúar voru glaðir og fagnandi.

Frá svölum gístihússins lét Monty og fylgdarlið hans blóm og konfetti dynja á þá sem fyrir neðan voru. Nú var óspart vitnað til Franklins og Lafayettes, en borgarstjórinn lét skruðgönguna nema staðar undir svölum gístihússins og afhenti Monty þar skrautritað þakkarávarp. Síðan sungu skólabörnin, en fólkið dreifðist til að hittast aftur þegar kveldaði.

Klukkan átta að kveldi hófst mikið samsæti, sem Brewster stýrði, og voru þá í boði hans allir málsmetandi menn bæjarins. Konur allmargar voru og boðnar og á ný minst þeirra Franklins og Lafayettes. Hver einasti boðsgestur hélt að minsta kosti

eina ræðu, en þó þótti Subway Smith takast best í þriðju ræðunni sem hann hélt. Hann kunni að vísu á enga aðra tungu að mæla, en ensku; og hafði hann talað ensku er hann hélt fyrri ræðuna, en er hann stóð upp til að tala í þriðja sinn með drjúgum mikilmenskusvip og stjórnmálamannstilburðum, komst hann svo að orði:

“Mesdames et Messieurs: J'ai, tufas, il a, nous avons” — svo sló hann út höndunum og bætti við, “vous avez”. Framburðinum var töluvert ábótavant svo að frönsku áheyrendurnir héldu að hann væri að tala ensku. Þeir voru hrifnir af því hvað ræðumaður bar sig vel, og tóku upphafsorðum hans með dynjandi lófaklappi. Samferðamenn Subways, Bandaríkjamennirnir gerðu sitt itrasta til að fá hann til að setjast niður, en þeir frönsku misskildu þær tilraunir, héldu að þetta væri aðdáun og lófaklappið tók til á ný, enn ákafara en áður. Nú rétti Subway upp hönd sína og kvaddi sér hljóðs með þeim hætti að áheyrendunum þótti auðsýnt að hann væri í þann veginn að láta í ljós einhverja stórfengilega hugsun. Hann beið þangað til dauðþögn var komin, en þá mælti hann:

“Maitre corbeau sur un orbre perché —” og voru þetta ræðulok hjá honum því að nú gripu þeir til hans De Mille og Bragdon og báru hann út úr herberginu. Frakkarnir ímynduðu sér að Subway hefði sagt einhver stórfengileg móðgunaryrði og þess vegna væru vinir hans að þagga niðri í honum. Nú lá við að upppot yrði, unz Monty tókst með sinni

miklu lægni að stilla til friðar og koma ró og góðu skipulagi á samsætið.

Skemtun þessari lauk með flugeldum og dansi utídir berum himni — og var sá dans býsna léttúgugur að lokum, en fólk var alt grímubúið. Kostgæft hafði verið að gleðja fólkið eftir föngum og kjöt-kveðju-hátíðar-bragurinn var ósvikinn alt til enda. Brewster fanst þessi hátíð nærri því ofboðsleg, og honum varð erfiðara að leika þennan leik undir grímunni, en hann hafði búist við í fyrstu. Hans eigin vinir virtust forðast hann, og ástleitni þorps-drósanna var hverfandi ánægja. Hann nam staðar utan við dansfólks hópinn og virti fyrir sér þann skrúðbúna skara, sem hann hafði hóað saman; alt í einu hrökk hann við er hann heyrði óp stúlku klæddrar í rauðan dansmeyjar-búning. Var hún að reyna að losa sig úr fangi stórvaxins dansherra, sem henni þótti helzt til nærgöngull. Monty veik þangað, og kom í tæka tíð til að koma í veg fyrir að gríman yrði rifin af rauðklæddu stúlkunni, og sló náungann svo að hann féll flatur. Hann spratt upp ofsareiður, en þá skárust fleiri í leikinn og drógu óróasegginn með hlátrum og sköllum burtu. En Monty hafði ekki gætt þess að gríman hafði fallið af honum í þessum svifingum, og nú fann hann sér til mikillar undrunar að sú rauðklædda stakk hendinni undir handlegg hans og heyrði hana hvísla:

“Monty, en hvað þú varst vænn. Eg er þér svo innilega þakklát. Þú ert líkastur grískum fimleikamanni. Eg skal segja þér, að eg var orðin fjarska

hrædd, en það var náttúrlega heimska af mér.”

“Eg skil ekkert í þessu, Magga?” hvíslaði hann. “Er líka nokkurt vit í að láta þig vera hér og engan til að líta eftir þér. Eg var aumi bjálfinn að trúá Pettingill fyrir þér. Hann varð heppinn þessi piltur að eg varð ekki harðhentari á honum.” Hann laut niður að henni og glampa brá fyrir í augum hans. “Þér er ekki hent að vera í annari eins hringiðu og þessari, Margrét”, sagði hann brosandi. “Þú þarft einhvern — til að líta eftir þér — þú þarft — mig.”

En Mrs. Valentine hafði séð hann grimulausan og kom þangað að leita að Margrétu. Hann sagði að nú væri komið fram undir morgun og sjálfsagt að fara heim í gistihúsið til að sofa. Varð það því úr að þau fóru burt hálf-óánægð þó undir leiðsögn **Bragdons**.

Monty fekk ekki fyr að vita hver hann var sá stóri dólgur sem hann sleit Margrétu af og feldi til jarðar með hörðu höggi, en hann kom á lögreglustöðina morguninn eftir að losa “Reggie” Vanderpool burt þaðan. “Reggie” hafði það verið og var nú illa á sig kominn, blár og blóðstorkinn á andliti, og bar sig heldur aumlega, en þó tókust skjótt sættir með Monty og honum.

“Eg var búinn að segja þér, að eg gæti ekki borið grimuna svo að vel færi”, sagði Reggie, þegar Monty var kominn af stað með hann heimleiðis, af lögreglustöðinni. “Því fór eins og fór.”

Daginn eftir kjötkveðjuhátíðina ók Brewster með gestum sínum til Monte Carlo. Hann hafði aðeins hugsað sér að dvelja þar örstutt og tapa svo sem

Því svaraði, sem hann hafði tafist við eyðslu þá dagana, sem hann hafði verið á sjónum. Hann gleymdi Swearengen Jones algerlega og fór strax að reyna lukkuna. Fyrst í stað tapaði hann gífurlega og átti bágð með að dylja fögnuð sinn. Margrét Gray horfði á hann og bað hann í hljóði að hætta, en Mrs. Dan hvatti hann fastlega til að halda áfram þangað til gæfan brosti við honum aftur. Hann fór eftir því ráðinu, sem óbilgjarnara var, Margrétu til mikillar gremju, og varð svo æstur að honum fanst sér vera ómögulegt að hætta. Og brátt skifti um. Hann fór að vinna.

“Mér er ómögulegt að hætta nú,” sagði hann ráðaleysislega. “Eg hefi unnið um fimm þúsund dali, og eg verð þó að minsta kosti að losa mig við þá.”

Innan stundar hvíldu augu allra sem viðstaddir voru á Brewster og dáðust að hepni hans. Fólkíð misskildi algerlega ákefð hans í að spila, og æsingar-roðann sem spratt fram í kinnum hans í hvert skifti sem hjólið snérist. Hann hafði valið sér sæti hjá enskri hertogafrú, sem hafði lagt það í vana sinn að draga undir sig gróða óæfðra spilamanna; varð hann þess og brátt var að æðimiklu af gullpeningum hans hafði blátt áfram verið stolið. Monty varð g'aður við þetta og var kominn á fremsta hlunn með að þoka peningahrúgu sinni nær hertogafrúnni, þegar De Mille skarst í leikinn. Hann hafði veitt hertogafrúnni eftirtekt og vakti athygli siðgætenda á því snotra athæfi sem hún var að fremja. En siðgætandinn brást ókunnuglega við og bað De Mille að þegja.

Og mælti ennfremur, Mais c'est madame la duchesse, que voulez-vous."

En De Mille var ekki á því að láta svo auðveldlega þagga niðri í sér, og hugsaði sér að reyna að fá Monty til að verða gætnari.

"Eg held að þér ættuð að hafa sætaskifti, Monty og taka saman peninga yðar. Það er verið að ræna yður." Hvíslaði hann.

"Haldið þér að eg fari að taka saman peninga mína meðan eg er að vinna í stórgróða? Eg held síður!" sagði Monty og lét sem hann væri hinn ánægðasti.

Fyrst í stað batt Brewster sig ekki við neina reglu, heldur setti peninga sína á þær tölur, sem minst líkindi virtust til að ynnist á. En það var eins og honum væri ómögulegt að tapa. Þá tók hann að reyna ýmsar reglur, sem spilamenn höfðu sagt honum frá, en alt fór á sömu leið; honum hefnast alt af, hvað sem hann reyndi. Í örvænting sinni tók hann til að leggja tvöfalt undir á einn vissan lit í þeirri von að hann mundi þá að lokum hljóta að tapa á því; en alt fór á sömu leið. Þó hann legði fé í sífellu á rauðu kúluna hélt hún alltaf áfram að lenda á rauðar holur, þangað til því var lýst yfir að bankinn væri gjaldþrota.

Dan De Mille sópaði saman peningunum og og taldi fjörutíu þúsund dollara áður en hann rétti sjóðinn að Monty. Vinir hans voru í sjöunda himni þegar hann stóð upp frá spilaborðinu, og gátu sízt í því skilið, hversvegna hann væri daufur í bragði. Hann ásakaði sig í huganum fyrir að hafa

ekki farið að ráðum Margrétar.

“En hvað eg er ánægð, þinna vegna, Monty”, sagði hún, “að þú skyldir láta vera að gegna vitleysunni úr mér, en þó breyta þessi úrslit ekki þeirri skoðun minni að fé það er græðist á þenna hátt, eða í fjárglæfra-spilum, gangi þjófnæði næst,” bætti hún við.

“Eg vildi að eg hafði gegnt þinni ráðleggingu”, svaraði hann mæðulega.

“Og orðið af öllum þessum gróða? Það er heimskulegt að tala svona Monty! Þú hefur þá verið mörgum þúsundum dollurum fátækari,” svaraði hún gletnislega.

“En eg hefði þá haft traust þitt og álit í staðinn, Margrét,” svaraði hann.

XX. KAPITULI.

I álfheimum.

Monty var nú í meira lagi illa staddur. Hann hafði aðeins eytt rúmum sex þúsundum dollara í kjötkveðjuhátíðina og engin tók sýndust á því, að hann gæti losað sig auðveldlega við það fé, sem hann hafði unnið á spilahúsinu. Hann hafði fengið þá raun af Monte Carlo, að þangað kærði hann sig ekki um að fara aftur, og svo var Margrét svo afar-andvig því að hann færi þangað. Í Riveria var ómögulegt að eyða meiru fé, og var auðséð að fara varð eitthvað annað til að koma skildingunum í lóg.

“Eg hefi aldrei áður skilið fyllilega hvað máls-
hátturinn “tight money” táknði”, sagði Monty við
sjálfan sig. “Hamingjan gæfi að eitthvað gæti losn-
að um skildingana.” Eitthvað varð að taka til bragðs.
Honum kom til hugar að í Ítalíu kynni að vera fult svo
gott færi á að eyða fé með furstalegu oflæti eins og
nokkurs staðar annars staðar. Hann íhugaði horf-
urnar frá ýmsum hliðum, en fanst öðru hvoru eins
og hvergi væri fullnægjandi úrlausn að fá. Hann
rakst loks á skýrslur um lífnaðarháttu við vötnin í
Ítalíu og kom þá í hug að Pettingill hafði eitt sinn
orðið hugfanginn af skemtibústað við Comó-vatn.
Hann kallaði Pettingill á sinn fund og krafðist á ný
lýsingar af honum á hinu dýrðlega landi við vötnin
á Ítalíu.

“Þar er dásamleg náttúra”, sagði Pettingill og
bar ótt á og draumþrunginn glampi kom í augu lista-
mannsins: “Það er kastali skemtistaðurinn þarna við
Comó-vatnið, eins og eg hefi sagt þér. Turnar
hans og súlnaraðir spegla sig í vatninu svo að unun
er á að horfa. Þegar þangað er komið skyldi maður
ímynda sér að komið væri í álfheima. Maður dáleið-
ist af dýrðinni og kvíðir fyrir að vakna af dvalanum,
og sjá alt horfið.”

“Já, sleppum því,” sagði Brewster, “því að ef
þú heldur áfram í þessum anda, þá kann svo að fara
að þú verðir mér of skáldlegur. Það sem mig lang-
ar til að vita er það, hver kastalann á og hvort líkindi
eru til að nokkur búi þar á þessum árstíma.

“Kastalann á markís-frú nokkur sem er ekkja

og er barnlaus. Það er sagt að einhverra hluta vegna sé beigur í henni við að dvelja í kastalanum, og hún kvað jafnvel ekki þora að koma nálægt honum. Öllu er haldið þar reiðubúnu til þess að hún flytji þangað, en aldrei kemur hún; í kastalanum eru því engir nema þjónarnir.'

"Þetta er einmitt staður sem mér líkar", sagði Brewster, "þar væri gaman að búa um stundar sakir, Pettingill."

"Þér er bezt að vera ekki að hugsa um það, Monty. Maður nokkur var í heilt ár að reyna að fá kastalann keyptan, en gekk ekki, því að konan sem á hann var ekki á því að sleppa honum."

"Ef þig langar til að gefa honum bendingu, þá skaltu aðgæta hvernig eg fer að. Ef þú átt ekki eftir að búa um tíma í kastalanum þínum, þá kalla eg saman fylgdarlið mitt og sigli heim." Þessu næst fékk Brewster að vita nafn ekkjunnar, sem kastalann átti; og umboðsmanns hennar, því að það kom upp að Pettingill vissi um hann líka. Útbúinn með þessi gögn fór Monty að leita sér að hraðboða, og fyrir tilstilli Philippe náði hann í franskan mann, sem Bertier hét, og það orð fór af, að hann væri frábærlega slunginn að eyða peningum. Brewster tjáði honum fyrirætlun sína, og komst Bertier skjótt að því, að hann hafði rekist á mann, sem var eftir hans höfði. Bertier fékk þvinæst fulla vissu fyrir hvar umboðsmaður markis-frúarinnar átti heima, og var þegar símuð fyrirspurn til hans um leigu á kastalanum.

Svar umboðsmannsins hefði víst flestum litist

óvænlegt, öðrum en Brewster. Það var á þá leið, að markis-frúnni dytti ekki í hug að leigja kastalann nokkrum manni. En eyðslubelgurinn Brewster var ekki af baki dottinn. Hann spurði sig fyrir um hvað leiga á slíkum stað væri að jafnaði um mánuðartíma, og varð þess vísari, að tíu þúsund frankar væri talið meðalleiga. Hann símaði umboðsmanninum og bauð honum fimmfalda þá upphæð í hálfsmánaðarleigu. Umboðsmaðurinn kvaðst þurfa að fá ofurlitinn frest til að síma eiganda. En Brewster var ekki á því að biða lengi, svo að hann símaði aftur heimilisfang sitt á einhverjum tilteknum stað í Genova, og "Flitter" var búin til siglingar á ný. Skipið hafði alt af legið með gufu uppi og kolareikningurinn var ekki mikið lægri en á fimskipum sem ganga til mannflutninga um Atlantshaf. Philippi kunnir sér ekki læti þegar honum var greidd ömur mánaðarleiga fyrirfram með þeim ummælum, að ferðafólkið gæti komið aftur á hverri stundu. Mikill var fögnuður íbúa þessa smábæjar við þau tíðindi, og þegar Brewster og föruneyti hans lagði af stað, var það kvatt með kurt og þryði, sem hæft hefði þjóðhöfðingja og hirð hans.

Þegar til Genova kom, beið Montys mikill fjöldi bréfa. Varð hann þess þá vísari, sem honum þótti næsta ilt, að frúin sem kastalann átti neitaði enn að leigja hann. Monty hækkaði boðið upp í hundrað þúsund franka, og fékk í staðinn æfilangt vinfengi franska hraðboðans, en þessu boði var neitað eins og hinu. Þegar þeir fundust Monty og Bertier, settust þeir enn á ný á ráðstefnu.

“Ég verð að komast í kastalann Bertier,” sagði Monty. “Hvernig á eg að fara að því? Þér verðið að sjá einhver ráð til þess.”

En þó að hraðboðinn væri ekki málstirður að jafnaði, þagnaði hann við.

“Það hljóta að vera einhver ráð til að komast að samningum við markís-frúna”, sagði Monty. “Hvað er það sem hún hefir mest gaman af þe'kið þér hana nokkuð?”

“Alt í einu glaðnaði yfir hraðboðanum. “Nú veit eg hvernig við skulum fara að,” mælti hann, “en það kostar peninga, monsjör — mikla peninga.”

“Nú, það er ekki ómögulegt að við getum lagt þá til,” sagði Monty rólega. “Hvað hefir yður hugkvæmst?”

Hraðboðinn skýrði frá því og útlistaði skýringu sína með miklum handleggjaslætti. Hann hafði heyrt í Florence að markís-frúnni þætti mjög gaman að bifreiðum. En vegna þess að hún væri fátæk, þá hefði hún ekki getað fullnægt þeirri löngun sinni að eignast bifreið sem henni líkaði. Bifreiðin sem hún hefði notað síðastliðinn vetur væri engan veginn eftir nýjustu tízku. Ef monsjör treysti sér til að — en það var til of mikils mælt — enginn kastali —

En Brewster var skjótur til úrræða. “Símið umboðsmanninum, að eg skuli bæta við síðasta tilboð mitt bifreið af franskri gerð eftir nýjustu tízku og þeirri dýrustu, sem hægt væri að fá. En látið þess við getið að eg vilji þá fá að flytja í kastalann undir eins.”

Þetta hreif, og föruneysi Brewsters var þegar í

stað flutt til undralandsins — í álfheimana. Að vísu gekk það ekki orðalaust af, en Brewster var orðinn því svo vanur að láta engar mótbárur aftra ráðagerðum sínum, að alt varð að vera eins og hann vidli. Bertier var kominn á undan flokknum til kastalans og sá um móttökurnar, sem voru hinar beztu og hefðu fyllilega hæft konungbornu fólki. Varð þessi tilbreyting öllum hin kærkomnasta.

Útsýnið frá kastalanum var hið dýrðlegasta og hallaði landinu fagurlega niður að vatninu. Fyrst í stað gerði fólkið ekkert annað, en að virða fyrir sér þá óviðjafnanlegu fegurð sem brosti hvervetna við augunum. Pettingill reikaði um eins og í draumi. Það var því líkast, sem hann tryði ekki sjálfum sér til þess, að hann væri nú í raun og veru kominn í kastalann sem hann hafði þráð meir en alt annað. Hann var í eins konar óviðjafnanlegri hrifningu. Hinum fanst þeir vera komnir í jarðneska paradís. Þeir sem voru glaðir í anda fylltust nýjum fögnuði og óánægjan hvarf af andlitum þeirra þungbúnum, eins og vormjöll fyrir sólu. Mrs. Dan sagði Brewster að engum nema skáldi hefði getað komið til hugar að flytja á jafnfagan stað, en Magga bætti því við, að eftir þetta hlyti ferðafólkinu að finnast lítið um alt annað, “svo nú ættirðu að fara strax með okkur heim Monty, þegar við förum héðan,” sagði hún.

“Mér finst eg vera eins og skólapiltur sem settur hefir verið í skammarkrókinn, en rekist þar á sætindi til að gæða sér á”, sagði Subway. “Mér finst eins og eg væri orðinn eigandi að Central Park.”

“Hesthúsin voru góð og full af mörgum hestum og dagarnir liðu mjög ánægjulega. Þá var það eitt kveld í bezta veðri, er tólf förunautar Montys höfðu ríðið brott að skemta sér; að hann afréð að kalla MARGRÉTU GRAY til reikningsskapar. Hann þóttist alveg viss um, að hún hefði forðast hann af ásettu ráði svo vikum skifti, og hann vissi enga ástæðu til þess. Hann hafði oft legið vakandi í rúmi sínu löngum stundum og hugsað um hvað þessu atferli Margrétar mundi valda, en aldrei getað komizt að neinni niðurstöðu. Líklegast fanst honum þó að henni hefði kunnað að þykja við sig útaf því sem fyrir hafði komið í Monte Carlo, en þó þóttist hann muna eftir því að jafnvel þar áður, hefði hún reynt að draga sig brott frá honum, og farið að tala við einhvern annan, er hann vildi gefa sig á tal við hana. Nokkrum sinnum hafði hann berlega séð að hún flýði á náðir Mrs. Dan eða Mariu Valentine eða Pettingills, þegar hann hefði gert sig líklegan til að taka hana tali. Monty varð illa við þegar hann fór að hugsa um síðastgreinda nafnið. Ef það skyldi nú vera Pettingill sem stæði á milli þeirra? Þetta olli honum áhyggju, en aðra stundina fanst honum eins og slikt gæti ekki átt sér stað. Þegar þau stigu á hestbak og ríðu burt fanst honum hann fá í sig nýjan þrótt og hug. Þá var gert ráð fyrir að þau settust að snæðingi undir beru lofti um miðjan daginn, í skugga rústa nokkurra, sem stóðu eftir af gömlu klaustri. Höfðu þjónar verið sendir á undan til að hafa tilbúna máltíðina. Tókst það vel, og fyrir tilstilli Mrs.

Dan var fólkið hið kátasta meðan á snæðingi stóð. Á heimleiðinni var Monty síðastur þegar lagt var af stað, og hleypti fram hesti sínum til að ná í Margrétu. Það var samt ekki svo að sjá, að hún kærði sig um að verða ein með honum.

“Heyrðu Magga”, sagði hann, “það eru allar líkur til þess, að eitthvað sé öðru vísi en það ætti að vera okkar í milli.”

“Við hvað áttu Monty?” spurði hún um leið og hann þagnaði.

“Í hvert skifti sem eg ætla að taka þig tali, flýr þú mig, og ef eg kem í hóp manna þar sem þú ert, þá þýturðu í burtu.”

“Þvættingur, Monty! Hversvegna ætti eg að vera að flýja þig. Við höfum þekst of lengi til þess.” En hann þóttist sjá á svip hennar að hún talaði ekki af einlægni, og honum missýndist ekki.

“Pettingill getur talað við þig hvar sem er, án þess að þú gerir þig líklega til að hlaupa burtu,” sagði hann alvarlega, “en þú ættir að minsta kosti að sýna mér kurteisi.”

“En hvað þú ert ósanngjarn, Monty Brewster,” sagði hún í hita. “Þú þarft ekki að ímynda þér að miljónin þín veiti þér heimild til að gefa gestunum þínum, hvaða fyrirskipanir sem þér sýnist og ætlast til að allir hlýði þeim.”



“Það er ekki rétt af þér að tala svona,” skaut hann inn í.

“Ef ummæli mín ekki falla þinni hátign í geð þá er eg reiðubúin til að gera þér ekki meiri átroðn-



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

ing. Eg skal þá verða Prestons-fólkinu samferða. Það er í París," bætti hún við.

Alt í einu mintist Brewster þess, að Pettingill hafði getið um Prestons-fólkið, og látið í ljós þá ósk sína, að hann mætti verða því samferða. "Já, eg býst við að þú viljir ekki sleppa af Pettingill," sagði hann hæðilega. "Þar ættuð þið náttúrlega hægra með að vera meira saman."

"Og um leið ætti Mrs. Dan hægra aðstöðu hér," hreytti hún út úr sér um leið og hann drógst aftur úr og lenti í hóp þess fólksins, sem seinna fór.

Pettingill hraðaði sér þá strax að komast að hlið Margrétar. Hann mæltist til þess að þau reyndu hesta sína, og innan stundar höfðu þau hleypt af stað langt á undan hinu fólkinu í tunglskininu. Brewster ætlaði ekki að láta þau sleppa þannig, og rak hælana í síðurnar á hesti sínum, og hleypti honum á harða stökk. En hann var ekki kominn nema nokkrar teigslengdir þegar hann sá einhverja dökka þústu á veginum, sem hestur hans hræddist og hljóp út undan sér er hann varð var við. Jafnskjótt tók Brewster eftir því, að hestur Margrétar þaut áfram mannlau. Monty fleygði sér af baki dauðhræddur og var innan stundar kominn til Margrétar þar sem hún lá rétt við veginn. Hún hafði ekki slasast, en hruflað sig litilsháttar en var skelkuð af fallinu. Gjörðin hafði slitnað og söðlinum snarað. Fólkið beið þögult og vandræðalega, þangað til vagn kom til að aka Margréту heim. Þjónustustúlka Mrs. Dan var þar, og Margrét vildi enga aðra hafa með sér í

vagninum, en hana. En Monty hjálpaði henni upp í vagninn og hvíslaði: "Magga, eg vona að þú hættir við að fara frá okkur."

Arnþjotur B. Olson

XII. KAPÍTULI.

Prinzinn og bændurnir.

Að lifa í stöðugum friði og aðgerðarleysi í álfheiminum var Monty Brewster ómögulegt, og hann lét því ekki lengi dragast að gera ráðstafanir við Bertier til að ferðast um Ítalíu. Hann varð nú að fara að gera gangskör að því að panta bifreiðina, sem hann hafði lofað markís-frúnni, og við það komu honum ýmsar nýjar ráðagerðir í hug. Meðal annars fanst honum að ekki mætti minna vera, en að föruneyti hans tæki sér ferð á hendur í vögnum til að skoða landið í góðu tómi. En með því að þeir ferðavagnar er slíku fólki hæfði voru torfengnir, og ilt að byggja á að hestar yrðu við hendina; fanst Brewster sjálfsagt að hann pantaði sér bifreiðar handa föruneyti sínu frá París. Hann hugsaði málið, og sá, að hann varð að kaupa allar bifreiðarnar sem hann þurfti, því að ekki gat komið til mála að leigja þær. Þessvegna lét hann Bertier síma pöntun til bifreiða heildsala í París, og þótti sumum súrt í brotið, sem ekki gátu lagt til nógu margar bifreiðar samstundis, og urðu þessvegna af kaupunum, þá að Brewster vildi enga bið heyra nefnda. Samið var um það,

Að félagið sem seldi bifreiðarnar tæki aftur við þeim með stórfengilegum afslætti að sex vikum liðnum. Bifreiðarnar voru sendar svo fljótt sem mögulegt var, fimm til Milanó og ein til markís-frúarinnar í Florenz.

Monty tók það nærri sér að fara úr kastalanum, því það var því líkast sem eitthvert töfra-afl héldi honum þar föstum. En hann varð samt að fara samkvæmt ráðstöfunum sem þegar höfðu verið gerðar, því að bifreiðanna var von til Milanó á mánudegi. Hann furðaði sig nærri því á því, hvað gestir hans voru hlýðnir við hann að fara, en þeir vissu ekki um, hvaða fjáreyðslu hann hafði í bruggi. Hann lét þá fara með eimlest til Milanó og til skrautlegs gistihúss, er Cavour hótél hét. Þegar þangað var komið fann Brewster skjótt að fregnin um fjáreyðslu hans, var þangað komin á undan honum, og gistihússeigandinn var ekkert nema kurteisin og auðmýktin. Hann þóttist taka sér það ákaflega nærri að monsjör Brewster skyldi ekki hafa komið í tæka tíð til að heyra nafnkunnan söngmanna skara, er þar hafði sungið nýskeð. Það hátíðahald var þá fyrir skemstu um garð gengið. Þar hafði gott fjáreyðslufæri gengið Brewster úr greipum, og skaut Bertier við einhverri háðglósu út af því. Hún hafði sínar verkanir. Brewster fór að spyrja um söngflokkinn og fékk að vita, að hann væri enn í Milanó; gat Bertier þess þá, að það mundi verða miklum erfiðleikum bundið að fá söngflokkinn til að syngja aftur, en ókleyft ætti það ekki að þurfa að vera; fór svo að Brewster fól

honum að leita þess við söngflokkinn, að syngja að nýju, og útvega söngskarann og sönghöllina að eins handa föruneyti Brewsters. Monty tók því fegin-samlega og gaf Bertier umboð sitt til þess.

“Haldið þér samt ekki að tómlegt verði í sönghöllinni, ef engir fleiri verða þar, en föruneyti yðar?” spurði Bertier háðslega.

“Fyllið hana þá með blómum og veggtjöldum,” svaraði Brewster. “Eg fel yður að sjá um þetta, og vona, að þér leysið það sómasamlega af hendi. Látið yður nú takast vel.”

Það hlakkaði í Bertier við tilhugsunina við slíkt fjáreyðslu-færi. Hann þóttist vita, að hér gæti hann aflað sér mikillar frægðar — orðið stórfægur um alla Ítalíu, ef sér tækist vel. Hér reið á að sýna bæði smekk og hugvit. En þegar að því kom að skreyta sönghöllina, þá leitaði hann náttúrlega aðstoðar Pettingills; eftir að þeir höfðu ráðgast um hrið, kom þeim saman um að skreytingunni skyldi þann veg háttað, að tjaldað væri af svo mikið svæði, sem þurfa þótti af sönghöllinni, eða hrúgað inn blómum svo að húsrúmið varð að lokum að eins hæfilegt föruneyti Brewsters. Var plássið ekki of mikið þegar allar þessar ráðagerðir voru komnar í kring.

Þe hafði alt gengið með svo miklum hraða, að kveldið eftir að Brewster kom til Milanó gat hann boðið þeim að hlýða á söngskarann í Scala-sönghöllinni. Vakti þetta hina mestu eftirtekt í borginni, kom henni í algert uppnám, svo að slíks höfðu engin dæmi verið um fjölda mörg ár. Mrs. Valentine, sem

ók til sönghallarinnar í sama vagni eins og Monty, furðaði stórum á þeirri athygli er borgarbúar sýndu þeim.

“Fólkið skipar okkur á bekk með hertogum og prinsessum,” sagði Monty. “Það er eins og það hafi aldrei séð hvíta menn fyrri.”

“Það hefir kannske búist við, að við mundum ríða á vísundum,” sagði Mrs. Dan, “eða að herteknir Indíánar drægju vagnana undir okkur á sjálfum sér.”

“Nei”, skaut Subway Smith inn í, “eg sé ekki betur, en að fólkið hafi orðið fyrir vonbrigðum. Það hefir búist við að sjá kórónur og veldissprota og gullinu rigna. Mér finst að þú alls ekki gera skyldu þína Monty. Eg gæti gefið þér leiðbeiningar um það, hvernig þú ættir að leika einvaldsherra. Þú ættir að sitja á snjóhvítum gæðingi, í flaksandi silkiklæðum og kinka kolli náðarsamlega til þeggja hliða, og eg lítilmótlegur að sá silfri í slóð þína.

“Mér þykir mikið, ef fólkið í föruneyti Brewsters fær ekki að fá nóg af þessu hirðmannalífi bráðum. Skyldi ekki suma sem búð hafa í dýrðlegum höllum fara að langa til að komast aftur í lágþýsi, sem við þeirra hæfi eru?”

“Jú, náttúrlega”, svaraði Subway hlæjandi. “Nú höfum við lifað í vellystingum praktuglega í meir en tvo mánuði. Og ef þú ferð ekki að lina á okkur Monty, þá hljótum við að lenda á meltingarveikra hæli áður langt um líður.”

Þessu næst lét Mrs. Dan í ljós þá ætlun sína að

bjóða gestunum öllum til veizlu kveldið eftir. Monty snérist andvígur gegn því, og vildi ekki annað heyra, en að þau færu burt frá Milanó samstundis; hann þóttist mega ráða því, að sá sinn slaginn í því.

En Mrs. Dan vildi engan veginn láta af sinni fyrirætlun. "Þér getið alls ekki haft alla hluti eftir yðar höfði, vinur minn," sagði hún. "Ef þér haldið svona áfram þá verði þér öreigi í næsta mánuði. Eg ætla að reyna að koma í veg fyrir það. Það er blátt áfram skylda mín. Jafnvel þó að eg verði að beita hörkubrögðum, ætla eg ekki að láta það farast fyrir að þér borðið hjá mér annað kveld."

Monty sá að eigi var annars kostur, en að slaka til, og það gerði hann möglunarlaust, úr því ekki varð hjá því komist að taka boðinu. Rétt á eftir komu þau að sönghöllinni og var fylgt inn með þeirri auðmýkt og undirgefni, sem að eins er sýnd ríkum mönnum. Brewster var hrifinn af viðhöfninni sem þar var á öllu, eigi síður en gestir hans. Skrautið var líkast því sem sagt er frá í þúsund og einni nótt. Hrifning var svo mikil að stund leið áður en fólkíð settist niður til að hlusta á söngmannaskarann, sem nú lét til sín heyra með því fjöri og eldmóði sem ein-kennir Ítali.

Milli síðustu þáttanna gengu þau saman um einn ganginn Brewster og Margrét. Þau höfðu varla talað orð saman, eftir slysið, þegar hún datt af baki, en Monty hafði tekið eftir því, að hún haði fremur forðast Pettingill eftir það, og var honum það meir en lítið fagnaðarefni.

“Eg var að halda að við hefðum alveg flutt okkur burt úr álfheimum þegar við fórum frá vötnunum, en það er engu líkara en að þú flytjir álfheimana með þér,” sagði hún.

“Það eina, sem að er,” svaraði Monty, “er það að ofmargt fólk er hér á ferð. Álfheimarnir mínir eru ofurlítið öðruvísi.”

“Álfheimarnir þínir Monty, eiga víst að vera úr gulli og silfraðar göturnar um þá. Eg býst við að þér þætti mest gaman að sitja þar á alabasturs-skrifstofu og búa til verðmiða.”

“Þú mátt ekki ímynda þér, að eg sé svona skrilslegur, Margrét. Þetta er dýrslegt kapphlaup, sem nú stendur yfir, en eg get ekki stöðvað það nú sem stendur. Þé getur ekki skilist hvernig í því liggur.”

“Þú reisir þér hurðarás um öxl,” svaraði hún; “en þú ert of göfuglyndur til þess að hægt sé að orða þig við neitt sem skrilslegt er. En mér er hugraun að þessu, Monty, óskapleg hugraun. Eg er að hugsa um framtíðarhorfur þínar — sem alt of eru að verða óglæsilegri og ískyggilegri. Þetta getur ekki staðið lengi. Og hvað tekur þá við? Þú ert að sólunda eignum þínum, og færð ekkert í staðinn, sem geti bæði þér til lífsframtærslu.”

“En, Margrét, þú verður að reyna að treysta mér,” svaraði hann alvarlega. “Eg get ekki hætt við þetta, en eg skal segja þér eitt fyrir víst og það er þetta: Þú skalt ekki verða óánægð með mig um það er lýkur.”

Það var eins og móðu drægi fyrir augu hennar er hún leit á hann. "Eg treysti þér, Monty," svaraði hún blátt áfram. "Eg skal ekki gleyma þér."

Nú var tjaldið dregið upp í næsta þætti og það var eitthvað það í söngleiknum, sem virtist draga þau tvö, sem nefnd voru, hvort að öðru. Þegar þau fóru burt úr leikhúsinu, þá sagði Margrét með raunsvip: "Dæmalaust hefir þessi stund verið skemtileg, en eyðslan hefir verið svo gífurleg að varla munu dæmi annars eins. Það verður nokkuð hjáleitt að virða fyrir sér aumingja fátæku bændurna hérna úti fyrir, sem aldrei hafa heyrt fallegan söng."

"Jæja, þeir skulu þá fá að heyra hann núna". Monty greip tækifærið, en hann átti bágt með að dylja það sem mest hvatti hann til þessarar athafnar. og honum fanst hann aumkunarverður hræsnari. "Við látum annan söngleik fara fram á morgun og fylum sönghöfunda með bændum."

Og Bertier stóð við orð sín. Bertier var falið hlutverk honum féll ekki sem bezt í geð. En með aðstoð yfirvalda bæjarins, tókst honum að koma því í framkvæmd. Þeim fanst þvílíkt ráðlag ganga brjálsemi næst, en þó var einhverskonar konungborinn blær yfir þessu ráðlagi, svo að þeir tóku ekki eins hart á því fyrir þá sök. Forstjóra leikhússins var ekki eins auðvelt að fá til að samþykkja þessa fyrirætlun, — hann var hræddur um, að bændurnir mundu alveg eyðileggja fínu sætin í leikhúsinu. En Brewster varð þess visari að gull er örugt læknislyf alls kyns meina í Ítalíu, og hann var óbágur á að gefa

lyfseðla. Honum fanst dagurinn vera fljótur að liða, því Margrét lét sér mjög umhugað um þessa fyrirætlun, að skemta bændunum og þau Brewster þurftu mikið að ráðgast um hana. Var Monty næsta ljúft að tala um það.

En svo kom veizluhald De Mille í bága við ráðagerð þeirra, því að veizlan átti að standa sama kveldið. En Monty fullvissaði Margrétu um það, að söngleikurinn skyldi hefjast strax að veizlunni lokinni. Mrs. Dan hafði verið önnum kafin um daginn að undirbúa veizluna, en hafði alls ekkert látið í ljós um tilhögun á henni. Höfst veizlan kl. 8 síðdegis í Cova, sem var skamt frá söngleikahöllinni Scala; var þar sezt að snæðingi undir beru lofti úti í garði, en leikið á hljóðfæri meðan á borðhaldi stóð. Marga furðaði á hvað látlaus þessi veizla Mrs. Dan var. Voru réttir alvanalegir frambornir og ólíkir því sem menn áttu að venjast í stórveizlum, en gestirnir voru þó hæstánægðir einmitt vegna þess, hvað veizla þessi var frábrugðin því sem þeir höfðu átt að venjast hjá Brewster undanfarið.

Að veizlunni lokinni fóru þær Margrét og Mrs. Valentine með Brewster og Pettingill yfir til Scala-sönghallarinnar til að heyra tvo síðustu þættina í söngleiknum. En nú voru áheyrendurnir aðrir en fyr, og lófaklappið nokkru öðruvísi en áður.

Daginn eftir lögðu fimm dýrindis bifreiðir með frönskum ökumönnum af stað til Feneyja. Þær fóru um Brescia, Verona og Vixenza, og sáu silfri í slóð sína, en allur almenníngur stóð agndofa og horfði

hugfanginn á dýrðarljómann, sem af þeim stóð. Brewster þótti fullhart farið, og þegar til Feneyja kom, kendi hann eftirsjár útaf því að hafa ekki haft tíma til að skoða betur hið dýrðlega land, sem um var farið. "En þetta er regluleg kaupsýslu-ferð", hugsaði hann með sér, "og maður getur ekki við því búist að hafa mikla skemtun af henni. Einhverntíma skal eg koma hér aftur og njóta betur náttúruþyrðarinnar hér. Eg hefði verið fús á að vera svo klukkustundun skifti úti í gondólum, ef þetta bansetta ferðalag hefði ekki þann kost, að á því má eyða miklu meiri peningum."

Áður varði var hann alt í einu vakinn af dagdraumum sínum og kvaddur til að hugsa um skylduverkin með símskeyti, sem greiða þurfti fyrir \$324,00 áður en það yrði lesið. Það flutti orð fyrir orð dæmisöguna um talenturnar tíu og neðan við var að eins eitt orð — orðið

"Jones".

XXIII. KAPÍTULI.

Bónorðið.

Það er varla hægt að segja að sumarið sé hentu-
gur tími til að fara skemtiferð til Egyptalands, en
bæði Monty og gesti hans langaði til að sjá ofurlítið
af norðurströnd Afríku. Þessvegna var fastráðið, að
eftir að farið hafði verið til Apenuborgar, þá skyldi

“Flitter” fara suður til Afríkustrandar. Skemti-snekkjan hafði mætt fólkinu í Neapel þegar það kom úr bifreiða ferðalaginu. Um miðjan Júlímánuð var hópurinn í þann veg að fara burt af Egyptalandi, því að hitarnir voru þar ákaflega miklir; þá var ekki nema mánaðarferð til New York og Brewster þótti helst til mikið fé í sjóði hjá sér enn. Því nær sem dró Septembermánuði, þeim mun meir gleymdi Monty aðvör-unum Jones, svo að um síðir var of seint fyrir hann að ætla að snúa aftur frá þeirri stefnu, er hann hafði tekið. Nú var komið að “fjörbrotahríðinni”, eins og Monty komst að orði, og hann var hræddur um að fjörbrot miljónarinnar yrðu hörð og löng. En fagrir voru dagarnir og dýrðleg kveldin í Egyptalandi þeim sem þeirra hefðu getað notið með rólegum og óskiftum huga. En nú var ferðahugur kominn í alla förunauta hans, og biðu þeir með óþreyju þess að “Flitter” tæki að kljúfa öldur Atlanzhafsins. Í Alexandríu bauð Brewster nokkurum Englendingum í samsæti og voru þau svö vegleg og svo mikið í þau borið, að fyllilega samhæfðu dýrðlegustu veizlum að Austurlanda sið.

Í eina veizlu sína bauð Monty meðal annara arabískum höfðingja. Sá var stur og sællegur og auðsjáanlega mikill náutnamaður; hann átti stórt og mikið kvennabúr og hafði honum mest verið boðið í samsæti út á “Flitter” eins og í skemtunar skyni föruneysi Montys. Þegar hann kom út á skipið var það síður en svo að Brewster sæi eftir boðinu. Hann hét Múhamed Araba-höfðinginn, og var einka til-

komumikill maður; gerði kvenfólkið þar svo margtalað við hann, að varla var að furða þó að hann yrði upp með sér af því dálæti. Kom svo að hann varð afarástfanginn af Margrétu Gray, og nær því jafnskjótt, sem hann sá hana. Næsta dag fann hann því Brewster að máli, og beiddi hann, með því drjúgæti sem einvaldsherrum er eiginlegt, er aldrei nokkurn tíma hefir verið neitað, að senda sér stúlkuna, svo að hann gæti gengið að eiga hana strax. Monty rann í skap slík óbilgirni, en hann stilti því, að honum duldist ekki, að það var hyggilegt að fara varlega í þetta mál. Hann reyndi að gera höfðingjanum það skiljanlegt að Margrét gæti ekki tekið við þeim heiðri sem hann vildi sýna henni, en Múhameð var því óvanur að honum væri neitað, einkanlega af kvenfólki. Hann kvaðst því ætla sjálfur að koma út í skipið að kveldi þess dags og tala sjálfur við Margrétu.

Brewster virti hann fyrir sér þennan svartgulherra með reglulegum viðbjóði. Hann gat ekki varist hryllingi við þá tilhugsun að þessi dólgur ætti að fá að snerta hönd Margrétar, hvað þá að verða maðurinn hennar, en þó fanst hnomum eitthvað hlægilegt blandað inn í þenna skrípaleik. Hann gat ekki að sér gert að brosa er hann gerði sér í hugarlund, liversu Margrét yrði ásýndum, er hún hlýddi á bónorð þessa náunga. Arabinn misskildi látbragð Brewsters. Hann leit svo á að bros Montys væri tákn vináttu og hvatningar. Hann bauð að gefa Brewster hring í vináttuskyni, en Monty neitaði því og sömuleiðis að færa Margrétu gimsteinapoka, sem höfðinginn bauð að

senda henni.

“Eg ætla að lofa honum að koma út í skipið, gamla manningum, og fá þar hryggbrot hjá Margrétu”, sagði Monty við sjálfan sig. “Þó að ekki sé það skemtilegt, þá er það vegsauki fátækri stúlku að einvaldshöfðingi hafi beðið hennar. Það eru fáar stúlkur sem geta hrósað sér af slíku. Ef hann fer að verða óþægur þessi úlfaldasali þá fleygjum við honum í sjóinn.”

Hann bauð þá Arabanum með allri kurteisni að koma út í skipið og flytja mál sitt við Margrétu. Múhameð var samt hálfhissa á því að hann skyldi verða að fara bónarveg að því að fá nokkuð sem hann girntist. Brewster sagði þeim “Rip” Van Winkle og Subway Smith, sem farið höfðu með honum í land, frá þessum tíðindum, og þeim kom öllum saman um, að það mundi verða langskemtilegast að láta Margrétu koma á óvart bónorðið. Van Vinkle fór strax út í snekkjuna, en félagar hans voru um hríð í landi að kaupa sitt hvað. Þegar þeir komu út í skipið urðu þeir varir einhvers óvanalegs uppþots þar.

Múhameð hafði ekki verið aðgerðalaus eftir að þeir skyldu við hann. Hann kvaddi til sín þjóna sína, valdi nokkra kjörgripi, sem hann hafði fengið endursenda úr kvennabúri sínu, hafði með sér og lagði þegar af stað á bátum út í Flitter.

Skipstjóranum brá í brún er hann sá þann skrautlega bátafloða er nálgast og kallaði á stýrimann til sín. Horfðu þeir hissa á komumenn. Fyrstir komu tveir kallarar, er tilkyntu komu hins mikla höfðingja.

Perry skipstjóri gekk fram til að heilsa Arabanum í því að hann kom að skipshliðinni, en honum var hrundið frá af fylgdarliði Múhameðs. Nú klifruðu eitthvað fimtíu svartir þrælur upp á skipið og því næst höfðinginn, klæddur í íburðarmikinn skrautbúning og afarvaldalegur.

“Hvar er hún?” spurði hann á tungu þjóðar sinnar. Nú höfðu farþegar fengið að vita um komumenn og þustu til af mikilli forvitni.

“Hvern fjandann viljið þér hingað?” spurði skipstjóri öskuvondur, og hratt frá sér einum tveimur fylgdarmönnum Múhameðs og staðnæmdist frammi fyrir biðlinum. Nú kom túlkur til skjalanna og var skipstjóra í flýti gert kunnugt hvert aðalerindi Arabahöfðingjans væri. Hann rak upp hlátur og kallaði til stýrimanns og bauð honum að kalla á nokkra háseta til að reka þennan flökkulýð af höndum sér. “Rip” Van Winkle skarst þá í málið og varð þá friði á komið. Rip hafði orðið miklu ánægðari og lifsglaðari maður eftir að hann komst út á “Flitter”, svo að ekki var að undra þó að hann hefði gert Maríu Valentine að trúnaðarmanni sínum. Hann hafði því sagt henni alla söguna um hið væntanlega bónorð Arabahöfðingjans strax og hann kom á skipið, en María óðara gert Margrétu kunnugt um það.

Brewster hitti svo á þegar hann kom, að höfðinginn sat í lyftingu á skipi hans, og beið ópolinmóður eftir ástmey sinni. Hann vissi ekki hvað hún hét, en hann hafði skipað “Rip” með ákefð að koma með allar konurnar á skipinu fram fyrir sig, svo að hann

gæti valið úr þá, sem náð hafði fundið fyrir augum hans. Þeir Winkle og Bragdon voru í þann veginn að leiða alt kvenfólkið fram fyrir Arabann þegar Monty skarst í málið.

“Hefir hann hitt Margrétu ” spurði hann Van Winkle.

“Nei, ekki enn. Hún er að búa sig undir samtalið.”

“Nú, við skulum sjá hvernig honum bregður við þegar hann fær hryggbrotið”, sagði Monty hlæjandi.

Rétt í þessu kom Monty auga á Margrétu, sem fögur og tígurleg færðist nær í kvennahópnum. Henni til mikillar undrunar þustu tveir þrælur fram, námu staðar frammi fyrir henni og lutu henni, svo að enni þeirra námu við þilfarið. Síðan stóðu þeir á fætur og réttu henni tvö skrautleg hálsmen. Hún var við bónorðinu búin, en þetta atvik kom henni á óvart; hún stundi við og stóð svo alveg ráðalaus. Kunningjafólkið brosti og höfðinginn greip sínum feitu höndum um hjartastaðinn.

“Lotharíó kennir til”, hvíslaði “Rip” Von Winkle með uppgerðar-hluttekningu, og Brewster fór að brosa. Margrét hikaði nú ekki lengur er hún heyrði hláturinn. Hún gekk rakleitt til höfðingjans. Hún var rjóð í kinnum og augun tindruðu ískyggilega. Þrælarnir fylgdu henni þrákelknislega með dýrgripina, en hún sinti því engu. Þó að hún væri hugprúð að eðlisfari gat hún ekki að því gert að hrollur fór um hana er hún sá þá dýrslegu ákefð, sem skein úr úr Arabanum.

Þarna stóð hún tíguleg há og grönn frammi fyrir Múhameð feitum og luralegum, en áfergi hans rénaði ekki þó að margt manna væri viðstatt. Hann varpaði sér drynjandi á kné, riðaði ofurlítið til eins og í því skyni að komast í skáldlega hrifningu; því næst tók hann að þvaðra á frönsku, ensku og arabísku með miklum handaburði svo áfergislegum að nærri því viðurstygð var að horfa á. Og er hann tók til máls, var það fremur í þeim rómi, er hann mundi hafa viðhaft er hann skipaði hersveitum sínum, heldur en biðlar tíðka er þeir ávarpa ástmeyjar sínar::

“Ó, þú gleði hinnar upprennandi sólar, ó, þú augasteinn minn, hlýddu á bæn Múhameðs: Eg er komin til þín, drotning sjávarins, jarðarinnar og himinsins. Bátar mínir liggja hér, og á ströndinni standa úlfaldar mínir, og Múhameð lofar þegar dýrlegri höll á sóllituðum hæðunum, ef þú leyfir honum að baða sig alla tíma í þínu yndislega og dásamlega brosi.” Alt þetta þvaðraði hann á ógurlegu hrogna máli. Förunautar hans hneigðu sig með mikilli lotningu og tveir eða þrír Bandaríkjamannanna svöruðu með dynjandi lófaklappi, eins og þeir væru að horfa á ágæta sýningu á leikhúsi. Hásetarnir héngu á öldustokknum og umhverfis lyftinguna.

“Brostu herramanninum til heiðurs”, svaraði Brewster kankvíslega. “Hann ætlar ekki að baða sig lengi aðeins ofurlitla stund.”

“Þú ert dónalegur Mr. Brewster,” sagði Margrét, snéri sér við og leit kuldalega til hans. Síðan veik hún sér að höfðingjanum og spurði: “Hvað á öll

Þessi mælgí að þýða?"

Múhameð varð eins og hálf forviða í bili, snéri sér því næst að túlki er tilkynti honum, hvað Margrét hefði sagt. Næstu mínúturnar dundu við hrópin "Gimsteinn Afríku", "Stjarna", "Sólgeisli" "Drotning", "Fögnuður himinsins", "Perla eyðimerkurinnar" og önnur þvílík vegsemdarnöfn borin fram á lélegri ensku, verri frönsku og hreinni arabísku. Hann hét nú ýmsu og sumu svo stórfengilegu að hann hefði enginn maður orðið til að efna, þó að hann hefði lifað í mörg þúsund ár. Loks teygði hinn vöxtulegi höfðingi úr sér, brosti íbyggilega og bar nú fram síðasta úrslita orð sitt í bónorðinu:

"Þú ert dásamleg eins og gyðja", sagði hann.

Nú kváðu við há hróp frá hásetunum umhverfis, en höfðinginn, sem hélt að slíkt væri einn óhjákvæmlegur þáttur í athöfninni, spratt á fætur og gekk hratt til báts síns, og bentí henni kuldalega að fylgja sér. Það var auðséð, að að hann þóttist hafa gert vísu sína. En nú kallaði Margrét til hans, og gerði honum vísbendingu um að bíða; hún var auðsjáanlega í æstu skapi og hafði ákafan hjartslátt.

"Eg met að verðugu þenna heiður sem þér hafið sýnt mér", sagði hún, "en eg hefi ósk fram að bera." Múhameð nam staðar og var önualegur á svip.

XXIV. KAPÍTULI.

Herkænska Araba-höfðingjans.

Margrét horfði brosandí á höfðingjann, skotraði augum til Valentínu, sem kinkaði kolti til hennar samþykkjandi.

“Viljið þér ekki gefa mér tórn til að fara niður og ganga frá munum mínum, svo að hægt sé að senda þá í land?” spurði hún með hæð.

“Þvættingur!” stundi Monty. “Það er ekkert lag á svona hryggbroti.”

“Við hvað áttu Monty Brewster?” spurði hún og hvesti á hann augun.

“Eg sé ekki betur en að þú sért að gefa karlgarminum undir fótinn með þessu ráðlagi,” svaraði hann ólúndarlega.

“En þó svo væri, er eg ekki algerlega frjálst að því? Eg held að mér skjátlist ekki, þó að eg líti svo á, sem hann hafi verið að biðja mín. Hefi eg ekki fulla heimild til að taka honum, ef mér sýnist svo?”

Það var skritinn svipur sem nú kom á Brewster. Honum var ómögulegt að trúá því, að henni væri alvara, en það var eins og því væri hvíslað að honum,

að nú væri til hans sjálfs leikur ger, og honum féll það illa. Alt hitt fólkið starði undrandi á Margrétu, rjóða í framan, og beið með óþreyju þess er næst gerðist.

“Eg mundi í þínum sporum ekkert eiga við þennan náunga, Margrét”, sagði Monty og færði sig nær henni. “Blessuð vertu ekki að ýta undir hann; það getur skeð að hann verði ósvífinn, ef þú dregur dár að honum.”

“Þú veður algerlega reykt, Monty”, svaraði hún. “Mér dettur ekki í hug, að draga dár að honum.”

“Nú, því segirðu honum þá ekki að fara, og hætta öllum fíflaskap hér?”

Nú sýndi höfðinginn á sér óþreyjumerki, og muldraði eitthvað, sem Rip þýddi þannig:

“Son spámannsins langar til þess að þér flýtið yður, Miss Gray, drotning heimsins. Hann er orðinn þreyttur af að bíða, og skipar yður að fylgja sér strax.”

Margrét hvesti augun á hinn skuggalega Arabahöfðingja, en svo skifti hún fljótlega skapi og svip aftur, brosti vingjarnlega og snéri að stiganum, sem lá í káetuna.

“Herra trúr! Hvert ertu að fara Margrét?” spurði Lotless.

“Eg ætla að fara að taka saman dót mitt”, svaraði hún glaðlega. “Viltu koma með mér María?”

“Margrét!” hrópaði Brewster reiðulega. “Þetta þykir mér oflangt gengið.”

“Þú hefur átt að láta hug þinn fyr í ljósi,

Monty", svaraði hún rólega.

"Hvað ætlið þér að gera, Margrét?" spurði Mrs. Dan, undrandi.

"Eg ætla að ganga að eiga son spámannsins," svaraði hún með svo mikilli áherzlu að öllum hnykti við. Rétt á eftir þusti að Margrétu allur kvennahópurinn og fleiri, en Perry skipstjóri hrópaði á háseta sína að vera við hendina, ef á þyrfti að halda.

Brewster hratt hinu fólkinu frá og ruddist fram til Margrétar; hann var náfölnur í framan.

"Þetta er ekkert spaug, Margrét," hrópaði hann. "Far þú niður í káetu, en eg skal koma Arabahöfðingjanum burtu.

En nú var Algeríu-kappanum nóg boðið. Honum hugnaði alls ekki hvernig "hvítu hundarnir" hegðuðu sér gagnvart ástmey hans. Rauk hann því fram ásamt með tveimur skipsmönnum, óð að Brewster og hrópaði reiðulega:

"Viktu úr vegi, bjálfinn þinn, eða eg skelli af þér hausinn."

Nú fyrst sá Margrét það, að gamanleikurinn, sem þær María og hún höfðu komið sér saman um að leika, Brewster til refsingar, gat hatt býsna alvarlegar afleiðingar. Nú varð hún hún alt í einu gripin af miklum ótta; hún náfölnaði og greip dauðahaldi um handlegg Brewsters.

"Eg var bara að gera að gamni mínu — þetta er spaug og ekkert annað, Monty", hrópaði hún. "Æ, hvað hefi eg gert?"

"Það er mér að kenna", hrópaði hann; "en eg

skal vernda þig, svo að þú þarft ekkert að óttast.”

“Viktu úr vegi!” öskraði Arabahöfðinginn.

Horfurnar voru nú orðnar nokkuð ískyggilegar. Kvenfólkið var svo skelkað, að það gat hvergi flúið, en stóð sem steini lostið. Hásetarnir ruddust hart fram á þilfarið.

“Komist þið strax burtu og ofan í báta ykkar”, sagði Monty rólega við túlkinn, “annars steypum við ykkur í sjóinn öllum upp til hópa.”

“Rólegir! rólegir!” æpti Subway Smith og gekk fram í milli þeirra Brewsters og Araba-höfðingjans, og það atvik eitt varð til þess, að afstýra því að alvarlegar afleiðingar yrðu. Smith tók nú að þvaðra við höfðingjann, en á meðan hraðaði Mrs. De Mille sér með Margrétu niður í káetu þar sem hún var óhult, og fylgdi allur kvennaskarinn á eftir þeim skjálfandi af hræðslu. Aumingja Margrét flóði öll í tárur, og augnaráðið, sem hún sendi Brewster þegar hann gekk fram í milli hennar og Araba-höfðingjans, er hann veitti henni eftirför, gladdi Monty svo innilega að hann var fús til að fórna lífi sínu fyrir hana.

Það var hér um bil klukkustundar verk að sannfæra Araba-höfðingjann um það, að Margrét hefði misskilið hann, og að það væri ekki venja að biðja amerískra kvenna á Afríku-vísu. Loks lagði hann af stað burtu með alt föruneyti sitt, en var í afarillu skapi og fullur heiftarreíði. Fyrst hótaði hann að taka Margrétu með valdi; síðan féllst hann á að rétt væri að gefa henni að minsta kosti einn dag enn þá

til umhugsunar, ef ske mætti að hún vildi ganga með honum af fúsum vilja, og kvað einn fugl í hendi betri en tíu á þaki.

Brewster stóð utan við hinn æsta hóp er starði á ljóta biðilinn. Mennt sem voru rólegri höfðu komið honum á þann örugga stað er hann stóð á. Hlýddi hann þaðan á hefndarhróp Arabahöfðingjans, og voru þau býsna gífurleg. Hann sór það við skegg einhvers að hann skyldi aftur koma með tíu þúsundir hermanna og heimta aftur stúlkuna sem honum var neitað um nú. Það eitt hamlaði að hann heyði baráttu um hana þá þegar, var að Perry kasteinn sendi eitthvað sex harðsnúna sjómenn móti höfðingjanum, er skóku framan í hann steytta knefa, og opnuðu honum, og föruneysi hans veg, svo að það lét undan sign, og var rekið af skipinu og ofan í sjóinn.

Það sagði Múhameð síðast, að sín væri aftur von, og þá skyldu hermennirnir skjóta er hann nálgast. Brewster var óánægður með sjálfan sig og fanst hann varla upp á nokkurn mann geta litið, en fór þó undir þiljur að hitta Margrétu. Hann stanzaði þó til að telja hug í kvenfólkið, sem safnast hafði saman niðri í káetu dauðhrætt. Hún var inni í svefnherbergi sínu og vildi ekki koma fram, og þegar hann drap á dyr hjá henni, var honum svarað ólundarlega og sagt að láta þann í friði, er inni væri.

“Komdu fram, Margrét, þetta er alt búið nú”, sagði hann.

“Blessaður farðu burtu, Monty”, mælti hún.

“Hvað ertu að gera þarna inni?” Nú varð löng þögn; en loks var svarað í lágum rómi: “Eg er að taka upp úr koffortunum mínum aftur.”

Þetta kveld hélt Brewster nokkrum frönskum og enskum herramönnum veizlu út á skemtisnekkjunni. Saga þess er gerst hafði, var sögð í því samkvæmi. Mrs. Dan De Mille sagði frá, og gerði það svo vel, skáldlega og spaugilega, að gestirnir veltust um í hlátri yfir óförum Arabahöfðingjans. Þau voru bæði býsna kyndarleg Margrét og Brewster og litu hvort til annars við og við meðan á frásögninni stóð. Hún hafði beinlínis forðast hann þá um kveldið, en verið þó kát við aðra og upprifin. En til þess tóku menn varla þó að hún væri föl. Það var ekki nema rétt eðlilegt, eftir það sem hana hafði hent. En nú er allt var um garð gengið, var sem henni fyndist þó einhver kvíði í sér. Og þegar einhverjir gestanna mintust á það seinna um kveldið, að Múhameð væri hættulegur maður, og jafnvel stjórnin hafði illan bifur á honum, fanst henni eins og þungur kvíðahrollur leggja um sig alla, og heðni varð litið til Brewsters, sem var svo að sjá, sem hátur höfðingjans hefði einkum beinst að.

Daginn eftir töluðu þau Monty um þetta ítarlega. Var ánægjulegt að sjá iðrun beggja. Hvort um sig neitaði þ. . . ð rétt væri, að hitt bæri alla ábyrgðina, og bæði voru svo ánægð, að Múhameð varð loks alveg hverfandi í hugum þeirra og tali þann daginn. En allan daginn var höfnin full af fiskibátum, og þó að

kveldaði héldu þeir áfram að vera á sveimi, eins og dularfull reköld, sem hvergi væri markaður bás. En svertingjarnir úti í bátunum voru þó ekki að veiða fisk; ekki voru þeir heldur að sýsla um net, því að þau lágu og höggunarlaus niður í kálvegi á bátum þeirra.

Veizlugleðinni hélt áfram úti í Flitter, þó að nóttin hefði færst yfir, og fleiri gestir komu úr landi, eftir að skyggja tók. Það var komið fram undir aftureldingu þegar gestirnir fóru aftur í land, og enn voru fiskibátarnir á svamli fram og aftur um höfnina. Smám saman höfðu verið slökt ljósin úti á skemti-snekkjunni og að því var komið, að varðmaðurinn, sem þreyttur var orðinn, yrði leystur af hólmi. Monty og Margrét höfðu orðið eftir uppi á þilfari þegar gestirnir lögðu frá skipinu. Þau hölluðu sér út yfir öldustokkinn og voru að hlusta á glaðlegar raddir brottfaraenda, sem urðu því óskýra, sem þeir fjarlægðust meir. Fá ljós sáust í landi, en þó skýrt þau sem til voru.

“Ertu þreytt, Margrét?” spurði Brewster blíðlega. Hann hafði nokkrum sinnum upp á síðkastið fengið mikla löngun til að taka hana í fang sér, og sú löngun var býsna rík í þetta skifti. Hún var örskamt frá honum og yfir henni einhver þreytu svipur, sem bar það með sér, að hún þyrfti á vernd að halda.

“Eg hefi einkennilegt hugboð um það, að eitthvað hræðilegt muni gerast í nótt, Monty,” sagði hún lágt en með kvíðafullri röddu.

“Þú ert hrædd, og þessvegna imyndarðu þér þetta”, svaraði hann. “Nú ættirðu að fara að sofa. Góðar nætur.” Þau tóku höndum saman í myrkrinu og straumurinn sem hann fann leggja um sig við handtakið, fullvissaði hann um það, er hann hafði lengi grunað þó óljóst hefði verið. Og þessi fullvissa varð honum innilegt fagnaðarefni. En þegar hann hugsaði til hennar og hvað velvild hennar var róleg og ákafalaus, þá fanst honum, eins og hann hefði orðið fyrir vonbrigðum.

Nú skall eitthvað við skipshliðina svo að undir tók stundarhátt. Því næst heyrðist lágt blístur og ofurlítið skvamp í vatninu. Þau Margrét og Brewster voru í þann veg að fara niður undir þiljur þegar þau urðu vör við þennan einkennilega hávaða.

“Hvað er þetta?” spurði hún, og þau námu staðar óviss, eða biðu. Hann reikaði yfir að öldustokkunum og hún á eftir honum. Nú kváðu við þrjú lág blísturhljóð fyrir aftan þau, og áður en þau gátu áttað sig á þeim, gerðist það sem nú skal greina í einu veffangi.

Yfir báða öldustokkana ruddust eins og með töfrakrafti margir svartir skrokkar, og að baki þeim Monty og Margrétar þyrptust svartar verur skriðandi eins og kettir, og því líkast sem þeim hefði rignt niður úr dökkum skýjum næturinnar. Hræðileg þögn varð, sem ekkert rauf nema skuggaleg suða í þessum verum. Nú var gripið til Brewsters mörgum járnsterkum höndum, og með því að honum kom slíkt áhlaup á óvart, leið ekki á löngu að hann lá flatur á

þilfarinu, en haldið fyrir kverkar honum svo að hann kom engu hljóði upp. Óp Margrétar voru og skjótlega þöggub niður í henni, og allan mátt dró úr henni fyrir ótta sakir, en sterkir handleggir héldu henni fastri. Alt þetta hafði gerst í svo skjótri svipan og hljóðlega að enginn hávaði hafði orðið að, og þau ekkert hljóð getað gefið af sér.

Brewster fann að hann var hafinn upp og var því næst látinn falla niður aftur. Hann komst við í fallinu og lá svo hræringarlaus á þilfarinu. Síðar komst hann að því að átt hafði að varpa honum fyrir borð, en að það hafði mishepnast, vegna þess að svo mikill asi var á óvinunum, að þeir gáfu sér ekki tíma til að líta eftir þessu ætlunarverki þeirra. Margrét var í snatri borin út af öldustokknum, og fleygt ofan í eitthvað hart viðkomu, því næst var gripið til ára, og þá leið hún í ómegin.

Þessi aðför hafði verið gerð með svo mikilli kænsku og snarræði að ekki var að furða þó að hún hepnast. Þeir höfðu beðið svo klukkustundum skifti svertingjarnir á bátnum, þögulir og athugulir, en vissir um að koma áformi sínu fram.

En hvernig að þeir komust upp á "Flitter" jafnmargir, löngu áður en þeir rændu Margrétu, varð aldrei skýrt til fullnustu. Með svo miklu snarræði og kænsku var áhlaupið gert, að bátarnir voru lausir við skipið og komnir á hraða ferð burtu, áður en vart varð við, og varðmaðurinn kallaði á hjálp.

Nú þustu syfjaðir sjómenn með miklum hraða upp á þilfar. Þeir fundu Brewster skjótt og leystu

hann, og innan stundar var Perry skipstjóri kominn upp á þilfar á nærfötunum til að skipa fyrir.

“Reynið leitarljósin!” hrópaði Brewster með ákefð. “Djöflarnir hafa stolið Margrétu.”

Í flýti tóku menn að skjóta út bátum, en aðrir að sýsla um leitarljósin, og innan stundar teygði hvít geislarák sig frá skipinu út yfir náttmyrkvað hafið, og mörg augu störfu á eftir ræningjunum.

Aröbunum hafði ekki dottið leitarljósin í hug. Það dró meir en lítið úr óhemjulegum fögnuði þeirra þegar þeir sáu ljósgeisla rákina skjótast út frá skipinu, fyrst hátt í loft upp og síðan smálækka, unz hún lýsti upp sjávarflötinn á löngu sviði, og leitaði þá uppi eins og stórt, hefnigjarnt og miskunnarlaust auga.

Ofan í báta Flitters stukku margir röskir sjómenn, og lustu upp fagnaðarópi er þeir komu auga á ræningjabátana, sem nú mátti gerla sjá við leitarljósið. Þeir voru svo nærri skemtisnekkjunni að aðséð var að dökku villimennirnir voru litlir ræðarar. Sást glögt að þeir réru lífróður og hvítar skikkjur þeirra slógust til í golunni. Bátarnir voru fjórir og hlaðnir mönnum.

“Haldið ljósinu á þeim, skipstjóri”, hrópaði Monty neðan úr einum bátnum. “Reynið að koma auga á þann bátinn sem Miss Gray er í! Svora róið nú piltar, alt hvað þið getið! Þið fáið hundrað dollars hver ykkar, — já þúsund, ef þið þurfið að berjast til að ná henni.”

“Drepið hvern einn og einasta þessara þorpara,

Mr. Brewster", öskraði skipstjóri, sem hlaupið hafði í skjól við bát á þilfarinu, þegar hann varð þess var að kvenfólkið var komið upp.

Þeir bátar skutust gegnum sjóinn á eftir ræningjunum, og voru þeir Brewster og Joe Bragdon í hinum fyrsta, báðir vopnaðir riflum.

"Við skulum skjóta á þá," kallaði einn hásetinn, sem stóð í stafni á bátinum og hélt á spentri byssu.

"Nei, gerið það ekki! Við vitum ekki í hverjum bátnum Margrét er," sagði Brewster. "Verið stiltir piltar, en verið við búnir ef slær í skærur." Sjálfur var hann hálfær af ótta og kvíða um stúlkuna, og hann var ráðinn í því að láta engan úr ræningja hópnum undan komast, ef Margrétu yrði gert nokkurt mein."

"Hún er í öðrum bátnum," var hrópað af skemti-snekkjunni, og var leitarljósinu eftir það haldið sérstaklega á þessum eina báti, en þó var Perry skipstjóri svo hygginn að missa ekki af hinum bátunum, til þess að koma í veg fyrir svik.

Hörundsdökkir hásetar Brewsters sóttu fast eftir bátum óvinanna, eins og sporhundar, og hrópuðu hátt er þeir runnu inn á milli ræningja-bátanna. Bandaríkjamennirnir skutu nokkrum skotum í loft upp til að hræða Arabana og hafði það ákjósanlegar verk-anir. Bátur Montys var nú rétt kominn að þeim ræningjabátum sem Margrét var í. Brewster stóð í stafni.

"Passið upp á hina!" kallaði hann til félaga sinna. "Við skulum ná í forsprakkana."

Þessu var svarað með dýnjandi fagnaðarópi, og nú dundu óskapleg amerísk blótsyrði og formælingar yfir Arabana, og blönduðust saman við hræðslu-óp ræningjanna, sem þeir áttu að líta eftir.

“Leggið þið við!” hrópaði Brewster til Arabanna. “Leggið þið við eða við drepum ykkur hvern eftir annan.” Nú var bátur Brewsters ekki nema svø sem fimtiu fet frá hinum bátinum.

Alt í einu reis upp hvítklæddur maður í miðjum epypská bátinum, og rétt á eftir sáu Brewstersmetin að Margrétu brá upp fyrir framan hann. Hann greip utan um hana með öðrum sínum langa handlegg, en með hinni hendinni brá hann biturlegum hnífi.

“Skjótið á okkur ef þið þorið hrópaði Arabinn á frönsku. Hún skal deyja, heyrið þið það amerísku hundar ef þið dirfist að nálgast hana!”

XXV. KAPÍTULI.

Margrétu bjargað.

Brewster fanst eins og hjartað ætlaði að stöðvast í brjósti sínu og hann varð náfölnur í framan. Arabinn sást gerla þar sem hann stóð með Margrétu í fanginu, því að ljósið féll á hann, en dökkur haf-flöturinn á bakvið. Það var enginn vafi á að hann var ráðinn í að framkvæma hótun sína, enda jar-teiknaði biturlegi hnífurinn, sem hann hélt á lofti, berlega þessa fyrirætlun hans. Hann hélt líka Margrétu fyrir sér eins og skildi. Brewster og Bragdon

þektu að þetta var einn af gæðingum Múhameðs, grimmilegur þorpari, sem margir höfðu veitt eftirtekt einmitt þessvegna, daginn sem Arabahöfðinginn hafði komið út í Flitter.

“Í guðs bænum gæð henni ekkert mein!” hrópaði Brewster í örvæntingarrómi. Djöfullegt bros færðist yfir andlit Arabans, sem var að því kominn að hrópa eitthvað aftur, þegar óvæntur atburður gerðist.

Hár skothvellur gall í framstefni bátsins sem Brewster var á, og geigunarlaus kúla hentist gegnum loftið og stefndi á enni Arabans. Hún leitaði sér staðar milli augna hans og hlýtur þegar að hafa sært banasári. Hnífurinn hentist út úr hendi hans, skrokkurinn teygðist sundur, hné svo niður út á hlið, en féll ekki niður á milli ræðaranna, heldur þvert yfir borðstokkinn og bæði dauði Arabinn og unga stúlkan steptust í sjóinn.

Bandaríkjamennirnir lustu upp örvæntingarópi, en ræningjarnir hrópuðu fagnandi. Rétt í því að Brewster ætlaði að stinga sér, hentist maður rétt hjá honum í sjóinn og varð við mikið skvamp. Maðurinn sem skotið hafði, var nú að framkvæma vel undirbúna ráðagerð. Arabinn hafði staðið þannig, að skotmaðurinn hafði þótt sjá það nærri því upp á víst, að hann hlyti að falla áfram, en það var sama sem að hann stýngist útbyrðis. Þetta hafði hann alt íhugað, og var nú kominn í sjóinn til að koma síðustu ráðagerð sinni í framkvæmd.

Monty Brewster var innan stundar kominn fyrir

borð og synti beint þangað sem Arabinn og stúlkan höfðu fallið í sjóinn, ofurlítið til vinstri handar við bátinn. Vopnaburð töluverðan var að sjá til hliðar við Brewster, há hróp og formælingar, en hann sinti því engu. Hann var svo sem tvær lengdir sínar frá sjómanninum og bað þess heitt og innilega, að öðrum hvorum þeirra hepnadist að bjarga Margrétu, sem enn mátti sjá að flaut, því að enn glytti í hvít klæði hennar í vatnsyfirborðinu. Mennirnir á bát Brewsters réru eins hart og þeir gátu til að hjálpa.

Sjómaðurinn synti afar hratt og varð fyrri til að komast á þann stað, sem sést hafði á hvítu klæðin; en hann varð heldur seinn. Rétt í því að hann teygði frá sér handlegginn til að grípa í stúlkuna, sökk hún. Hann hikaði ekki, en stakk sér á eftir. Margrét hafði losnað úr fangi Arabans er þau féllu í sjóinn. Hún var áhafgerðu ómegni þegar Arabinn fékk skotið, en táknaði við þegar hún kom í vatnið, og hafði tekist að halda sér uppi alt þangað til hásetinn var rétt að segja kominn til hennar. Þá brast hana mátt, henni fanst hún vera að missa andann, kafna, deyja. Innan stundar fanst henni eins og klipið með járntöng um handlegginn á sér og hún dregin upp á við með miklu afli.

Hásetinn brauzt upp að sjávaryfirborði með stúlkuna í fanginu, og Brewster var þegar til taks að hjálpa honum; þeir héldu henni svo háðir uppi þangað til einn báturinn kom og þau voru dregin upp í hann. Þegar það var búíð, höfðu ræningjarnir flúið sinn í hvora áttina eins og hirðislausir sauðir.

var því engin þörf á að fara að elta þá, svo að Bandaríkjaherflokkurinn snéri aftur til skips síns sem hraðast. Margrét var búin að fá aftur fulla rænu, þegar Brewster bar hana aftur fagnandi upp á skipið. Orðin, sem hann hafði sagt við hana, meðan hún lá í bátnum, höfðu nægt til að kalla hana aftur til lífsins.

Atburður þessi hafði orðið áhrifamikill úti á skipinu. Nú breyttist kvíðinn í fögnuð, og í stað örvæntingar, því nær ótakmarkaðrar, var kominn nærri hóflaus fögnuður. Margrét var borin í flýti í rúm sitt, undir þiljum niðri, og Dr. Lotless fór að stumra yfir henni, með öllum þeim kvennaskara sem til var á skipinu. Brewster og hásetinn, holdvotir en ánægðir, voru bornir á gullstóli fram og aftur um þilfarið, og síðan þangað, sem heitt þúns beið þeirra, áður þeir gengu til sængur.

“Þú hefir endurgoldið greiðann, Conroy”, sagði Brewster innilega, um leið og hann leit yfir axlir þeirra, sem báru hann, og tók í hönd hásetans. Conroy brosti þar sem hann húkti á herðum hásetanna, stallbræðra sinni. “Eg var meiri lánsmaður en eg gerði mér grein fyrir, þegar eg bjargaði lífi þínu.”

“Þetta er ekki þess vert að á það sé minst, Brewster”, sagði Conroy. “Eg þóttist sjá færi til að fella stóra blökkumanninn, og þá var svo sem sjálf-sagt að bjarga henni frá druknun.”

“Þú tefldir sannarlega á tvær hættur, Conroy, en þér fórst lánlega að koma fram þinni fyrirætlun. Ef þessar hjálpar hefði ekki við áttið, þá er langlíkleg-

ast, að þeir hefðu komist burtu með Miss Gray."

"Minnist þér ekki á þetta, Mr. Brewster, þetta var einskis virði", svaraði Conroy hálfheiminn. "Eg væri samt fús að gera alla hluti fyrir yður og hana."

Mönnum varð ekki svefnsamt eftir þetta um nóttina, enda varð ekki langt til sólaruppkomu, eftir að komið hafði verið með Margrétu til skipsins aftur. Margt var rætt um áhlaup sendisveina Múhameðs, og hver háseti hafði sína sögu að segja af því og björgu-inni, og var alt þetta nægilegt umtalsefni milli farþega og háseta svo dögum skifti á eftir. Dan De Mille náði ekki upp í nefið á sér fyrir að hafa sofið meðan á öllum þessum ósköpum stóð, því að hann kvæðst þó vera viss um, að eitthvað hefði hann þó átt að geta hjálpað til. Daginn eftir lofaðist hann til að veita Arabahöfðingjanum eftirför, og bauðst til að vera foringi fyrir leitarmönnum sjálfur. Yfirvöldin gerðu gangskör að því að kalla Múhameð til reikningsskapar, en menn urðu þess brátt vísari, að hann hafði flúið upp í óbygðir, svo að ekkert varð úr því að hans yrði leitað frekar.

Brewster var ófáanlægur til að eigna sér neitt af heiðrinum fyrir að bjarga Margrétu, en vildi ávalt láta Conroy njóta sæmdarinnar af því einan. En hásetinn var jafn-fastur á því, að alt væri Brewster að þakka, því að hann (Conroy) hefði verið alveg að þrotum kominn, þegar Monty hefði komið sér til hjálpar. Margrét átti bágð með að þakka honum, því hún þurfti að fara varlega til að dylja tilfinningar sínar, og þakkarorð hennar urðu því máttlaus og

ófullnægjandi.

“Henni hefði farist öldungis eins, ef einhver annar hefði orðið til að hjálpa henni”, sagði Monty þungbúinn. “Henni þykir vænt um mig eins og að eg væri bróðir hennar, — systurkærleiki og annað ekki. Margrét, Margrét! Ef þú að eins vissir, hve heitt eg ann þér, — en það er þýðignarlaust að vera að tala um slíkt. Hún verður vitanlega ástfangin af einhverjum öðrum og hamingjusöm með honum. Ef hún vildi sýna mér álíka þakklátsemi og hún sýnir Conroy, þá skyldi eg láta mér nægja. Munurinn var þó enginn annar en sá, að hann varð fyrri til að ná í hana í vatninu, en það veit hamingjan, að eg reyndi til þess líka.”

Mrs. Dan De. Mille þóttist nú sjá hvernig í öllu lá, og hún lét ekki á sér standa að kippa þessu í lag, en þó ætlaði hún sér að koma í veg fyrir að nokkrir óviðkomandi, slettu sér fram í þessi ástamál.

Margrét var ekki með eðli sínu nokkra daga eftir að þessi atburður gerðist, og allir samferðamennirnir urðu fegnir þegar skemtisnekkjan lýfti loksins atkerum og sigldi út höfnina. Brewster var í þungu skapi, þó að hann léti lítið á því bera. Má vera að símskeyti það, er hann hafði nýfengið, hafi einhverju ráðið um skapferði hans. Símskeytið var frá Swearengen Jones í Butte, Montana og það var einhver óheillavænlegur blær yfir því, jafn-fáort og það var, því að það hljóðaði þannig:

Brewster, U. S. Consulate, Alexandra.

“Láttu þér líða vel meðan þú getur,
Jones.”

Í hugskoti Brewsters áttust voninn og kvíðinn harða viðureign við. Nú var að því komið, að honum fanst vit sitt engan veginn hrökkva til að ráða fram úr því mikla vandamáli, er honum var á höndum. Honum fanst, það vera fullkomið verk tólf manna, að ráða því til lykta, sem á honum hvíldi einum. Nú voru að eins tveir mánuðir eftir af árinu, sem honum var leyft að nota til fjáreyðslunnar, og óvissan um það, hverjar lyktirnar mundu verða, hlaut að vera nægilegt kvíðaefti, en þó varð honum annað meira kvíðaefti. Í hvert skifti sem hann settist niður að hugsa um fjármálin, hvarflaði Margrét ósjálf-rátt í hug honum, og hann sá engan veg til þess að samband þeirra gæti knýzt nánara. Hann gerði sér í hugarlund, hversu hann hefði getið ástir Barböru Drew með hugdirfð og sjálfstrausti, jafn-óárennileg og veraldarvön og hún var. Nú gat hann ekki að sér gert annað en að brosa, er hann fann bæði hugdirfð sína og sjálfstraust hverfa, eftir að hann varð heillaður af Margrétu Gray. Einhverra hluta vegna fanst honum að hann mega vera óhræddur um að Barbara vildi sig, en hann þóttist hins vegar jafnvíss um það, að Margrét vildi ekkert með sig hafa að sýsla. Þær voru svo dæmalaust ólíkar. Margrét var alt af sjálfri sér lík.

Stöku sinnum gat hann í bili fest huga við fjármálin. Siglingakostnaðurinn mundi kosta hann í kringum \$200,000; en það var engan veginn nóg.

Símskeyti Jones varð engan veginn til þess, að hafa aftur af honum, að því er snerti fjáreyðsluna. Ákefðin sem komin var í hann til að eyða miljóninni, var svo rík orðin, að gekk óviti næst. Það eina sem hann langaði verulega til, fyrir utan það, að eignast Margrétu, var að hækka ferðakostnaðinn enn meira. Þau voru rétt nýfarin gegnum Njörva-sund, þegar honum flaug í hug að sigla til North Cape, nyrzta höfðans í Noregi, því að við það mundi ferðakostnaðurinn geta hækkað um \$30,000 að minsta kosti.

XXVI. KAPÍTULI.

Uppreisnin.

Monty var uppi á þilfari þegar honum flaug þetta í hug, og lét hann ekki dragast að segja gestum sínum frá þessu, sem þá sátu að morgunverði. Þó að hann byggist alls ekki við því að þeir samþykku eða féllust strax á fyrirætlun hans, átti hann þó ekki von á jafnlangri þögn af þeirra hálfu, eins og nú varð, er hann tilkynti þeim þetta.

“Er yður alvara, Mr. Brewster?” spurði Perry skipstjóri, er fyrstur varð til að rjúfa þögnina.

“Já, vitaskuld er mér alvara. Eg hefi leigt þetta skip um fjöggra mánaða tíma, og hefi áskilið mér forgangsrétt til að leigja það fimta mánuðinn, ef mér sýnist svo. Eg get ekki séð neina ástæðu til að hamla mér frá að framlengja ferðina þetta, sem eg tiltók.

Það var auðséð að Monty var alvara og hann hélt áfram: “Þið eruð annars orðin svo vön við það, að hafa í móti öllu, sem eg legg til, að eg kippi mér alls ekki upp við það í þetta skifti heldur.”

“En, hvað segðuð þér um það, Monty, ef gestir yðar kysu heldur að fara beint heim?” spurði Mrs. Dan.

“Það getur ekki komið til mála; þið hafið fallist á að fara með mér í fimm mánaða siglingu. Og hvaða gaman skyldi svo sem vera að því að koma heim í miðjum Ágúst mánuði þegar allir kunningjar manns eru í burtu úr borginni. Það yrði svo sem álika og að fara til Philadelphíu.”

Þó að Monty léti ekkert á sig ganga í nærveru vina sinna, og héldi fast við fyrirætlun sína, varð hann alveg yfirbugaður þegar hann kom inn í káetu sína. Ekkert hafði hann tekið jafn-nærri sér á æfínni eins og að halda þessari breytingu á ferðalaginu til streytu þvert ofan í óskir samferðamanna sinna. Hann vissi að hver einasta manneskja innanborðs var andvíg norðurförinni, að minsta kosti sjálfs hans vegna. Hann gætti þess að verða ekki á vegi Margrétar allan fyrri hluta dagsins. Tillit hennar eitt, þegar hann hóf máls á fyrirætlun sinni, nægði til að sannfæra hann um hvernig hún leit á hana.

Fólkið varð skjótt rólegt eftir fyrsta uppbotið, sem fréttin um breyting á ferðalaginu hafði valdið. Mörgum þótti að vísu gaman að mega fara til North Cape — en þeim hafði komið þetta svo óvænt, að þeir þurftu góða stund til að átta sig Margir gest-

anna höfðu ráðgert að koma heim í Ágúst-mánuði, og jafnvel þeir sem ekki höfðu fastbundið heimförina neitt, urðu fréttinni hálf-þegnir. Komu þeir nú allir saman upp á þilfari að afloknum morgunverði, til að ræða málið. Alt var fólkið tillátssamt og hver og einn varð að játa það, að gaman væri að halda áfram ferðalaginu, ef það væri ekki ógerningur að nota sér svo örlæti Montys, sem búinn virtist vera að kosta meiru til á þessu ferðalagi, en góðu hófi gegndi. Þeim fanst við nána íhugun, að eyðsla hans hefði þegar orðið svo feikileg, að nú yrðu þeir að taka í taumana.

Hálf-bágt átti þessi hópur samt með að komast að nokkurri niðurstöðu, og varð það afráðið að lokum, að skjóta á fundi niðri í aðal-káetunni. Perry skipstjóri var boðinn á fundinn, yfirstýrimaður, og yfirvélstjóri, en Montgomery Brewster fékk ekki að koma þangað. Joe Bragdon tók það að sér að fá Brewster með sér á afvikinn stað, meðan á fundinum stæði, svo að hann kæmist ekki að neinu sem þar færi fram. Svo var káetu-dyrnum lokað, Dan De Mille, var kjörinn fundarstjóri, og tók að litast um, er allir voru inn komnir, til að fullvissa sig um, að þar væri enginn óboðinn gestur. Perry skipstjóri var eins og á nálum, og allir voru æstir og órólegir og auðséð að flestum var svo mikið niðri fyrir að þeir áttu bágt með að hafa hemil á tilfinningum sínum.

“Við erum hingað komnir, Perry skipstjóri, út af mikilvægu málefni,” sagði De Mille og ræksti sig

nokkrum sinnum. Okkur er það öllum ljóst, að þér eruð æðsti maður og hæstráðandi á þessu skipi, m. ö. o., þér eruð forráðamaður þessarar ferðar, eftir sjö- lögunum. Þér einn hafið vald til að skipa hásetun- um, og þér einn hafið vald til að létta atkerunum eða halda til hafnar. Mr. Brewster hefir að vorri hyggju ekki önnur ráð hér, en þau, sem venjulegir vinnuveitendur hafa. Er þetta rétt á litið?”

“Eg skal benda yður á, Mr. De Mille, að ef Mr. Brewster skipar mér að sigla til North Cape, þá ætla eg að hlýðnast því boði,” svaraði Perry skipstjóri einbeittlega. “Hann hefir leigt skip þetta um fimm mánaða tíma, og eg hefi skuldbundið mig til að sigla skipinu, með þeim hásetum sem hér eru nú, hvert sem hann óskar, fram að 10. Sept. næstkomandi.”

“Okkur skilst mjög vel hversu ástatt er fyrir yður, skipstjóri, og er er viss um að yður gengur eins vel að skilja afstöðu okkar hinsvegar. Það er ekki svo að skilja, að okkur langi til að slíta þessu ánægjulega ferðalagi, en hitt er það, að okkur finst það óverjandi heimska af Mr. Brewster að halda lengur áfram jafn feikna-kostnaðarsömu ferðalagi, eins og þetta er. Hann er — eða var auðugur maður, en það er ómögulegt að bera á móti því, að hann eys út fé sínu stjórnlauslega og svo að okkur ofbýður. Í fám orðum sagt, okkur er það mjög mótstæðilegt að hann eyði meiru fé í þessu ferðalagi, en þegar er eytt. Skiljið þér nú, Perry skipstjóri, hvernig þessu máli vikur við, að því er okkur snertir?”

“Fyllilega. Eg óska af alhug að eg gæti hjálpað

ykkur og honum. En hendur mínar eru bundnar vegna samning- og þykir mér þó sárt til þess að vita.”

“Hvað segir skipshöfnin um þessa tilbreytni?” spurði De Mille.

“Hásetarnir hafa verið ráðnir til fimm mánaða og hefir verið greitt kaup fyrir þann tíma. Mr. Brewster hefir farist ágætlega við þá, og þeir munu reiðubúnir að gera hans vilja, allir í einum hóp,” svaraði skipstjóri.

“Það er þá óhugsandi að uppreisn geti komið til mála?” spurði Smith ólundarlega. Skipstjóri leit óblíðu augnaráði til hans, en svaraði engu. Það var auðséð, að öllum leið illa sem inni voru.

“Það er þá auðséð, að ekki er um annað eg gera, en það sem Mr. Smith stakk upp á í morgun,” sagði Mr. Dan og snéri máli sínu til kvennanna. “Eg býst ekki við að menn hafi á móti því, þó að við látum Perry skipstjóra og aðra yfirmenn skipsins heyra ráðagerð þá, sem við höfum gert.

“Hjá því verður nú alls ekki komist,” sagði Valentine. “Við getum ekki komið neinu í framkvæmd án þeirra vilja, en eg er viss um að þeir eru svo skynsamir, að þeir fallast á ráðagerðir okkar.”

Að einni klukkustund liðinni sleit þessum fundi og samsærismenn fóru upp á þilfar. Svo undarlega brá við, að enginn fór einn sér, heldur skiftust þeir í smáhópa, þrír og þrír, og einhver dularfullur blær var yfir þeim öllum, svo að varla var hægt annað en taka eftir því að þeir bjuggu yfir einhverju. Enginn einn var við því búinn að mæta Brewster, kátum og

ánægjulegum; til þess treysti enginn sér hjálparlaust, og það var svo að sjá, sem félagsskapurinn yki hugrekki.

Margrét var ein á móti því, að mynda þetta samsæri, en þó fanst henni að hún verða að játa, að hitt fólkid hefði mikið til síns máls. Loks gekk hún þó í lið með því, og fanst þó með sjálfri sér að hún vera versti svikarinn í öllum hópnum. Hún gleymdi sinni eigin óánægju yfir því, hve gífurlega Monty eyddi fé sínu, og hélt lengi vel uppi svörum fyrir hann, þangað til hún að lyktum lét undan, en gat þó ekki tára bundist, er hún sagði Mrs. De Mille að hún féllist á ráðagerðina.

Þegar hún var orðin ein inni í káetu sinni, eftir að hún hafði undirskrifað samninginn með hinum, fór hún að hugsa um hvað hann mundi hugsa um hana. Hún átti honum svo margt gott upp að inna, að hann hefði þó átt það skilið, þó að hún hefði staðið hans megin. Hún fann glögt að hann mundi hugsa sem svo. Hví skyldi hún hafa líka snúist í móti honum? Aldrei mundi hann geta skilið hvað komið hefði henni til þess. Það var óhugsandi. Og svo hlaut hann að reiðast henni — reiðast henni enn meir en öllum hinum. Hún var komin út í það kviksyndi, sem enginn vegur var út úr aftur.

Monty gast illa að undirtektum gesta sinna. Þeir hlýddu að vísu á ráðagerð hans, en með lítilli athygli, og honum gat ekki dulist að þeir voru næsta óánægðir. Þeir höfðu með höndum ráðabrigg, sem þeir voru óvanir við að fást, og þeir höfðu af því þungar.

áhyggjur. “Það er engu líkara, en að fólk þú bý yfir einhverjum strákapörum,” talaði Monty við sjálfan sig. “En nú höldum við til North Cape, hvað sem öðru líður. Mér er sama þó að allir snúist á móti mér, eg hefi fastráðið þetta.”

Hvernig sem Monty reyndi var honum ómögulegt að ná tali af Margrétu einni. Hann þurfti frá mörgu að segja henni, og hann þurfti að heyra hugsvölunarorð af hennar munni; en hún hélt sig altaf í nánd við Pettingill, Monty til mikillar óánægju. Hann fór að fá nýja aðkenning af þeirri afbrýði, sem sært hafði hann mest, þegar þau voru á Ítalíu.

“Hún ímyndar sér að eg sé sálarlaus bjálfi, sem til einskis megi treysta,” sagði hann við sjálfan sig; “og eg get varla láð henni það.”

Rétt um það leyti, sem myrkrið var að falla á tók hann eftir því að vinir hann þyrptust saman fram í skipsstafni. Hann var í þann veginn að ganga til þeirra, þegar Subway Smith og De Mille komu í móti honum. Sumir hinna brostu, en voru í meira lagi kindarlegir, en hinir fyrnefndu tveir mjög svo alvarlegir ásýndum.

“Monty”, sagði De Mille, við höfum gert sam-
særi gegn þér, og höfum fastráðið að sigla til New York á morgun.”

Brewster nam staðar frammi fyrir þeim, og svipur hans var slíkur að þeim, er á sáú, hlaut að verða hann minnisstæður. Undrun, ráðaleysi og sársauki stóð ljóslega skráð á andlitinu. Þögn varð svo sem augnablik. Síðan færðist roði í kinnarnar,

og hann forðaðist að líta framan í málaflutningsmenn.

“Hafið þið fastráðið þetta?” spurði hann, og gat þeim ekki annað en runnið til rifja að sjá hann.

“Okkur þótti sárt að þurfa að gera þetta, Monty, en við áttum einkis annars úrkosti,” sagði Subway Smith. “Við greiddum atkvæði um það, og það var samþykkt í einu hljóði.”

“Þetta er þá beinlínis uppreisn, finst mér,” sagði Monty þungbúinn.

“Það er óþarfi að vera að skýra þér frá hversvegna við höfum gert þetta,” sagði De Mille. Við tókum það nærri okkur að gera þetta, eins og nú stendur á. Þú hefir verið okkur svo góður —”

“Sleppum því,” hrópaði Monty, og sjálfstraust hans var nú óðum að vaxa aftur. “Það er nú enginn tími til að hlusta á skjall.”

“Okkur þykir vænt um þig, Brewster.” Það var Mr. Valentine, sem nú kom til að aðstoða fundarstjóra, því að augnaráð hinna hvatti hann til þess. “Okkur þykir svo vænt um þig, að við viljum með engu móti bera ábyrgðina á þínum óskaplega fjárbrúðli. Það væri okkur skömm að þiggja meira af þér.”

“Á það var aldrei minst,” hrópaði Margrét reiðulega. “Við gerðum þetta að eins þín vegna sjálfs.”

“Eg virði mikils þær hvatir, sem ráðið hafa þessum úrskurði ykkar,” svaraði Monty. “En þó þykir mér meir fyrir að þurfa að láta ykkur vita, að þetta

ferðalag hlýtur að enda, eins og eg hefi þegar sagt; eg hefi fastráðið það. Eg skal láta snekkjuna setja ykkur á land, þar sem hægt verður fyrir ykkur að ná í skip til New York. Eg skal sjá um farrými harda ykkur heim — öllum saman, og þá verður aðeins stundar bið þangað til þið komið aftur til átthaganna. Perry skipstjóri mun ekki hafa á móti því að sigla fyrir mig til þeirrar hafnar, þar sem ykkur er hagkvæmast að stiga á land.”

“Við hvað eigið þér með því að útvega fólkinu far með öðru skipi til New York? Er Flitter ekki fullboðleg handa því?” spurði hann.

“Flitter” fer ekki til New York að svo stöddu,” svaraði Brewster með áherzlu,” hvað svo sem þér kunnid að segja. “Hún verður að fara með mig til North Cape fyrst.”

XXVII. TITULI.

Sanngjarn svikari.

“Jæja, viltu nú vera skikkjanlegur?” kallaði Reggie Vanderbilt til De Mille í því að Monty fór niður káetu-stigann. Þetta var orð í tíma talað, því að allur hópurinn lét ríki sína bitna á aumingja unga mánninum. “Subway.” Smith vildi helst láta hengja hann umsvifalaust, og ýmsir hinna létu svo illilega að veslings Reggie sá þann kost vænstan að flýja inn í kašteins-herbergið. En þetta dró athygli samsærismannanna í aðra átt, en innan skamms settust þeir á ráðstefnu að ræða áhugamál sitt að nýju.

Kvenfólkið beið tppi á þilfari meðan á henni stóð. Það var sammála um að illa hefði verið með málinu farið.

“Það hefði átt að gera honum þá kosti að við yrðum kyr á skipinu, ef Monty leyfði De Mille að stjórna ferðalaginu”, sagði Miss Valentine. “Það hefði verið góð tilraun til samkomulags, og um leið komið ferðalaginu á traustan fjárhagslegan grundvöll.”

“Þér vilduð m. ö. o. þiggja tilboð manns um að sitja miðdegisveizlu, ef þér fengjuð sjálfar að panta veitingarnar og bjóða gestunum”, sagði Margrét, sem var reiðubúin að taka svari Monty's.

“Ja, mér finst það mundi vera fult svo sanngjarnt, eins og að hjálpa til að eta upp síðasta munnbitann, sem hann ætti.”

“Eyðslufíkn Montys hlýtur að stafa af einhverjum ástæðum, sem við þekkjum ekki”, sagði Mrs. Dan. “Hann er ekki þess kyns maður, sem sperrist við að ausa út fé sínu, alveg tilgangslaust. Þessi vitleysa hans hlýtur að eiga sér einhverjar vissar orsakir.”

“Hann gerir það alt okkar vegna”, svaraði Margrét. “Hann hefir lagt sig af alefli fram um að skemta okkur sem bezt, og nú erum við aftur að sýna bakklátsemi okkar.”

Nú varð hlé á þessum viðræðum. Því að sam-
særisnefndin kom í þessum svifum og öllum var skio-
að að hlýða á nefndarálit það, er De Mille hafði fram að bera.

“Við höfum nú fundið ráð, sem duga mun til þess að losa okkur úr vandræðunum,” mælti hann, og hann bar sig svo borginmanniega þegar hann sagði þetta að allir áheyrendur glöddust í huga. “Ráðið er býsna djarflegt, en einmitt þessvegna vona eg, að það dugi. Monty hefir leyft okkur að yfirgefa skemtisnekkjuna hvar sem okkur þykir hentugast að stíga á skip til New York. Nú er það tillaga mín að velja þann stað, sem okkur öllum er hagkævmastur, og verða varla skiftar skoðanir um, að það er Boston.”

“Þú ert heimskingi, Dan De Mille”, hrópaði kona hans. “Hafið þið nokkurn tíma heyrt jafnvitlausa uppástungu?”

“Perry skipstjóri hefir fengið sínar fyrirskipanir,” hélt De Mille áfram og vék sér að skipstjóranum. “Er þetta ekki í beinu samræmi við tillögur Brewsters sjálfs?”

“Eg skal sigla til Boston, ef þér leggið svo fyrir,” sagði skipstjóri hugsandi. “En eg tel víst að hann mótmæli þessum skipunum.”

“Hann fær ekki færi á að mótmæla, herra skipstjóri,” sagði Subway Smith, sem sýnt hafði snið á sér til að taka hátt í samtalinu. “Við sem hér erum höfum fastráðið að gera ósvikið uppþlaup, og við ætlum okkur að halda áfram þeirri ráðagerð, sem við féllumst á í fyrstu, en það var að setja Brewster í járn og hafa hann í haldi þangað til við þyrftum enga mótstöðu að óttast af hans hálfu.”

“Hann er vinur minn, herra Smith, og eg tel það

skyldu mína að vernda hann gegn öllu ósæmilegu ofbeldi”, sagði skipstjórinn og varð þungur á brúnina.

“Þér haldið beint til Boston, herra skipstjóri, og við skulum ábyrgjast afleiðingarnar,” sagði De Mille. Mr. Brewster getur ekki mótmælt þeirri fyrirskipun nema hann hafi tal af yður, en nú ætlum við að sjá um að hann fái ekki færi á því fyr en við sjáum inn á höfnina í Boston.”

Skipstjóri var efablandinn og hristi höfuð um leið og hann gekk burtu, í hjarta sínu var hann með samsærismönnum, og hann var ráðinn í því að hjálpa þeim, meðan hjálpin kæmi ekki í bága við þær skyldur sem hann þóttist hafa við Brewster. Honum fanst hann samt vera áþekkastur óbótamanni, er hann lagði svo fyrir í dagrenning, að snúa skyldi skipinu áleiðis til Boston. Yfirmönnum skipsins var gert kunnugt um það leyndarmál, en hásetar fengu ekkert um það að vita, hvert “Flitter” var ætlað að fara.

Gestum Montgomery Brewsters þótti mjög vænt um þetta nýmæli, en voru þó hálf vondafir um að vel mundi takast að koma því í framkvæmd. Mrs. Dan lét á sér skilja að hún sæi eftir því að hafa haft á móti ráðagerðinni og félst nú á tillögurnar með ákefð. Varð samsæris-mönnum það nú næst fyrir, að þeir settu vörðu við káetudyr Brewsters, og voru tveir menn til þess kvaddir. Þegar Monty kom á fætur morguninn eftir og ætlaði út úr káetunni, rakst hann þar á þá Subway Smith og Dan De Mille.

“Góðan daginn”, sagði hann, “hvernig er úti?”

“Leiðindaveður”, svaraði De Mille, “en eg ætla

að láta þig vita, að þér verður færður morgunmat-urinn þinn inn í káetuna þína.”

Brewster snéri aftur inn í káetuna og grunaði ekki. Félagar hans fóru báðir á eftir honum.

“Hvað eiga þessar dylgjur að þýða?” spurði hann.

“Okkur hefir verið falið að leysa af hendi miður skemtilegt verk”, svaraði Subway um leið og hann tvílæsti hurðinni. “Við erum hingað komnir til að segja þér frá, hvaða höfn við höfum kosið okkur.”

“Það er einstaklega fallega gert at ykkur.”

“Já, finst þér það ekki? Við höfum kosið Boston.”

“Er nokkur Boston til hérna megir hafsins?” spurði Monty hálfhissa.

“Nei; eg veit ekki að til sé nema ein Boston á öllum hnettinum. Þar er alt mannvit saman komið, og liggur öll veröldin utan um það.”

“Við hvern fjandann áttu? Þú ætlast þó víst ekki til að við förum til Boston í Massachusetts?” spurði Monty og spratt upp.

“Jú, reyndar. Það er höfnin sem við ætlum til, og þú leyfðir okkur að kjósa þar um sjálfum,” svaraði Smith.

“Eg vil ekki hlusta á svona þvaður,” hrópaði Brewster reiðulega. “Eg hefi gefið Perry skipstjóra mínar fyrirskipanir, og hann hlýðnast engum öðrum.”

“Hann hefir þegar fengið sínar fyrirskipanir.” svaraði De Mille og brosti íbyggilega.”

“Eg skal nú forvitnast um það.” Brewster þaut fram að hurðinni. Hún var lokuð og lykillinn í vasa

Subway Smith. Hann greip þá óþolinmóðlega til rafmagnsbjöllunnar.

“Það hringir ekki þó að þú styðjir á hnappinn,” sagði Subway, “þráðurinn hefir verið skorinn sundur. Láttu nú sefast og við skulum ræða málið með gætni og stillingu.”

Brewster gekk hratt um káetuna nokkrum sinnum, en sendinefndarmennirnir sátu kyrrir og brostu. Loks tók hann að verða rólegri og tók að beiðast útskýringa. Var honum þá sagt að skemtisnekkjan yrði látin sigla beint til Boston, og að hann yrði haldinn þar sem fangi, nema hann beygði sig undir vilja meiri hluta farþega.

Brewster hlýddi hljóður á þessa skuggalegu skýringu. Hann sá að þeim hafði tekist með snar-ræði og slægð að ná á sér undir-tökunum, og hann yrði að lúta í lægra haldi nema honum tækist að vinna bug á þeim með kænsku. Hann fann að ekki gat komið til mála að láta undan eins og nú var komið; það var að varpa allri sæmd sinni fyrir borð, og það gat hann ekki unnið til friðar.

“En eg vona að þú takir þessu skynsamlega”, sagði De Mille.

“Eg ætla mér að láta hart mæta hörðu”, svaraði Brewster og hvesti á hann augun. “Eg er fangi ykkar nú sem stendur, en það er langur vegur til Boston.”

Í þrjá sólarhringa var “Flitter” siglt vestur eftir Atlanzhafi, og allan þann tíma var maðurinn, sem hafði leigt hana, lokaður inni í káetu sinni. Honum

leiddist varðhaldsvistin en þó var hannum það ekki ljúft að fá þarna fleira um að hugsa en fjármál ein-tóm. Hann gat ekki annað en brosað með sjálfum sér yfir því, hversu nú var komið fyrir honum. Vinir hans, tryggir og einlægir, voru andstæðingar hans nú; fangaverðir hans voru afar-árvakrir, en þeir voru þó tillátssamir við hann. Fyrstu skipanirnar höfðu verið á þá leið, að hans skyldi gæta einn maður. Sú skipun var skjótt rofin og þeim fjölgað svo að þeir voru sturðum jafnvel tíu alls; sumir þeirra voru svo góðir, þann að bera honum te og báðu hann blessaðan að sefast og taka sönum.

“Það er erfitt að loka eyrunum og heyra ekki það sem fram fer,” svaraði hann reiðulega. “Það er því líkast sem að halda manni og skipa manni síðan að vera kyrrum. Éu senn kemur röðin að mér.”

“Hans verður hefndin,” svaraði Mrs. Dan.

“Það gæti komið til mála að stytta fangavistar tíma þinn, sakir góðrar hegðunar, ef þú vildir hafa þig hægan”, sagði Margrét, sem nú var farið að þykja fullhart að gengið. “Blessaður lofaðu okkur að vera góður.”

“Eg hefi aldrei verið ánægðari á allri ferðinni”, sagði Monty. “Ef eg væri uppi á þilfari þá mundi enginn taka neitt eftir mér, en hér er eg öllum meira metinn. En svo get eg komist héðan hvenær sem mér sýnist.”

“Eg veðja þúsund dollurum um að þú getur það ekki,” sagði De Mille, og í því að Monty greip í hann, bætti hann við, “Eg veðja þessu, um að þú

eftir alri framfarir heilan njaiparlaust.”

Monty bauð að leggja undir slíka upphæð, og bauð hinum að veðja líka með sama skilmála, en engir urðu til.

“Jæja, látum svo vera, eg get kannske unnið eitt þúsund dollara á að hafa lent hingað inn.”

“Á þriðja fangavistardegi Montys tók “Flitter” að velta æðimikið. Í fyrstunni hlakkaði Monty yfir því hvað fangavörðunum hans leið illa, þeim var auðsjáanlega illa við að þurfa að vera bundnir þar sem þeir voru—á verði. Í þetta skifti hafði það orðið hlutskifti þeirra Subway Smiths og Bragdon, en hvorugur þeirra var mikill sægarpur. Þegar þeir nú sáu loks að Monty kveikti rólegur í pípu sinni, stóð Subway ekki mátið er þaut upp á þilfar.

“Þú ert hugrakkur maður, Joe”, sagði Monty og þeytti út úr sér reykjarstroku í áttina til hans. “Eg vissi að þú mundir ekki ganga af verði. Eg er viss um að þú mundir standa þarna þó að skipið sykki.”

Sjóveikin var nú farin að ganga svo nærri Bragdon, að honum var orðið andþungt af velgju.

“Hér er orðið ólifandi fyrir tóbaksreyk”, sagði Monty ertnislega, “eg held að ekki veiti af að stökkva ofurlitlu af ilmvatni um veggina til þess að draga úr tóbaksþefinum.”

Lyktin af ilmvatninu nægði til að gera Bragdon ekki við vært, hann þaut upp og skyldi eftir opnar dyrnar og lét fanganum frjálst að fara hvert sem hann vildi. Monty datt fyrst í hug, að fara út á eftir en hikaði sig í dyrunum.

"Fari það grenjandi þetta veðmál við De Mille", sagði hann við sjálfan sig, en kallaði hátt til varðmannsins sem var að hlaupa burtu: "Hérna er lykillinginn Joe, eg skora á þig að sækja hann."

En Bragdon var kominn svo langt að hann heyrði ekki, og Monty tvílæsti hurðinni og fleygði lyklinum út um dragsúgs-opið ofan við hurðina.

Uppi á þilfari sátu enn nokkrir á hléborða, þó að ilt væri orðið í sjóinn og ágjafir töluverðar, en hinir höfðu fyrir löngu haft sig niður undir þiljur. Skipið hófst og sökk öðru hvoru í hinum úfnasta sjó sem það hafði fengið á allri ferðinni, og auðséð á Perry skipstjóra að hann bjóst við vondu veðri. De Mille og Lotless voru að tala saman, en það leyndi sér ekki að þeir voru annars hugar og tóku nærri sér að dylja það að þeir voru hálfsmeykir. Kvenfólkið tók engan þátt í samtalinu, það var ekki í því skapi að það gæti það.

Aðeins ein manneskja á þilfarinu var ekki að hugsa um eigin óþægindi eða hættu sér búna. Það var Margrét Gray. Hún var að hugsa um fangann, sem sæti nú einmana, samankreftur, yfirgefinn og illa til reika í káetu sinni, eins og óbótamaður, sem biði aftöku. Hún reyndi að fá karlmennina til að opna fyrir honum og sleppa honum úr diflizzunni, en það var ekki við komandi. Þeir vildu bíða og sjá hvort hann vildi ekki láta undan. Margrét sá að ekki var til neins að vonast eftir aðstoð í því efni, hjá hinu kvenfólkinu, hvað vænt sem því þótti annars um Monty. Hún lenti nú í mikilli baráttu við sjálfa

sig, og fanst allir farþegar vera samsekir um að hafa leitt þetta böl yfir Monty saklausan. Og loks varð það ofan á að hún fastréð að leysa Monty, hvað sem það kostaði. Hún lagði af stað niður káetustigann og varð að halda sér til að verjast falli. Hún hlustaði ofurlítið úti fyrir káetudyrum Brewsters og hélt sér í vegg-handfangið. Enginn vörður var þar og ekkert heyrðist nema hávaðinn af sjávanganginum. Hún bankaði upp á, en enginn ansaði og við það óx kvíði hennar enn meir.

“Monty, Monty!” kallaði hún ákaft, og barði um leið.

“Hver er þar? Hvað gengur á?” var spurt í loðnum rómi og Margrét stundi upp þakklátum bænarorðum; rétt í sömu svifum kom hún auga á lykilinn, sem Monty hafði fleygt fram á gólfið; hún greip hann og lauk upp; hún hafði ímyndað sér að hún fyndi fangann yfirkominn af hræðslu, en það var öðru nær. Hann sat í legubeknum með marga svæfla undir höfðinu; rafmagnsljós logaði hjá honum og hann var að lesa skemtunar-sögu þegar hún kom inn, og var einstaklega rólegur.

Arnþjotur B. Olson

XXVIII. KAPÍTULI.

Skipinu hlekkist á.

“Æ!” stundi Margrét, og var auðséð að hún hafði ekki átt von á að hitta þannig á Brewster.

“Komdu inn Margrét, eg skai lesa fyrir þig,” sagði Monty glæðlega og stóð upp.

“Nei, eg verð að fara”, svaraði hún vandræðalega. “Eg var hrædd um að þér liði illa í þessu óskaplega veðri, sem skollid er á — og —”

“Og svo komstu til að hleypa mér út?” Monty hafði aldrei verið fegnari á æfi sinni.

“Já, mér er sama hvað hitt fólkid segir. Eg hélt, að þér mundi liða svo illa. — Í þessu skall stór sjór á skipinu, svo að það hentist á hliðina og Margrét féll í fang honum. Þau féllu út að veggnum og hann hélt henni þannig stundarkorn og gleymdi bæði illviðrinu og sjóganginum. En svo smeygði hún sér undan handleggjunum á honum og benti honum að koma út um dyrnar og út í frelsið. Hún gat engu orði upp komið.

“Hvar er hitt fólkid?” spurði hann og hélt sinni hendi um hvorn dyrustaf.

“Við skulum koma til fólksins, Monty. Það kallar mig náttúrlega svikara.”

“Hversvegna varst þú svikari, Margrét?” spurði hann og veik sér hvatlega að henni.

“Æ-æ-af því að eg hélt að þér liði svo illa, og mér fanst svo ónærgætnislegt að loka þig inni í þessu illviðri,” svaraði hún og roðnaði.

“Og var engin önnur ástæða?” spurði hann þrákelknislega.

“Æ, spurðu mig ekki, spurðu mig ekki,” svaraði hún feimnislega, og hann misskildi náttúrlega af hverju hún komst við er hún sagði þetta. Það var

auðséð að hún hafði að eins vorkent honum.

“Gerir ekkert til, Margrét. Það er gott samt sem áður, að þú varst mér megin. Komdu, nú skulum við heilsa upp á samsærislýðinn, og eg skal sjá um bardagann einn.”

“Hér hafa verið framin verstu svik”, hrópaði Dan De Mille, “en það var enginn reiðihreimur í röddinni. “Hvernig fóruð þér að sleppa? Eg var rétt að hugsa um að opna hurðina fyrir yður, en það leit út fyrir að lykillinn væri týndur.”

Margrét rétti fram lykilinn brosandí.

“Þetta eru falleg svik. Hver átti að vera á verði?”

Herbergisþjónn einn kom þjótandi inn og stefndi til káetu Bragdons, er kallað hafði á hann í ákafa, og kom þar um leið ótvírætt svar upp á spurningu De Mille.

“Svarið er ofur óbrotið”, sagði Monty. Verðirnir gengu af varðstöð sinni og skyldu lykilinn eftir.”

“Og mér ber þá að greiða yður þúsund dollara, því að þér hafið unnið veðféð.”

“Nei, alls ekki”, svaraði Monty aftur. “Eg komst ekki burtu hjálparlaust. Mér var liðsint. Þér unnuð veðféð. Og nú, eftir að eg er orðinn frjáls, þá langar mig til að láta ykkur vita, að við förum ekki til Boston.”

“Á þessu átti eg von,” öskraði Vanderbilt.

“Við förum beint til New York!” svaraði Monty. Hann hafði naumast sleft orðinu, þegar stórsjór skall á skipið svo að Monty hrasaði og hentist yfir

út að vegg, og bætti við um leið — “eða við sökku-
um hér niður.”

“Til þess kemur nú varla”, sagði Perry skipstjóri, sem kom inn í þessu, “en eg læt ykkur vita að þið verðið að fara undir þiljur meðan þessum stormi slotar ekki. Sjógangurinn er svo mikill núna að það er óverandi og ekki hættulaust að vera upp á þilfari, og eg vil ekki að ykkur hendi neitt slys, vegna tómrar óaðgæzlu.”

Síðan var öllum þilju-herum lokað og var heldur dauft hljóð í fólkinu niðri, sem var að reyna að stytta sér stundir þar með ýmsu móti. Monty gat ekki vakið neinn gleðskap þó að hann reyndi að hamra á því, að munur hefði nú verið á, ef farið hefði verið til North Cape, eins og hann hefði ætlað í fyrstunni, og var skamt liðið á kveldið, þegar bæði hann og gestir hans gengu til hvílu. En það varð lítið um svefn úti í “Flitter” þá nóttina. Jafnvel þó að engin hætta hefði verið á ferðum, var veltan svo mikil á skipinu og háir smellir í brotsjónum, sem skullu á hliðunum, að engum gat orðið svefnsamt. Það var eins og hvert bylgjufall væri ný yfirlýsing þess að skipið mundi nú ekki standast næstu öldu. Það virtist ofætlun að annað eins skipskríli þyldi svo stóra sjói, sem á því skullu nú

Í hvert skifti sem skipið reis á ö!dukömbunum og seig aftur ofan í ógurlega bylgjudalina og nötraði alt af átökum sjávarins, varð farþegum örðugt um andardráttinn og hjartslátturinn harðnaði. Í myrkri næturinnar þræddi þessi brothætti bátur leið sína

einn sér, svo sem ómínnugur eigin styrkleika-skorts og ofurmeðnis Ránar dætra. Skipstjóri var bundinn við stýri, og var honum órótt innan brjósts. Hver alda sem á skipinu skall, var honum nýtt áhyggju-efni. Hann gat vænst stórra skemda við hverja ágjöf. Undir morgun herti veðrið, og þá þóttist skipstjóri þess fullvís að skipið hlyti að liðast sundur. Um eitt skeið var ekki heldur annað sýna en að því mundi draga. Hryggur í huga beið hann þeirrar stundar. Þó drógst það þangað til kl. 7 að morgni; þá hlektist skipinu fyrst á fyrir alvöru, og ákoman var svo mikil að allir farþegar stukku eða hentust fram úr rúmum sínum, skjálfandi af hræðslu. Gat hafði brotnað á skipið, og í hverri káetu kom í ljós afleiðingarnar af því slysi. Köllin og hlaði í fólkinu voru augljósasti vottur um hættu sem á ferðum. Alt í einu stöðvaðist og vélin — það varð ógurleg þögn mitt í ölduganginum og vindgnynum afskaplegum.

Óttasleginn var hópurinn sem safnast hafði saman í aðalkáetunni, en þó bar fólkið sig fremur vel. Engin óþ heyrðust þar, og fáum vöknadi um augu. Fólkið var við óhappi búíð, og jafnvel við hinu versta, en enginn mælti æðru-orð. Mrs. Dan varð fyrst til að rjúfa þögnina: “Eg sá ráð fyrir perlunum mínum”, sagði hún, “eg hélt að þær mundu þykja góður fengur á hafsbotninum.”

Brewster kom inn meðan verið var að hlægja að þessu. “Mér þykir vænt að heyra hvað þið eruð kjarkgóð”, sagði hann. “Eg vona að til þess komi

ekki að við lendum á mararbotni í þetta skifti. Veðrinu hefir nú slotað.”

Þegar um þetta var rætt nokkru síðar fórust De Mille svo orð, að eina áhyggjuefnið sem hann hefði haft óveðurs nóttina, hefði verið það, að fá fullvissu um, hvort að klúbburinn, sem þeir voru í, Monty og hann, mundi festa upp tvö spjöld með sorgarborða í anddyri sínu, með nafni hvors þeirra á sínu spjaldi, eða að eins eitt spjald fyrir báða. Mr. Valentine hafði aftur á móti verið að naga sig í handarbökin fyrir það, að hafa verið að borga lífsábyrgð í mörg ár, með því að allir ættingjar hans væru á sama skipinu og hann og myndu deyja með honum.

Skipstjóri var furðu státinn eftir fulla sólarhrings vöku. Hann kallaði á Brewster og mælti við hann einslega: “Við vorum hætt komnir, það er ekkert vafamál, og svo ákoman, sem við fengum ofan á illviðrið.”

“Er þess enginn kostur að komast í höfn til að fá gert við skipið?”

“Ekki get eg ímyndað mér það. Það yrði lengi verið að róa skipinu alla þá leið.”

“Eg býst við að okkur hafi drifið langt afleiðis?” Skipstjóri gat ekki annað en dáðst að því hvað Monty var rólegur.

“Eg get ekki sagt hve langt okkur hefir rekið fyr en eg get “tekið sólarhæðina”, en veðrið hefir verið ofsahvast. Æðilangt hefir okkur hlotið að reka undan.”

“Komið þér nú ofan og fáid yður kaffi að hressa

yður á. Meðan á illviðrinu stendur er ekkert annað að gera, en reyna að telja kjark í kvenfólkið og treysta lukkunni.”

“Þér eruð kjarkbeztu húsbóndi, sem nokkurn tíma hefir verið í förum með mér, Mr. Brewster,” sagði skipstjóri og greip hlýlega í hönd Montys. Perry kunnir að nota slíkar tillögur.

Allan daginn var Monty að reyna að skemta gestum sínum, og strax þegar einhver ætlaði að fara að ympra á áhyggjum, var hann viðbúinn að eyða því tali og slá upp á einhverju spaugsyrdi. En gerði þetta með þeirri lægni, sem allir hlutu að meta og virða vel, svo að fólkinu fanst, að það hlýti að bera sig vel þrátt fyrir alt, úr því að húsbóndinn lék á alsoddi. Við Margrétu Gray átti hann erfiðast með að tala, og loks ásetti hann sér, að ef í það versta færi, þá skyldi hann segja henni frá ást sinni til hennar, áður en þau dæu.

“Það gæti ekki valdið neinu tjóni”, hugsaði hann með sér, “og eg vildi gjarnan að hún vissi það þá.”

Þegar leið að kveldi, var öll bráð hætta um garð gengin. Hafrótið mesta hafði lægt, og þiljuhlerum var lokið upp til að hleypa inn nýju lofti, en samt var fullstórt í sjónum enn til að vera á þilfari. Að morgni næsta dags var komið bjart og gott veður. Þegar fólk kom upp á þilfar varð skjótt öllum kunnugt um, hve mikið tjón hafði orðið af ofveðrinu. Tvo bátana hafði tekið út og voru þeir alveg horfnir, en stórt gat brotið á skut skipsins, svo að eigi var hægt að halda áfram ferðinni jafn-leskt og

snekkjan var orðin.

“Eg vona að þið ætlist þó ekki til, að við eigum að láta reka á reiðanum þangað til búíð er að gera við þessar skemdir?” spurði Mrs. Dán kvíðafull.

“Við erum sem næst þrjú hundruð mílur út af réttri leið”, sagði Monty, “og það gengur víst bæði seint og illa að komast þá vegalengd á seglunum eingöngu.”

Þó varð það úr að reyna að komast til Canary-eyja; þar var tilætlunin að fá gert við skipið og halda svo áfram ferðinni. En það gekk seint, því að einmitt á þessu svæði, þar sem ofsaveðrið hafði geysað fyrir skömmu síðan, þar varð nú blæja logn og ládeyða, og “Flitter” komst hvergi. Fyrsti Ágúst mánaðar var kominn og Monty fór að verða órótt. Örlagadagur hans var nú fyrir höndum, eftir tæpa tvo mánuði og horfurnar fóru að verða nokkuð óglæsilegar. \$100.000 mundu eftir óeyddir, eftir að hann hafði greitt allan kostnaðinn af ferðalaginu á “Flitter”, og nú var hann að velkjast hjálparvana um úthafið. Jafnvel þó að viðgerðin gengi að óskum á Canary-eyjum, þá mundi hann verða þaðan að minsta kosti hálfan mánuð til New York. Hvernig sem hann braut heilann um að finna ný úrræði, gat hann engin fundið. Enn liðu tveir dagar og enginn golvottur fanst enn. Hann þóttist viss um að svo mundi yfir sig liða 23. Sept. að hann væri enn að hrekjast þarna um hafið, með óeydda \$100,000. Hann hafði nú loks lept allri von um að eignast legat Sedwicks og tók að reyna að gera sér það að góðu,

hversu komið var, þegar alt-í einu sást til skips. Brewster skipaði manni að fara upp í reiða og veifa neyðarflaggi. Síðan gerði hann skipstjóra aðvart um, hvað hann hefði gert. Skipstjóri rauk upp á þilfar og reif flaggið af sjómanninum.

“Eg hafði skipað þetta”, svaraði Monty hálf-hissa yfir atferli skipstjóra.

“Langar yður til að láta þetta skip leggja kvaðir á okkur og krefjast björgunarlauna?”

“Við hvað eigið þér?”

“Ef þeir koma og hjálpa okkur á þessu gufuski, þá leggja þeir löghald á snekkjuna og krefjast að fá í björgunarlaun það sem hún kostar. Langar yður til að eyða enn öðrum \$200.000 á þessu skipi ”

“Eg vissi ekki um þetta”, svaraði Monty, hálf-kindarlegur, “en í guðs bænum reynið þér að ráða einhvern veginn fram úr þessu. Gæti ekki skipið dregið okkur til hafnar? Eg skal borga það ómak.”

Nú hófust samninga umleitanir við gufuskiðið aðkomna, en þær gengu ekki greiðlega; en eftir margar merkja-sendingar, skýrði skipstjóri loks frá því, að flutningaskipið væri reiðubúið að draga “Flitter” til Southampton, ef það fengi hæfilega þóknun fyrir það ómak.

“Aftur til Southampton!” tautaði Monty. “Það er sama sem að við komumst ekki aftur heim til New York fyr en að mánuði liðnum.”

“Hann segir, skipstjórinn á flutningaskipinu, að hann geti komið okkur til Southampton á tíu dögum”, svaraði Perry skipstjóri.

“Eg get það ekki, eg get það ekki”, tautaði Monty, og var gestum hans alveg óskiljanlegt hvað þetta fékk mikið á hann. “Ef hann getur komið okkur til Southampton fyrir 27., skal eg greiða honum alt að \$100,000 í ómakslaus.”

XXIX. KAPÍTULI.

Týndi sonurinn kemur heim.

Loksins komst flutningsskipið með “Flitter” til Southampton, en Monty fanst tíminn, sem í það ferðalag gekk, óskaplega langur. Flutningsskipið hét Glencoe. Skipstjóri þessi var ötull Skoti, og var skipið lítt hlaðið; þess vegna var augðert að fá kaftininn til að taka að sér að draga “Flitter” þessa leið. En með því að skipstjóri Glencoe fanst sem hann bjargaði skemtisnekkjunni úr ærnri hættu, hafði hann ráðið það við sig að beiðast drjúgra launa fyrir. Monty maldaði ofurlítið í móinn til málamynda, en þó fór svo að hann greiddi skipstjóra \$15,000, og gat unga mannum ekki annað fundist, en að þetta væri óvænt tillag sér til handa, og að gæfan hefði ekki alveg snúið við honum bakinu. Gestum Montys þótti há bjarglarnin, en þeir voru engu óglaðari en hann samt sem áður yfir því að komast á þurt land aftur.

Glencoe átti nokkra viðkomustaði áður en hún kom til Southampton, og náði þangað loksins 28. Ágúst; urðu allir farþegar á “Flitter” næsta glaðir,

er þeir stigu á strönd aftur. Dan De Mille bauð öllum hópnunum til Skotlands, til að dvelja þar um vikutíma, en Monty reis andvígur móti því boði.

“Við siglum til New York á fyrsta skipi sem við náum í”, sagði Brewster og hljóp af stað frá félagum sínum til að komast eftir skipaferðum og fá far handa fólkinu sem með honum var. Fyrsta skipsferð var 30. ágúst, og þar gat hann aðeins útvegað tólf gesta sinna farrými. Hinir urðu að koma viku síðar. Þessi ráðstöfun mætti engri mótspyrnu, og Bragdon var falið að verða eftir og sjá um viðgerð á “Flitter” og koma henni heim aftur. Monty fékk Bragdon \$15,000, og lét hann lofa sér því hátiðlega að þessu fé skyldi öllu varið til þess sem hann hafði lagt fyrir að gera.

“En viðgerðin kostar ekki meir en helminginn af þessari upphæð”, sagði Bragdon.

“Jæja, þú verður að skemta fólkinu þenna viku tíma — og — þú ert búinn að lofa að láta mig aldrei sjá neinn skilding af þessu fé aftur. Einhvern tíma skaltu fá að vita hversvegna eg geri þetta”, og Monty varð það mikið ánægjuefni, þegar vinur hans lofaðist til að verða við beiðni hans.

Síðan skyldi Monty við skipshöfnina á “Flitter”. Greiddi hann henni fimm mánaða laun og aukapóknun, sem hann hafði heitið nóttina þegar Margrétu var bjargað úr höndum ræningjanna. Perry skipstjóri og hásetar hans gleymdu aldrei tínda syninum, né heldur gátu þeir dulið, að saknaðarsvipurinn sást glögt á veðurbitnum andlitum þeirra á skilnaðar-

stundinni.

Nú tók Monty að gera ráðstafanir um að selja húsgögn sín í New York og um eyðslu þess fjár er hann átti enn eftir, og mundu flestir hafa uppgefist á að eyða jafn-mikilli upphæð á svo stuttum tíma, sem nú var eftir orðinn til þess. En hann lét ekki hugfallast að heldur. Hann var enn vongóður og með hörku-kappi bjó hann sig í úrslita-atrennuna.

“Það hefði átt að vera eitthvert ákvæði í reglugerð Jones, sem gerði ráð fyrir ívilnun ef maður yrði “veðurteptur”, sagði hann við sjálfan sig. “Það væri naumast sanngjarnt að skipbrotsmaður hefði færi á að eyða miljón dollara.”

Mrs. Dan De Mille sá um að skifta hópnum og kveða á um hverjir færu með fyrra skipinu, og hverjir með hinu síðara. Það gerði hún með sinni alkunnu lægni og hygni. Valentine-fólkið varð eftir og skyldi koma með seinna skipinu, en sjálf tók hún að sér að líta eftir fyrri hópnum. Margrét Gray og Monty Brewster voru í hóp De Milles. Dagana þrjá sem dvalið var á Englandi eyddi Monty drjúgum fé. Fyrir heillar viku vist, var einu gistihúsinu í Lundúnum greitt, þó að flokkurinn dveldi þar ekki lengur en til að snæða einn málsverð, og eftir þessu fór önnur fjáreyðsla Brewsters í höfuðborg Breta. Og þegar loks var stigið á skip aftur í Southampton, til að halda vestur um haf, urðu flestir förunautar Montys fegnir og jafnvel sjálfur hann, yfir því að nú dróg að leikslökum fyrir honum.

Fólksflutningaskipið mikla er flutti hópinn vest-

ur, klauf hratt og veltulítið öldur Atlanzhafsins. Veður var hið ákjósanlegasta og almenn ánægja ríkti meðal farþega; næturnar voru vindlausar og blíðar eins og árstíðir í álfheimum. Monty gladdi sig við vonina er lifnað hafði í brjósti hans óveðursnóttina, þegar Margrét kom til að leysa hann úr fangelsinu. Einhvernveginn hafði það atvik orðið til þess að varpa ofurlitlum ljósgeisla inn í þoku hugskots hans, og honum var það gleðiefni að halda í þennan ljósgeisla, með trúarinnar þrautseigju, þó að altaf tog-uðu efasemdirnar í á móti. Hann fylgdi henni með augunum hvert sem hún fór, leitaði að hvatning, sem blinda ástarinnar fól fyrir honum, en kvaldi hann hins vegar með sífeldum umskiftum ótta og vonar. Hann var alveg furðandi á því, hvað hún gat verið glöð og kát — honum lá við að verða hálf gramur af því, og var ómögulegt að gera sér skynsamlega grein fyrir lugarástandi hennar.

Fjögra daga leið átti hann loks til New York, svo þriggja, síðan tveggja og þá fann hann fyrir alvöru fjármálaáhyggjurnar leggjast á sig eins og möru, erfiðar, ógnandi og ónotalegar. Niðri í káetu sinni tók hann að semja nýja reikninga, nýjar skýrslur, og reyndi að ganga frá þeim gömlu þannig, að sem líklegast yrði að takmarkinu mundi náð. Þegar hann hafði íhugað ferðakostnaðinn nákvæmlega, reiknað með viðgerð á skipinu og öll önnur útgjöld, taldist honum svo til, sem alt ferðalagið mundi kosta hann um \$210,000, alt ríflega reiknað. Á ferðinni hafði hann verið hundrað þrjátíu og þrjá daga, og

hafði því eyðslan á dag verið \$1,580, og þegar hann hugleiddi ástæður allar, var hann alls ekki óánægður.

Svo var lent í New York og því næst skildust menn að og tóku það þó nærri sér. Þá voru öll óþægindi ferðalagsins gleymd, og ferðafólkið mintist að eins siglingarinnar sem þeirrar viðburðaríkustu, sem nokkuru sinni hefði átt sér stað alt frá dögum Nóa, og enginn var sá í öllum hópnum, sem ekki hefði fúslega viljað leggja af stað í nýjan leiðangur daginn eftir.

Strax þegar í land kom, urðu þeir Brewster og Gardner önnum kafnir við að fullnægja samningum sem fyrir lágu. Þegar allar skuldir voru greiddar viðvikjandi ferðinni, tóku þeir sér hvíld til að hugsa um unna starfið. Einhver vandræði virtust grúfa yfir, en Gardner sýndist þó þungbúnari á svipinn heldur en Brewster, þrátt fyrir allar áhyggjur hans.

Stórir flekkir af dagblöðum lágu út um alt gólfid á herberginu sem þeir sátu í. Í hverju einasta þeirra voru áhrifamiklar sögur af ferðalagi tínda sonarins með myndum, atvikum og ágiskunum. Monty sárnaði, hann fann sig auðmyktan, fann til refsingarvandarins, en hann var nógu mikill maður til að finna að hann átti að miklu leyti skilið það, sem um hann var sagt. Hann las kafla og kafla og fleygði svo blöðunum frá sér í hálfgerðu ráðaleysi: Að nokkrum vikum liðnum vissi hann að annað hljóð mundi komið í strokkinn.

“Það sem sárast er, Monty”, mælti Gardner þungur á svipinn, er það, að þú ert að verða blá-

fátækur maður. "Eg hefi getað séð sem eg hefi getað til þess að sjá fjárhag þínum borgis hér heima fyrir, en enginn vegur hefir verið til að veða á móti hinni óskaplegu fjáreyðslu á þessari siglingu þinni. Það er nærri því einsdæmi það fjároruðl."

Þannig klingdu í eyrunum þess stórbílaðs vegar ákæru vina hans og háð og haldnæfi þess kunningja; blöðin voru full af skrípamyndum og hann og flest strá vildu stinga hann. Lá því við að efni Brewsters væri verri en nokkurs annars manns í New York. Gamlir fornvínir hans létu eins og þeir sæu hann ekki, klúbbarnir hans snéru við honum bakinu og létu í ljós óvirðing sína opinberlega; kvenfólkið sýndi honum bitra fyrirlitning og kulda og hvaðanæfa fanst honum anda móti sér kaldur gustur. En þrautsegja og þrái hélt honum við, svo að hann lét ekki hugfallast, en svo nærri honum gekk mótlæti þetta, að hann gat nú ekki beitt sér til fullnustu. Á slíkum viðtökum hafði hann ekki átt von þegar hann kom heim, þó að hann hins vegar vissi, að fólk mundi ekki bera hann á höndum sér.

Monty var nú orðinn stórbílaður á heilsu, við það sem hann hafði áður verið, tekinn í andliti, holdlaus og að eins skuggi af hinum bjartsýna New York manni, er hann hafði verið, svo að eiginlega var ósökþ orðið að sjá hann. Hann hafði nú mannlegt þrek til að fara á fund Mrs. Gray, eftir allar þær auðmýkingar, sem hann hafði orðið fyrir. Nú neitaði hann sér um þá huggun, sem hann hafði ávalt áður getað sótt á það heimili, í raunum sínum,

sem hann fann að hann hafði unnið til. Í einhverju hóflausu ofboði lét hann hverja miðdegisveisluna reka aðra, sem hver var annari íburðarmeiri og kostnaðarsamari, og margir gesta hans hæddust að rétt upp í opið geðið á honum. Þeir sem sannir vinir hans voru reyndu að halda í við hann, báðu hann að gæta að sér, og gerðu allt sem þeim var mögulegt til að hefsta heimboðin; en þær tilraunir urðu alveg árangurslausar. Það var ómögulegt að stöðva Brewster.

Loks fór hann að selja húsgögnin, síðan silfurborðbúnaðinn og þvínæst hina verðmætu skrautgripi. Einn þeirra hvarf eftir annan og loks var íbúðin tóm og Monty hafði þvínær eytt þeim \$40,350, sem hann hafði fengið upp úr þeirri sölu. Svo var þjónunum borgað kaup sitt, herbergin yfirgefin, og nú fór Monty smátt og smátt að finna til fjárauðnarrinnar sjálfur. Í bönkunum fann hann að vextir af peningum hans voru um \$19,140,86. En einni viku fyrir 23. Sept. var öll miljónin eydd og þar með hagnaðurinn sem hann hafði haft af trjáviðar og kola sölu og öðrum fjárvænlegum löppum. Enn átti hann eitthvað um \$17,000, í bönkum, en þó var hugur hans fullur kvíða.

Dálitid ánægjuefni fanst honum það, að þjónar hans höfðu stolið frá honum eitthvað um \$3,500 virði, þar á meðal munum, sem honum hefðu verið gefnir í jólagjöf, og hann hefði þess vegna, sóma síns vegna, átt bággt með að selja. Einu mennirnir, sem hann fékk ofurlitla hughreysting frá, voru lögmennirnir Grant & Ripley. Þeir hvöttu hann fastlega til að láta ekki

undan, en herða sig einmitt undir það síðasta, því að brátt væri betri daga von. Swearengen Jones var jafnþögull fjöllunum, þar sem hann átti heima. Engar fregnir höfðu borist frá honum, og engin víska var fyrir því, að hann mundi fallast á það, hversu arfleifð Edwin Peter Brewsters hefði verið eytt.

Dan De Mille og kona hans lögðu fast að Brewster að koma með þeim til fjallanna áður en eignir hans væru alveg uppetnar. Maðurinn bauð honum fé og atvinnu, hvíld og að sjá um hann áhyggjulaust ef hann vildi hætta að eyða. Heima í Fertugasta stræti grét Margrét Gray blóðugum tárum og Brewster vissi það. Nokkrir þeirra, er hann hafði talið örugga vini sína þóttust ekki þekkja hann, er þeir mættu honum á götu síðustu þrjár vikurnar, og Monty hirti ekkert um þær fréttir, þó að þær bærust honum til eyrna, að Miss Barbara Drew ætti að verða hertogafrú áður en veturinn væri liðinn.

Samt sem áður gat honum ekki annað, en þótt hálf vænt um það, heldur en hitt, að Hampton frá Chicago hafði hröklast út úr því kapphlaupi fyrir nokkru.

Einu sinni mæltist Monty til þess við hinn tryggja vin sinn Bragdon, að stela bostonsku rottuhundunum sínum. Hann kvaðst ekki geta né vilja selja þá, en að gefa þá burtu þyrði hann ekki. Loks lét Bragdon tilleiðast að gera þetta. Brewster sagði að hann skyldi síðarmeir auglýsa að þeir hefðu týnst og borgað yrði finnanda sámileg fundarlaun, og svo yrði ekki meir í því rekist.

Því næst leigði Brewster sér íbúð í litlu gisti húsi og tók með miklum áhuga að gera ráðstafanir til að eyða þeim þúsundum, sem hann átti eftir og nú stóðu mest fyrir brjósti hans. Bragdon bjó hjá honum og "Auðmannasynirnir" stóðu reiðubúnir að rétta honum hjálparhönd, hve nær sem hann þurfti á styrk að halda. En loks varð Brewster að flytja úr fyrnefndri íbúð. Gömlu herbergin hans í Fertugasta stræti stóðu honum enn opin, og þó að hann tæki það nærri sér, að þurfa að leita þar skjóls, varð það þó úr að hann hvarf þangað með nokkurs konar þislarvotts hugrekki.

Arnþjótur B. Olson

XXX. KAPÍTULI.

Sparnaðar-loforð.

"Monty, þú ert alveg að gera mig hugsjúka", sagði Mrs. Gray við hann, og það voru stærstu orðinsem hún lét falla um ráðlag hans. Það var tveim dögum fyrir þann 23. að hún sagði þetta, og þó ekki fyr en ruslkaupmenn höfðu ekið burtu fullum vagni, frá húsdryrum hennar, með fatnaði og ýmsum brúkuðum munum, sem Monty hafði átt. Bæði hún og Margrét höfðu lítið tal haft af Brewster upp á síðkastið, meðan mest ákefðin hafði verið í honum að eyða. Þeim leist báðum illa á, hvað hann var orðinn æstur í skapi. Um ekkert var jafnmikið talað í borginni eins og hann, eftir að hann kom heim. Karlmennt reyndu að forðast hann, en hann var samt lag-

inn á, að eyða fé sínu eimitt í þá, sem ófúslega tóku móti veitingum hans. Þegar það varð uppskátt að hann hefði gefið \$5000 í peningum til hælís handa blaðadrengjum, þá þóttust jafnvel vinir hans vissir um, að hann væri genginn af vitinu. Þetta var í fyrsta sinni að hann hafði gefið fé til góðgjörða stofnana, og hann afsakaði það með sjálfum sér, hve lítið hann gæfi, með því, að Sedwick hefði sett sér þá reglu, að gefa sparsamlega til góðgerðastofnana. Hann hafði gleymt öllu öðru en þeirri einu hugsun, að losa sig við þessar þúsundir, sem hann átti eftir og gerðu honum svo miklar áhyggjur. Honum fanst hann vera einhvers konar utanveltu-besefi, — manngarmur, sem spilti öllum með návist sinni, sem hann næði til. Honum kom ekki dúr á auga; að matborði settist hann rétt til málamynda. Hann bauð enn í ríkmannlegar kveldveizlur, en sjálfur smakkaði hann ekki á nokkrum rétti. Vinir hans voru farnir að stinga saman nefjum um það, að skynsamlegast mundi vera að koma honum á hæli, þar sem líkindi væru til að hægt væri að halda í þá litlu vitglóru, sem eftir væri í honum. Enginn hafði þó fyr heyrt getið um sinnisveiki, er líktist þeirri geðveikistegund er þjáði hann; enginn rithöfundur hafði reynt að lýsa fyrri, né hafði komið til hugar slík vitfirring.

Mrs. Gray mætti Monty í anddyrinu og var hann þá með skjálfandi hendi að troða í vasa sinn þeim \$60, sem hann hafði fengið fyrir fatnað sinn og muni, er hann hafði nýsejt. Hún var náfól í framan. Hann reyndi að svara áminningum hennar einhverju, en

það tókst ekki sem best, og loks flýði hann burtu, inn í herbergi sitt og lokaði að sér. Hann fór þar að semja loka-skrá yfir það, hvernig hann hafði eytt miljón þeirri, sem hann hafði tekið í arf eftir Edwin Brewster — síðustu skýrsluna til að senda umboðs-hafanda erfðaskrár James Sedgwicks. Á gólfinu lágu margir böglar, vel saman bundnir, og á borðinu fyrir framan hann lá stór hvít pappírsörk, þar sem hann var að rita á skýrslu sína. Í böglunum voru kvittanir — kvittanir svo þúsundum skifti, fyrir dollurum þeim, er hann hafði eytt á tæpu ári. Þarna lágu kvittanirnar, bíðandi eftir yfirskoðun Swearengen Jones; þær voru vel geymdar, eins og við því væri að búast, að gamli Vestmaðurinn færi að skoða öll þau "dókúment".

Hann hafði gert upp jafnaðarreikning til yfirstandandi tíma. Á stóru pappírsörkinni fyrir framan hann stóð skýrsla um fjárbruðl hans skýrum stöfum, grafletur heillar miljónar. Í vasa sínum hafði hann \$79,08. Þetta fé átti að duga honum í tæpa tvo sólarhringa, og þá varð það að vera horfið sömu leiðina eins og hitt. Hann hafði ásett sér að fara á fund þeirra Grant & Ripley að kveldi hins 22. og lesa þeim skýrsluna, áður en hann hittir Jones daginn eftir.

Rétt fyrir hádegi, eftir að hann hafði hitt Mrs. Gray, svo sem fyr var getið, fór hann út úr herbergi sínu niður stigann og fór að svipast um eftir Margrétu, miklu hugrakkari en hann hafði verið um langan tíma. Gleðibros líkt og í fyrri daga lék um varir honum og einlægur innileiki var í röddinni þegar hann hittir hana í lestrarherberginu. Hún var þó

ekki að lesa. Hún gat ekki haft skemtun af bókum eða neinu öðru, en hún var sí og æ að hugsa um hag piltsins, sem hún elskaði, en nú virtist heillum horf-
inn. Honum lá við að vikna er hann leit í augu henn-
ar, harmþrungin en djúp, hvarfla til hans vottandi
einlæga ást og umhyggju.

“Heldurðu nú að móðir þín virði mig nokkurs
framar, Margrét? Heldurðu að hún biðji mig nokk-
urn tíma að vera hér lengur?” spurði hann rólega og
tók í hönd hennar. Hönd hennar var köld en hans
brennandi heit. “Þú manst hvað þú sagðir mér hér
fyrir nokkru, að hún mundi vilja láta mig búa hér
hjá sér, ef eg ætti það skilið. Nú er eg orðinn fá-
tækur maður, Margrét, og eg er hræddur um, að eg
verði að fara að vinna fyrir mér aftur. Heldurðu að
hún vísi mér ekki á dyr? En einhvers staðar verð eg
að vera. Skyldi eg eiga að lenda á letigarðinn?
Manstu að þú gast til einu sinni að þangað mundi eg
fara fyr eða síðar?”

Hún horfði beint í augu honum, en kveið fyrir
að sjá þar eitthvað sem væri óttalegt að sjá. En þar
var engan brjálsemisvott að finna, né heldur óráðs-
glampa að líta. Í þess stað skein úr augunum bjart
bros manns sem var ánægður — ánægður með alt.
Heyra mátti viðkvæmnishreim í röddinni, en þó mátti
glögt greina að sá er talaði hafði fult vald yfir vits-
munum sínum.

“Ertu nú búinn að eyða því — eyða því öllu,
Monty?”

“Hérna er það sem eg á eftir af arfi mínum”,

svaraði hann og opnaði með hægð og rósemi peninga-
pyngju sína. Eg er nú kominn í sömu spor, sem eg
stóð í fyrir einu ári síðan. Miljónin er horfin og eg
stend eftir með kliftra vængi.”

Hún var mjallhvít í framan og henni fanst eins og
jökullag leggjast að hjarta sínu. Hvernig stóð á því,
að hann gat verið svona rólegur, þar sem hún tók
jafnmikið út? Í tvígang reyndi hún að taka til máls,
en mistókst í bæði skiftin. Hún veik sér hægt undan
og gekk út að glugganum, og snéri baki að mannum
sem enn brosti bæði raunalega en þó ónærgætnis-
islega.

“Eg kæri mig ekkert um miljónina, Margrét”,
hélt hann áfram. “En eg veit að þú hugsar eins til
mín og hitt íólkið, og finst það hraparleg heimská,
hversu eg fór að ráði mínu. Það væri ófyrirgefán-
leg skammsýni að álasa þér fyrir þetta, eða nokkrum
öðrum, sem eins líta á. Alt mælir á móti mér; sann-
anirnar eru svo feikimiklar. Fyrir ári síðan var eg
talinn maður með mönnum, en nú eru menn að kepp-
ast við að svifta mig öllum rétti til að geta heitið
það lengur. Allur þorri kallar mig flón, heimskingja
og sumir jafnvel glæpamann — og engum dettur í hug
að telja mig lengur mann með mönnum. Heldur þú nú
Margrét að þú gætir hugsað til mín ofurlítið öðru-
vísi, ef eg segði þér, að eg væri að hugsa um að taka
aftur nýja lífsstefnu? Þá verður nýr Monty Brew-
ster, sem kemur til sögunnar aftur að fáum dögum
líðnum, eða sá gamli Monty, sem þú þektir einusinni,
ef þú kýst það heldur.”

“Eg kys heldur gamla Monty”, svaraði hún lágt eins og í leiðslu. “Það yrði gaman að sjá hann, miklu ánægjulegra heldur en þann Monty, sem mest hefir borið á síðastliðna árið.”

“Og ætlar þú þá Margrét að standa með mér, þrátt fyrir allt sem eg hefi gert? Þú ætlar þá ekki að yfirgefa mig og snúast gegn mér eins og hinir? Ætlarðu að vera mér sama Margrét eins og í fyrri daga?” spurði hann og bar ótt á, því að rósemi hans var nú orðin miklu minni.

“Því ertu að spyrja að þessu? Hví skyldirðu gruna mig um slíkt?”

Stundarkorn stóðu þau bæði þegjandi; þau horfðu hvort á annað, og sáu bæði í hyllingum uppruna nýs dags.

“Góða mín”, sagði hann með skjálfandi röddu; “eg—eg þori varla að trúá því, að þér þyki nógu vænt um mig, til þess—að—”, hann lauk við setninguna með spyrjandi augnaráði.

“Eg geti byrjað með þér að nýju?” hvíslaði hún.

“Já, að þú getir treyst týnda syninum fyrir þér, sem nú er kominn aftur til föðurhúsanna. Án þín finst mér eg mundi vera staddur í sólarlausu sírökkri. Margrét það er þig, sem eg þrái! Þú elskar mig—eg get séð það á augunum í þér, eg finn það á návist þinni.”

“En hvað þú hefir verið lengi að komast að þessu”, svaraði hún hugsandi og breiddi út faðminn á móti honum. Hann vafði hana að sér og hélt lengi á henni í fanginu, því að nú fann hann nýjan ánægju-

legan frið færast yfir sig.

“Hvað lengi hefir þér annars þótt svona vænt um mig?” spurði hann lágt.

“Altaf Monty; alla æfi mína.”

“Og sama er að segja um mig; mér hefir altaf þótt vænt um þig. Nú veit eg það; en eg hefi ekki vitað það fyr en síðustu mánuðina. En hvað eg hefi verið skammsýnn, að hafa látið alla þessa ást mína og þína liggja allan þann tíma í dvala. En eg vil ekki fara gálauslega með ást okkar að heldur. Eg vil ekki láta nokkra minstu ögn af henni eyðast né á glækaða, ekki meðan við lifum, elskan mín.”

“En svo skulum við búa ból nýrri og meiri ást, Monty, um leið og við byggjum okkur heimili. Við getum aldrei orðið fátæk meðan við eigum fjársjóð ástar okkar.”

“Tekur þú þér þá ekki nærri að verða fátæk með mér?” spurði hann.

“Eg get ekki orðið fátæk meðan eg á þig”, svaraði hún blátt áfram.

“Og það var rétt að því komið, að eg misti af allri þessari gæfu”, sagði hann með ákefð. “Nú skulum við byrja bæði Margrét, þú verður konan mín og eina auðlegð mín. Þú skalt vera hið eina sem eg á af áðurfengnum auði. Viltu giftast mér á öðrum degi hér frá? Neitaðu því ekki elskan mín. Mig langar einmitt til að byrja á þeim degi. Við skulum ákveða tímann, kl. 7 að morgni. Finst þér ekki það ætti að vera góð byrjun?”

Og hann hélt áfram að biðja svo innilega og

alvarlega, að hún lét undan í þessu efni, þó að henni gæti ekki annað fundist, en að þetta væri einhver barnaleg fyrirtekt af honum. Hún átti ekki að fá að vita það fyr en eftir á, hvað honum gekk til að vilja einskorða giftinguna við þennan dag, að morgni hins 23. September, tveimur klukkustundum áður en honum skyldi afhenda miðjónir Sedgwicks. Ef alt gengi að óskum mundi þetta fé vera orðið miðjónir Brewsters fyrir hádegi þann dag, og fátækt Margrétar mundi ekki standa lengur yfir en þrjár klukkustundir. Henni datt ekki annað í hug en að Brewster yrði bláfátækur alla æfi. Þau hlytu því að byrja sambúð sína með þeirri auðlegð að eins, sem í ástinni fólst.

Margrét reyndi að berjast á móti því að hann eyddi þeim sjötíu dollurum, sem hann átti enn eftir, en hann sat fastur við sinn keyp. Hann vildi ekki annað heyra, en að þau keyptu sér dýrindis-kræsingar fyrir þetta fé, evddu því í skemtiakstur o. þ. u. l., þangað til síðasti skildingur væri upp genginn. Daginn þar á eftir skvöldi taka nýja stefnu. Það var að eins eitt sem olli honum ofurlítils kvíða. Það var að Margrét kvænni að verða talin honum til "innstæðueignar", ef hann giftist henni fyrir kl. 9. En hann sá það strax, að það hafði að eins verið krafist af honum að vera fjáreignalaus, og eiga ekkert það sem honum hefði áskotnast fyrir arf þann er hann fékk frá Edwin Peter Brewster. Það gat engum vafa verið bundið, að kona hans, er hann gekk ekki að eiga fyr en hann var gersamlega eignalaus. mátti með engu móti teljast arður af arfi gamla mannsins. Svo

varkár var hann, að hann fékk sér lánað fé hjá Joe Bragdon til að kaupa leyfisbréfið til giftingarinnar og til að greiða prestinum pússunartollinn. Hann yrði þannig ekki eignalaus á úrslita degi, heldur jafnvel skuldugur. Svo breyttur var nú hugur hans, að jafnvel það að missa af miljónum Sedgwicks gat ekki slókt þá gleði, sem vöknun var í sálu hans yfir því að hafa getið ástir Margrétar Gray.

XXXI. KAPÍTULI.

Hvarf miljónarinnar.

Strax eftir hádegi hinn 22. September, braut Monty saman skýrslu sína til Swearengen Jones, lagði hana í umslag og bjó sig af stað. Skömmu áður hafði böglafiutningargagn ekið burtu stórum bögli, sem ekki mátti á sjá, hvað í var, en Monty átti. Mrs. Gray gat ekki dulið undran sína, en hún var litlu fróðari af svörum þeim, sem Brewster veitti henni. Hann gat ekki farið að segja henni, að í þessum stóra bögli væru kvittanir sem sanna ættu að hann færi rétt með þegar hann gerði upp reikning sinn við Mr. Jones. Brewster hafði brúkað sín eigin eyðublöð og látið kvitta á þau fyrir því að hann hefði greitt fyrir hvern hlut er hann hefði keypt. Samstæðum kvittanar-stúf hélt hann eftir í litilli bók, er hann hafði rífið úr aðalkvittanirnar; hafði hann látið búa til handa sér slíkar kvittanabækur. Og ekki að eins handa sjálfum sér, heldur hafði hann og fengið slíka kvittanabók í hendur hverjum manni, er verið hafði í hans þjón-

ustu, hvar sem verið hafði. Hvað smávægileg sem kaup voru, þá var sömu aðferð framfylgt. Hver sem fengið hafði dollars virði af fjármunum Brewsters, hann hafði orðið að gefa honum skriflega kvittun fyrir þeim dollar. Blaðadrengrir og skóburstunarmenn voru þeir einu, sem sluppu við þetta formsatriði; peningabóknun, sem greidd var þjónum, dyra-vörðum, öikumönnum og fleiri slíkum, var skrifuð og raðað niður svo sem þurfa þótti, en þeir staðfestu. Kvittanir fyrir eyðslu þeirra fáu dollara, sem eftir voru, átti að senda til réttis hlutaðeiganda morguninn eftir þann 23. Sept., og aðalskýrsluna átti ekki að fullgera fyrri en rétt fyrir kl. 9 að morgni þess dags.

Hann kvaddi Margrétu með kossi, og sagði henni að vera tilbúinni um kl. 4 síðdegis. Þá ætlaði hann að keyra eitthvað þeim til skemtunar. Því næst fór hann burt að finna þá Joe Bragdon og Elon Gardner. Þeir hittu hann á tilteknum stað, og sagði hann þeim þá frá því, að hann ætlaði að ganga að eiga Margrétu daginn eftir.

“Eg er viss um að þér er þetta ekki alvara”, sagði Joe, hvatskeytslega. “Margrét er of góð stúlka til að ganga út í slíkt. Það er ekki rétt að ætla henni slíkan ráðahag.”

“Okkur hefir komið saman um að byrja nýtt líf, eftir daginn í dag. Bídu með dóminn þangað til hún sér hvernig okkur reisir af. Eg vona að nú gerist bráðum nokkuð, sem hér kemur á óvænt. Í dag verð eg útvega mér levfisbréf og ná í prest til að gefa okkur saman. Ætlast er til að athöfn sú

fari fram í kyrþey eins og þú getur getið nærri. Eg ætla að biðja þig Joe að vera svaramaður minn, en þig Gardie að vera hjónavígsluvottur. Annað kveld snæðum við svo heima hjá Mrs. Gray. Fáir munu verða þar viðstaddir, en þeirra á meðal býst eg þó náttúrlega við að sjá ykkur. En við getum nú talað betur um það seinna. Í bráðina vildi eg biðja annanhvorn ykkar að lána mér nægilega mikið til að kaupa leyfisbréfið og borga prestinum. Eg skal borga ykkur það annað kveld.”

“Aldrei hefi eg heyrt verra”, hrópaði Gardner öldungis forviða yfir kjarki vinar síns. En samt fóru þeir með honum til að kaupa leyfisbréfið og Bragdon borgaði fyrir það. Gardner lofaðist til að sjá um að prestur skyldi koma strax að morgni næsta dag á heimili Mrs. Gray. Það annað sem Monty bað vini sína fyrir, var að láta Margrétu ekki um það vita, hvernig hann aflaði leyfisbréfsins, né heldur hversu hann færi að borga prestinum. Hann lagði ríkt á við þá að muna sig um þetta. Síðan hraðaði hann sér inn á skrifstofu þeirra Grant & Ripleys. Böggullinn, sem hann hafði sent var þangað kominn á undan honum.

“Er Jones kominn til borgarinnar?” spurði hann strax og hann kom inn og hafði heilsað.

“Hann hefir ekki skráð sig á neinu gistihúsi”, svaraði Mr. Grant, en Brewster varð ekki var við kvíðasvipinn sem fór yfir andlit lögmansins.

“Eg vona að hann komi seinna í kveld”, svaraði Brewster rólega. Lögmennirnir höfðu ekki sagt hon-

um, að öll skeyti sem þeir höfðu sent Swearengen Jones síðasta hálfu mánuðinn, höfðu verið endursend til þeirra á skrifstofuna í New York, og enginn tekni á móti þeim í Butte. Símskeytafélagið hafði lýst því yfir, að Mr. Jones fyndist hvergi, og að hann hefði ekki sést í Butte síðan 3. September. Lögmennirnir bjuggust á hverri stundu við skeytum frá ýmsum í Montana, sem þeir höfðu símað til að leita hjá fréttu og ráðlegginga. Þeir voru báðir mjög órólegir, en Brewster var svo mikið í hug, að hann tók ekkert eftir því.

“Hár maður skeggjaður og ókunnugur var hér í morgun og spurði eftir yður, Mr. Brewster”, sagði Ripley og laut ofan yfir einhver blöð, sem lágu fyrir framan hann á borðinu.

“Það hefir verið Jones, þori eg að segja. Eg hefi altaf hugsað mér hann með gríðarmikið, sítt skegg”, svaraði Monty og var fagnaðarhremur í röddinni.

“Það var ekki Jones, við þekkjum Jones mjög vel. Þessi maður var ókunnugur hér og hann neitaði að segja til nafns síns. Hann kvaðst mundi koma heim til Mrs. Gray í kveld.”

“Var hann líkur lögregluþjóni eða innköllunar-manni?” spurði Monty hlægjandi.

“Hann var líkastur flækingi”.

“Jæja, við skulum þá sleppa því að tala um hann í bili”, sagði Monty og dróg skýrsluna upp úr vasa sinum. Hefðuð þið nokkuð á móti því, herrar mínir, að lita á þessa skýrslu? Mig langar til að vita, hvort

hún muni frambærileg fyrir Jones, eins og hún er."

Grant var skjálfhentur þegar hann tók á móti bréfinu sem Brewster rétti honum, og fletti því í sundur. Lögmenningirnir litu hvor til annars í sjáanlegum vandræðum og kviðafullir.

"Eg vona að ykkur skiljist að þessi skýrsla er að eins yfirlit yfir fjáreyðsluna. Útgjöldin eru samt flokkuð; og kvittunum þarna er raðað þannig, að Mr. Jones getur með hægu móti fullvissað sig um áreiðanleik talnanna, sem skráðar eru í skýrslunni. Eg tek t. d. þar sem eg hef yfirskriftina "vindlar", þá hefi eg flokkað þar undir alt sem eyðst hefir í reyk. Kvittanirnar eru til að sanna og sýna greinilega í aukaatriðum, það sem skýrslan greinir frá ósundurlíkað."

Mr. Ripley tók við skjalinu af félaganum sínum, fletti því sundur og las því næst upphátt það er nú skal greina:

New York 23. Sept. 19—

Til Swearengen Jones,

umboðshafanda erfðaskrár James T. Sedgwicks
sáluga frá Montana:

Hérmeð legg eg fram skýrslu mína um tekjur og útgjöld á umliðnu ári æfi minnar, sem endar að kveldi hins 22. Sept. Þetta geri eg í samræmi við fyrirmæli þau, sem þér hafið sett, svo sem umboðshafandi erfðaskrárinnar, og samkvæmt þeim skilyrðum, sem hún felur í sér. Um sanngildi talna þeirra, sem í skýrslunni eru skráðar, má komast að raun um með því að bera þær saman við kvittanir, þær sem

skýrslunni fylgja. Nú er ekki grátt cent eftir af arfi Edwin Peter Brewsters í minni eigu, og eg á ekkert sem til tekna megi telja, í notum þess fjár. Eg birti þá skýrslu mína hér á eftir yður til vandlegrar íhugunar.

Upprunalega eign	\$1,000,000,00
Trjáviðar og eldiviðar óhapp	58,550,00
Röng tilgáta um hnefleika	1,000,00
Lexia í Monte Carlo	40,000,00
Veðreiða glapparskot	700,00
Söluverð sex rottuhundshvolpa m. m.	150,00
Söluverð húsgagna m. m.	40,500,00
Vextir af innstæðueign	19,140,00
	<hr/>
Öll fjárfúlgan sem eyða ber	\$1,160,040,00

Útgjöld:

Leiga á íbúðarhúsi	\$23,000,00
Húsgögn í það íbúðarhús	88,372,00
Þrjár bifreiðir	21,000,00
Leiga á þrem bifreiðum	25,000,00
Veðfjártap til De Mille	1,000,00
Vinnuhjúakaup	25,650,00
Borgað mönnum sem urðu fyrir bifreið og slösudust	12,240,00
Tapað í bankahruni	113,468,25
Tapað í veðreiðum	4,000,00
Glerhiminn	3,000,00
Jólagjafir	7.211,00

Frimerki	1,105,00
Símskeytakostnaður	3,253,00
Ritföng	2,400,00
Tveir hostonskir rottuhundar	600,00
Tapað í ræningjahendur	450,00
Tapað í ferð hljótleikaflokks	56,382,00
Tapað á gróðabralli O. Harrisons, (sem eg bar ábyrgð á)	60 000,00
Dansleikur (í tveim þáttum)	60,000,00
Dansmerkjakostnaður	6,000,00
Sigling á skemtisnekkju	212,309,50
Kjötkeðjuhátíðar--kostnaður	6,824,00
Vindlar	1,720,00
Vinföng, að mestu veitt öðrum	9,040,00
Fatnaðarkaup	3 400,00
Leiga á sumarbústað	20,000,00
Borgað sendiboða	500,00
Miðdegisveizlur	117,900,00
Kveldveizlur m. m.	38,000,00
Leikhúsakostnaður m. m.	6,277,00
Gistihúss-kostnaður	61,218,59
Fargjöld á gufuskípum og eimlestum	31,274,81
Til blaðadrengrja-hælis	5 000,00
Tvær hljótleikasýningar	20,000,00
Viðgerð á "Flitter"	6,342,60
Dráttarkostnaður á skipi til Southampton	50,000,00
Sérstök eimlest til Florida	1,000,00
Lághýsi í Florida	5,500,00
Læknishjálp	3,100,00
Dvalarkostnaður í Florida	8,900,00

Eignaþutð í höndum vinnufólks	3,580,00
Skattur af innieign	112,25
Ymisleg útgjöld	9,105,00
Heimilis-tilkostnaður	24,805,00

Samtals útgjöld \$1,160,040,00

Til góða 0,000,000,00

Framlagt virðingarfylst

Montgomery Brewster.

Það sjáist herrar mínir að skýrslan er ekki alls kostar nákvæm, en til eru kvittanir fyrir hverjum einasta dollar, að undanteknu því sem blátt áfram er smáræði, og af hendingu verða ekki lagðar fram kvittanir í bili. Hann kann að líta svo á að eg hafi svallað fé til einskis, en eg þverneita því, og skora á hann eða hvern annan að sanna, að eg hafi ekki fengið verðmæti peninga þeirra, sem eg hefi greitt. Svo að eg segi ykkur rétt eins og er, þá hefir mér fundist eins og eg hefði margar miljónir milli handa. Ef einhver skyldi fara að halda því fram við ykkur, að það sé hæðarleikur að eyða heilli miljón, þá ætla eg að biðja ykkur að vísa honum til mín. Síðastliðið haust vóg eg 180 pd., í gær var það rétt svo að eg himdi í 140; síðastliðið haust sást ekki nokkur hrulka á mínu andliti, né heldur nokkurt grátt hár á höfði mínu. En nú sjáist þið herrar mínir hvað starfið hefir gengið nærri mér. Það líður langur tími þangað til eg verð orðinn jafngóður að heilsu aftur, en eg vona að það takist þó í fríinu, sem eg ætla að byrja að taka mér á morgun. Nú vill svo til að eg

ætla að gifta mig í fyrramálið, einmitt þegar eg er orðinn fátækari, en eg býst við að verða nokkur tíma aftur. Eg á enn eftir að eyða fáeinum dollurum, og þarf að gera það. Á morgun skal eg gera grein fyrir því sem eg eyði í kveld. Eg hefi tilfært það undir "ýmisleg útgjöld", en eg skal leggja fram kvittanir fyrir því fé líka, það megið þið vera vissir um. Eg sé ykkur í fyrra málið."

Svo þaut hann af stað, því að hann hafði allan hugann á því að finna Margrétu og hafði ógeð á að ræða mikið um skýrsluna við lögmennina. Grant og Ripley hristu höfuðin eftir að hann var farinn og sátu lengi þegjandi.

"Við ættum að fá einhverjar áreiðanlegar fréttir í kveld", sagði Grant, en þó var kvíðahreimur í röddinni.

"Mér væri forvitni á að vita, hvernig honum verður við", svaraði Ripley, "ef í það versta fer."

XXXII. KAPÍTULI.

Kveldið fyrir.

"Nú er alt undir Jones komið", var hugsunin, sem Brewster gat ekki slitið úr huga sínum meðan hann var að keyra þangað, þar sem hann hafði mælt sér mót við Margrétu Gray. Nú er miljónin farin — alt farið. Eg er fátækur, eins og beiningamaður. Nú er alt undir Jones komið, en mér er ómögulegt að sjá, hvernig hann ætti að geta felt dóm yfir mér.

Hann krafðist þess að eg yrði öreigi, og mér þykir ólíklegt, að hann hafi brjóst á, að vísa mér nú út á gaddinn. En hvernig færi, ef hann tæki það á sig, að bregðast illa við? Mér er til efs að eg geti haft féð — mér er til efs að eg ynni málið fyrir rétti.”

Margrét beið hans, hún var fagurrjóð í kinnum. Esingin sem nú var í honum hafði einnig haft áhrif á hana.

“Komdu nú Margrét”, sagði hann með ákefð. “Þetta verður síðasti skemtidagurinn — og nú skulum við gleðja okkur. Við getum gleymt því öllu á morgun, ef þér sýnist, þegar við tökum nýja stefnu, en þó gæti verið að vert væri að minnast þessa kvelds.” Um leið og hann hjálpaði henni upp í vagninn og stökk upp í hann á eftir henni, kallaði hann: “Við af stað”, og var ekki laust við að hann væri skjálfraddaður.

“Þetta er tóm heimska, elskan mín”, sagði hún, en þó tindruðu augu hennar af fögnuði og gáska. Af stað þaut vagninn með tvær innilega ánægðar manneskjur. Mrs. Gray snéri frá glugga í húsi sínu með tárin í augunum. Henni fanst, af því að henni var þungt í skapi, að þau væru að hverfa út í myrkið.

Það var afar einkennilegur maður sem kom í kveld að spyrja eftir þér, Monty”, sagði Margrét. Hann hafði mikið skegg, og minti mig á hjarðsveina Remington's.”

“Hvað hét hann?”

“Hann sagði vinnukonunni að það skifti svo sem

engu. Eg sá á eftir honum þegar hann fór burtu, og fanst hann þá býsna myndarlegur. Hann sagðist mundi koma á morgun, ef hann fyndi þig ekki út í bæ í kveld. Þekkirðu hann ekki af lýsingunni?"

"Nei, alls ekki. Mér getur hreint ekki hugkvæmst, hver þetta hefir getað verið."

"Monty", sagði hún eftir erfiða stundarpögn, "hann—hann skyldi þó ekki hafa verið—verið—"

"Eg veit við hvað þú átt. Maður sendur af hinu opinbera til að leggja undir sig eignir mínar, eða eitthvað í þá áttina. Nei, elskan mín; eg legg drengskap minn við því, að eg skulda ekki nokkrum manni dollars virði." Þá mundi hann alt í einu eftir skuld sinni við þá Bragdon og Gardner. "Nema eina eða tvær smávægilegar ávísanir", bætti hann við í flýti. "Vertu ekki hugsjúk þess vegna, elskan mín; nú erum við farin af stað til að skemta okkur og við verðum að gera það eftir því sem við getum. Við skulum nú aka gegnum skemtigarðinn og svo förum við til Sherry's og fáum okkur að borða."

"En við verðum að hafa fataskifti til þess", sagði hún. "Og svo er engin gæzlukona með mér!"

Hann roðnaði þegar hún mintist á fataskifti. "Eg blygðast mín fyrir að verða að játa það Margrét, að eg á engin önnur föt, en þau, sem eg stend í. Láttu ekki vera á þér þennan raunasvip, góða — eg ætla að panta ný kjölföt í fyrramálið — ef eg fæ tómt til. Og viðvíkjandi gæzlukonunni, þá verður fólk ekki farið að tala um þetta fyr en á morgun, og þá—"

"Nei, Monty, það kemur ekki til nokkurra mála

að fara til Sherry's. Þangað getum við ekki farið", sagði hún alvarlega.

"Æ, Margrét! Það spillir allri skemtun", sagði hann mjög hnugginn.

"Þetta er ekki sanngjarnt af þér, gagnvart mér, Monty. Hvert mannsbarn mundi þekkja okkur þar, og hver tunga blaðra. Fólk mundi fljótt segja: "þarna eru þau Monty Brewster og Margrét Gray. Hann er nú að eyða seinasta skildingnum sínum handa henni." Eg býst ekki við að þú kærðir þig um, að það yrði sagt."

Hann sá að hún hafði rétt að mæla.

"Það væri aftur sönnu nær að fá sér að borða á einhverjum kyrlátum stað sem afskektur væri", sagði hún ismeygilega.

"Þú hefir rétt að mæla Margrét, eins og æfinlega. Eg er orðinn svo vanur við að eyða fé gá'auslega, að eg kann það ekki öðruvísi en svona. Eg ímynda mér að eg láti þig hafa peningaráðin eftir morgundaginn. En biðum nú við. Eg veit af skemtilegum greiðasölustað niður í bæ. Við skulum fara þangað og síðan í leikhúsið. Dan De Mille og kona hans eru í minni stúku, og því næst förum við öll upp í verkstofu Pettingills. Eg ætla að bjóða Auðmannasonunum í síðustu veizluna í kveld. Ef alt fer eins og eg ætlast til, þá verður þetta síðasta skemti-samsætið mitt og við förum heim ánægð."

Klukkan 11 fóru gestir að streyma inn í verkstofu Pettingills. Það voru Auðmannasynirnir og fleiri kunningjar, og innan skamms var sezt að snæð-

ingi. Brewster hafði greitt fyrir vistirnar fyrir um kveldið, og þegar hann settist niður í heiðurssætið við borðið, hafði hann ekki nokkurn skilding í vasanum. Fyrir rétt einu ári hafði hann sezt þarna að veizlu með vinum sínum, Auðmanna sonunum á afmæli sínu. Á því kveldi hafði honum áskotnast heil milljón dollara. En þetta kveld var hann nú orðinn miklu fátækari, en hann hafði nokkurn tíma áður verið, en hann átti von á ofurlitilli glaðning á afmælisdaginn sinn.

Fyrir utan Auðmannasynina niu talsins, sátu sex gestir aðrir. Þar á meðal De Mille, Margrét Gray og María Valentine. "Nopper" Harrison var eini Auðmannasonurinn, sem vantaði í hópinn, og Brewster stakk upp á því að drekka minni hans áður en þögnuð væru húrra-hrópin fyrir minni brúður og brúðguma.

En í þetta sinn voru samsætisgestirnir ónáðaðir fyrir heldur en í veizlunni árið áður. Ellis kom ekki með boðskap sinn til Brewsters fyrir kl. 3 eftir miðnætti, en rétt fyrir kl. 12 var dyrþjöllunni hringt og inn kom piltur, sem afhenti Brewster símskeyti.

"Hamingjuóskir eru að koma, kunningi", sagði De Mille í því að Monty leit á litla umslagðið, sem pilturinn hafði rétt honum.

"Með hlýjum hamingjuóskum", stendur líklega á því," sagði Bragdon. "Það er verulega skynsamlegt af þér að gifta þig á afmælisdaginn þinn, Monty. Það er bæði timasparnaður og peningasparnaður fyrir vini þína."

“Lestu þetta upphátt”, sagði “Subway” Smith.

“Eg þori að veðja um að þetta er frá “Nopper” Harrison”, sagði Pettingill.

Brewster var mjög skjálfhentur, þegar hann fór að opna umslagið; hann vissi ekki hversvegna. Það var reglulegur óhugur kominn í hann, ómurllegt hugboð um ill tíðindi, er kæmu nú á síðustu stundu. Hann tók símskeytið út úr umslaginu með hægð og fletti því sundur. Enginn hefði getað séð það á honum, að honum fanst því líkast, sem hann væri að lesa dauðadóm sinn. Þetta símskeyti var frá Grant & Ripley og hafði augsýnilega verið sent á eftir honum um borgina og verið á leiðinni tvær eða þrjár klukkustundir. Það hafði verið sent af stað klukkan 8½.

Hann las það yfir skyndilega, heitur á höfði en kaldur í hjarta. Meðan hann lifði gat hann aldrei gleymt innihaldi þessa símskeytis.

“Komið þegar í stað á skrifstofu okkar. Við biðum yðar í alla nótt, ef á þarf að narra. Jones er horfinn, og enginn hefir nokkra hugmynd um, hvað af honum hefir orðið.

Grant & Ripley.”

Brewster varð sem steini lostinn, engin minsta hræring sást á andliti hans. Vinir hans tóku til að kalla og spyrja um efni símskeytisins, en honum var örðugt um mál, og lét sem hann heyrði ekki. Það var því líkast sem hver einasti blóðdropi í líkama hans hefði hætt við þessa sviplegu frétt; öll hugsun

hans limdi sig við þessi orð, sem símskeytaþjónninn hafði kæruleysislega klórað á blaðið: "Jones er horfinn, og enginn hefir nokkra hugmynd um, hvað af honum er orðið."

"JONES ER HORFINN!" Þessi voru orðin; augljós og ógurleg í sínum skýrleik, og afskapleg að grimmeik. Smátt og smátt fór hugur hans að grípa hinn hluta orðsendingarinnar. "Komið þegar í stað á skrifstofu okkar" og "Við biðum yðar í alla nótt". Hann var rólegur af því að hann skortði þrótt til að láta nokkurn vilja í ljósi. En hvernig hann fór að því að halda valdi yfir sjálfum sér, það vissi hann aldrei. Einhver vinsamlegur og máttugur kraftur lagði honum lið. Smám saman fór hann að óra fyrir því að gestirnir biðu eftir því að heyra hann lesa skeytið upphátt. Hann var óviss í því að nokkuð kynni að heyrast til hans, ef hann tæki til máls, en röddin var þó styrk, eðlileg en stálköld, þegar hann fór að tala.

"Mér þykir fyrir því, að eg get ekki sagt ykkur frá þessu", sagði hann með svo mikilli alvöru að gestirnir hans þögnuðu þegar í stað. "Hér er um kaup-sýslumál að ræða, svo mikilvægt, að eg verð að biðja ykkur að afsaka mig í eina klukkustund. Eg skal útlista þetta allt fyrir ykkur í fyrra málið. Þess vil eg að eins biðja ykkur, að láta þetta ekki á ykkur fá. Ef þið viljið gera svo vel og skemta ykkur, þó að veizluhaldari sé fjarverandi, þá er eg ykkur mjög þakklátur. Það er áriðandi að eg fari, undir eins. Eg lofa því að verða kominn aftur eftir eina klukku-

stund." Hann stóð uppréttur þegar hann sagði þetta og kiknaði ekki í knjálíðunum frekar en þeir væru úr járni.

"Er nokkurt sérlegt alvörumál á ferðinni?" spurði De Mille.

"Hvað er að? Hefir nokkuð komið fyrir?" spurði Margrét kvíðafull.

"Þetta er mér einum viðkomandi og snertir eingöngu kaupsýslu. Eg segi ykkur það satt, að eg get nú ekki frestað burtför minni neitt úr þessu. Það er mjög áriðandi, að eg fari strax. Eg skal verða kominn aftur að klukkustund líðinni. Vertu róleg Margrét — mín vegna þarftu engu að kvíða. Og nú ætla eg að biðja alla að skemta sér, og þið skuluð sjá að eg verð eins kátur og nokkur annar þegar eg kem aftur. Klukkan er 12. Eg skal vera kominn aftur þegar 23. September er kominn."

"Lofaðu mér að fara með þér", sagði Margrét í þænarrómi, í því að hún gekk með honum fram í anddyrið.

"Eg verð að fara einn", svaraði hann. "Vertu ókvíðin, góða mín, alt mun fara vel að lyktum."

En við kossinn, sem hann kysti Margrétu, fanst henni að jökulkaldur gustur leggja um sig alt inn að hjartarótum.

XXXIII. KAPÍTULI.

Flótti Jones.

Brewster fanst eins og hann ganga í svefni-alla

leiðina til skrifstofu Grant & Ripley um kveldið. Hann var eins og lamaður, ruglaður og vart nema með hálfu ráði. Kuldabros breiddist yfir andlit hans í því hann snéri aftur frá strætisvagninum. Hann mundi eftir því þegar hann var að taka í handfangið, að hann hafði ekki eitt einasta cent í vasanum. Það var yfir sex eða sjö stræti að fara yfir að skrifstofu lögmannanna og hann var kominn á harða hlaup, þegar hann nam staðar úti fyrir hinni stóru byggingu þar sem skrifstofan var inni.

Aldrei hafði honum fundist lyftivélin fara jafnhægt og nú, er nú hóf hann upp á 7. loft. Ljós skein gegnum rúðu ofan við hurðina á skrifstofu lögmannanna, og hann gekk inn án þess að drepa á dyr. Grant var að ganga um gólf, en nam staðar þegar Brewster kom og leit á hann.

“Gerið svo vel að loka hurðinni”, sagði Ripley rólega. Grant lét sig falla niður á stól, og Brewster skelti hurðinni aftur eins og utan við sig.

“Er það satt?” spurði hann nærri hranalega og áður en hann slepti af hurðarsnerlinum.

“Setjist þér niður Brewster og reynið þér að vera stiltur”, sagði Ripley.


“Hvað er þetta, maður? Sjáið þér ekki að eg er rólegur?” sagði Monty. “En haldið áfram — segið mér alt. Hvað vitið þér? Hvað hafið þér heyrt?”

“Hann finst hvergi; það er mergurinn málsins”, svaraði Ripley með miklum alvörusvip. “Eg veit ekki hvernig á því stendur. Á því fæst engin skýring. Alt í því sambandi er jafn óskiljanlegt. Setjist þér nú



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

niður og svo skal eg segja yður upp alla sögu."

"Það er svo sem ekki mikið að segja", svaraði Grant dauflega.

"Eg vil heldur heyra þetta standandi", svaraði Brewster og beit á jaxlinn.

Jones hefir síðast sézt í Butte, hinn þriðja þessa mánaðar", sagði Ripley. "Við sendum honum nokkur símskeyti að þeim degi liðnum, og spurðum hvenær hann byggist við að koma til New York. Þau skeyti komust honum aldrei í hendur og símskeytafélagið skýrði frá því að hann fyndist hvergi. Okkur datt í hug, að hann kynni að hafa brugðið sér frá, til að líta eftir einhverjum eignum sínum og urðum ekkert órólegir. Loks fórum við að furða okkur á því, hversvegna hann hefði ekki símað okkur um það, hvenær hann legði af stað austur. Eg símaði honum þá enn á ný. Við fórum nú að halda að ekki væri alt með feldu. Datt okkur þá í hug að síma skrifara hans, og fengum í stað þess að hann svaraði okkur símskeyti frá lögreglustjórninni. Hún spurði okkur, hvort við gætum gefið nokkrar upplýsingar um verustað Jones.

Þegar við heyrðum þetta, fór okkur ekki að verða um sel og í allan gærdag vorum við stöðugt að síma. Árangurinn af fyrirspurnum okkar þá varð hræðinlegur, Mr. Brewster."

"En hversvegna sögðu þið mér ekki frá þessu?" spurði Brewster.

"Það getur engum vafa verið bundið, að Jones hefir flúið ásamt skrifara sínum. Það er ætlun

manna í Butte að skrifarinn hafi myrt hann.”

“Drottinn minn!” var það eina sem Brewster kom upp.

Ripley vætti á sér varirnar með tungunni.

“Við höfum hér skýrslur frá lögreglunni, bönkum, lánfélögum og hálfri tylft námaráðsmanna. Þér getið lesið þær, ef yður sýnist, en eg get sagt yður hvað í þeim er. Um 1. þ. m. tók Jones að selja ýms verðbréf og koma í peninga. Það er nú orðið uppvíst að þetta var eitt sinn eign James T. Sedgwicks sáluga, sem Jones var falið að sjá um yður til handa.

Við nánari rannsókn kom það í ljós að Jones hafði haft brott með sér allar eigurnar í stóru og smáu — alt sem hann gat náð í af eigum Sedgwicks. Hans eigin eignir voru með kyrrum kjörum. Það eru að eins yðar, sem horfnar eru. Það er þetta, sem sannfært hefir yfirvöldin um, að skrifari hans muni hafa ráðið gamla manninum bana, en flúið með eignirnar. Bankastjórnirnar segja að Jones hafi hafið hvern einasta dollar sem inni stóð hjá þeim í nafni Sedgwicks sáluga, og lögreglan að Jones hafi tekið á móti gífurlegri fjárupphæð fyrir verðbréf, sem hann seldi. Það sem einkennilegast er, er að hann seldi námur yðar og fasteignir manni, sem Golden heitir. Brewster, það—það er engu líkara, en að hann hafi horfið með það fyrir fult og alt.”

Brewster hafði ekki augun af Ripley, meðan hann var flytja þessa hræðilegu ræðu; hann stóð grafkyr og bifaðist hvergi úr þeirri stöðu, sem hann hafði tekið sér í fyrstunni.

Arnaldur B. Olson

“Hefir nokkuð verið gert?” spurði hann loks eins og í leiðslu.

“Lögreglan er að rannsaka málið. Það er sannað, að hann hefir lagt af stað upp til fjalla með skrifara sínum 3. September. Hvorugur hefir sézt síðan, að því sem enn er kunnugt orðið. Það er rétt eins og jörðin hafi gleypst þá. Lögreglan er að leita þeirra vestur í fjöllum og gerir alt sitt til að finna lík Jones. Hann er kunnur að því að vera sérlegur um margt og því var ekki mikið hirt um hvarf hans í fyrstunni. Meira getum við ekki sagt yður í bráðina. Einhverjar fregnir kunna að vera komnar í fyrra málið. En horfurnar eru slæmar—voðalega slæmar. Við bárum fylstu tiltrú til Jones. Það veit guð, að eg vildi feginn geta hjálpað yður, vinur minn!”

“Mér dettur ekki í hug að álasa yður, herrar mínir”, sagði Brewster. “Það er ekki öðru um að kenna en mínu eigin auðnuleysi. En það var altaf eins og því væri hvíslað að mér — að þetta mundi illa fara á endanum. En eg átti ekki von á þessum málalokum. Það eina sem eg óttaðist var það, að Jones mundi ekki telja mig hæfan til að eignast arf-inn. Mér datt aldrei í hug að hann — mundi reynast sá ómaklegi.”

“Eg skal segja yður enn meir, en eg hefi þegar sagt”, sagði Grant með hægð. “Mr. Jones lét okkur vita það þegar í upphafi, að hann mundi fella úrskurð sinn gagnvart yður að mestu eftir tillögum okkar, og eftir því hvað okkur fyndist um yður. Þess vegna hikuðum við ekki við að hvetja yður til að

halda áfram eins og þér byrjuðuð. Meðan þér voruð í siglingunni fenguum við mörg bréf frá honum, öll þrungið sárbeittu háði, eins og honum er eiginlegt, en ekki ámælti hann yður í neinu þeirra. Hann virtist vera hæstánægður með yður. Og í einu bréfinu sagði hann, að hann vildi gefa miljón at sínu eigin fé ef hann gæti keypt fyrir hana hæfileika til að eyða $\frac{1}{4}$ parti af henni.

“Jæja, hann getur fengið að njóta minnar reynslu ókeypis. Kjör beiningamanns geta aldrei verið eftirsóknar verð”, sagði Brewster kuldalega. Hann var nú smátt og smátt að fá á sig sinn eiginlega andlitslit. “En hvað vita menn um skrifarann?” spurði hann allt í einu, og var eins og lifnaði yfir honum.

Hann var fyrir skemstu kominn í þjónustu Jones, fyrir tæpu ári. Sagt var að Jones hefði borið hið mesta traust til hans”, sagði Ripley.

“Og hann hvarf um sama leyti?”

“Þeir sáust síðast saman báðir tveir.”

“Þá hefir hann sjálfsagt ráðið Jones af dögum!” sagði Monty með ákefð. “Það er svo sem auðséð, finst mér. Hann hefir verið búinn að fá vald yfir gamla manninum og fengið hann til að safna saman öllu þessu fé, undir einhverju yfirskini, en að eins í rauninni til að ræna hæ allri upphæðinni. Getur nokkuð verið djöfullegra en þetta?” Hann fór að stika fram og aftur um herbergið. “Við verðum að handsama skrifara þennan! Eg trúi því aldrei að Jones hafi verið óheiðarlegur maður! Þessi þorpari hefir leikið á hann!”

“En það sem einkennilegast er af öllu saman, Mr. Brewster, það er það, að þessi Golden, sem á að hafa keypt eignir yðar, finst hvergi nokkurs staðar. Það var haldið að hann ætti heima í Omaha, og það er víst að hann greiddi nærri þrjár miljónir fyrir þær eignir, sem nú eru í hans eigu. Hann greiddi Jones þetta fé í reiðu peningum, og borgaði fult verð fyrir alt sem hann keypti.”

“En einhverstaðar hlýtur hann að eiga heima”, sagði Brewster vandræðalega. “Hvernig í dauðanum átti hann að geta greitt féð, ef hann er ekki til?”

“Hvað eina sem eg veit, er það, að þessi maður finst hvergi. Í Omaha þekkir enginn hann”, svaraði Grant ráðaleysislega.

“Jæja, þá er nú loksins svona komið”, sagði Brewster, en ákefðin var horfin úr röddinni. “En þetta var altaf of furðulegt til þess að geta verið satt. Mér fanst það strax í byrjun líkast draumi, og nú — nú er eg rétt nývaknaður, eins og litli drengurinn í þjóðsögunni. Eg hefi að vísu verið grunnhygginn að ímynda mér að þetta gæti nokkurn tíma orðið.”

“En það var ekki um annað að gera, en að líta á málið alvarlega.”, svaraði Ripley, “þér áttuð ekki annars úrkosta.”

“En þegar öllu er á botninn hvolft þá læt eg það alt vera, þó að maður hafi lifað í þjóðsagnaheiminum um stundar sakir, og sætta verður maður sig við, að ganga á móti veruleikanum á eftir. Það er kannske heimskulegt af mér, en þó vil eg ekki enn láta undan”. En svo datt honum Margrét í hug, og því

þagnaði hann alt í einu. Honum varð erfitt um mál. Að litilli stundu liðinni tók hann þó til að tala aftur, en rödd hans var orðin mjög breytt. "Herrar mínir", sagði hann, "eg hefi notið lífsins, en nú er þar á endir orðinn. Með sjálfum mér er eg dauðþreyttur a þessu öllu saman, og eg lofa ykkur því að eg skal vera orðinn alt annar maður á morgun. Eg ætla hér eftir að byggja á haldbetra grundvelli. Eg ætla að sýna að það er blóð afa míns sem rennur í æðum mínum, og eg skal sýna mannsmót á mér að lyktum."

Ripley var augsýnilega hrærður. "Eg efast ekki um það. Upplagið í yður er ágætt. Þér getið treyst því, að vér eruð reiðubúnir að hjálpa yður hvernig svo sem þér óskið."

Grant tók í sama streng: "Mér þykir vænt að heyra, að það er svona mikill kjarkur í yður, Brewster", sagði hann. "En þetta er þungbært mótlæti, sem yður hefir borið að höndum, og ömurleg brúðargjöf handa konunni yðar."

"Það er ekki óhugsandi að við fáum frétt frá Butte í fyrramálið", sagði Ripley hughreystandi. "að minsta kosti fáum við nákvæmari tíðindi, en við höfum þegar fengið. Fréttablöðin verða full af fjörugum sögum; á því er enginn efi, og við höfum lagt drög í yrir að fá fregnir af öllum einstökum at iðum beint frá yfirvöldunum. Nú skulið þér fara heim, drengur minn, og fara að sofa. Á morgun byrjið þér nýtt líf, og það getur farið svo, að þrátt fyrir þetta áfall verðið þér samt gæfumaður."

"Eg veit fyrir víst að eg verð gæfumaður", svar-

aði Brewster blátt áfram. "Gifting okkar fer fram kl. 7 í fyrramálið. Eg hafði hugsað mér að koma hingað á skrifstofuna til ykkar kl. 9, en eg býst ekki við að þörf sé að vera að hraða mér hingað, úr því svona fór. Eg ætla að koma hingað um hádegisbilið og fá lánað hjá ykkur dálítið af peningum. Og hérna eru kvittanirnar fyrir því, sem eg eyddi í gærkveld. Viljið þér gera svo vel og leggja þær hjá hinum? Eg hefi ætlað mér að fullnægja öllum samningum, og með þessu móti losna eg við það ómak að færa ykkur þessar kvittanir í fyrra málið. Svo býð eg ykkur góðar nætur, herrar mínir; mér þykir fyrir því að eg hefi haldið vöku fyrir ykkur svona lengi."

Hann skyldi við lögmennina óhnugginn og kjarkgóður, en íleiri en eina harmahviðu fékk hann áður en hann kom á fund vina sinna. Honum fanst alt og allir óeðlilegt, en þó fanst honum sjálfur hann öllu öðru óeðlilegri. Kveldloftið hresti hann og fylti írjóst hans nýjum kjarki. Þegar hann kom inn á verkstofuna hl. 1. var hann við því búinn að efna það loforð sitt að vera fult svo skemtilegur eins og nokkur gestanna sem fyrir voru.

XXXIV. KAPÍTULI.

Sögulok.

"Eg skal segja þér frá þessu öllu síðar, elskan mín", var það eina, sem Margrét fékk haft upp úr honum.

Um miðnætti hafði Mrs. Dan farið að segja Margrétu til syndanna. "Þú verður að fara heim góða mín, og það strax", sagði hún. "Það er ósæmilegt af þér að vera lengur á fótum. Eg fór að háttu kl. 8 kveldið fyrir giftingardaginn minn."

"Og sofnaðir ekki fyr en kl. 4 að morgni", svaraði Margrét brosandí.

"Þar skjátlast þér góða mín. Eg sofnaði alls ekki. En eg ætla samt ekki að líða þér að vera hóti lengur á fótum. Þú færð hringi undir augun og það er ekki óvanalegt að hvarmarnir verði rauðleitir, eftir langar vökur".

"Þakka þér fyrir ráðlegginguna. Þú ert alt af nógu skynsöm. En heldurðu að eg þurfi að sofa til að verða falleg?"

"Mig langar ekki til að þú verðir syfjuð brúður, það er alt og sumt", svaraði Mrs. Dan.

Þegar Monty kom aftur úr eldrauninni hjá lög-mönnunum, var hann þess ótal spurninga, en hann vildi engu svara. Margrét vildi samt ekki líta þagga niður í sér; hún fór þó til og ógætt í að spyrja þangað til þau voru komin á heimleið, en þá lagði hún fast að Brewster um að segja sér sannleikann. Það sem Brewster var búinn að reyna nýskeyð gekk ekki neitt nærri honum á við það, að gera þessari stúlku reikningsskil, henni sem ekki heimting á fylstu einlægni hans. Hann fann glögt hvað sér bar að gera í þessu efni, en áreynslan, sem hann hafði orðið fyrir nýskeyð hafði verið mikil, og þeim mun þyngra var honum að gera það sem skyldan krafðist.

“Margrét, mig hefir hent óskaplegt óhapp”, sagði hann og hálfstamaði fram orðunum.

“Segðu mér alt eins og er, Monty, eg er fær um að heyra það.”

“Þegar eg bað þig að verða konan mín, gerði eg það fullviss um, að eg gæti boðið þér í fyrra málið auð og allsnægtir. Eg átti von á miklum auði. Mér datt aldrei í hug að þú giftist fátæklingi.”

“Ég skil þig ekki. Varstu að reyna ást mína til þín?”

“Nei, alls ekki. En eg var því lofordi bundinn að minnast ekki á auðinn, sem eg átti í vændum, en eg þráði jafnframt að eignast þig, og það áður en eg fengi auðinn. Eg gat ekki beðið.”

“Og nú hefir þér brugðist þessi auðsvon, er ekki svo?” spurði hún. “Ég get ekki séð að hvaða leyti það getur breytt nokkru. Eg bjóst við að giftast fátæklingi, eins og þú mintist á áðan. Nú geri eg það. Vonbrigðin verða engin mín megin.”

“En þú veist ekki hvað eg er snauður, Margrét”; eg á ekki túskildingsvirði.”

“Það áttirðu heldur ekki þegar eg tók þér”, svaraði hún. “Ég er ókvíðin eigi að síður. Eg treysti þér. Ef þú elskar mig, þá ætla eg ekki að láta hugfallast.”

“Elskan mín bezta!” sagði hann og í því staðnæmindist vagninn við húsdvyrnar. Monty kallaði samt til ökumannsins og skipaði honum að aka ofurlítið lengra.

“Góða nótt, ástin mín!” sagði hann í því þau

kómu heim. Nú er ekkert því til fyrirstöðu að gift-
ingarathöfnin fari fram kl. 9 í fyrramálið í stað kl. 7.
Mig langar raunar meir til að fá þá alla. Þann auð,
sem eg á nú í veröldinni. Þú verður aleigan mín, en
samt er eg gæfusamastur allra manna."

Þegar Brewster kom inn í herbergi sitt, hvarf
af honum hugmóður ástarinnar og beiskur veruleikinn
horfðist ógnandi í augu við hann. Hann afklæddi
sig ekki heldur fleigði sér í fötunum útaf á legubekk,
og tók að brjóta heilann um, hvað hann mundi eiga
í vændum. Hann átti það í vændum að minsta kosti
að eignast Margrétu, og meira þurfti hann ekki. En
hafði hann sýnt henni næga nærgætni? Hafði hann
leyfi til að ætlast til þess að hún sýndi alla þessa
sjálfsafneitun? Hugsanirnar þyrluðust hver utan
um aðra í hans þreytta heila og hann gat ekki skorið
úr eða svarað spurningunum. Það eitt var skýrt
fyrir hægskotssjónum hans, að hann gat ekki slept
Margrétu. Framtíðin varð ö" áttmyrk, ef hann
hugsaði til slíks. Ef hann hefði hana við hlið sér í
lífinu, þá fann hann að auðgert yrði að yfirvinna erf-
iðleikana, en það var annað mál án hennar. Hann
ætlaði nú að reyna að bera þetta mótlæti eins og
maður; hann hafði átt það skilið hvort sem var.
Hugur hans hvarflaði aftur til baka yfir hið ömurlega
nýliðna ár, og hann gat ekki annað en orðið að við-
urkenna, að hann hafði brugðist traust í margra góðra
manna. Það var óhugsandi að nokkur fengist til að
líta svo á, að eyðsla hans væri tákn óviðjafnanlegra
kaupsýslu-hæfileika. Sú hugsun hvatti hann fram.

Hann fann að hann yrði að ná aftur álit; sæmdar meðvitund hans krafðist þess. Margrét bar fult traust til hans. Hún leitaði til hans og gaf sig honum á vald, þegar allir aðrir snéru við honum baki; fyrir hana skyldi hann vinna baki brotnu; hann var fús til að eiga þröngt í búí, til að neita sér um öll þægindi til að sýna henni, að henni hefði ekki skjátlast. Hún skylði að minsta kosti geta sannfærst um að hann væri n.áður með mönnum.

Þegar hann leit út í gluggann, sá hann að dökk og ömurleg nóttin var að þoka fyrir komandi degi. Þreyttur og illa til reika staulaðist hann á fætur til að horfa til uppkomu sólarinnar, sem hvorki hirðir um auð né fátækt, gleði eða sorg. Langar leiðir að barst í gegnum grámóðu morgunsins ómur frá klukku sem sló fimm. Litlu síðar barst mönnum til eyrna gól verksmiðjanna, sem fjarlægðin dró úr, en var eigi að síður augljós vottur um að nýr starfsdagur var að nálgast. Þessi hávaði var að kalla Brewster eins og aðra fátæklinga til að ganga mót hita og þunga dagsins, til stritvinnu og hinnar miklu starfshringiðu lífsins. Nýtt tímabil var byrjað, björt og skuggalaus dagrenning farin að lýsa upp í myrkri sálar hans. Hann hallaðist upp við gluggakarminn og var að velta því fyrir sér, hvar hann mundi geta innunnið sér fyrsta dollarinn handa þeirri Margrétu Brewster, sein áður var Miss Gray, og svo rétti hann úr sér, reiðubúinn að ganga ókviðinn út í hina nýju baráttu.

Áður en kl. var orðin 7, var hann kominn ofan og beið þar. Joe Bragdon kom til hans litlu síðar,

ón innan skamms Gardner með prestinn. Mr. og Mrs. De Mille komu óboðin, en þeim var ekki neit- að um að vera viðstöddum. Mrs. Dan hristi höfuðið raunamædd þegar henni var sagt, að Margrét svæfi enn, og giftingarathöfnin ætti ekki að fara fram fyr en kl .9.

“Monty, eruð þér að hugsa um að ferðast burtu?” spurði Mr. Dan og dró hann afsíðis með sér út í horn.

“Já, svo sem vikutíma upp til fjalla”, svaraði Monty, því að hann mintist alt í einu hins vinsamlega tilboðs lögmannna sinna um peningalán, ef hann þyrfti á að halda.

Það varð hlutverk Mrs. Dan að hjálpa Margrétu til að klæða sig. Þegar hún var búin að drekka kaffi. og í þann veg að koma niður í stofu, var hún orðin rjód í framan, og hafði alveg gleymt þeim hugsunum, sem höfðu haldið fyrir henni vöku svo að henni fanst nottin aldrei ætla að lýða.

Hún hafði aldrei verið fegurri en á giftingar- daginn sinn. Yfirliturinn var blómlegur, augun skær eins og stjörnur, og vöxtur hennar var talandi tákn yndisleiks og hraustleika. Monty gat ekki ann- að en dáðst að henni.

“Hún er fallegasta stúlkan í allri New York borg”, sagði Dan De Mille og þreif í handlegg Brag- dons um leið.

“Og líttu á Monty! Hann hefir orðið allur ann- ar maður á svipstundu”, bætti Joe við. “Sjáðu roð- ann, sem kominn er í kinnar honum. Svei mér, ef

hann er ekki að verða sá sami og hann var fyrir ári síðan.”

Klukkan sló níu.

Maðurinn sem kom hér í gærkveld er frammi í anddyrinu og er að spyrja um Mr. Brewster”, sagði vinnukona sem leit inn rétt í því að prestur hafði nýlokið við hjónavígslu sáttmálann og lýst yfir að þau væru rétt hjón fyrir guði og mönnum, Monty og Margrét. Það varð þögn við þegar fregnin barst um komu þessa ókunna manns.

“Er það maðurinn með mikla skeggið?” spurði Monty órólega.

“Já, og hann sendi mig inn til yðar með þetta bréf, og það yður að lesa það strax.”

“Á eg að vísa honum burtu?” spurði Bragdon, úfinn í skapi. “Hvað skyldi maðurinn hugsa að koma á þessum tíma?”

“Eg ætla fyrst að lesa bréfið, Joe.”

Allra augu hvíldu á Brewster um leið og hann reif upp bréfið. Úr svip hans skein undrun, efi og fögnurður. Hann fleygði bréfinu í Bragdon, greip Margrétu í fang sér hvað eftir annað og fór svo að þjóta fram og aftur um herbergið eins og óður maður.

“Þú ert guðs engill, Nopper, drottinn blessi þig!” sagði Monty fagnandi. “Joe lestu þetta bréf upp hátt og auglýstu svo eftir bostonsku rottuhundunum, að þeim verði skilað aftur!”

Bragdon var skjálfhentur og hann hafði naumast fult vald á rödd sinni, þegar hann fór að lesa klór Nopper Harrisons, sem nú hafði staðnæmst á

hak við hann til að hjálpa honum til að lesa í málið;
bréfið var þannig:

Holland House. 23. Sept. 19—

Mr. Montgomery Brewster,

Kæri vinur minn:

Þú varst þá orðinn fulltrúa um það, að eg hefði laumast burtu. Þú bjóst víst ekki við því, að eg mundi nú koma til skjalanna og standa við orð mín! Jæja, eg get naumast láð þér það; eg býst við að eg hafi farið hjálfalega að ráði mínu, en ef alt fer að lyktum vel, þá er það skaðlaust. Eg þori að segja að fátæktin gengur aldrei mjög nærri þér.

Með bréfi þessu geri eg þér kunnugan skrifara minn Oliver Harrison. Hann kom til mín síðast í Júní, vestur í Butte, með boðsbréf að námu, er hann hafði numið uppi í fjöllumunum.

Það sem hann þurfti á að halda var fjárstyrkur, og horfurnar voru svo álitlegar að eg varð við þeirri ósk hans. Hann hefir eignast námu þar, sem vafalaust er milljóna virði. En það eru þó helzt horfur á því að hann verði að skifta ágóðanum til helminga. Hann segir að þið hafið samið um félagsbú í námum sem hann næmi. Beztu drengur þessi Harrison. Eg þurfti í skrifara að halda og umvíslingumanni, svo að eg tók hann í skrifstofu mína. Þú sérð nú að hann fór ekki með mig til fjalla til að mörka mig, eins og morgunhliðin gízka á. Þannstettur hvarfing er alt sam- an. Það kom eiginlega engum við, og hldur ekki það þó að mér sýndist að fara hingað austur an þess

að nokkrum í Butte væri kunnugt um ferðalag mitt.

Nú er eg hingað kominn, og kominn með peningana líka. Kom í gærkveld. Harrison kom í gær á undan mér frá Chicago. Eg fór yfir á skrifstofu G. & R. kl. átta í morgun. Þeir voru í heldur slæmu skapi. Þjuggust ekki við öðru, en að eg hefði verið myrtur, eða hefði strokið. Allir peningarnir farnir, og alt í vitleysu. Þetta héldu þeir. Eg láí þeim það ekki. En þessu vikur svona við að eg hafði hugsað mér að uppfylla öll skylvrði, sem tekin eru fram í erfðaskránni og skila arfinum sjálfur. Þú munt komast að raun um, að þú átt inni hjá Grant & Ripley, eitthvað um sjö miljónir dollara. Þegar þú hefir undirskrifað ávisanir, sem þar bíða þín.

Mér getur ekki annað en sýnst þetta vera sæmi-legasta brúðargjöf.

Lögmennirnir hafa sagt mér alt um framferði þitt. Þeir gerðu það í gærkveld, og létu mig vita að þú ætlaðir að gifta þig í dag. Nú býst eg við að þú sért í sjöunda himni með brúður þína. Eg hnýstist ofurlítið í kvittanirnar þínar. Þær eru í góðu lagi. Eg er ánægður. Miljónirnar eru þínar. En svo kom mér til hugar að þú mundir ekki kæra þig um að fara ofan á skrifstofu kl. 9, einkalega með því að giftinorfaagnaður þinn stæði há sem hrest, svo að eg gerði fullnaðar samninga til sambykkis við lögmennina, og hefir semia aftur að fullu við þig. Ef þú hefir ekki neitt sérstakt annað að gera kl. 2, há lagg eg það til að þú komir til mín í hótelið þar sem eg held til, svo að við getum fullnægt fáeinum skilyrðum.

sem lögin fyrirskipa. Og þú getur gefið mér lexíu í því að eyða fé. En um starfsmálahæfileika þína hefi eg þetta að segja: Sá maður sem getur eytt miljón dollara á einu ári, svo að engar menjar séu eftir af henni, hann ætti ekki að þurfa meðmæli neins sér til stuðnings í lífinu. Hann er alveg einstakur í sinni röð, og þarf ekki að fá tilsögn hjá neinum. Og bezta merki þess, hve góða hæfileika og dómgreind þú hefir, vinur minn, er það, að þú taldir fram eign þína til skatts: það er óyggjandi tákni starfsmálahæfileika. Það hefði mælt sterklega fram með þér hvað mig snertir, þó að alt annað hefði verið á móti þér.

Mér þykir fyrir að þú hefir haft áhyggjur og óánægju út af þessu. Þú hefir á þessu eina ári gengið gegnum helvítis-kvalir og orðið að sitja til borðs með hverjum sem er, sem er enn verra. Nú er röðin komin að þér að hlæja. Það kemur heldur en ekki á fólknið þegar það fer að lesa aukablöðin, sem gefin verða út í kveld. Eg hefi gert skyldu mína gagnvart þér að meir en einu leyti. Eg hefi látið blaðamenn spyrja mig, og í dag munu blöðin flvtja allan sannleik viðvikjandi Brewster og miljónum hans. Þau hafa fengið í hendur eftirrit af erfðaskrí Sedgwicks. Ásamt minni eigin frásögn, og brátt verður hærinn allur í upprámi. Eg híst við að málsvörn verði hannig færð fram fyrir hjó frammi fyrir alhióð manna. Eg vil ráðleogia hér að halda þig innan fiðgra veggja sem mest, ef þig langar til að njóta rósamra hveitibrauðsdaga.

Mér fellur New York ekki vel í geð. Hefir aldrei fallið hún. Eg ætla aftur til Butte í kveld. Þar eigum við ósvikna himinbrjóta og þeir eru ekki byggðir úr múrsteini. Þeir eru tveggja til þriggja mílna háir og í þeim er gull. Þar á láglandinu er líka grasgefið, og lítið verður úr Central Park, ef hann er borinn saman við dalina hjá okkur. Mér þykir mjög líklegt að þið Mrs. Brewster farið brúðkaupsferð. Því þá ekki að koma vestur í vagnlestinni minni? Við leggjum af stað kl. 7.45 e. h., og eg skyldi ekki ónáða ykkur mikið. Þegar þangað er komið, getið þið farið hvert sem ykkur sýnist.

Þinn einl.

Swearengen Jones.

P. S. — Eg gleymdi að geta þess, að hann er enginn til þessi Golden. Eg keypti námur þínar og hjárðlendur með mínu eigin fé. Þú getur fengið það keypt aftur fyrir sama verð. Eg vil ráðleggja þér að gera það. Að ári liðnu verður þetta orðið hálfu verðmætara. Eg vona að þú afsakir kenjar gamla mannsins, sem geðjaðist vel að þér þegar í upphafi.

Arnliótur B. Olson.

J".."

